



HÍ

Ágripabók

MENNTAKVIKA

Ráðstefna í menntavísindum

26. - 27. september 2024

Sögur af farsælu vinnuumhverfi og skólamenningu í leik- og grunnskólum	9
Adolescent Dating Violence: Understanding the Lived Experiences of Adolescents with Disabilities Using Youth-Led Participatory Action Methodology	10
Litla gula hænán: Kennslufræði verkefnamáms á tímum gervigreindar	11
Valdefling foreldra á tímum sérfræðingaveldis leikskólans	12
Athugun á tónlistarlegri sjálfsmynd íslenskra leikskólustarfsmanna	13
„Maður þarf að gera eitthvað, það er alveg ljóst...” Reynsla grunn- og framhaldsskólastjóra af vinnutengdri streitu kennara	14
Föruneyti barna – samstarf um stuðning við uppeldi og nám	15
Stuðningur við farsæld barna í leikskólum	16
Áhugi unglinga á stærðfræði: Tengsl við sálfræðilegar grunnþarfir	17
Stafræn útfærsla á námsmati í hugsandi kennslurými	18
Jafnvægi starfs og einkalífs ungra kvenkyns kennara í íslenskum grunnskólum	19
LANIS skimunarlisti Staða málþroska tvítýngdra leikskólabarna í pólsku (T1) og íslensku (T2)	20
Tónlist og önnur menntun í leikskólum í Japan og á Íslandi	21
Kennaranemar leiðbeina spjallmenni í stærðfræði: gervigreind og gerviheimska	22
Kynfræðsla/HIV-fræðsla á Íslandi í sögulegu ljósi	23
Myndlist í aðalnámskrá grunnskóla: Áhersla og þróun	24
Stærðfræðináms í leikskóla – Menntafléttan og Opna Menntafléttan	25
Kyngervi og stafræn fundamenning	26
Oft hefur mig hreinlega langað til að stökkva inn í stærðfræðitíma hjá nemendum mínum og umbylta stærðfræðikennslunni. Starfendarannsókn á námskeiðinu Stærðfræði í fjölbreyttum nemendahópi... 27	27
Skapandi figúruhekl: Kennsluverkefni í formi vefsíðu fyrir nemendur á mið- og unglingsstigi í grunnskóla	28
Textílspil sem eflir sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textíl	29
Textílmennt í dag og virði námsgreinarinnar í skólasamfélaginu	30
Þjálfun nemenda í aðferðum samfélagsvinnu með stuðningi gervigreindar	31
Orðasafn yfir fatagerð – hugmyndabanki, saga og sjálfbærni	32
Framúrskarandi og alltaf til taks: Doktorsprófshafar í ótryggri stöðu	33
Tink@school - Erasmus+ project / Tink@school - Erasmus+ samstarfsverkefni	34
Svefn íslenskra knattspyrnustúlkna – SKORA rannsóknin	35
Hreyfing og heilsa háskólanema eftir heimsfaraldurinn COVID-19	36

Viðbrögð við kynbundnu ofbeldi í háskólum: reynsla þriggja Norrænna háskóla	37
Námsefni fyrir heimilisfræði aðlagað að fæðuraðleggingum.....	38
Kennsluhættir í starfsnámi á Íslandi: Áskoranir í síbreytilegu landslagi	39
Tækifæri sviðslista í grunnskólum landsins - mótun námsefnis: Lyklarnir að tjáningu og sköpun.	40
Félagslegt réttmæti Orðaheimsins til stuðnings við íslenskan orðaforða fjöltýngdra barna: Sjónarhorn kennara og skólastjórnenda	41
Aðlögun og prófun á gagnreyndri málíhlutun fyrir fjöltýngd leikskólabörn á Íslandi	42
Að þróa innra mat í lýðræðislegu leikskólastarfi	43
Þróun stafsetningar í textaritun barna í 1.–4. bekk.....	44
Snjallræði - Clever ideas: Design sessions in Helgafellsskóli	45
Tinkering with students.....	46
Starfsþróun í ferðaþjónustu: Mat á námsþróunarverkefni	47
Að fræða og valdefla háskólanema í lögreglufræðum til að vinna gegn kynferðislegri áreitni með gagnvirkri þjálfun	48
Triage: Forgangsröðun í covid frá sjónarhóli siðfræði og fötlunarfræði.....	49
Einhverfar konur í fjölmiðlum - orðræðugreining	50
Samfélagsleg áhrif rannsókna og gagnrýnin fræði.....	51
AI Integration in Academia: A Study of Undergraduate AI Usage at the University of Iceland	52
Designing a food skills and nutrition education program for low-income adult learners – Næra og Fræða	53
Er mikilvægt að æfa betur margföldunartöfluna í grunnskóla?	54
Áhrif Orðaheimsins á orðaforða eintýngdra og fjöltýngdra leikskólabarna á Íslandi: niðurstöður úr klasalembiraðaðri samanburðarrannsókn	55
Gjaldfrjáls leikskóli – Áhrif á starfsaðstæður og velferð barna	56
Notkun pappírshúss í sögustundum með 5–6 ára börnum.....	57
Star Trek: Óendanlegur fjölbreytileiki í óendanlegum útgáfum.....	58
Líkamleg hreyfing íslenskra ungmenna frá 15 til 17 ára aldurs.....	59
Leikur, nám og gleði	60
“My heart has grown bigger” Educators' Subjective Experiences of the influence on their Social-Emotional-Ethical skills following Mindfulness Training	61
Af hverju og af hverju ekki starfsmenntun? Námsval framhaldsskólanema sem birtingarmynd stöðu starfsmenntunar	62
Lausnaleit í grunnskólum Breiðholts „Meira en samtal yfir brauðristinni ...“	63

Orðaheimurinn: Meðferðarhaldni íhlutunar með sveigjanlega umgjörð, metin í íslenskum leikskólum	64
Viðhorf listdanskennara til listdanskennslu og áhrifa hennar á velferð nemenda.....	65
Netsamskipti, geðheilsa og þrek: Rannsókn á sömu ungmönnum við 15 og 17 ára aldur	66
Virk þátttaka í lestri á mið- og unglíngastigi: Tengsl við snjallsímanotkun á skólatíma	67
Teachers as visitors: Engaging with Critical Global Citizenship Education through Visual and Participatory Pedagogical Practices	68
Réttindi barna í leikskólum.....	69
Íslenskir 14 ára drengir í knattspyrnu hafa verri líkamlega afkastagetu samanborið við norska jafnaldra í knattspyrnu.	70
Stjórnun menntamála hjá sveitarfélögum á Íslandi: Áhrif skólanefnda á starf grunnskólans.....	71
Fyrri skólareynsla og væntingar til náms.....	72
Fjölpætt áhrif Bragðlaukaþjálfunar á fæðuval, heilsu og líðan barna og foreldra	73
Orðræðan um transbörn í íslensku samfélagi	74
Frelsi, sköpun, tími og undrun: Um tengsl mannkostamenntunar og ljóðlistar.....	75
Náð utan um fjölbreytileikann: Um hlutverk námsmats í að stuðla að inngildandi námi í tveimur framhaldsskólum.....	76
Áskoranir á mörkum skólastiga – samtal stærðfræði- og raungreinakennara á háskólastigi og framhaldsskólastigi.....	77
Litlu laukar – Bragðlaukaþjálfun: Þróun á námsefni og rannsóknaraðferðum í gegnum samhönnun með leikskólastarfsfólki	78
Gengi íslenskra nemenda í náttúruvísindaverkefnum PISA: Hvernig má nýta niðurstöður PISA til umbóta í kennslu náttúruvísinda	79
Röksemdir og hugmyndir í umfjöllun um kennslutíma í náttúruvísindum á unglíngastigi grunnskóla. ...	80
Náttúruvísindanámskrár í skyldunámi: Greining og samanburður opinberra námskráa fimm landa	81
Viðhorf náttúruvísindakennara til náttúruvísindahluta Aðalnámskrár grunnskóla.....	82
Rafræn nemendasamskipti - "Áhugavert og krefjandi á sama tíma"	83
Experiences of Polish Immigrant Parents Participating in Family Musicking in Iceland.....	84
The assessment of cardiorespiratory fitness parameters, including aerobic endurance, through a novel method of heart rate analytics.	85
Notkun gervigreindar í háskólanámi og háskólakennslu.....	86
Teymiskennsla og árangursrík samþætting námskeiða í kennaranámi	87
Viðhorf og notkun kennaranema á ChatGPT	88
Leiksyninar í grunnskólakennslu, list augnabliksins	89

Að koma til móts við nýja tíma - gagnvirk leiklist.....	90
Leikum af list.com - kennslu- og veffræðaumhverfi á sviði kennslu og rannsókna í leiklist.....	91
Starfsmannavelta meðal kennara í grunnskólum árin 1998 til 2020	92
Barnið sem þroskahugsjón.....	93
Hæfniviðmiða-samræmingarkerfi fyrir námsleiðir.....	94
Spunagreind og ójöfnuður: Umfang og nýting gervigreindar meðal félagsfræðinema við Háskóla Íslands.	95
„Þakklát fyrir reynsluna en ekki fyrir krabbameinið“Upplifun ungra kvenna af krabbameini og lærdómur þeirrar reynslu.....	96
Krakkar með krökkumBættur skólabragur gegnum jákvæða leiðtogaþjálfun.....	97
Athafnir stærðfræðikennarans og tengsl við trú á eigin getu og árangur í PISA 2022	98
Niðurstöður PISA 2022: hvað finnst stærðfræðikennurum?.....	99
Málámunur eða málröskun? Menningarleg aðlögun skorunar á beygingar- og setningafræði undirprófum íslensks málpróskaprófs fyrir leikskólabörn sem tala íslensku og pólsku	100
Skólastjórnun á Íslandi: Kortlagning og greining á fræðirannsóknum	101
Discovering my resources through self-study: A former Japanese graduate student's academic voyage in Iceland.....	102
Óyrt þátttaka tveggja ára barna	103
„Það sem telur, verður talið“: Data femínismi og rannsóknir með jaðarhópum	104
Að rannsaka kúgandi valdakerfi í covid-19 með sjónarhorni femínískra gagnrýnna fötlunarfræði	105
Notkun orðræðu hrifgjörninga til að draga fram dulda þræði valds.....	106
Kynjuð rými í stærðfræðikennslu á unglíngastigi í grunnskólum.	107
Nýting gervigreindar í fjarkennslu: Tækifæri, áskoranir og nýsköpun í háskólanámi.....	108
Félags- tilfinninga- og siðferðisfærni með <i>SEE learning</i>	109
Mikilvægi mannkostamenntunar á tímum gervigreindar: Starfendarannsókn fjögurra kennara í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.....	110
Stjórnun skóla og félagslegt réttlæti	111
Skilningur, viðhorf og líðan Norrænna kennaranema gagnvart loftslagsbreytingum og menntun.....	112
Mixið - þróunarverkefni um sköpunarsmiðjur og skapandi skil	113
Verklag leikskólakennara í samræðulestri: Forprófun á áhrifum markvissrar þjálfunar kennara í Orðaheiminum	114
Fjarska: Stofnun nýrra samtaka á sviði fjarnáms og stafrænna kennsluhátta	115
Birtingarmyndir grósku- og festuhugarfars í vináttu barna.....	116

Human rights education in the age of artificial intelligence: Insights from Iceland	117
Human rights education in the age of artificial intelligence: Insights from Finland	118
Human rights education in the age of artificial intelligence: Insights from Sub-Saharan Africa.....	119
Harry Potter í Versló - bókmenntir nýttar til að virkja skapandi og gagnrýna hugsun	120
Mat á gæðum kennslu í hugsandi skólastofu í stærðfræði – Sjónarhorn kennara.....	121
Framhaldsskólinn að loknu COVID-19	122
Breyttir kennslu- og starfshættir?	123
Tap í faraldri? Sýn framhaldsskólakennara á nám nemenda.....	124
Ráðandi áhrif stofnanahátta í þremur framhaldsskólum: Sýn og reynsla stjórnenda og kennarar	125
Samvinna, réttlæti, jöfnuður og lýðræði.....	126
Áfallamiðuð nálgun í skólastarfi - Hvernig mætum við börnunum frá Grindavík	127
Fullgildi foreldra innan leikskólasamfélagsinsViðhorf leikskólakennara	128
Police students' valuation of enduring and emerging competences before and after the transition from vocational to university education in Iceland	128
Innra mat leikskóla:Upplifun starfsfólks á innra mati við innleiðingu menntastefnu sveitarfélags	130
Mikilvægi mentora: Jákvæð áhrif af formlegu mentorakerfi í menntun frumkvöðla	131
Áhrif heimaprófa og tengslaneta nemenda á háskóla	132
Þróun faglegra starfshátta í nýjum leikskóla: Starfendarannsókn.....	133
„Ótrúlegt hvað getur gerst þegar fólk kemur saman í handverki“: Um ónýtt tækifæri til inngildandi og samþættandi menntunar þvert á menningarhópa.	134
Hnífaburður grunnskólabarna: Algengi og ástæður.....	135
Impact of redesign of quantitative courses in non-mathematics study programmes on students' dropout rates and resilience	136
Hvað lesa börn og unglingar af því þau langi til þess?	137
Hvernig nýta má niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í markvissu samstarfi við sveitarfélög?	138
Frumþættir myndlistar sem námsefni – Myndlistarkennsla fyrir yngsta stig.....	139
Samvinna og sigrar í Drekkum og Dýflissum	140
Sýndarveruleiki í kennslu – starfendarannsókn sjónlistakennara	141
Hvað felst í því að vera meðvitaður og ábyrgur borgari hvort sem það er í nær- eða fjarsamfélaginu þegar tekist er á við loftslagsmál?.....	142
„Ég held kannski bara að við höfum verið komin að þolmörkum“	143
Bessastaðaskóli í kerfi evrópskra framhaldsskóla á 19. öld.....	144

Gerum þetta saman! Samþætting SMT-skólafærni og kennslu í félags- og tilfinningafærni	145
Áhrif markvissrar hljóðaaðferðar og félagakennslu á lestrarfærni barna með vísbendingar um lestrarvanda	146
Effects of Explicit Peer-Assisted Instruction on Icelandic Emergent Multilingual Children's Early Reading Growth.	147
Efling foreldrafærni meðal úkraínskra flóttamanna á Íslandi: Mat á fýsileika í íslensku umhverfi.....	148
School-Based Universal Mental Health Literacy Curricula for K-12 Education: Inclusion, Equity, and Access.....	149
Háskólanám á tímum gervigreindar: Reynsla kennara af myndbanda- og hlaðvarpsgerð sem kennslu- og námsmatstæki.....	150
Aðlögun og fýsileiki PMTO-hópmeðferðar fyrir foreldra vegna skólasóknarerfiðleika meðal barna: Undirbúningur rannsóknar og þættir meðferðar.....	151
Bjargir í anda leiðsagnarnáms.....	152
Grænfánaáfangi: Valdefling nemenda og menntun til sjálfbærni.....	153
Viðhorf nemenda gagnvart notkun gervigreindar við nám og kennslu – Samanburður nemenda á Íslandi, Slóvakíu og Serbíu.....	154
Kostir og takmarkanir þess að nota gervigreind í æðri menntun	155
Gervigreindarlíkan fyrir æðri menntun.....	156
CUTIE – Leiðir til að styðja háskólastofnanir í vegferð sinni við að efla stafræna hæfni starfsfólks.....	157
Tilraun á áhrifum mismunandi endurgjafar heimadæma á nemendur	158
Samræða um listir, fegurð og farsælt líf.....	159
Að læra af vináttu og ást.....	160
Endurgjöf í hagnýtri diplómu í íslensku sem öðru máli.....	161
Siðferðilegt ímyndunarafl og skáldsagan um Benjamín dúfu: Starfendarannsókn í bókmenntakennslu	162
Sjálfvirk yfirferð forritunarverkefna – árangur nemenda og verklag.....	163
Greining á kennslukönnunum	164
Verkfæri til að bæta námskeiðslýsingar	165
Hvers vegna hætta þau námi? Hindranir sem mæta háskólanemum í Íslensku sem öðru máli	166
Námsupplifun fjarnema eftir heimsfaraldur: Greining á námsþörfum og viðhorfum við Háskólann á Akureyri.....	167
Umhverfi náms og kennslu við Lyfjafræðideild	168
Væntingar hjúkrunarnema til hjúkrunarnáms eftir námsleiðum	169

Mikilvægi góðs námssamfélags: Hugmyndir kennara og nemenda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands á kennsluþingi vorið 2024.....	170
Að festa námssamfélag um meistaraþrófsverkefni í sessi: Fyrir hverja og af hverju?.....	171
Vinnustofur fyrir nýnema við Raunvísindadeild HÍ	172
Tækifæri í kjölfar breytinga á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður í háskóla	173
Amatörupptökur á sérfræðiþekkingu: Afstaða háskólanema til kennslumyndskeiða	174
Upplifun nemenda af vendikennslu	175
Uppbygging náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum, helstu áskoranir og tækifæri til endurskoðunar	176
„Nei, við aðskiljum ekki vinnu og heimili.“: Daglegt líf akademíks starfsfólks á Íslandi og í Kanada. ..	177
Möguleg framtíðarsýn og rammi náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum	178
Að stíga inn í hugmyndir um hópleiðsögn meistaránema: Reynsla leiðbeinenda í tómstunda- og félagsmálafræði af þróunarverkefni um námssamfélag	179
Notkun tækni í samskiptum og samstarfi fjölskyldna fjöltýngdra barna og skóla þeirra	180
„Og svo gleymdi ég því miður öllu um Inspira og þarf að byrja alveg upp á nýtt.“: Rafræn próf og stuðningur við kennara á Hugvísindasviði.....	181
Lykilstoðir gæða í háskólanámi	182
Introduction to the project Heimahöfn	183
An International Overview of Higher Education Competencies and Teaching Frameworks: Towards Professional Development of Educators in Iceland.....	184
Mapping teaching methods and teaching development needs in higher education	185
Úrræði fyrir einstaklinga með lestrarvanda	186
Heimahöfn: Application of the ADDIE model to the creation of self-paced, online professional development courses for university teachers in Iceland.	187
Menntun, Móttaka, Menning (MEMM)	188
Yndislestur í íslenskum skólum – saga og samhengi	189
Máltækniáætlun Íslands.....	190
R&D hjá Mál- og raddtæknistofu HR.....	191
Miðlalæsi og gagnrýnin hugsun í enskuáfangi	192
Innovation in the Icelandic education system: Teachers' involvement in implementation of innovation and their user innovation.....	193
Markaðsvæðing tæknilausna í skólastarfi – sjónarhorn fræðsluyfirvalda	194

Framleiðsla stafræns menntaefnis - möguleikar í samstarfi um hönnun, staðfæringu, framleiðslu og gæðaprófanir námsefnis	195
Net og gagnaöryggi í nútímasamfélagi.....	196
Swedish Edtest – Empowering teachers	197
ResponseAbility Lab: Using a Multilateral Accountabilities Framework to Track and Enhance School Adaptive Capacity	198
„Af hverju eiga bara ekki öll börn að vera í farsæld“	199
Tabú í skólastofunni?.....	200
Samhengið í íslenskri málfræði: Að leysa málfræðilega greiningu úr viðjum vanans	201
TALÍS: kennsla fjöltyngdra barna í íslenskum grunnskólum	202
Hugtök, heiti og hughrif í bókmenntakennslu.....	203
Íslenska æskulýðsrannsóknin: Samanburður á hópi ungs fólks í framhaldsskóla og hópi ungs fólks utan skóla: Hvar liggur áhugi þeirra og hafa þau markmið um áframhaldandi nám?.....	204
Orðalagsáhrif í mælingum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á algengi vímuefnaneyslu: Framhaldsrannsókn.....	205
„Karakter – lífsleikni, forvarnir og mannrækt“ þróunarverkefni á unglingsstigi í grunnskóla.....	206
Íslenskt námsorðaforðapróf.....	207
Valvíst nám í spennu milli þarfar nemenda fyrir sveigjanleika og viðleitni skóla til að veita gæðamenntun. Tilviksrannsókn: Grunnmenntun verkmenntakennara.....	208
Menntatækni í grunnskólum: Nýsköpun og gæðastjórnun.....	209
Leiðsagnarmat í kennslu ritunar	210
Gerð hæfniramma fyrir ný stöðu- og framvindupróf í lesskilningi.....	211
Tenging einkunnakvarða við viðfangsefni í námi	212
Færniþættir við námsmat í stærðfræði.....	213
Tengsl í skólastarfi	214
Málþroski leikskólabarna: skimun og úrræði	215
Bækur og bæti: Staða og framtíð námsefnis.....	216

Sögur af farsælu vinnuumhverfi og skólamenningu í leik- og grunnskólum

Anna Magnea Hreinsdóttir Lektor¹, Sigrún Gunnarsdóttir Prófessor²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þætti sem skapa farsælt vinnuumhverfi og skólamenningu í leik- og grunnskólum á Íslandi. Farsælt vinnuumhverfi í skólum felst í virkri þátttöku bæði stjórnenda og starfsfólks og gagnkvæmum stuðningi. Skólastjórnendur gegna mikilvægu hlutverki sem og skýr ábyrgð og sjálfræði kennara í starfi. Góð vinnumenning hefur jákvæð áhrif á vellíðan og árangur kennara og mikilvægt er að auka þekkingu á sviðinu og fá innsýn í skóla þar sem vel gengur.

Valdir voru fjórir leikskólar og fjórir grunnskólar sem hafa sýnt góðan árangur samkvæmt nýlegum könnunum um starfsánægju, vinnuumhverfi og vinnustaðameningu í könnun Skólapúlsins og í niðurstöðum Sameykis á stofnun ársins. Einstaklingsviðtöl voru tekin við skólastjórnendur og rýnihópaviðtöl við kennara til að safna gögnum um reynslu þeirra af farsælu vinnuumhverfi. Viðmælendur voru alls 19. Gögnin voru þemagreind og niðurstöður settar fram sem lýsingar og sögur um árangursríka þætti sem einkenna reynslu viðmælenda.

Niðurstöður sýna að viðmælendur upplifa traust og heiðarleika í samskiptum á vinnustað og að andrúmsloftið og skólamenningin einkenndist af hjálpsemi, ekki síst gagnvart nýju starfsfólki. Þá lýstu viðmælendur reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf á störf sín, bæði frá samstarfsfólki og stjórnendum. Jafnframt kom fram að viðmælendur vita til hvers er ætlast af þeim í starfi og að þeim er treyst fyrir því sem þeir bera ábyrgð á.

Reynslu stjórnenda og kennara og dæmi úr farsælu vinnuumhverfi og skólamenningu má nýta til að styðja við líðan kennara og til ráðgjafar fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla.

Rannsóknin er styrkt af Vinnuverndarsjóði og Vinnueftirlitinu.

Adolescent Dating Violence: Understanding the Lived Experiences of Adolescents with Disabilities Using Youth-Led Participatory Action Methodology

Emily Matejko

University of Iceland, PhD Student

Ágrip / Abstract

Adolescent dating violence (ADV) is a significant public health issue, and is associated with adverse health outcomes (e.g. suicidal ideation, depressive symptoms, substance use). Growing evidence demonstrates youth with disabilities are more likely to experience ADV. This proposed doctoral research project will examine the lived experiences of adolescents with disabilities who have experienced ADV in Iceland. This research will use visual/arts-based research, known as arts-based engagement ethnography (ABEE). This allows researchers to authentically engage youth in the research processes, and is a form of youth-led participatory action research. ABEE elicits rich data by empowering participants to share their experiences in a way that is meaningful to them. ABEE is useful for learning about the lived experiences of a particular marginalized group regarding a specific phenomenon. This presentation will include a brief discussion of how AI may be useful as a tool in arts-based research. This project will serve as a stepping stone to building a program of research that can contribute to improving policy, program development, and violence prevention programming in youth with disabilities which can be incorporated in health, academic, and community spheres. This is especially important, given the need for developmentally and culturally appropriate ADV interventions.

Litla gula hænán: Kennslufræði verkefnanáms á tímum gervigreindar

Haukur Ingi Jónasson Lektor

Háskólinn í Reykjavík, Verkfræðideild / MPM

Ágrip /Abstract

Í fyrirlestrinum er fjallað um breytingar og áskoranir sem kennslufræði verkefnanáms mætir í ljósi örrar tækniframfara, einkum í sviði gervigreindar. Þróun nýrrar tækni hefur haft víðtæk áhrif á námskrár og kennsluhætti, sem kallar á endurskoðun á hefðbundnum aðferðum og innleiðingu nýjunga í námsumhverfi. Við greiningu á þessum breytingum er sérstaklega horft til „Litlu gulu hænunnar“, sem er allegoría um mikilvægi þess að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi. Þessi fyrirlestur varpar ljósi á það hvernig verkefnánám getur þróast með tilliti til gervigreindar, þar sem áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda, gagnrýna hugsun og samþættingu tækni í námsferlið. Í fyrirlestrinum verða ræddar rannsóknir sem sýna fram á hvernig kennarar geta nýtt sér gervigreind til að auðga kennslufræði verkefnanáms og stuðla að dýpri og merkingarbærari námsreynslu fyrir nemendur. Lögð verður áhersla á nauðsyn þess að kennarar séu vel undirbúnir til að takast á við þær breytingar sem fylgja innleiðingu tækninýjunga í menntastofnunum.

Valdefling foreldra á tímum sérfræðingaveldis leikskólans

Jóhanna Einarsdóttir Prófessor emerítus¹, Regína Laufdal Aðalsteinsdóttir leikskólakennari², Eyrún Bjarnadóttir leikskólakennari³, Anna Magnea Hreinsdóttir lektor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Leikskólinn Suðurborg, Reykjavíkurborg. ³Leikskólinn Múlaborg, Reykjavíkurborg

Ágrip / Abstract

Markmið rannsóknarinnar var að greina hvernig starfsfólk tveggja leikskóla vann að því að styrkja stöðu og vald foreldra og barna í viðkvæmri stöðu á teymisfundum og með nánari samskiptum foreldra og deildarstjóra.

Þó samstaða ríki um mikilvægi góðra samskipta við foreldra er framkvæmd foreldrasamstarfs oft flókin. Það á sérstaklega við um samstarf við foreldra barna með sérþarfir sem finnst þeir oft á tíðum vera valdalausir og háðir álitni sérfræðinga.

Starfendarannsókn fór fram í tveimur leikskólum árin 2022 - 2024. Í upphafi voru tekin viðtöl við foreldra barna með sérþarfir og einnig við deildarstjóra og sérkennslustjóra leikskólanna. Í lok verkefnis var aftur rætt við deildarstjóra og sérkennslustjóra um árangur verkefnisins og hvernig þeim fannst til takast með þær breytingar sem lagt var upp með. Meðan á rannsókninni stóð skráðu leikskólakennararnir hjá sér frásagnir og atvik sem einnig eru hluti af gagnasafni rannsóknarinnar. Viðmælendur gáfu upplýst samþykki sitt og þátttakendum eru gefin dulnefni.

Niðurstöðurnar benda til mikilvægi þess að valdefla foreldra á tímum sérfræðingaveldis leikskólans. Teymisfundum með foreldrum, fagfólki leikskólans og sérfræðingum var breytt og nýjar leiðir farnar til að styrkja áhrif og völd foreldranna. Í stað þess að foreldrar væru í sambandi við sérfræðinga eins og tíðkaðist áður voru þeir í beinu samstarfi við deildarstjóran sem vann með barninu á hverjum degi.

Rannsóknin hefur gildi fyrir fagfólk leikskóla sem hefur hug á að leita leiða við að vinna með foreldrum barna með sérþarfir og byggja upp merkingarbært samstarf við þá.

Athugun á tónlistarlegri sjálfsmynd íslenskra leikskólastarfsmanna

Bryndís Baldvinsdóttir Leikskólastjóri og stundakennari¹, Helga Rut Guðmundsdóttir prófessor², Agnieszka Korpak Leikskólakennari³

¹Háskóli Íslands, Kennslu og menntunarfræði. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ³Leikskólinn Skýjaborg

Ágrip / Abstract

Margt bendir til þess að starfsfólk leikskólans hafi ekki sjálfstraust til að sinna tónlistarstarfi og að þetta hafi áhrif á árangursríka tónlistariðkun í leikskólum. Markmið rannsóknarinnar að varpa ljósi á hvers konar tónlistarlega sjálfsmynd kennarar og starfsmenn leikskóla á Íslandi hafa. Spurningakönnun var send í rafrænu formi út til 254 leikskóla á Íslandi. 313 starfsmenn í leikskóla svöruðu í könnuninni þar sem 47% af þeim starfa í höfuðborginni og rúmlega 95% af svarendum voru konur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að 70% þeirra sem svöruðu könnuninni hafa einhverja formlega reynslu af tónlist. Aðeins 41% svarenda mátu stuðning eða viðurkenningu frá öðrum sem góðan eða mjög góðan. Langflestir eða rúmlega 90%, töldu tónlistaráhuga sinn vera mjög mikinn eða mikinn. Tæplega 60% þátttakenda í könnunni höfðu jákvæða sýn á eigin tónlistarlega getu. Rannsóknin sýndi að breytur eins og kyn, reynsla í starfi, starfsheiti eða landshluti gætu haft einhverja þýðingu, en þær virðast þó ekki hafa afgerandi áhrif á niðurstöður. Rannsóknin sýndi hins vegar að formleg tónlistarlega reynsla þátttakenda hafði áhrif á það hvernig þátttakendur svöruðu. Þó hafði meirihluti þátttakenda jákvætt viðhorf til tónlistar óháð formlegri reynslu þeirra af tónlistarnámi. Minnihluti þátttakenda hafði lágt tónlistarlegt sjálfsmat og var sá hópur álíka fjölmennur og hópur þeirra sem hafa enga formlega þjálfun á sviði tónlistar. Því virðist sem að tónlistarlegt sjálfsmat þessara leikskólastarfsmanna sé betra en væntingar stóðu til. Mögulegt er að þau sem svöruðu könnuninni væru líklegri en önnur til að hafa jákvæð viðhorf til tónlistar. Niðurstöður byggja á rannsókn til M.Ed. gráðu þriðja höfundar.

„Maður þarf að gera eitthvað, það er alveg ljóst...” Reynsla grunn- og framhaldsskólastjóra af vinnutengdri streitu kennara.

Ólöf Ása Benediktsdóttir Skólastjóri¹, Kristín Elva Viðarsdóttir Sálfræðingur og kennari²

¹Hrafnagilsskóli. ²Menntaskólinn á Akureyri

Ágrip / Abstract

Niðurstöður rannsókna sýna að grunn- og framhaldsskólakennarar upplifa vinnutengda streitu sem getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér bæði fyrir viðkomandi einstakling og þá stofnun sem hann starfar við. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á reynslu íslenskra grunn- og framhaldsskólastjóra af vinnutengdri streitu kennara, birtingarmynd streitunnar og streituvalda í störfum þeirra. Það er jafnframt markmið rannsóknarinnar að draga fram þá verndandi þætti sem vinna gegn streituvöldum og skoða hvað getur skapað jafnvægi á milli streituvalda og verndandi þátta til hagsbóta fyrir kennara, nemendur, skólastjóra og skólasamfélög. Reynsla grunn- og framhaldsskólastjóra af málefninu hefur lítið verið rannsökuð á Íslandi og er tilgangur þessarar rannsóknar að varpa ljósi á mögulegar leiðir til framþróunar og úrbóta.

Tíu skólastjórar tóku þátt í rannsókninni, fimm konur og fimm karlar, fimm grunnskólastjórar og fimm framhaldsskólastjórar. Notuð var eigindleg aðferðafræði og hálf-opin viðtöl tekin við þátttakendur.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar var að viðmælendum þótti málefnið mikilvægt og að grípa þurfi til aðgerða til að sporna gegn vinnutengdri streitu kennara. Skólastjórar fá að vita af vinnutengdri streitu kennara of seint til þess að geta brugðist við með markvissum hætti. Streituvalda, verndandi þætti gegn streitu og birtingarmynd streitu er að finna í hvers kyns samskiptum og skólamenningu. Ekki er hægt að líta framhjá persónubundnum eiginleikum kennara og skörun einkalífs og vinnu þegar vinnutengd streita kennara er skoðuð og jafnvægi finnst með samspili margra þátta, meðal annars viðhorfi stjórnenda, styðjandi stjórnun og menningu, ábyrgð einstaklinga á að nýta sér jákvæðar bjargir sem vinna gegn streitu og efla jákvæða persónulega eiginleika.

Föruneysi barna – samstarf um stuðning við uppeldi og nám

Elsa Borg Sveinsdóttir Verkefnastjóri þróunarverkefnis um foreldrafærni, Lóa Guðrún Gísladóttir Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fræðimenn hafa bent á að barnauppeldi hafi breyst á síðustu árum með breyttu samfélagi og að uppeldi sé orðið flóknara og krefjist frekari þekkingar. Þörf er á að skapa vettvang innan skóla fyrir foreldra til að koma saman og ræða um uppeldi og var markmið þessa verkefnis að þróa markvissa fræðslu og ráðgjöf við foreldra um uppeldi barna í samstarfi við leik- og grunnskóla og skólaþjónustu sveitarfélaga. Er talið að vettvangur skólasamfélagsins sé vel til þess fallinn að sinna slíkri fræðslu og leiðsögn og fylgja henni eftir, þar sem starfsfólk leik- og grunnskóla, ásamt starfsfólki skólaþjónustu, er í reglulegum samskiptum við börn og foreldra. Mynduðu um 60 leik- og grunnskólar samráðshóp sem samanstóð af stjórnendum, kennurum og starfsfólki skólaþjónustunnar sem hélt reglulega umræðufundi frá september 2023 til vorsins 2024. Niðurstöður samráðsins sýndu að finna þurfi leiðir til að efla samstarf skóla og foreldra í stuðningi við uppeldi og nám barna. Þátttakendur voru flestir sammála um að fræðslan henti best á meðan á skólatíma stendur og að farsælt sé að nýta vettvang grunnskóla til að veita þá fræðslu og leiðsögn og stuðla þannig að markvissu samstarfi við foreldra og börn sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti. Stuðst verður við námsefnið *Invest in Play*, reynsluþrófað foreldrafærninámskeið þar sem áhersla er lögð á að byggja upp góð samskipti og tengsl milli foreldra og barna með æfingum, hlutverkaleikjum og umræðum í foreldrahópum. Akraneskaupstaður ásamt fleirum munu prufukeyra námskeið fyrir foreldra innan leik- og grunnskóla haustið 2024 sem lið í innleiðingu farsældarlaga.

Stuðningur við farsæld barna í leikskólum

Júlíana Tyrfingsdóttir Leikskólastjóri og verkefnastjóri¹, Anna Magnea Hreinsdóttir Lektor², Jóhanna Einarsdóttir Prófessor emeritus²

¹Sveitarfélagið Árborg, Leikskólinn Jötunheimar. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið verkefnisins tengist innleiðingu ákvæða laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna með því að þróa leiðir til að efla félags- og tilfinningahæfni barna í leik og daglegu starfi. Lögð var áhersla á að hlusta á sjónarmið barna, virkja áhrifamátt þeirra og þátttöku í daglegu starfi í leikskólanum. Jafnframt var rík áhersla lögð á gott samstarf leikskólakennara og foreldra í verkefninu.

Fimm leikskólar í sveitarfélaginu Árborg unnu saman að þróunarverkefni veturinn 2023 – 2024 í samstarfi við fjölskyldusvið Árborgar og tvo rannsakendur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Rannsakendur frá Menntavísindasviði tóku viðtöl við stjórnendur leikskólanna í upphafi og lok verkefnisins þar sem farið var yfir stöðuna í upphafi og hvernig til tókst að lokum. Leikskólakennararnir skráðu hjá sér atvik úr starfinu og kynntu reglulega hver fyrir öðrum framvindu verkefnisins.

Fyrstu niðurstöður þróunarverkefnisins sýna að stjórnendur leikskólanna telja starfsfólk vera betur í stakk búin að takast á við hlutverk sitt í að styðja við börn í leik og samveru og veita þeim fjölmörg tækifæri í daglegu starfi til þátttöku og ákvarðanatöku. Þá unnu margir leikskólanna að því að endurskoða foreldrasamstarf og auka fræðslu til foreldra um uppeldi og nám barna og líta á sig sem samstarfsaðila í því mikilvæga verkefni.

Stjórnendur leikskólanna töldu helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins vera: veikindi, mannekla og tímaskortur. Þeim fannst veturinn fremur erfiður að þessu leyti og reyndist krefjandi að halda áætlan og skrá ferlið.

Samstarf þvert á leikskóla og kynningar leikskólanna voru gagnlegar og gaf starfsfólkinu margar góðar hugmyndir sem nýtast í starfi.

Áhugi unglunga á stærðfræði: Tengsl við sálfræðilegar grunnþarfir

Fiölnir Brynjarsson grunnskólakennari¹, Kristján Ketill Stefánsson Lektor², Berglind Gísladóttir Lektor²

¹Háskóli Íslands. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir áskorunum þegar kemur að árangri nemenda í stærðfræði í alþjóðlegum samanburði. Sýnt hefur verið fram á mikilvægi áhuga nemenda þegar kemur að árangri í námi og því vert að spyrja hvaða þættir séu innan áhrifasviðs kennara þegar kemur að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort tengsl væru milli áhuga á stærðfræði og þeirra þriggja sálfræðilegu grunnþarfa sem liggja að baki innri áhugahvöt skv. sjálfsákvörðunarkenningunni, þ.e. þörfinni fyrir hæfni, tengsl og sjálfræði meðal íslenskra ungmenna. Þátttakendur voru 15.565 nemendur í 6. - 10. bekk á Íslandi sem svöruðu nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2022-2023. Niðurstöðurnar gáfu til kynna sterk tengsl milli áhuga á stærðfræði og trúar á eigin getu í stærðfræði (hæfni), lítil tengsl milli áhuga á stærðfræði og sambands nemenda við kennara (tengsla), og loks engin tengsl milli áhuga á stærðfræði og stjórnar á eigin lífi (sjálfræðis). Áhugi á stærðfræði reyndist lítilega hærri í 6. bekk samanborið við upphaf unglíngastigsins. Niðurstöðurnar gáfu ekki til kynna verulegan kynjamun í áhuga á stærðfræði eða verulegan kynjamun á þeim tengslum sem til skoðunar voru í rannsókninni. Niðurstöðurnar benda hins vegar til mikilvægis kennarans og þeirra kennsluaðferða sem hannaðar eru til auka stærðfræðihæfni og efla trú nemenda á eigin stærðfræðigetgu. Slíkar kennsluaðferðir í höndum umhyggjusamra kennara virðast líklegar til að auka til muna áhuga nemenda á stærðfræði.

Stafræn útfærsla á námsmati í hugsandi kennslurými

Markús Karl Torfason Grunnskólakennari, Loftur Þórarinn Guðmundsson Grunnskólakennari

Víkurskóli Grafarvogi, Stærðfræði

Ágrip /Abstract

Víkurskóli hefur síðastliðið ár verið að innleiða hugsandi kennslurými í stærðfræði. Bæði í leiðsagnarnámi og hugsandi kennslurýmum er lögð mikil áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um námslega stöðu sína, þ.e. hvar þeir standa og hvert þeir stefna. Að sama skapi eiga nemendur að fá tækifæri til að bæta sig og sýna fram á aukna hæfni. Hér segja höfundar frá svokölluðum kunnáttukortum, stafrænu námsmati í anda áherslanna að ofan.

Hver nemandi fær sitt eigið kunnáttukort sem er eins konar stafræn skýrsla yfir námslega stöðu nemandans. Í þessari skýrslu birtast niðurstöður úr vikulegum könnunum, mat á samvinnu, sjálfsmat nemandans og fleira. Í vikulegu könnunum gefst nemendum tækifæri á að sýna að þeir hafi náð tökum á hæfniviðmiðum vikunnar, ásamt hæfniviðmiðum tveggja síðustu kannana. M.ö.o. fá nemendur þrjár tilraunir í hvert hæfniviðmið og þar með hafa þeir mjög góða möguleika á að sýna framfarir. Kortin uppfærast sjálfkrafa og eru öflugt tól fyrir nemendur og forráðamenn til að fylgjast með framvindu í eigin námi.

Jafnvægi starfs og einkalífs ungra kvenkyns kennara í íslenskum grunnskólum

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson Prófessor emeritus¹, Marianna Jónsdóttir Maríudóttir grunnskólakennari², Valgerður S. Bjarnadóttir lektor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Urriðaholtsskóli

Ágrip / Abstract

Margvíslegar rannsóknir hafa verið gerðar á vinnutengdri kulnun kennara en færri um hvernig kennarar halda jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Markmið erindisins er að skýra frá því hvernig 11 nýlega brautskráðir kvenkyns íslenskir grunnskólakennarar freistuðu þess að ná slíku jafnvægi. Rætt var við kennarana tvisvar til fjórum sinnum skólaárin 2021–2023. Kennararnir kenndu á yngsta stigi og miðstigi grunnskóla. Greind voru fjögur þemu: 1) Ábyrgðin sem féll í hendur hinna nýju kennara, hvort heldur er í kennslustofu eða við undirbúning. Í stökum tilvikum var kennari með fjögurra ára starfsreynslu orðinn hinn reynslumesti í viðkomandi teymi. 2) Kennararnir reyndu það sem mögulegt var að taka ekki með sér viðfangsefni til að sinna heima. Unnu frekar lengur fram eftir eða maki sótti barn í leikskóla. Skoðuðu að jafnaði ekki tölvupóst heima. 3) Þróa æðruleysi, yfirvegum og þolinmæði og ekki síst gera sanngjarnar kröfur til sjálfra sín. Þetta gekk yfirleitt betur eftir því sem misserin liðu. 4) Ef taka þurfti vinnu með heim að reyna að sinna henni þannig að truflaði heimilislífið sem minnst. Stundum var þó ókleift að hugsa ekki um vinnuna heima. 5) Kennarar vinna mikla tilfinningavinnu sem leggst ef til vill meira á kvenkyns kennara en á karlana. Þar sem fáir karlar kenna í yngri bekkjum reyndi einkum á samskipti við stuðningsfulltrúa og stjórnendur, karlkyns og kvenkyns. Viðmælendur okkar töldu að sér gengi nokkuð vel að ná jafnvæginu en álagið í starfinu væri verulegt. Rannsóknin undirstrikar að nýjum kennurum er falin mikil ábyrgð og hlúa þarf að þeim í starfi.

LANIS skimunarlisti Staða málþroska tvítyngdra leikskólabarna í pólsku (T1) og íslensku (T2)

Jóhanna Thelma Einarsdóttir Prófessor¹, Lilja Helgadóttir MS í talmeinafræði², Þóra Másdóttir Dósent²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip / Abstract

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á stöðu málþroska þriggja ára barna með pólskt heimamál sem ganga í íslenskan leikskóla. Foreldrar og leikskólakennarar 31 tvítyngdra barna á aldursbilinu 2;9 til 3;10 ára svöruðu LANIS skimunarlistanum veturinn 2024. Foreldrar svöruðu listanum fyrir heimamálið en leikskólakennarar svöruðu listanum fyrir íslenskuna. Öll börnin höfðu pólskt heimamál og höfðu dvalist að meðaltali um 21 mánuð í íslenskum leikskóla. Samanburðarhópar voru tveir, annars vegar foreldrar pólskra eintýngdra jafnaldra ($n = 119$) sem bjuggu í Póllandi og hins vegar leikskólakennarar íslenskra eintýngdra jafnaldra ($n = 62$). Heildarfjöldi þátttakenda voru því foreldrar og leikskólakennarar alls 212 barna. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að tvítyngdu börnin voru að jafnaði komin lengra í pólskum málþroska (málskilningur, máltjáning og málnotkun) en í íslenskum málþroska. Orðaforði tvítyngdu barnanna (T2) í íslensku var marktækt minni en orðaforði íslenskra eintýngdra barna á sama aldri ($p < 0,001$). Hins vegar var ekki marktækur munur á stærð orðaforða hjá tvítyngdu börnunum í pólsku í samanburði við orðaforða eintýngdra pólskra jafnaldra ($p = 0,06$). Meirihluti tvítyngdu barnanna (74%) töldust vera með fátæklegan orðaforða í íslensku en 35% þeirra voru með fátæklegan orðaforða í pólsku. Rúmlega fjórðungur tvítyngdu barnanna var með slakan heildarorðaforða þ.e. samanlagður orðaforði í pólsku og íslensku. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingar um að þriggja ára börn með pólskt heimamál en íslenskt skólamál nái að tileinka sér heimamál sitt en séu stutt á veg komin með tileinkun íslenskunnar þrátt fyrir að dvelja mikinn hluta vökutímans í íslensku leikskólaumhverfi.

Tónlist og önnur menntun í leikskólum í Japan og á Íslandi

Helga Rut Guðmundsdóttir prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Löng hefð er fyrir leikskólum í Japan þó ekki hafi þeir frá upphafi staðið öllum stéttum þjóðfélagsins til boða. Fyrsti leikskóli landsins var stofnaður 1876 í Tokyo og er enn starfandi sem slíkur. Í nýlegri heimsókn til Japan heimsótti höfundur þennan elsta leikskóla auk fleiri leikskóla á Tokyo svæðinu. Rætt var við leikskólustjóra en einnig voru heimsóttar stofnanir sem mennta leikskólakennara og rætt við forsvarsmenn námsleiða. Í erindinu verður gerð grein fyrir því sem fyrir augu og eyru bar í þessum heimsóknum og borið saman við aðstæður í íslenskum leikskólum og íslensku leikskólakennaranámi. Sérstaklega var horft til þátta sem lúta að tónlist og tónlistariðkun í leikskólum í þessum samanburði en einnig almennra þátta svo sem skólabrags og hátterni barna og fullorðinna í leikskólaumhverfinu. Sagt verður frá helstu áhyggjum og málefnum sem japanska fagfólkið vildi ræða. Það vakti athygli rannsakanda hversu margir þættir leikskólastarfsins í Japan virtist líkur því sem gerist á Íslandi en þó voru aðrir þættir starfsins með gerólíku sniði. Í erindinu verða sýndar myndir og myndskreið frá japönsku leikskólunum þar sem börn sjást meðal annars syngja undir stjórn leikskólakennara en einnig leika sér í frjálsum leik. Aðferðum vettvangsrannsókna í anda mannfræði var beitt í þessari rannsókn. Innihald og niðurstöður rannsóknarinnar eiga erindi við alla sem hafa áhuga á faglegri umræðu um leikskólastarf og menntun ungra barna.

Kennaranemar leiðbeina spjallmenni í stærðfræði: gervigreind og gerviheimska

Ingólfur Gíslason Aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna gildi spjallmenna í hlutverki gervinemenda í samræðum við kennaranema. Kennaranemar nýta slíkar samræður til að þjálfra sig í að styðja nemendur í að leysa verkefni og öðlast reynslu sem nýtist þeim til að sjá fyrir og bregðast við lausnum mannlegra nemenda. Samræður 24 kennaranema við gervigreindina ChatGPT voru greindar með eigindlegri inntaksgreiningu þar sem áherslan var á að sjá hvort og hvernig kennaranemar leiddu í ljós „skilning“ gervinemandans og hvernig þeir ýttu á hann að endurskoða svör sín. Niðurstöður sýna að kennaranemar nota ýmsar fínlegar leiðir til að fá gervinemandann til að endurskoða svör sín. Sér í lagi beittu sumir því bragði að beina athygli gervinemandans að einhverju atriði í svarinu sem gengur ekki upp, án þess að gefa upp hvers vegna það gengur ekki upp. Sum svör gervinemandans endurspegluðu mistök sem mannlegir nemendur gera einnig, en önnur ófullnægjandi svör voru ólík þeim sem mannlegir nemendur gefa. Samskipti við gervigreind sem líkir eftir nemanda gagnast því bæði til að undirbúa kennaranema fyrir samskipti við raunverulega nemendur og veita einnig innsýn í það hvers konar samtalsbrögð nýtast til að fá mannlega nemendur til að endurhugsa svör sín og þar með þróa áfram skilning sinn.

Kynfræðsla/HIV-fræðsla á Íslandi í sögulegu ljósi

Jón Kjaran Prófessor, Brynja Halldórsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fræðsluorðræðan um HIV/alnæmi á Íslandi hefur frá því að HIV-faraldurinn braust út á 8. áratugnum, að mestu snúist um forvarnir, með áherslu á „öruggt“ kynlíf. Nálgunin í HIV-fræðslu hefur því að mestu verið út frá sjónarhóli heilsu/líffræði. Fræðslan hefur sjaldan verið sett í samhengi við persónulegar reynslusögur og/eða reynt að tengja við til dæmis bókmenntir og kvikmyndir. Markmið HIV-fræðslu hefur því nær alfarið verið að koma í veg fyrir HIV-smit sem og aðra kynsjúkdóma. Það hefur því skort á heildræna nálgun á HIV fræðslu innan og utan skólakerfisins. Einnig hefur fræðslan sjaldan eða aldrei verið tengd við samfélög utan Íslands og þá hvernig HIV getur mismunað hópum eftir félagslegum bakgrunni, kynþætti, kyni og kynhneigð. Með öðrum orðum, HIV-fræðslan hefur að mestu verið framkvæmd út frá gagnkynhneigðu/hvítu/sisgender sjónarhorni. Í erindinu ræðum við þessi atriði og drögum fram hvernig HIV fræðsla hefur þróast á Íslandi í sögulegu ljósi. Við styðjumst við sögulega orðræðugreinu til að skoða stefnumörkun, fræðsluherferðir og námskrár. Markmið er að greina ríkjandi fræðsluorðræðu um kynhneigð og kynlíf á síðustu áratugum. Gögnin eru byggð á skjölum, viðtölum við hagsmunaaðila og fræðsluefni eins og bæklingum, veggspjöldum og kennslubókum og öðru myndefni sem safnað var í heimsóknnum og vettvangsvinnu hjá samtökunum HIV Ísland.

Myndlist í aðalnámskrá grunnskóla: Áhersla og þróun

Sandra Rebekka Önnudóttir Arnarsdóttir Sjónlistakennari og doktorsnemi við HÍ, Helga Rut Guðmundsdóttir Prófessor, Gísli Þorsteinsson Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Myndlist hefur verið hluti af skyldunámi barna og unglunga á Íslandi frá því í námskrá fyrir barnaskóla frá árinu 1929. Fyrir þann tíma var myndlistarkennsla ekki lögfest nema sem hluti af reglugerðum einstaka skóla. Mörg heiti hafa verið notuð yfir myndlistarkennslu í gegnum tíðina, svo sem myndaskript, dráttarlist og teikning en í dag ber greinin nafnið Sjónlistir.

Hér er fjallað um rannsókn á sögulegri þróun myndlistarkennslu á Íslandi sem hluta af skólaskyldu barna og unglunga. Gagna var aflað með því að rýna í opinber lög um menntun, reglugerðir, námskrár og hlutdeild myndlistar í skyldunámi barna á Íslandi var skoðuð. Skoðað var hvað áður nefnd skjöl segja um myndlistarkennslu á Íslandi á mismunandi tímum og reynt að bregða upp mynd af sögulegri þróun.

Úrvinnsla gagna fólst í innihaldsgreiningu (e. content analysis) þar sem gögnin voru kóðuð og síðan þemagreind. Niðurstöður sýna sjö þemu þ.e. umfjöllun um mikilvægi greinarinnar, markmið og skipulag námsþátta á hverju tímabili, umfjöllun um kennslu og aðferðir, námsmat, ákvæði um aðstöðu og búnað, tímafjölda og viðmiðunarstundaskrá og samþættingu við aðrar greinar.

Í erindinu verður lögð áhersla á að skoða sérstaklega umfjöllun um mikilvægi greinarinnar og hvort lögð sé áhersla á að myndlist skuli samþætt við aðrar greinar.

Stærðfræðinám í leikskóla – Menntafléttan og Opna Menntafléttan

Margrét Sigríður Björnsdóttir Aðjúnt¹, Málmfriður Einarsdóttir Deildarstjóri²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Leikskólinn Kvistaborg

Ágrip /Abstract

Rannsóknin sneri að verkefni sem unnið var undir hatti Menntafléttunnar en hún skiptist í tvo hluta þ.e. Menntafléttan (kennd námskeið) og Opna Menntafléttan (opin námskeið). Fjórir leikskólar og tveir kennarar á Menntavísindasviði fengu styrk úr B-hluta Skóla- og frístundasviðs (Látum draumana rætast). Tveir leikskólar unnu skv. Opnu Menntafléttunni og tveir voru á Menntafléttunámskeiði. Tilgangurinn með verkefninu var að styðja við fagmennsku og samstarf starfsmanna leikskólanna í þeim tilgangi m.a. að rannsaka hvernig námskeiðin nýttust, hvernig gengi að skapa námssamfélag og hvaða stuðningur væri nauðsynlegur. Rannsóknin var starfendarannsókn þar sem gögnum var safnað reglulega, þau ígrunduð og úrvinnslan notuð til að bæta starfið. Leikskólarnir sem tóku þátt í Opnu Menntafléttunni réðu sjálfir hvernig þátttökunni var háttað. Í öðrum þeirra komst verkefnið aldrei í gang en í hinum varð nokkur þátttaka og þá helst í tengslum við skráningar á stærðfræði í leik barna. Hinir leikskólarnir tóku þátt í Menntafléttunámskeiði, fylgdu ákveðnu fyrirkomulagi þar sem leiðtogar úr leikskólunum hittu kennara frá Háskólanum á námskeiðsdögum og fengu reglulegar heimsóknir og stuðning. Í þessum leikskólum gaf verkefnið mörgu starfsfólki byr undir báða vængi, kenndi því að sjá stærðfræðina sem er nú þegar til staðar í starfinu og gaf því verkfæri til að ýta undir stærðfræði svo hún komist á annað stig. Ávinningur fyrir börn fólst í auknum möguleikum til stærðfræðináms. Rannsóknin leiddi í ljós að nauðsynlegt er að veita leikskólum stuðning og reglulega leiðsögn til þess að tilætlaður árangur náist en í leikskólum er kjörið tækifæri og mikilvægt að byggja góðan grunn fyrir frekara stærðfræðinám.

Kyngervi og stafræn fundamenning

Katrín Ólafsdóttir Lektor¹, Gyða Margrét Pétursdóttir Prófessor², Annadís Greta Rúdólfsdóttir Dósent¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Viðfangsefni alþjóðlega rannsóknarverkefnisins GEiO er samspil kyngervis og stafrænnar fundamenningar. Notkun stafræns fundarbúnaðar á vinnustöðum hefur aukist mjög á síðustu árum, sérstaklega í og eftir Covid faraldurinn, og eru menntastofnanir þar ekki undanskildar. Í þessu verkefni er leitast við að svara hvort, og þá hvernig, kyngervi og kynjuð viðmið hafi áhrif á stafrænt vinnuumhverfi og hvernig þau skarast við aðrar mismunarbreytur. Í þessu samhengi rýnum við í möguleika og (mögulegar) hindranir sem hið stafræna umhverfi skapar og hvernig slíkt fellur að jafnréttissjónarmiðum. Rannsóknir sýna að áhrif kynjaðra viðmiða á stafræna fundamenningu eru gjarnan vanmetin, einkum og sér í lagi þegar litið er til hversdagslegra samskiptamynstra og tækifæra til þess að bregðast við, t.d. í tungumáli og gjörðum. Þessir möguleikar eru aðstæðubundnir og tækifæri til þess að bregðast við þeim sömuleiðis. Verkefni þetta byggir á tveimur gagnasettum sem aflað var í samvinnu við alþjóðlegt fyrirtæki með starfstöðvar á Íslandi. Í fyrsta lagi voru greindar myndbandsupptökur af stafrænum myndfundum. Í öðru lagi voru viðhorf til stafrænna funda og vinnumenningar kortlögð með Q-könnun. Niðurstöður okkar sýna glögg kynjuð mynstur þegar rýnt er í stafræna fundamenningu, t.d. hvernig ólíkir einstaklingar taka að sér og vinna með fundarstjórnun, hverjir taka sér (ekki) pláss, hvernig einstaklingar grípa orðið eða hrósa öðrum o.s.fr. Kynjuð mynstur á borð við þessi ýta undir örಾರೆiti í garð kvenna og annarra jaðarsettra hópa sem aftur undirstrikar mikilvægi þess að fræða og vekja fólk til meðvitundar um kynjaða dýnamík stafrænnar vinnumenningar svo stuðla megi að jafnrétti.

Oft hefur mig hreinlega langað til að stökkva inn í stærðfræðitíma hjá nemendum mínum og umbylta stærðfræðikennslunni. Starfendarannsókn á námskeiðinu Stærðfræði í fjölbreyttum nemendahópi

Edda Óskarsdóttir Lektor, Ósk Dagsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Námskeiðið Stærðfræði í fjölbreyttum nemendahópi er valnámskeið á meistarastigi, kennt annað hvert ár í Háskóla Íslands. Námskeiðið sækir fjölbreyttur hópur nemenda úr leikskóla-, grunnskóla-, famhaldsskóla- og sérkennaranámi. Námskeiðið byggir á því að kynna nemendur fyrir altækri hönnun náms í stærðfræði með áherslu á fjölbreyttan nemendahóp, sköpun og lausnaleit. Hugmyndin er að nemendur fái að reyna á eigin skinni þær náms- og kennsluaðferðir sem lagt er upp með í námskeiðinu.

Rannsóknin sem um ræðir hófst haustið 2022. Hún byggir á hringferli starfendarannsókna og þrjú hringir hafa verið framkvæmdir. Gagnasöfnun í fyrsta hring fól í sér opna spurningakönnun sem lögð var fyrir nemendur og skráning rannsækenda í rannsóknardagbækur með það markmið að skilja þróun námskeiðsins og áhrif á nemendur. Í öðrum hring tókum við viðtöl við þrjú kennara sem tóku þátt í námskeiðinu. Markmið með viðtölunum var að skilja hvernig kennararnir lýstu áhrifunum af námskeiðinu á eigin kennslu. Þriðji hringurinn snérist um endurskipulagningu námskeiðsins með hliðsjón af niðurstöðum úr fyrri hringjum.

Niðurstöður sýna að þáttakendum fannst námskeiðið hafa áhrif á sýn þeirra á stærðfræðimenntun og eigið hlutverk sem fagmenn. Niðurstöður úr öðrum hring sýna að námskeiðið studdi kennarana til þess að nýta lausnaleit, verkleg gögn og samræður í kennslu sinni í kjölfar námskeiðsins. En jafnframt kölluðu kennarar eftir leiðum til að vinna með ÍSAT nemendum og að vinna með öðrum kennurum til að setja þá inn í hugmyndafræðina og munum við bregðast við því á námskeiðinu nú í haust 2024. Niðurstöðurnar geta nýst þeim sem vilja stuðla að stærðfræðikennslu fyrir alla nemendur.

Skapandi fígúruhekl: Kennsluverkefni í formi vefsíðu fyrir nemendur á mið- og unglíngastígi í grunnskóla

Anna Dís Árnadóttir Meistaránemi, Ásdís Jóelsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmiðið með rannsóknarverkefninu var að koma með hugmyndir og rökstyðja hvernig og hvers vegna ætti að kenna fígúruhekl í grunnskólum á miðstígi og unglíngastígi. Í rannsókninni var skoðað hvernig fígúruhekl tengist hæfniviðmiðum í nógildandi Aðalnámskrá grunnskóla og þrepamarkmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999. Með hliðsjón af því var hugað að sögu heklins og aðferðum í hekli með áherslu á fígúruhekl. Niðurstöður sýna að fígúruhekl, þar sem skapandi og sjálfstæð vinnubrögð eru viðhöfð, henti vel nemendum sem eru á miðstígi eða nánar 6. og 7. bekk samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár, en einnig sem valnámskeið á unglíngastígi. Niðurstöður sýna einnig að vefsíðuformið sé hentug lausn fyrir námsefni þar sem má reikna með því að nemendur hafi aðgang að spjaldtölvum. Útbúin hefur verið gagnvirk og myndræn vefsíða fyrir kennsluverkefni í fígúruhekli. Vefsíðan inniheldur myndbönd, myndir, grunnaðferðir í hekli, hugtök, leiðbeiningar, vinnuskýrslu og hugmyndir sem bæði kennarar og nemendur hafa aðgang að. Vefsíðan inniheldur grunnleiðbeiningar í fígúruhekli og sýnir vinnuferlið. Á vefsíðunni eru flýtleiðir og er hægt að smella beint á dálkana á forsíðunni til þess að komast á ákveðna blaðsíðu vefsíðunnar án þess að þurfa fletta í gegnum alla vefsíðuna. Vefsíðan inniheldur vinnuskýrslu þar sem gefin eru upp ákveðin sniðmát fyrir nemendur til að vinna hugmyndavinnu, uppskriftargerð, ígrundun og sjálfsmat. Vinnuskýrslan er einnig til að auðvelda fyrir kennurum yfirferð á verkefnum og flýta fyrir námsmati. Í erindinu verður farið yfir þá kennslufræðilegu þætti sem einkenna kennslu í fígúruhekli og þau markmið sem liggja á bak við námsefnið á vefsíðunni.

Textílspil sem eflir sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textíl

Kristbjörg Sunna Hafberg Meistaraniemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmiðið með rannsókninni var að hanna námsspil sem myndi vera fræðandi og skemmtilegt á sama tíma og um leið væri verið að efla sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textíl með það að markmiði að nemendur næðu betri árangri í námi. Markmiðið var einnig að hægt væri að spila það á ólíka vegu, en aðeins þannig myndi það geta höfðað til fleiri nemenda. Orðin í spilinu, ljósmyndir af hlutum og textaskýringar valdi höfundur með tilliti til þess hvernig þau koma fyrir í fag- og kennslubókunum og í íðorðasöfnum. Ólíkir sjónvinklar með ólíkum spilaaðferðum og endurtekningin í notkun spilanna myndu þannig getað eflt og dýpkað skilning nemenda og aukið orðaforða þeirra. Textílspilið var prófað af nemendum á mismunandi aldurstigi og kennurum og sýndu þær niðurstöður að spilið er bæði fræðandi og skemmtilegt og nýtist til að auka orðaforða og hugtakaskilning nemenda. Textílspilið er þannig hugsað sem ákveðin kennslufræðileg aðferð til að efla sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textílkennslu fyrir öll aldurstig grunnskólans. Spilið er í sömu stærð og hefðbundinn spilastokkur og samanstendur af 64 spjöldum, 32 spjöld með myndum og 32 spjöld með heiti hluta og stuttum og hnitmiðuðum textaskýringum. Á bakhlið spilanna safnast öll orðin saman í handahófskenndri röð í ólíkum litum og leturstærð sem getur líka hjálpað nemendum að nota útlökunaraðferðina til að finna réttu heitin eða samstæð spil. Í erindinu verður fjallað kennslufræðileg markmið spilsins og fjölbreytta virkni þess.

Textílmennt í dag og virði námsgreinarinnar í skólasamfélaginu

Erla Eyþórsdóttir Meistararnemi, Ásdís Jóelsdóttir Lektor í textíl og hönnun

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið höfundar með rannsókninni var að rýna í og að öðlast betri innsýn í fyrirkomulag námsgreinarinnar í skólasamfélaginu. Hér á við hvort lágmarksfjöldi kennslustunda í textílmennt, samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, væri virtur og hvernig kennslufyrirkomulagi væri háttað. Í úrtakinu voru valdir af handahófi tíu grunnskólar víðsvegar af landinu. Safnað var saman gögnum um magn kennslutíma í textílkennslu og hverjir koma að kennslu greinarinnar og unnið úr þeim í þar til gerðum töflum. Í niðurstöðum um hverjir koma að kennslu í textílmennt kemur í ljós að 60% eru textílkennarar með kennsluréttindi og sérhæfingu í textílgreininni, en 40% hafa ekki sérhæfingu í greininni, eru leiðbeinendur, almennir kennarar eða umsjónarkennarar. Í 20% tilvika velja skólar að láta umsjónarkennara kenna textílgreinina á yngsta aldurstiginu (1.-4. bekk). Niðurstöður sýna að það sé vegið að mikilvægum réttindum nemenda ef að kennari er ekki fagmenntaður textílkennari enda er hann sérmenntaður í textíl eftir fimm ára háskólanám til kennsluréttinda í textíl og hönnun. Niðurstöður sýna vel að réttur grunnskólanemenda til þess tímafjölda í textílkennslu sem lagt er upp með í viðmiðunarstundskrá er verulega skertur, sérstaklega á unglíngastiginu, en sá tími er mikilvægur undirbúningur fyrir náms- og starfsval nemenda eftir að grunnskóla lýkur. Í erindinu er skoðað hvort niðurstöður séu í samræmi við umræðuna innan skólasamfélagsins sem varð líka kveikjan að rannsókninni. Skoðaður er líka réttur nemenda til textílnáms samkvæmt aðalnámskrá og mikilvægi þess að því námi sé sinnt af faglærðum textílkennara.

Þjálfun nemenda í aðferðum samfélagsvinnu með stuðningi gervigreindar

Hervör Alma Árnadóttir dósent

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Í félagsráðgjöf hafa aðferðir samfélagsvinnu þótt árangursríkar sem viðbrögð við samfélagslegum áföllum og með jaðarsettum hópum til þess að auka líkur á að inngilding eigi sér stað. Uppruna samfélagsvinnu má rekja til seinni hluta 19. aldar og upphaf þeirrar 20. þegar frumkvöðlar félagsráðgjafar unnu með innflytjendum og jaðarsettum hópum Bandaríkjanna. Samfélagsvinna hefur verið ein af grunngreinum í námi félagsráðgjafa við Háskóla Íslands og sem viðbrögð við einstaklingsvæðingu síðustu áratuga hefur nú verið aukið við þá kennslu með áherslu á samfélagslega nýsköpun. Markmiðið hér er að skoða hvort nemendur í félagsráðgjöf taki þátt í samfélagsvinnuverkefnum í starfsnámi sínu og því velt upp hvort hægt sé að nýta gervigreind til þess að auka færni og skilning nemenda á samfélagsvinnu. Gagna var aflað með spurningarlista sem lagður verður fyrir alla nemendur sem komu úr fimm mánaðar starfsþjálfun af vettvangi í apríl 2024. Niðurstöður benda til þess að nemendur kynnist að takmörkuðu leiti samfélagsvinnu í starfsnámi sínu. Þau verkefni sem þau kynntust voru aðallega í formi fræðslu eða námskeiða. Ekki var hægt að greina að nemendur hefðu kynnst samfélagsverkefnum sem áttu rætur að rekja til borgara eða notenda félagslegra þjónustu og tengja má við róttækan kenningargrunn.

Mikilvægt er að auka umræðu og finna leiðir við að nýta gervigreind til þess að þjálfa nemendur í aðferðum samfélagsvinnu til að bregðast við samfélagslegum ógnunum og til inngildingar jaðarsettra hópa í íslensku samfélagi.

Orðasafn yfir fatagerð – hugmyndabanki, saga og sjálfbærni

Ásdís Jóelsdóttir lektorí textíl og hönnun

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Höfundur hefur unnið að íslensku orðasafni yfir fatagerð en samræmd orðanotkun um fatagerð mun nýtast sem mikilvæg undirstaða fyrir þróun og menntun í faggreininni og til útgáfu bóka og námsefnis. Markmiðið með orðasafninu er einnig að útskýra í orðum yfirgripsmikið fræðasvið fatagerðar og flókið ferli frá hugmynd að fullvinnslu. Um leið er verið að viðhalda þekkingar- og kunnáttusviði greinarinnar og ýta undir hugmyndaauðgi og nýsköpun í hönnun og gerð fatnaðar. Orðasafnið mun einnig auka skilning á sjálfbærni og umhverfisvitund vegna fjöldaframleiðslu, ofneyslu og fatasóunar. Í gegnum orð og myndir er gefin góð yfirsýn yfir sögu, stíla, efnisgerðir og flokka fatnaðar og helstu gerðir fatnaðar í hverjum flokki og fatahluta sem og sniðtækni, sníðagerð og saumtækni. Samræmd orðanotkun og orðfærni eykur og samræmir virkni, bæði í huglægum og líkamlegum skilningi, þ.e. þar sem hugur og hönd þurfa að vinna vel saman, bæði innan menntunar og starfa. Í erindinu verður fjallað um þá sögulegu þætti og hugmyndaauðgi sem orðasafnið mun gefa af sér og hvernig það getur aukið skilning og virki þegar kemur að sjálfbærni og mikilvægi þess að endurnýta og endurskapa fatnað sem leið til að koma í veg fyrir fatasóun.

Framúrskarandi og alltaf til taks: Doktorsprófshafar í ótryggri stöðu

Gyða Margrét Pétursdóttir Prófessor, Thamar Melanie Heijstra Prófessor

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Í háskólum hefur verið lögð áhersla á að byggja upp doktorsnám og útskrifa sem flesta doktorsnema. Á sama tíma hefur víða verið skorið niður og ráðningabann verið við lýði. Afleiðingin er sú að doktorsprófshafar eru margir í ótryggum stöðum. Þeim er ætlað að leika það sem kallað hefur verið akademíski leikurinn þar sem skilyrði háskólanna um framleiðni eru uppfyllt. Þessu hugarfari hefur í rannsóknum verið lýst sem miskunnarlausri bjartsýni (e. cruel optimism) og rímar við hugmyndafræði nýfrjálshyggju sem tröllríður háskólaumhverfinu. Konur, sérstaklega, eru hvattar til að fylgja samfélagslegum viðmiðum í viðleitni sinni til að höndla hamingjuna og öðlast gott líf, með öðrum orðum þá þurfa konur bara að vera duglegri. Rannsóknin byggir á 15 eigindlegum viðtölum við konur sem lokið hafa doktorsprófi á síðastliðnum tíu árum. Konurnar eru á breiðu aldursbili; á fertugsaldri til sjötugsaldurs. Sumar eru fæddar á Íslandi og aðrar eru af erlendu bergi brotnar. Akademísk viðfangsefni þeirra eru margvísleg en allar eiga þær það sameiginlegt að beita femínísku og/eða gagnrýnu sjónarhorni í rannsóknum sínum og/eða kennslu. Viðtölin voru þemagreind og helstu niðurstöður eru þær að sumar þáttakenda hafa sagt skilið við akademíu á meðan aðrar eru í ótryggum akademískum störfum að sækja um fastar akademískar stöður. Þær leika akademíska leikinn með því að standa undir kröfum bæði hvað varðar rannsóknir og kennslu á sama tíma og þær enduróma miskunnarlausu bjartsýni Berlant. Þær halda í vonina um framtíð innan akademíunnar en eru á sama tíma gagnrýnar á akademíska umhverfið sem sumar lýsa sem ofbeldisfullu.

Tink@school - Erasmus+ project / Tink@school - Erasmus+ samstarfsverkefni

Anna Bjarnadóttir Verkefnisstjóri¹, Ólafur Páll Jónsson Prófessor²

¹Menntavísindastofnun. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tink@school is a collaborative project funded by Erasmus+ that focuses on developing Tinkering as a method in sustainability education (SE). The Tinkering approach can be described as "tinkering and exploring" to solve problems and has gained increasing popularity in both formal and informal education. Tinkering is based on creative thinking where students work together on specific projects, gaining knowledge and enhancing critical thinking, collaboration, and communication skills. Through Tinkering projects, students have the opportunity to increase their interest in science, technology, engineering, arts, and mathematics (STEAM approach) while learning to deal with uncertainty, as many of the challenges do not have obvious solutions. Tinkering projects are creative and enjoyable, they involve hands-on activities using a variety of materials and tools.

The Tink@school project has resulted in a product, a toolkit that includes 11 Tinkering teaching projects for children aged 8-12 (in middle school), all of which are related to the United Nations Sustainable Development Goals. The toolkit also includes a guide for developing Tinkering projects, covering the methodological approach, and an instruction manual for facilitators.

The presentation will introduce the Erasmus project and its outcomes, which can be utilized by a diverse group of teachers and educators working with children, whether in schools or after-school programs. The projects have been tested by primary school students, in after-school programs, with teacher trainees, and practicing teachers.

Svefn íslenskra knattspyrnustúlkna – SKORA rannsóknin

Rúna Stefánsdóttir Lektor, Erlingur Jóhannsson Prófessor, Vaka Rögnvaldsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur og Markmið: Svefn er ein af grunnstoðum andlegrar og líkamlegrar heilsu og er nauðsynlegur fyrir andlegan og líkamlegan þroska. Samkvæmt alþjóðlegum ráðleggingum ættu börn á aldrinum 6-13 ára að sofa 9-11 klukkustundir á nóttu. Rannsóknir hafa sýnt að svefn er nauðsynlegur bæði fyrir frammistöðu og endurheimt fyrir og eftir æfingar og/eða keppnir. Markmið rannsóknarinnar var að skoða svefnlengd, og háttatíma íslenskra 12 ára fótboltastúlkna.

Aðferðir: Vorið 2024 voru 221 knattspyrnustúlkum úr 10 liðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu boðin þátttaka í SKORA rannsókninni. Þátttakendur svöruðu rafrænum spurningalista um svefnlengd, háttatíma og þreytu (N=140). Svefnbreytur voru skoðaðar með lýsandi tölfræði og tölfræðileg úrvinnsla var unnin með Jamovi hugbúnaðinum.

Niðurstöður: Að meðaltali fóru stúlkurnar að sofa klukkan 21:54 á virkum dögum og klukkan 23:06 um helgar og vöknudu að meðaltali klukkan 07:14 á virkum dögum en 09:03 um helgar. Meðalsvefnlengd var 9,32 klst. á virkum dögum en 9,56 klst. um helgar. Samtals náðu 77,9% stúlkanna ráðleggingum um svefnlengd á virkum dögum og 87,1% um helgar. Meirihluti eða 84,3% stúlkanna sögðust sjaldan eða aldrei vera þreyttar í skólanum á meðan 29% sögðust leggja sig stundum eða alltaf á daginn.

Ályktanir: Meirihluti íslenskra knattspyrnustúlkna ná ráðlagðri svefnlengd á virkum dögum og um helgar. Flestar segjast sjaldan eða aldrei vera þreyttar í skólanum en þriðjungur leggja sig stundum eða alltaf á daginn. Mikilvægt er að fylgjast með svefnmynstri ungra íþróttamanna til að veita stuðning og fræðslu um mikilvægi svefn og áhrif svefnis á heilsu og frammistöðu.

Hreyfing og heilsa háskólanema eftir heimsfaraldurinn COVID-19

Vaka Rögnvaldsdóttir Dósent, Þórdís Gísladóttir Dósent, Gréta Jakobsdóttir Dósent, Sunna Gestsdóttir Dósent, Erlingur Jóhannsson Prófessor, Rúna Stefánsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Dagleg hreyfing háskólanema dróst verulega saman í COVID-19 heimsfaraldrinum og kyrrseta jókst samhliða hnignun á líkamlegri og andlegri heilsu. Markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á hreyfingu, og líkamlega og andlega heilsu meðal háskólanema í kjölfar heimsfaraldursins.

Snemma árs 2023 svöruðu 151 (23% karlkyns) þriðja árs háskólanemar við Háskóla Íslands spurningalista. Nemendur voru beðnir um að leggja mat á líkamlega hreyfingu, þátttöku í íþróttum, kyrrsetu og hamingju, sem og líkamlega og andlega heilsu eftir COVID-19 samanborið við á meðan á heimsfaraldri stóð.

Meðalaldur þátttakenda var $28,9 \pm 7,6$ ár. Um 18% stunduðu skipulagðar íþróttir og 74% almenna hreyfingu, að meðaltali $3,98 \pm 1,6$ skipti á viku. Eftir heimsfaraldurinn taldi helmingur þátttakenda hreyfingu sína ófullnægjandi og 54% kyrrsetu sína óhóflega. Hins vegar töldu 41% að hreyfing sín hefði aukist, 34% að kyrrseta hefði minnkað og 36% og 37% greindu frá framförum í líkamlegri og andlegri heilsu miðað við á tímum heimsfaraldursins. Tengsl voru á milli þess að stunda fleiri æfingar á viku og hamingju, sem og betri líkamlegrar heilsu eftir heimsfaraldur.

Hærra hlutfall háskólanema stundaði almenna hreyfingu en skipulagðar íþróttir. Þrátt fyrir það taldi um helmingur þátttakenda hreyfingu sína vera ófullnægjandi og svipað hlutfall háskólanema taldi kyrrsetu sína óhóflega. Jákvæðar breytingar voru hjá um þriðjung þátttakenda svo sem aukin hreyfing og minni kyrrseta, ásamt betri líkamlegri og andlegri heilsu samanborið við á tímum heimsfaraldursins. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að huga að hreyfingu og kyrrsetu til að efla almenna heilsu og vellíðan háskólanema, sérstaklega í tengslum við alþjóðlegar áskoranir eins og COVID-19 heimsfaraldurinn.

Viðbrögð við kynbundnu ofbeldi í háskólum: reynsla þriggja Norrænna háskóla

Angelica Simonsson Rannsakandi¹, Nicole Ovesen Associate senior lecturer², Finnborg Salome Steinþórsdóttir Aðjúnkt³, Liisa Husu Prófessor⁴

¹Swedish Secretariat for Gender Research, University of Gothenburg. ²Uppsala University, National Centre for Knowledge on Men's Violence against Women. ³Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ⁴Örebro University

Ágrip / Abstract

Í þessu erindi verður viðbrögð þriggja norrænna háskólastofnana við kynbundnu ofbeldi út frá kenningu Tronto um umönnun (e. care). Niðurstöður nýlegrar rannsóknar varpa ljósi á að kynbundið ofbeldi er viðtekið vandamál í háskólasamfélaginu í Evrópu, og eru Norðurlöndin ekki þar undanskilin.

Kenningarrammi Tronto veitir innsýn í áskoranir og tækifæri í viðleitni háskólastofnana til að takast á við kynbundið ofbeldi. Erindið byggir á þremur tilviksrannsóknum um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi í háskólum í Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð. Gagnaöflun fór fram árið 2022 sem hluti af Horizon 2020 verkefninu UniSAFE. Niðurstöðurnar sýna að stofnanirnar uppfylla formlegar skyldur sínar, en ákveðið umönnunarbil er í viðbrögðum þeirra við kynbundnu ofbeldi. Umönnunin er oftast knúin áfram af einstaklingum sem brenna fyrir málstaðinn (e. „driving-spirits“), en hana skortir viðurkenningu og stofnanalegar undirstöður. Nokkuð vantar upp á aðbúnað starfsfólks til að byggja upp getu til að tryggja að umönnunarábyrgð tengd kynbundu ofbeldi verði sinnt til fulls. Niðurstöðurnar varpa ljósi á tækifæri sem felast í því að endurskilgreina viðbrögð við kynbundnu ofbeldi sem mikilvæga umönnunarábyrgð, ásamt skyldum sem beri að uppfylla, innan háskólastofnana.

Námsefni fyrir heimilisfræði aðlagað að fæðuráðleggingum

Herdís Sif Ásmundsdóttir Heimilisfræðikennari, Ellen Alma Tryggvadóttir Aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur: Mikilvægt er fyrir heilsu barna að borða fjölbreytta og næringarríka fæðu í samræmi við ráðleggingar Embættis Landlæknis. Börn á Íslandi virðast þó ekki fylgja fæðuráðleggingum nægilega vel. Í æsku er kjörið tækifæri til að innleiða heilsusamlegar fæðuvenjur í heimilisfræði. Aftur á móti virðast uppskriftir fagsins ekki alltaf samræmast fæðuráðleggingum. Því fá börnin ekki endilega tækifæri til að meðhöndla næringarríkt fjölbreytt fæði, eins og ráðlagt er. Markmið þessa verkefnis var að aðlaga uppskriftir úr Heimilisfræði í átt að fæðuráðleggingum og láta reyna á notkun þeirra í Heimilisfræðikennslu nemenda í 2.bekk.

Aðferðir: Valdar voru fjórar uppskriftir til aðlögunar úr bókinni Heimilisfræði 4. Notast var við gervigreind sem aðstoð við að aðlaga uppskriftirnar. Uppskriftirnar voru svo notaðar við matreiðslukennslu auk þess að nemendur fengu næringarfræðslu um hráefnin. Metið var í kjölfarið viðhorf nemendanna.

Helstu niðurstöður: Það var frekar auðvelt að aðlaga uppskriftirnar að fæðuráðleggingum og nýttist gervigreindin þar vel sem stuðningur. Nemendur voru jákvæðir og áhugasamir um matreiðsluna og í oft voru þau að upplifa matvæli á nýjan hátt, líkt og að handleika hráan fisk, smakka ósæta ab-mjólk og - kryddköku til dæmis. Nánast allir nemendur smökkuðu réttina, enda eru þau líklegri til að smakka mat sem þau hafa matreitt sjálf.

Ályktanir: Niðurstöður benda til þess að það að er einfalt að aðlaga uppskriftir að fæðuráðleggingum og að breytingarnar nýtast nemendum til góðs. Það að útfæra uppskriftir í samræmi við fæðuráðleggingar og nýta í heimilisfræðikennslu grunnskóla gæti því verið öflug en einföld lýðheilsuáðgerð, sem getur stuðlar að jákvæðu viðhorfi barna varðandi næringarríka matargerð.

Kennsluhættir í starfsnámi á Íslandi: Áskoranir í síbreytilegu landslagi

Sæberg Sigurðsson Doktorsnemi, Elsa Eiríksdóttir Prófessor, Valgerður S. Bjarnadóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Kveikjan að þessari rannsókn er sú þróun sem nú er að eiga sér stað í kennsluháttum starfsnáms á Íslandi. Ungt fólk sækir meira í námið en áður, með þeim afleiðingum að eldri nemendur eru líklegri til að fá höfnun vegna skorts á skólaplássum og forgangs nemenda sem koma beint úr grunnskóla. Á sama tíma hafa verið innleiddir kennsluhættir á sumum námsbrautum sem við fyrstu sýn mætti ætla að hentuðu frekar eldri nemendum. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa kennsluháttunum og varpa ljósi á kosti og áskoranir við hverja þeirra. Í rannsókninni eru þrjár námsbrautir teknar til skoðunar. Kannað er hvernig ólíkir kennsluhættir styðja við nám nemenda og hafa áhrif á störf kennara. Kenningarleg nálgun rannsóknarinnar byggir að mestu á kenningum Basil Bernstein og eru hugtök úr kenningum hans notuð til að lýsa gangvirki námsbrautanna og áhrifum kennsluhátta. Við rannsóknina er notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir, bæði vettvangsathuganir og viðtöl. Í þessu erindi er sjónum beint að fyrstu niðurstöðum varðandi upplifun nemenda af kennsluháttum. Kennsluhættirnir reyna með ólíkum hætti á samvinnu milli nemenda, tjáningu í tímum og sjálfsábyrgð nemenda, svo dæmi séu tekin. Kennsluhættirnir hafa líka áhrif á tengslamyndun milli nemenda en aldur og fyrri reynsla nemenda skiptir þar máli. Félagslegur bakgrunnur nemenda og önnur tengsl þeirra við faggreinina hafa líka áhrif á viðhorf þeirra til námsins og faggreinarinnar. Niðurstöðurnar geta haft áhrif á stefnumótun í starfsnámi ásamt því að mynda grunn að frekari rannsóknum á sviðinu.

Tækifæri sviðslista í grunnskólum landsins - mótun námsefnis: Lyklarnir að tjáningu og sköpun.

HildurJakobína Tryggvadóttir Sviðslistakennari¹, Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir Kennari²

¹LHÍ, Listkennsludeild. ²HÍ, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Á undanförunum áratugum hefur íslenskt samfélag þróast og breyst í fjölmenningsleglegt samfélag. Þessa þróun má meðal annars greina með fjölgun barna af erlendum uppruna í skólum landsins. Einnig má greina breytt samfélagsmynstur með raftækjum og áhrif samfélagsmiðla. Þessi breyting kallar á fjölbreytt vinnubrögð í menntamálum. Uppeldis- og kennsluaðferðir sviðslista eru fjölbreyttar, þær hvetja nemendur til hópavinnu, að þeir leiti lausna og taki sjálfstæðar ákvarðanir. Innan sviðslista fær sköpunargáfan að njóta sín og nemendur upplifa oft gleði og ánægju. Hvers vegna eru sviðslistir þá ekki notaðar í meira mæli í grunnskólum landsins? Erindi þetta byggir á rannsókn sem höfundur vann í tengslum við kennsluaðferðir sviðslista í námi en slíkar aðferðir innihalda dýrmæt verkfæri fyrir nemendur sem reyna á tjáningu og sköpun, efla félagfærni og auka tilfinningagreind nemandans svo fátt eitt sé nefnt. Sviðslistir hafa því miður ekki fengið nægilegt pláss í námi barna hérlendis, það væri því æskilegt að bæta úr því og uppfylla skilyrði Aðalnámskrár grunnskóla. Áhugi er til staðar í skólum landsins, en helsta hindrunin virðist vera vöntun á menntuðum kennurum í faginu og skortur á rými. Í tengslum við rannsóknina var samið kennsluefni tengt leiklist og dansi sem ætlað er kennurum grunnskóla og nemendum þeirra. Í niðurstöðum rannsóknar kom fram að mikill áhugi er til staðar á kennsluaðferðum sviðslista. Þegar niðurstöður rannsóknar lágu fyrir ákvað höfundur að halda áfram við hönnun kennsluefnisins í þeirri von að sýna fram á fjölbreytt notagildi og þau öflugum áhrif sem kennsluaðferðir sviðslista hafa.

Félagslegt réttmæti Orðaheimsins til stuðnings við íslenskan orðaforða fjöltyngdra barna: Sjónarhorn kennara og skólastjórnenda

Hanna Einarsdóttir¹, Kathryn Crowe Aðjúnkt², Karla N. Washington Associate Professor³, Susan Neumann Professor⁴

¹Háskóli Íslands, HVS. ²Háskóli Íslands, MVS. ³University of Toronto. ⁴New York University

Ágrip / Abstract

Mörg börn á leikskólaaldri á Íslandi eiga erfitt með að öðlast aldurssvarandi málfærni. Gerð var klasaslembiröðuð samanburðarrannsókn (CRCT) til að kanna árangur íhlutunarinnar Orðaheimurinn (OH) sem byggir á World of Words (WOW: Neuman o. fl., 2021). Þessi íhlutun var innleidd af kennurum og prófuð í fimm íslenskum leikskólum. OH, nýtir sér samræðulestur (shared book reading) með lauslegri forskritarnálgun (soft-scripted approach) til þess að auka orðaþekkingu og dýpt orðaforða hjá börnum.

Í virkri íhlutun felst að sýna þarf fram á að hún sé bæði árangursrík og félagslega réttmæt til þess að teljast sem gagnreynd aðferð. Félagslegt réttmæti (social validity) lýsir því að hve miklu leyti íhlutun er félagslega samþykkt eða metin af notendum þess og skiptist í þrjá grundvallarþætti: markmið (goals), framkvæmd (procedures) og effects (áhrif). Mat á félagslegu réttmæti í þessari rannsókn fólst í könnunum og viðtölum (mixed-methods design) við kennarana sem innleiddu OH og stjórnenda leikskólanna þar sem OH var innleitt.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að kennarar og leikskólastjórar gerðu sér grein fyrir mikilvægi OH til að efla íslenskukunnáttu, þó leikskólastjórar væru hikandi við að meta raunverulegan árangur hennar samanborið við kennara. Þátttakendum fannst aðferðin sem slík gagnleg og framkvæmanleg og gerðu tillögur um minniháttar breytingar til þess að auka áhrifin og félagslegt réttmæti OH. Þátttakendur lýstu yfir vilja til að nota íhlutunina aftur. Þessar niðurstöður benda til þess að OH hafi möguleika til að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra leikskólabarna á Íslandi.

Aðlögun og prófun á gagnreyndri málíhlutun fyrir fjöltyngd leikskólabörn á Íslandi

Kathryn Crowe Aðjúnkt, Hanna Einarsdóttir, Bryndís Bergþórsdóttir, Þóra Másdóttir Dósent, Jóhanna T. Einarsdóttir Prófessor

University of Iceland, HVS

Ágrip / Abstract

Bakgrunnur: Mörg leikskólabörn tala annað tungumál en kennarar þeirra og meirihluti samfélagsins. Til að læra þetta nýja tungumál þurfa börnin að vera nægilega útsett fyrir því með góðum málfyrirmyndum í merkingarbærum aðstæðum í daglegu lífi en það getur verið krefjandi í annasömu leikskólaumhverfi. Kennarar og talmeinafræðingar vinna saman að því að styðja við málþroska þessara barna með gagnreyndum aðferðum. Íhlutanir sem byggja á nægum rannsóknum til þess að teljast gagnreyndar eru hins vegar yfirleitt þróaðar fyrir tungumál og menningarlegt samhengi sem endurspeгла ekki raunveruleika íslenskra leikskóla.

Markmið: Kynnt verður hvernig *World of Words*, gagnreynd íhlutun þróuð fyrir nemendur sem stóðu höllum fæti eða lærðu ensku sem annað mál í Bandaíkjunum, var þýdd og mál- og menningarlega aðlöguð til þess að verða *Orðaheimurinn*. Við lýsum ferlinu við þýðingu og mál- og menningarlega aðlögun á íhlutuninni sem og þeim aðferðum sem beitt var við að meta árangur af notkun hennar í nýju samhengi.

Aðferð: Aðferðirnar sem notaðar voru við þessa aðlögun fólu í sér val á íhlutun, beinar þýðingar, aðlagðar þýðingar, þýðingarhagræðingu (e. translation optimisation), breytingar á þemum, endurskoðun á markorðum, þróun nýs efnis, hagkvæmnirannsókn (e. feasibility study), klasaslembiraðaða samanburðarrannsókn (e. Cluster-Randomised controlled trial), mælingar á meðferðarheldni (e. fidelity), mat á félagslegu réttmæti, og loks hagræðingu íhlutunarinnar.

Niðurstöður: Aðferðunum sem notaðar voru við aðlögun, prófun og hagræðingu íhlutunarinnar verður lýst.

Ályktun: Þessi aðferðarfræði sýnir hvernig hægt er að styðja við málþroska fjöltyngdra barna í leikskólaumhverfi á menningar- og tungumálalega viðeigandi hátt sem krefst meira en að þýða efni.

Að þróa innra mat í lýðræðislegu leikskólastarfi

Kristin Gísladóttir Leikskólastjóri¹, Elín Friðriksdóttir Aðstoðarleikskólastjóri¹, Karen Rut Gísladóttir Prófessor², Anna Magnea Hreinsdóttir Lektor²

¹Leikskólinn Ugluklettur, - ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Tilgangur þessarar rannsóknar var að þróa lýðræðislega starfshætti í leikskólanum Uglukletti. Markmiðið var að skoða hvernig skólustjórnendur í leikskólanum og tveir háskólakennarar skapa starfsfólki umgjörð og rými til að skrá, ræða og ígrunda eigin starfshætti. Skoðað var hvaða leiðir eru færar til að skapa starfsfólki leikskóla tækifæri til að meta eigin starfsætti sem lið í innra mati leikskólans. Innra mat sem er framkvæmt á lýðræðislegan hátt felur í sér að afla fjölbreyttra gagna og skráningar á því sem fram fer í daglegu starfi leikskólans. Gögnin þarf að greina, ræða og ígrunda í samstarfi starfsfólks, foreldra og barna. Til þess þarf að skapa umgjörð, tíma og rými innan leikskólans fyrir stjórnendur, starfsfólk, foreldra og börn og skapa þannig menningu lærdómssamfélags í leikskólanum. Um er að ræða þróunarverkefni sem unnið var samkvæmt aðferðafræði starfendarannsóknna í kjölfar ytra mats og miðaði verkefnið að því að bæta innra mat í leikskólanum. Til þess voru nýttar ýmiskonar skráningar á námi barna og starfsháttum innan leikskólans. Lögð var áhersla á umræðu og ígrundun meðal starfsmanna, en það að geta horft gagnrýnum augum á starf sitt er nauðsynlegt til áframhaldandi starfsþróunar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þróunarverkefnið hjálpaði starfsmannahópnum að tileinka sér aðferðir til að afla gagna um starfið með markvissari hætti, horfa á gögnin og læra af þeim. Einnig að skerpa á ákveðnum þáttum eins og matsteymi og matsáætlun. Má draga þá ályktun af niðurstöðum verkefnisins að lýðræðislegt innra mat getur verið valdeflandi fyrir þá sem taka þátt og aukið fagmennsku innan starfsmannahópsins með samtali og speglun.

Þróun stafsetningar í textaritun barna í 1.–4. bekk

Rannveig Oddsdóttir Dósent

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Mikilvægur þáttur í ritunarnámi er að læra að stafsetja rétt. Til að byrja með stóla börn fyrst og fremst á hljóðgreiningu við stafsetningu orða en læra smám saman inn á aðrar hefðir og reglur og fara að beita þeim. Markmið þessarar rannsóknar var að afla upplýsinga um þróun stafsetningar hjá íslenskum börnum í 1.–4. bekk, skoða hvernig villur þau gera, hvernig þær breytast með hækkandi aldri og hvort sjá megi merki þess að þau séu farin að tileinka sér reglur og hefðir um stafsetningu. Rannsóknin byggir á langtímagögnum og var stafsetning metin í rituðum textum barna. Stafsetning var metin með því annars vegar að reikna út hlutfall rétt stafsettra orða í textunum og hins vegar að greina og skoða um hvers konar villur var að ræða og hvort og hvernig tíðni þeirra breyttist milli ára. Niðurstöðurnar sýna að í lok yngsta stigs hafa íslensk börn náð ágætum tókum á hljóðgreiningu og stafsetja rétt orð sem eru skrifuð í samræmi við framburð. Þau eru einnig farin að átta sig á öðrum reglum og hefðum um stafsetningu og nýta sér það í ritun en eru langt frá því fullnuma í notkun þeirra. Leiða má að því líkum að þar skorti meðal annars dýpri skilning á tungumálinu og mikilvægt sé að stafsetningarkennsla fylgi kennslu í öðrum þáttum íslenskunnar og taki mið af því hvaða skilningi börnin hafa náð á uppbyggingu tungumálsins og málfræði.

Snjallræði - Clever ideas: Design sessions in Helgafellsskóli

Málfríður Bjarnadóttir Deildarstjóri

Helgafellsskóli

Ágrip /Abstract

Snjallræði or Clever ideas is an innovative project at Helgafellsskóli that emphasizes design thinking. The project includes design sessions where every student, from preschool through secondary school, engages in a variety of design challenges. Each month, students tackle smaller challenges, and once per term, they participate in a week-long challenge addressing real-world issues, such as ocean plastic pollution. The

primary objective of Snjallræði is to cultivate students' design thinking skills while also fostering creativity, critical thinking, collaboration, communication, and the confidence to explore unconventional solutions.

The project also aims to empower teachers by encouraging them to step out of their comfort zones and engage with new methodologies. All school staff are involved, contributing to their professional growth and skill enhancement. By introducing this project at the preschool level, Snjallræði seeks to nurture and sustain creativity from an early age. The expectation is that by the time students reach the upper grades, they will have retained their strong imaginative abilities and further developed them, becoming more self-reliant in handling complex projects.

Now in its third year, Snjallræði has demonstrated significant advancements in both students' and teachers' proficiency in design thinking and creative problem-solving. Initially, the scope of imagination and outcomes was limited, but by the third year, both students and teachers are leveraging the full potential of the project, showing an increased capacity to innovate and implement novel solutions. In fall 2023, a Tinkering project was incorporated into Snjallræði, and the response from students and teachers to these methods will be discussed in this presentation.

Tinkering with students

Judith Bal Project Manager Education&Research, Denise Kool Senior Educational developer

Nemo Science Museum - Amsterdam

Ágrip /Abstract

Students need to be able to respond to the contemporary global challenges, one way of helping them do that is through learning how to be confident, socially engaged, critical thinkers with an innovative and entrepreneurial attitude and learning essential competencies in science and technology. Tinkering is a learner-centered approach aiming at education in STEM (science, technology, engineering, mathematics) and at the development of the 21st century skills. It is a methodology that incorporates elements of inquiry-based and design-based learning. It enthuses students for science and technology in an low threshold way. Tinkering activities are hands-on: participants are invited to play and make with tools and inspiring materials. Together, the activities, materials and the way of guiding the activity lead to an engaging learning experience.

The Tinkering Studio at the Exploratorium in San Francisco are pioneers in the field of Tinkering. In 2014 the Tinkering method was brought to Europe with the TinkeringEU project. With three completed TinkeringEU Erasmus+ projects NEMO Science Museum (Amsterdam) has gained considerable expertise on using the tinkering method for different groups. They successfully integrated Tinkering in their programs for visitors and have trained many teachers in how to use tinkering in their classrooms.

Teachers say about tinkering: “It encourages you to make quick decisions that surprise each other and yourself”, “It will broaden the perspective of both students and teachers, and it is both creative and focuses on problem solving”. In this lecture NEMO shares some of their insights in how to use Tinkering in the classroom.

Starfspróun í ferðapjónustu: Mat á námspróunarverkefni

Gunnar Þór Jóhannesson Prófessor, Magnús Haukur Ásgeirsson Aðjúnt

Háskóli Íslands, Verk- og náttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Vorið 2021 tók námsbraut í land- og ferðamálafræði ákvörðun um að stokka upp þátt starfspróunar í námskrá sinni með það að markmiði að skapa skýrari tengsl við atvinnulíf og vinnumarkað í gegnum námið og auðvelda nemendum að yfirfæra þekkingu og hæfni milli fræðasamfélags og atvinnulífs. Í þessu erindi munum við lýsa þeim breytingum sem farið var í og gera grein fyrir mati á þeim. Við leggjum sérstaka áherslu á upplifun og viðhorf þeirra nemenda sem hafa farið í gegnum námskeið og námskeiðshluta starfspróunar en fyrsti árgangur sem fór í gegnum endurskoðað skipulag á starfspróun útskrifaðist vorið 2024. Gögnum sem hér verður gerð grein fyrir var safnað með rýnihópaviðtölum, hugleiðingum nemenda í nokkrum námskeiðum og spurningakönnun. Gagnaöflun fór fram á ólíkum tímamóntum í náminu en nemendur höfðu snertiflöt við starfspróun á hverju misseri í gegnum námið. Helstu niðurstöður eru að nemendur eru almennt ánægð með þau tól og tæki sem þeim voru kynnt og telja að þau muni nýtast á vinnumarkaði og í frekara námi. Einnig að tenging milli fræðilegs náms og hagnýtingar þekkingar á vinnumarkaði er mörgum áskorun. Þann lærdóm má draga að starfspróun er mikilvægur þáttur í háskólanámi og eflir nemendur í að átta sig á þeirri hæfni sem þau afla sér í námi og möguleikum til hagnýtingar hennar á vinnumarkaði.

Að fræða og valdefla háskólanema í lögreglufræðum til að vinna gegn kynferðislegri áreitni með gagnvirkri þjálfun

Laufey Axelsdóttir Nýdóktor, Finnborg Salome Steinþórsdóttir Aðjunkt, Gyða Margrét Pétursdóttir
Prófessor

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip / Abstract

Kynferðisleg áreitni er alvarlegt vandamál innan lögreglunnar sem ógnar heilsu og vellíðan starfsfólks. Karllæg vinnuþvingun og kynjuð valdatengsl innan lögreglunnar ýta undir kynferðislega áreitni og er talin eiga þátt í óeðlilegu brotthvarfi kvenna úr lögreglunni. Til að vinna gegn kynferðislegri áreitni er nauðsynlegt að innleiða fyrirbyggjandi aðferðir. Umræðuvettvangur (e. *In-Group Forums*) er talinn vera gagnleg aðferð til að fræða og valdefla þáttakendur til að vinna saman að því að breyta vinnuumhverfinu. Rannsóknin nýtir þjálfunaraðferð sem byggir á þáttökuleikriti (e. *Forum Theatre*) til að skapa umræðuvettvang meðal lögreglufólks. Lögð er áhersla á að fræðast um efni þjálfunarinnar á gagnvirkan hátt og að ýta undir samkennd og samtal milli starfsfólks. Gögnum, í formi umræðuhópa, var safnað saman í mars 2024. Rúmlega sextíu lögreglunemum var skipt í sex umræðuhópa til að taka þátt í umræðum og þróa aðferð til að breyta óviðeigandi hegðun á vinnustað með áherslu á kynferðislega áreitni. Samtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Lögð er fram eftirfarandi rannsóknarspurning: Hvaða tækifæri og hindranir felast í því að nýta þáttökuleikrit sem umræðuvettvang innan lögreglunnar í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni? Niðurstöðurnar hafa hagnýtt gildi og varpa ljósi á tækifæri og hindranir í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni í karllægu vinnuumhverfi. Nauðsynlegt er að vinna bug á hindrunum til að innleiða forvarnarstaf og tryggja inngildandi, öruggt og sjálfbært vinnuumhverfi innan lögreglunnar og annarra stofnanna. Rannsóknin er hluti af norræna rannsóknarverkefninu UISH sem er styrkt af Nordforsk (nr. 137287) og er í samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og Landsamband lögreglumanna.

Triage: Forgangsröðun í covid frá sjónarhóli siðfræði og fötlunarfræði

Ástríður Stefánsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Triage er alþjóðlegt heiti yfir forgangsröðun sjúklinga í bráðaáðstæðum þar sem skortur er á viðeigandi úrræðum. COVID-19 heimsfaraldurinn skapaði slíkar aðstæður víða með takmörkuðu aðgengi að sjúkrarúmum og öndunarvélum. Þegar erfiðustu bylgjur faraldursins gengu yfir þurfti að taka erfiðar ákvarðanir og hafna sjúklingum um aðstoð og innlögn á gjörgæslu. Þetta vakti upp spurningar um hvernig heilbrigðisstarfsmenn í hamfaraaðstæðum ættu að forgangsráða á gjörgæsludeildir og úthluta öndunarvélum. Margar þjóðir endurskoðuðu viðmiðunarreglur sínar um *Triage* meðan á heimsfaraldrinum stóð, þar á meðal Landspítali Háskólasjúkrahús. Í þeim reglum er byggt á *Clinical Frailty Scale* (CFS) sem gefur sjúklingum stig út frá hrumleika þeirra. Notkun CFS við forgangsröðun hefur verið rædd og gagnrýnd innan siðfræði, fötlunarfræði og öldrunarlækninga. Gagnrýnin beinist sérstaklega að notkun hans við að meta fatlað fólk en þar getur hann valdið kerfisbundinni útilokun þessa hóps að skertum gæðum eins og heilbrigðisþjónustu á hamfaratímum. Í þessu erindi verður í fyrsta lagi rædd sú siðferðilega nálgun sem lögð er til grundvallar *Triage*. Í öðru lagi koma fram raddir fatlaðs fólks á Íslandi og aðstandenda þeirra þar sem þau lýsa ótta við jaðarsetningu og útilokun við hamfaraaðstæður. Í þessu erindi verður tekið undir gagnrýni þeirra og bent á mikilvægi þess að byggja forgangsröðunarreglur í *Triage* á aðferðum sem vinna gegn jaðarsetningu viðkvæmra hópa fremur en að auka hana.

Einhverfar konur í fjölmiðlum - orðræðugreining

Sigrún Þórsteinsdóttir Kennari¹, Kristín Björnsdóttir Prófessor², G. Sunna Gestsdóttir Dósent²

¹Háskóli Íslands. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Ekkert eitt einkenni lýsir því hvað einhverfa er því hún er margskonar og birtingarmyndin ólík eftir aldri og kyni. Skýrast kemur einhverfan fram í félagslegum samskiptum. Þegar er fjallað um einhverfar konur er oft einblínt á neikvæðar hliðar einhverfunnar og oft á það sér góðar ástæður. Kenningin um tvöfalda samkennd (double empathy) snýst um þörfina fyrir því að ó-einhverfir skilji og viðurkenni einhverfa eins og þau eru en ekki að einhverfir reyni að breyta sér eins og krafan hefur verið og er enn.

Tilgangur rannsóknar er að kortleggja og greina hvernig einhverfar konur birtast í fjölmiðlum.

Aðferð: Orðræðugreiningu var beitt á gögn Fjölmiðlavaktar sem safnað var í gegnum Credit – info, frá 2. apríl 2018 – 2. apríl 2023.

Helstu niðurstöður eru að við greiningu gagna komu fram þrjú þemu, *þögnin sem ríkir um einhverfar konur, átökin sem þær lenda í við heilbrigðis- og menntakerfið og kulnunin sem þær lenda í vegna þess að þær þurfa að fela sín réttu einkenni*. Hins vegar kemur í ljós þegar rýnt er í gögnin að einhverfar konur eru þrautsegjar og vilja láta til sín taka í samfélaginu en það er ekki gert ráð fyrir þeim og því sem þær þarfnast til þess að geta notið sín til fulls.

Geðheilbrigðiskerfið bregst oft einhverfum konum og sinnir þeim ekki eins og þörf er á að gera. Sama má segja um menntakerfið, þær eru settar undir rangan hatt sem hentar þeim ekki og það sem gleymist oftast er að hlusta á þær sjálfar eins og aðra einhverfa.

Samfélagsleg áhrif rannsókna og gagnrýnin fræði

Þorgerður J. Einarsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Síaukin krafa er gerð um samfélagsleg áhrif rannsókna og vísindastarfs. Það endurspeglast m.a. í stefnu Háskóla Íslands HI-26, nýrri stefnu HVIN um árangurstengda fjármögnun háskóla og viðmiðum Gæðamats háskóla (áður Gæðaráðs íslenskra háskóla). Samfélagsleg áhrif rannsókna eru iðulega rædd með jákvæðum formerkjum. Á heimasíðu HÍ er til að mynda talað um áhrif á sjálfbæra þróun, velferð einstaklinga og að skólinn leitist við að auka jákvæð áhrif rannsókna í samfélaginu. Gæðamat háskóla segir að rannsókna- og nýsköpunarstarf eigi að stuðla að hag samfélagsins. Mikilvæg umræða á sér stað um mælikvarða og aðferðir við mat á samfélagslegu áhrifum en minna hefur verið fjallað um hvernig hún horfir við því meginhlutverki að rækta gagnrýna hugsun og umræðu. Þá er ekki rætt um þá þekkingarsýn sem liggur að baki, hugmyndir um staðsetningu, hagsmuni, völd og valdatengsl. Í erindinu verður krafan um samfélagsleg áhrif rædd og gögn sem hún byggist á. Rætt verður mikilvægi þess að skoða frá hvaða sjónarhóli og fyrir hverja eru áhrif rannsókna ávinningur. Loks verður með dæmum úr félags-, hug- og menntavísindum reifað hvernig umræðan um samfélagsleg áhrif horfir við fræðafólki sem stundar gagnrýnin vísindi.

AI Integration in Academia: A Study of Undergraduate AI Usage at the University of Iceland

Reimer David Prófessor¹, Thamar Heijstra Prófessor og kennsluþróunarstjóri²

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

The introduction of generative AI is rapidly changing higher education. Chatbots leverage deep learning models, can now provide students with human-like expert assistance in virtually all areas of science. Following the rapid introduction of AI particularly ChatGPT, the academic community was compelled to respond to provide students and teachers help to navigate the usage of these tools. One of the main dilemmas for academic teachers is ensuring the authenticity of students' writing, and preventing the outsourcing of assignments to AI applications. Additionally, there is a need to educate students on the use of AI in a responsible way. This quantitative study, one of the first in Iceland, surveyed UI undergraduate students (n=527) about their AI use in relation to their studies. We provide a descriptive overview over the extent of AI usage for different types of tasks and assignments. Furthermore, students' pattern of AI usage are analysed according to their school affiliation, type of study enrollment, social background, gender and age. Preliminary findings reveal that around 60% of the undergraduate students have been using a chatbot. They rate their usage as moderate and predominately use AI to define concepts and obtain information. However, 10% of the students indicate that they use AI to generate content for assignment work. Students that rate their own AI abilities higher than those of their teachers are also more likely to use AI extensively. These findings highlight the importance of an ongoing dialogue between teachers and students regarding AI use in their studies.

Designing a food skills and nutrition education program for low-income adult learners – *Næra og Fræða*

Brittany Marie Repella Doctoral student

Menntavísindasvið, Deild heilsuefningar, íþróttta og tómsunda

Ágrip /Abstract

The main component of the student researchers PhD project is an adult food skills and nutrition program (*Næra og Fræða*), therefore a large part of the PhD process is designing and developing the educational contents. *Næra og Fræða* aims to enable participants to make informed and cost-effective dietary choices therefore improving household food security and food resource management. With sustainability as a priority, *Næra og Fræða* hopes to bring a novel angle to combatting household food insecurity by implementing primarily plant-based foods into the program, as seen in the Nordic Nutrition Recommendations and other nutritional guidelines transitioning to more plant-based foods.

Using the Social Cognitive Theory, the curriculum's design is interactive and engaging, with opportunities for participants to practice and apply the skills and knowledge they have learned during the session. The program will provide resources and materials to support learning and skill development. Emphasizing education, *Næra og Fræða* covers healthy and sustainable meal preparation, food safety, planning, and budgeting. All participants are categorized as low-income or working-poor, a term widely used to categorize individuals who are employed, either full- or part-time, yet still do not earn enough to make ends meet. Course lessons and recipes were chosen with the vulnerable population in mind and based on relevance, feasibility, and inclusivity. The programs recipes incorporate sustainable and plant-based ingredients, which aim to positively impact participants food security and food resource management outcomes.

Er mikilvægt að æfa betur margföldunartöfluna í grunnskóla?

Björg Pétursdóttir Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Rannsóknin er starfendarannsókn sem var lögð fyrir 298 nemendur í 1. og 3. bekk í Kvennaskólanum í Reykjavík og 35 kennaranema B.Ed. á haustönn 2023. Markmiðið var að athuga hversu góð kunnátta og leikni væri í margföldun hjá getumeiri nemendum við upphaf skólagöngu í framhaldsskóla og hvort hún breyttist eftir því sem líður á skólagönguna. Vonast var til að fá fram leiðsögn um hvort mikilvægt væri að leggja meiri áherslu á grunnhæfni í grunnskóla s.s. að læra margföldunartöfluna utanbókar.

Könnunin var á pappír. Öðrumegin voru 36 margföldunardæmi upp í 9×töfluna og hinum megin 36 deilingardæmi. Nemendur fengu 1 mínútu til að svara hvorri hlið.

Við túlkun gagna var notað viðmið sem Bretar hafa sett í samræmdri könnun sem haldin er árlega fyrir 8-9 ára börn. Þar er miðað við hámark 6 sek. fyrir hvert margföldunardæmi. Ákveðið var að nota sama viðmið um lágmarkskunnátta, þ.e. að geta svarað 10 dæmum á mínútu.

Könnunin sýnir að um 11% þeirra nemenda sem hófu nám á félagsvísindabraut og 5,4% nemenda á náttúruvísindabraut náðu ekki lágmarksviðmiði í margföldun. Í þriðja bekk hafði hlutfallið ekkert breyst á félagsvísindabraut (11%) en í náttúrufræðibekkjum höfðu allir náð lágmarksviðmiði. Um 17% kennaranema náðu ekki lágmarksviðmiði í margföldun. Mun hærra hlutfall allra rannsóknahópa náðu ekki lágmarksviðmiði í deilingu og voru það nær tvöfalt fleiri stelpur en strákar. Afburðakunnátta í margföldun og deilingu var einnig skoðuð.

Niðurstöðurnar sýna að margföldunarþekking við lok grunnskóla breytist ekki mikið með áframhaldandi skólagöngu nema hún feli í sér sérstaka áherslu á stærðfræði eða reikning.

Áhrif Orðaheimsins á orðaforða eintygdra og fjölyngdra leikskólabarna á Íslandi: niðurstöður úr klasalembiraðaðri samanburðarrannsókn

Bryndís Bergþórsdóttir Nemi í talmeinafræði¹, Kathryn Crowe Aðjúnt¹, Mark Guiberson², Rachel Wright Karem³

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ²University of Wyoming. ³Indiana University Bloomington

Ágrip /Abstract

Bakgrunnur: Ítrekað hefur verið sýnt fram á að íslenskufærni fjölyngdra barna á Íslandi er töluvert lakari en eintygdra samnemenda þeirra og bilið breiðkar með aldrinum. Skortur er á gagnreyndu kennsluefni á leikskólastigi á Íslandi og margir kennarar telja sig ekki hafa færni eða þekkingu til þess að styðja við fjölyngda nemendur.

Markmið. Rannsókuð voru áhrif íhlutunar með málörvunarefninu Orðaheimurinn (OH) á orðaforða og hugtakþekkingu leikskólabarna á Íslandi, en OH er þýdd og aðlöguð útgáfa gagnreynda bandaríska íhlutunarefnisins World of Words (WOW). Auk þess voru áhrif fjölyngis og íslenskufærni á framfarir athuguð.

Aðferð. Gögn voru fengin frá 110 ein- og fjölyngdum fjögurra ára leikskólabornum sem tóku þátt í OH íhlutun og viðmiðunarhópi í klasaslembiraðaðri samanburðarrannsókn (e. *cluster-randomised controlled trial*). Gögnum var safnað fyrir og í kjölfar 18 vikna íhlutunartímabils og voru þátttakendur metnir með stöðluðu mati á málfærni barna (MELB) og sérhönnuðum OH prófunarverkefnum (orðaforði, flokkun og hugtakaskilningur). Tölfræðileg greining var framkvæmd með ANCOVA og línulegum blönduðum áhrifslíkönunum.

Niðurstöður. Niðurstöður sýndu marktæk áhrif OH íhlutunarinnar á framfarir í kenndum OH orðaforða og flokkaþekkingu. Áhrif á framfarir í stöðluðu mati á tungumálafærni voru ekki marktæk. Eintyngd börn sýndu meiri framfarir í kjölfar OH samanborið við fjölyngda jafnaldra sem auk þess byrjuðu með lægri grunnfærni í íslensku.

Ályktanir. Rannsóknin er þáttur í þróun á gagnreyndu málörvunarefni fyrir leikskólastig á Íslandi. Þrátt fyrir einhver jákvæð áhrif OH á orðaforða er breytinga þörf svo íhlutunin styðji betur við fjölyngda nemendur og þarf að sérsníða íhlutunina með tilliti til grunnfærni í tungumálinu og tungumálabakgrunns.

Gjaldfrjáls leikskóli – Áhrif á starfsaðstæður og velferð barna

Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor, Svava Björg Mörk lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Undanfarin misseri hafa fjögur sveitarfélög innleitt nýtt fyrirkomulag í rekstri leikskóla. Leiðirnar sem þau velja eru ekki eins en sumt er líkt og tilgangurinn er í öllum tilvikum að bæta leikskólalastarfið og aðstæður barna og starfsfólks. Breytingarnar hafa verið nefndar gjaldfrjáls leikskóli en þær snúast einnig um breytta gjaldskrá og fleiri atriði sem eru ólík á milli sveitarfélaga. Í greininni er fjallað um rannsókn á áhrifum gjaldfrjáls leikskóla á Akureyri og í Kópavogi á starfsaðstæður í skólunum með áherslu á velferð barna. Tekin voru rýnivíðtöl við skólastjórnendur og spurningalisti sendur á deildarstjóra í þeim tilgangi að skoða hvernig sveitarfélögunum tveimur hefur gengið að ná markmiðum sínum.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að gjaldfrjáls leikskóli er leið sem virkar til að létta álagi af leikskólum, af starfinu, af börnum og af stjórnendum. Meiri ró er yfir ákveðnum hlutum dagsins og þá hægt að bjóða upp á fleiri gæðastundir í námi og leik. Ljóst er að gjaldfrjáls leikskóli líkt og hann er útfærður í sveitarfélögunum tveimur hefur að dómi stjórnenda skólanna jákvæð áhrif á leikskólalastarfið, skipulagið og velferð barna. Jákvæðni er ríkjandi í garð breytinganna en á sama tíma óttast fólk að bæjarfélögin dragi breytingarnar til baka eða breyti forsendum og setji þannig í hættu þann árangur sem náðst hefur. Þá ályktun má draga af niðurstöðum að ein megin ástæða þess að vel tókst til er að viðverutímum leikskólabarna fækkar á ákveðnum tímum dags.

Notkun pappírsléikhúss í sögustundum með 5–6 ára börnum.

Pascale Darricau Sérkennari, Rannveig Oddsdóttir Dósent, Anna Elísa Hreiðarsdóttir Lektor

Háskóli Akureyri, Menntavísindi

Ágrip /Abstract

Málproski barna er ein meginundirstaða læsis. Mikilvægt er að leggja rækt við málproska barna á leikskólaárunum með áherslu á bæði málskilning og málnotkun. Frásagnir eru góð leið til að æfa hvoru tveggja. Á leikskólaárunum verða miklar framfarir í frásagnarhæfni en styðja má við þá frampróun með því að veita börnum tækifæri til að æfa sig að segja sögur.

Í erindinu verður farið yfir niðurstöður rannsóknar um notagildi pappírsléikhúss sem aðferðar til að efla frásagnarfærni 5–6 ára barna. Pappírsléikhús (j. kamishibai) er frásagnarlist sem þróaðist á millistríðsárunum í japönskum borgum. Nú nýtur þessi frásagnarhefð vaxandi vinsælda víða um heim þar sem hún er talin auka þekkingu barna á frásagnarlist. Árið 2019 var hún innleidd í íslenskan leikskóla og gagna rannsóknarinnar var seinna aflað í smiðjum í skapandi starfi. Upplýsingum var safnað m.a. með myndbandsupptökum. Rannsóknin skoðar hvernig níu börn nýttu sér aðferðina bæði í sögustund og sögugerð til að efla frásagnarfærni sína. Í erindinu verður fjallað sérstaklega um notkun pappírsléikhúss í sögustund. Aðferðum grundaðrar kenningar er beitt í gagnagreiningu og niðurstöðurnar benda til þess að leikskólabörn geta notfært sér pappírsléikhús til að taka virkan þátt í frásögninni. Greint er hvernig sérkenni pappírsléikhúss ýta undir frásagnarnám barnanna. Niðurstöðurnar samræmast fyrri rannsóknum um notagildi pappírsléikhúss til að hjálpa börnum að tileinka sér fjölbreytta þætti frásagnarlistarinnar.

Star Trek: Óendanlegur fjölbreytileiki í óendanlegum útgáfum

Sveinn Guðmundsson Jafnréttisfulltrúi

Háskóli Íslands, Rektorsskrifstofa

Ágrip /Abstract

Star Trek vísindaskáldsögupættirnir og kvikmyndirnar, sett fram í geimsápuóperustíl í fjarlægri framtíð, hafa leynt og ljóst tekist á við málefni sem hefur verið viðkvæmt að fjalla um í sjónvarpi og kvikmyndum. Það sem einkennir Star Trek er útópísk framtíðarsýn og boðskapurinn um jöfnuð mannkyns, en þetta eru atriði sem aðdáendur nefna gjarnan sem aðráttarafl þáttanna og kvikmyndanna.

Sem geimævintýri hefur Star Trek sýnt fram á hvernig dægurmenning getur virkað sem samfélagsspegill. Þættirnir sem byrjuðu árið 1966 takast á gagnrýninn hátt á við efni eins og þjóðerni, uppruna, fötlun, kynjajafnrétti, kyngervi, kynhneigð, stétt, stríð, átök, tækni og umhverfismál.

Markmið erindisins er að kafa í fyrirbærið Star Trek og helstu áherslur þess í gegnum tíðina. Notast verður við hugmyndir og kenningar félagsvísinda, sérstaklega mannfræði til að skoða hvernig dægurmenning getur dregið fram umdeild málefni samfélagsins og virkað þannig sem ákveðið breytingarafl.

Erindið byggir á greiningu á rannsóknum og skrifum fræðifólks um efnið í bland við eigindlega rannsókn meðal Star Trek aðdáenda hér á landi. Erlendar rannsóknir og bráðabirgðaniðurstöður yfirstandandi eigindlegar viðtalsrannsóknar höfundar sýna að stór hluti Star Trek aðdáenda yfirfæra grunninntak hugmyndafræði Star Trek um jöfnuð og fjölbreytileika jarðarbúa yfir á eigin heimsmynd og gjörðir. Þetta kemur meðal annars fram í sjálfboðavinnu aðdáendanna í tengslum við góðgerðarmál og sýn þeirra á framtíð mannvrunnar. Höfundur dregur þá álytun að Star Trek sé að hafa margvísleg áhrif á áhorfendur þáttanna.

Líkamleg hreyfing íslenskra ungmenna frá 15 til 17 ára aldurs

Puríður Helga Ingvarsdóttir Doktorsnemi¹, Nanna Ýr Arnardóttir Lektor², Vaka Rögnvaldsdóttir Lektor¹, Rúna Sif Stefánsdóttir Lektor¹, Erlingur Jóhannsson Prófessor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis-, vísinda- og raunvísindasvið

Ágrip / Abstract

Rannsóknir hafa gefið til kynna að líkamleg hreyfing minnki mikið á unglingsárum. Markmið þessarar rannsóknar voru að kanna (1) þróun hreyfingar íslenskra ungmenna frá 15 til 17 ára aldurs, (2) hvort líkamssamsetning, þrek, skjátími, eða félagsleg staða gæfu forspárgildi um þróun hreyfingarinnar, og (3) hvort kynjamunur væri til staðar á þróuninni og forspárþáttum hennar.

Hreyfing var mæld með Actigraph GT3X+ hreyfímælum við 15 og 17 ára aldur (n=144, 91 stúlka) og sett fram sem slög/mínútu/dag. Fjölpæpa aðhvarfsgreiningarlíkön voru notuð til að kanna mögulega forspárþætti fyrir þróun hreyfingarinnar.

Hreyfing minnkaði um 17,6% meðal stúlkna og 21,6% meðal drengja á virkum dögum. Um helgar minnkaði hreyfing um 6,4% meðal stúlkna en jókst um 1,2% meðal drengja. Enginn munur var á hreyfingu stúlkna og drengja á virkum dögum, en stúlkur hreyfðu sig meira en drengir um helgar á báðum tímamökum. Að eiga að minnsta kosti eitt foreldri með háskólagráðu var tengt aukinni hreyfingu á virkum dögum ($\beta=224$ slög/mínútu/dag; 95% CI: 52-397; $p=0,012$), hærri líkamsþyngdarstuðull var tengdur aukinni hreyfingu um helgar ($\beta=35$ slög/mínútu/dag; 95% CI: 0,4-70; $p=0,049$), og meiri fitufrír massi var tengdur aukinni hreyfingu á virkum dögum ($\beta=72$ slög/mínútu/dag; 95% CI: 22-123; $p=0,006$) og um helgar ($\beta=108$ slög/mínútu/dag; 95% CI: 30-187; $p=0,008$).

Hreyfing minnkar talsvert meðal stúlkna og drengja milli 15 og 17 ára aldurs og þá aðallega á skóládögum. Huga þarf sérstaklega að þróun hreyfingar meðal ungmenna með minni fitufrían massa auk hreyfingar ungmenna sem eiga minna menntaða foreldra.

Leikur, nám og gleði

Auður Ævarsdóttir Leikskólastjóri¹, Rannveig Anna Ólafsdóttir Leikskólastjóri², Hanna Halldórsdóttir Leikskólastjóri³, Helena Jónsdóttir Leikskólastjóri⁴

¹Leikskólastjóri Ægisborg. ²Leikskólastjóri Gullborg. ³Leikskólinn Laugasól. ⁴Leikskólastjóri Grandaborg

Ágrip /Abstract

Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á sameiginlegan leik kennara og barna í fjórum leikskólum og hvernig leikur getur stutt við félagslega sjálfbærni.

Fjórir leikskólar Reykjavíkurborgar efndu til samstarfs við leikskóla í Stokkhólmi um þátttöku starfsfólks í leik barna í sameiginlegum leik. Rannsakendur frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Stokkhólmi tóku þátt í verkefninu með fræðslu og öfluðu gagna um ferlið.

Skiptar skoðanir eru meðal leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla um þátttöku í leik barna. Ríkjandi viðhorf virðast vera að hlutverk starfsfólks leikskóla sé að fylgjast með leik barna og vera nálægt honum fremur en að taka virkan þátt. Starfsfólk leikskóla tekur yfirleitt ekki þátt í leik barna og finnst börnum starfsfólkið sjaldan vera með þeim í leik. Lykilatriði í þátttöku starfsfólks er að styðja við þróun leiksins með börnunum og byggja á sameiginlegum áhuga starfsfólks og barna.

Verkefnið var unnið með aðferðum starfendarannsóknna að því leyti að töluverðum tíma hefur verið varið í að skrá ferlið og fundað hefur verið reglulega um þá þróun sem á sér stað í leikskólunum. Byggt hefur verið á fagþekkingu kennara á vettvangi. Kennararnir hafa kynnt þróun verkefnisins í hverjum leikskóla fyrir sig og góð samræða hefur myndast og ígrundum um hvernig best sé að taka þátt í leik barna og hver tækifærin og áskoranirnar eru.

Ávinningur verkefnisins fyrir börnin og kennarana í leikskólunum er að koma auga á leiðir til að taka sameiginlega þátt í leik og styðja þannig við félagslega sjálfbærni í leik.

“My heart has grown bigger” Educators' Subjective Experiences of the influence on their Social-Emotional-Ethical skills following Mindfulness Training

Bryndís Jóna Jónsdóttir Doktorsnemi, Ingibjörg Vala Kaldalóns Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

There is a growing recognition of psychosocial hazards among educators globally. Consequently, mindfulness has been shown to improve educators' occupational well-being. However, there is a call for deeper understanding of educators' subjective experience on the lasting effects of such interventions. The aim of the present study was to examine the subjective experiences of educators in navigating their well-being and enhancing social-emotional-ethical skills (SEE skills) following mindfulness training as part of a whole-school approach over a span of four years. Through the lens of phenomenology and with flexible thematic analysis the lived experience from mindfulness training of 22 educators were explored. They all worked in three compulsory schools in Iceland, prior involved in a whole-school mindfulness research project. Four years after the research project started, five focus groups were formed, with total of 17 teachers who had finished an eight-week mindfulness course and undertaken mindfulness teaching training. Additionally, five in-depth interviews were conducted with three headmasters and two implementation team leaders. The preliminary data analysis suggests that educators participating in the study demonstrated enhanced SEE skills from the mindfulness training four years later. They described increased awareness of own inner states and those of others, more self-compassion and compassion for others and improved self-regulation and social skills. Giving educators opportunity to cultivating these qualities can be highly beneficial, as it promotes their occupational well-being and personal growth, and potentially supports students' well-being and academic performance.

Af hverju og af hverju ekki starfsmenntun? Námsval framhaldsskólanema sem birtingarmynd stöðu starfsmenntunar

Elsa Eiríksdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Starfsmenntun hefur löngum þótt annars flokks valkostur í framhaldsskólanámi á Íslandi og menntamálayfirvöld hafa um árabil lagt áherslu á að efla starfsnám á framhaldsskólastigi. Ísland er ekkert einsdæmi þegar kemur að lakari stöðu starfsmenntunar í samanburði við bóknám, en þó eru að meðaltali færri nemendur á framhaldsskólastigi sem velja starfsnám á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd. Rannsóknir sýna að val á námi og skóla ákvarðast af mörgum samverkandi þáttum, en þegar horft er á valið á milli bóknáms og starfsnáms sérstaklega virðist virðingstaða einn áhrifaþáttur. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka birtingamyndir stöðu starfsnáms á framhaldsskólastigi á Íslandi, sérstaklega í samanburði við bóknám, í gegnum val ungmenna á námi. Í fyrirhuguðu erindi verður fjallað um forsendur náms- og skólavals framhaldsskólanema. Byggt er á spurningum úr Íslensku Æskulýðsrannsókninni, en spurningalisti var lagður fyrir framhaldsskólanema í 33 framhaldsskólum veturinn 2023–2024. Alls voru 7010 svarendur eða 32% þátttaka. Niðurstöður sýndu ólíkar forsendur vals hjá nemendum í starfsnámi og bóknámi. Starfsnámsnemendur völdu frekar námsleið en bóknámsnemendur skóla. Bóknámsnemendur voru líklegri til að láta félagslíf og vini hafa áhrif á val á meðan starfsnámsnemendur voru frekar að hugsa um undirbúning fyrir starf og tiltekna starfsgreinar. Einnig sögðust tveir þriðju starfsnámsnema að þau væru að velja sig frá bóknámi, en um helmingur bóknámsnema sögðu það sama um starfsnám. Að auki kom í ljós að meirihluti nemenda í starfsnámi höfðu þekkingu á starfsgreininni í gegnum fjölskyldu, vini eða fyrri störf. Þessir hópar áttu þó sameiginlegt að nálægð skóla við heimili og áhugi á faginu réðu miklu.

Lausnaleit í grunnskólum Breiðholts „Meira en samtal yfir brauðristinni ...“

Ingileif Ástvaldsdóttir Aðjúnkt

Háskóli Íslands / Háskólinn á Akureyri, Menntavísindasvið / Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Skólastjórnendum er ætlað að veita faglega forystu um þróun náms og kennslu og farsæld nemenda. Rannsóknir sýna að tími þeirra fer að mestu í verkefni sem tengjast almennri stjórnun skólanna. Undanfarin tvö ár hafa grunnskólarnir í Breiðholti innleitt vinnulag gagnvirkis samstarfs (e. Collaborative Response). Með innleiðingu þessa vinnulags styðja starfsmenn skólanna hver annan við að bregðast við þörfum nemenda á markvissan hátt. Vinnulagið sem byggir á þremur samverkandi þáttum, er upprunið í Kanada og notað þar með góðum árangri. Einn þáttur vinnulagsins er lausnaleitarfundir sem stýrt er af stjórnendum skólanna.

Samhliða innleiðingunni er framvinda verkefnisins og afrakstur þess metið. Matinu er m.a. ætlað að bæta við þekkingu á kennslufræðilegri forystu stjórnenda (e. student centered leadership) og þróunarstarfi í menntastofnunum. Í matinu er notast við blandaða aðferð við öflun gagna; spurningakannanir, námsígrundanir, rýnihópaviðtöl og upptökur á lausnaleitarfundum.

Í erindinu verða gögn úr rýnihópaviðtölum skólastjórnenda frá september 2023 og maí 2024 ásamt upptökum á lausnaleitarfundum frá skólaárinu 2023-2024 notuð til að varpa ljósi á hvort og hvernig stjórnendur, annars vegar hvetja kennara til lærdómssamtals um starfshætti skólans og hins vegar hvernig stjórnendur nýta lausnaleitarfundina til að styðja við samstarf og samsköpun þekkingar meðal kennara. Niðurstöður benda til að með þekkingu stjórnenda á vinnulaginu, frumkvæði þeirra og þátttöku í innleiðingunni ásamt meðvituðu skipulagi og orðfæri á lausnaleitarfundunum ýti þeir undir skilning kennara á eigin starfsháttum og styrki fagafll skólans í heild. Þessar niðurstöður gefa tilefni til að álykta að virk þátttaka skólastjórnenda við innleiðingu vinnulagsins eflir þá í að veita kennslufræðilega forystu.

Orðaheimurinn: Meðferðarheldni íhlutunar með sveigjanlega umgjörð, metin í íslenskum leikskólum

Björg Einarsdóttir¹, Kathryn Crowe Adjunct¹, Susan Neuman Professor of Childhood and Literacy Education², Sarah Masso Adjunct Reseach Associate³

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ²New York University. ³Charles Sturt University

Ágrip /Abstract

Nýlega hefur fjöldi fjöltyngdra barna á Íslandi aukist til muna og standa þessi börn frammi fyrir miklum áskorunum innan íslenska skólakerfisins. Þetta má, að hluta til, rekja til slakrar íslenskukunnáttu. Orðaheimurinn er nýtt kennsluefni fyrir börn á leikskólaaldri, þýtt og staðfært úr Bandaríska kennsluefninu World of Words eftir Susan Neuman. Efnið nýtir samræðulestur til að kynna börnunum fyrir orðaforða og hugtökum úr sex mismunandi þemum.

Til að meta árangurinn sem gefst af kennsluefninu rétt, sem var prófað í klasaslembiraðaðri samanburðarrannsókn með 11 kennurum í 5 leikskólum, þarf að kanna meðferðarheldni við framkvæmd og notkun efnisins. Skammtur íhlutunar (e. dose) var metinn út frá mætingu barnanna. Tryggð við aðalatriði íhlutunar (e. adherence) var metið út frá svörum á skráningarblaði sem bæði kennarar og rannsakandi fylltu út. Gæði kennslunnar (e. quality) og viðbrögð barnanna (e. responsiveness) var metið á 1-5 skala út frá huglægum þáttum.

Skammtur íhlutunnar sem hvert barn fékk var að meðaltali 80,2% af allri meðferðinni. Kennararnir mátu tryggð sína við aðalatriði íhlutunarinnar upp á 91,3% en samkvæmt mati rannsakanda var það aðeins 56,5%. Gæði íhlutunar og viðbrögð barnanna hlutu að meðaltali 3,9 af 5 og gáfu niðurstöðurnar í kynna mikinn breytileika í bæði gæðum og viðbrögðum. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu fram á mikið misræmi á milli sjálfsmats kennarar og mats rannsakanda. Skammtur, gæði og viðbrögð mældust öll tiltölulega hátt en sýndu einnig mikinn breytileika á milli kennara. Niðurstöðurnar munu styðja við áreiðanleika túlkunar á helstu niðurstöðum úr samanburðarrannsókninni og hjálpa til við að betrubæta næstu útgáfur af Orðaheiminum.

Viðhorf listdanskennara til listdanskennslu og áhrifa hennar á velferð nemenda

Þórunn Ylfa Brynjólfsdóttir Danskennari

Valhúsaskóli og listdansskólar höfuðborgarsvæðisins

Ágrip /Abstract

Vorið 2023 var gerð eigindleg rannsókn á viðhorfum listdanskennara til listdanskennslu og áhrifum hennar á velferð dansnemenda. Kveikjan að rannsókninni var að kanna möguleika listdansmenntunar til farsældar nemenda. Rannsóknin byggist á sex einstaklingsviðtölum við listdanskennara á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið rannsóknarinnar var að gefa listdanskennurum rödd, kanna hvernig listdanskennsla mótar einstaklinginn, greina hindranir og áskoranir, ræða framtíðarsýn og setja fram hugmyndir um nýjar áherslur. Fræðilegur bakgrunnur nær yfir þá stöðu sem hefur einkennt vestrænt menntakerfi í gegnum tíðina og hvernig hún fléttast inn í umræðuna um listdanskennslu og dansnemendur.

Rannsóknin leiddi í ljós það viðhorf kennara að mikilvægi menntunar í listdansnámi snúist ekki einungis um að efla tæknilegri færni heldur einnig að þroska hæfni og dygðir sem gagnast nemendum í lífinu. Viðhorf listdanskennaranna báru merki um vitundarvakningu þar sem áherslan er lögð á nemandann og velferð hans. Kennararnir töldu að stigveldi innan listdanskennslu gæti staðið í vegi fyrir velferð nemenda og haft margvísleg áhrif á þá. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að stigveldi sé ómeðvitað og rótgróið innan listdanskennsluformsins. Niðurstöðurnar sýna einnig að íslenska listdanskennarastéttin stendur frammi fyrir margvíslegum og kerfisbundnum takmörkunum sem móta kennsluhætti og takmarka starfsþróun hennar.

Ljóst er að nýjar áherslur og nálganir þurfa að eiga sér stað til þess að stuðla að aukinni farsæld og velferð dansnemenda. Innleiða þarf aðferðir sem viðurkenna og efla gildi mannlegra þátta. Kerfið þarfnast breytinga en slíkar breytingar eru krefjandi í framkvæmd og eru langtímaverkefni. Þær kalla á hugrekki, ígrundun, samtal milli kennara, aukið samstarf milli skóla og stuðning til að feta nýjar slóðir.

Netsamskipti, geðheilsa og þrek: Rannsókn á sömu ungmennum við 15 og 17 ára aldur

Óttar Guðbjörn Birgisson Doktorsnemi, Guðrún Sunna Gestsdóttir Dósent, Erlingur Sigurður Jóhannsson
Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar: Markmið þessarar rannsóknar var að kanna tengsl netsamskipta við andlega og líkamlega heilsu ungmenna, með áherslu á breytingar á tímabilinu frá 15 til 17 ára aldurs og hugsanlegan mun eftir kyni.

Aðferðafræði: Rannsóknin nýtti marglaga línuleg líkön til að meta sömu ungmenni á tveim tímupunktum: Við 15 ára aldur árið 2015 (N=315) þegar þau voru á síðasta ári í grunnskóla og aftur við 17 ára aldur (N=236) árið 2017 þegar þau höfðu hafið framhaldsskólanám. Gögnin voru fengin úr stærri rannsókn (Heilsuhegðun ungra Íslendinga) þar sem almenn netsamskipti (notkun á samfélagsmiðlum, tölvupósti, spjallborðum og þess háttar) voru mæld með spurningum um daglega notkun. Líkönin spáðu fyrir um tengsl netsamskipta við einkenni þunglyndis, kvíða, líkamsímyndar, sjálfsálits, og þreks með tilliti til kyns, aldurs, félags- og efnahagslegrar stöðu og einstaklingsmunar (gegnum slembistika).

Helstu niðurstöður: Niðurstöður sýndu að netsamskipti voru tengd við aukin einkenni þunglyndis, kvíða, verra sjálfsálits, verri líkamsímyndar og lakara þreks, óháð kyni, félags- og efnahagslegri stöðu, og aldri (öll $p < 0,05$). Kynjamunur kom fram á öllum geðheilsuþælingum og í þreki þar sem stúlkur voru með verri geðheilsu og verra þrek. Hins vegar var ekki kynjamunur á tengslum milli netsamskipta og geðheilsu eða þreks.

Ályktanir: Netsamskipti hafa neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu ungmenna óháð kyni, félags- og efnahagslegri stöðu. Ályktanir benda til þess að framtíðarrannsóknir og stefnumótun ættu að beina sjónum að einstaklingsmun til að skilja betur og takast á við áhrif netsamskipta á heilsu unglunga.

Virk þátttaka í lestri á mið- og unglingastigi: Tengsl við snjallsímanotkun á skólatíma

Kristján Ketill Stefánsson Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Lesskilningur má telja til grundvallarhæfni til þátttöku í lýðræðissamfélögum. Samkvæmt alþjóðlegu PISA mælingunum þá hefur lesskilningur íslenskra nemenda í 10. bekk hrakað verulega frá aldamótum til ársins 2022 ($d = -0,71$). Yfirlitsrannsóknir hafa gefið til kynna að virk þátttaka í lestri (e. reading engagement) spái fyrir um lesskilning, orðaforða, ályktunarfærni og almenna þekkingu nemenda. Af þessum sökum er þekking á hegðun sem tengist virkri þátttöku nemenda í lestri mikilvæg fyrir þau sem vilja auka lesskilning barna og unglunga. Niðurstöðurnar voru unnar úr fyrirbyggjandi gögnum úr nemendakönnun Skólalánsins fyrir 6. – 10. bekk skólaárið 2023 – 2024 ($N = 15.286$). Lýsandi tölfræði leiddi í ljós að 67% nemenda á miðstigi og 89% nemenda á unglingastigi voru með snjallsíma með sér á skólatíma og að 30% nemenda með snjallsíma notuðu snjallsímann í meira en klukkustund á dag í skólanum. Niðurstöður úr marglaga líkani (e. multilevel model) sýndu að samanborið við nemendur sem ekki notuðu snjallsímana sína í skólanum ($n = 4017$; 33%) þá var virk þátttaka í lestri lítill ($d = -0,25$), miðlungs ($d = -0,61$) og mjög mikið minni ($d = -1,22$) fyrir hvern aukaklukkutíma af heildarsnjallsímanotkun á skólatíma. Niðurstöðurnar verða kynntar og ræddar í ljósi kenninga um mikilvægi sálfræðilegra grunnþarfa og gagnvirkra áhrifa virkrar þátttöku í lestri og skaðlegrar sjálfsbjargarviðleitni (e. maladaptive coping) s.s. óhóflegrar snjallsímanotkunar.

Teachers as visitors: Engaging with Critical Global Citizenship Education through Visual and Participatory Pedagogical Practices

Eva Harðardóttir Aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Rapid technological advances in contexts of shifting demographics, and increasing social, political, economic and ecological inequities globally and locally call for a re-examination of the purpose of education, the challenges to this purpose and strategies to address these. In response to the UNESCO report *Reimagining our futures together*, and to the inevitability of the age of Artificial Intelligence (AI), we propose that transformative pedagogies of human rights, democracy, sustainability and global citizenship education can challenge education systems and practices that fail to generate criticality and recognise the need for engagement with contexts of diversity in relations with others, and the world we inhabit.

In this symposium, we start by sharing our collective vision of a purpose of education that responds to global and local lived realities. We then each discuss the challenges to realise this purpose, informed by the unique and diverse educational contexts that we work in (Iceland, South Africa, and Finland). Each presenter will then draw on their individual research and practice to propose strategies to engage with these challenges, strategies that address over-dependence and irresponsible use of AI in education systems, policy and practices.

In my presentation I will draw on a collaborative study conducted with upper-secondary teachers in Iceland and Norway demonstrating how they negotiate multiple purposes of education in their work, their challenges in moving beyond normative approaches and their aspirations of creating inclusive educational spaces through the use of photographs where diversity and difference generate new and unexpected learnings.

Réttindi barna í leikskólum

Sara Dögg Ólafsdóttir Leikskólakennari¹, Sólveig Pálsdóttir Aðstoðarleikskólastjóri², Anna Blöndal Leikskólastjóri³, Jose Antonio Deildarstjóri⁴, Edda Sigurlaug Ragnarsdóttir Deildarstjóri⁵

¹Leikskólinn Gullborg, Skóla og frístundasvið. ²Leikskólinn Laugasól, Skóla og frístundasvið.

³Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni, Skóla og frístundasvið. ⁴Leikskólinn Vinagerði, Skóla og frístundasvið.

⁵Ævintýraborg Eggertsgötu, Skóla og frístundasvið

Ágrip /Abstract

Markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti fimm leikskóla Reykjavíkurborgar í samstarfi við SFS, UNICEF og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Byggja leikskólarnir allir starf sitt á markmiðum og hugmyndafræði Barnasáttmálans og stigu því fleiri skref til að laga starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans í verkefninu. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem felst í kynningu á réttindum barna, þátttöku og áhrifamætti, innleiðingu á ákvæðum Barnasáttmálans í daglegt starf og í mati á innleiðingunni og hvernig hægt er að festa verkefnið í sessi. Í þessari kynningu er gerð grein fyrir öðrum fasa verkefnisins. Unnið var að innleiðingaverkinu í anda starfendarannsóknna sem felst í því að byggt er á fagþekkingu kennara á vettvangi. Hver leikskóli valdi sér í upphafi verkefnisins afmarkaðan þátt í starfinu til að skoða og þróa út frá réttindum barna. Starfsmenn leikskólanna hafa fengið fræðslu og verkfæri í hendurnar til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans. Börnin eru meðvitaðri um réttindi sín og eru örugg að tjá skoðanir sínar og væntingar til námsins. Vorið 2024 hlutu leikskólarnir viðurkenningu UNICEF sem réttindaleikskólar að undangengnu mati á stöðu réttinda barna í leikskólunum. Afrakstur verkefnisins eru áætlaðar ljóslifandi dæmi um viðhorf, verkefni, viðfangsefni og starfshætti sem styðja við réttindi barna og lýðræðislegt leikskólastarf. Afraksturinn verður aðgengilegur í verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar meðal annars í formi myndbanda.

Íslenskir 14 ára drengir í knattspyrnu hafa verri líkamlega afkastagetu samanborið við norska jafnaldra í knattspyrnu.

Sigurður Benediktsson Aðjunkt¹, Erlingur Jóhannsson Prófessor¹, Hilde Gundersen Dósent²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Høgskule på Vestlandet, Department of Sport, Food and Natural Sciences

Ágrip / Abstract

Skipulag og uppsetning á knattspyrnuþjálfun ungra drengja er mikilvæg því leikmenn þurfa mikla líkamlega og tæknilega getu. Markmið rannsóknarinnar var að bera saman líkamlega afkastagetu hjá 14 ára drengjum í knattspyrnu frá Íslandi og Noregi. Þátttakendur í rannsókninni voru 48 leikmenn frá Íslandi og 103 leikmenn frá Noregi, sem allir voru U14 leikmenn. Beinaldur var mældur með röntgen mynd á vinstri úlnlið og til að kanna líkamlega afkastagetu var 40 metra sprettur, langstökk, stökkkraftur, Yo-Yo IR1 þolpróf og hámarkssúrefnisupptaka (VO_{2max}) mæld. Leikmenn svöruðu einnig spurningalista varðandi þjálfun þeirra. Allar mælingar voru framkvæmdar á sama hátt í Noregi og á Íslandi.

Niðurstöðurnar sýndu að norsku drengirnir hlupu marktækt hraðar ($5,90 \pm 0,38$ vs $6,37 \pm 0,44$ sek, $p < .001$), voru með marktækt betra þol (1235 ± 461 vs 960 ± 423 m, $p < .001$) og marktækt hærri VO_{2max} ($60,3 \pm 6,5$ vs $54,8 \pm 5,3$ mL·kg⁻¹·min⁻¹, $p < .001$) samanborið við íslensku drengina. Leikmenn frá Noregi vörðu fleiri klst. á skipulögðum æfingum á viku heldur en þeir íslensku. Fylgni var á milli beinaldurs og frammistöðu í 40 m spretthlaupi ($r = -.566$, $p < .001$), langstökki ($r = .380$, $p = .008$) og stökkkrafti ($r = .354$, $p = .014$). Engin fylgni fannst á milli beinaldurs og þolmælinga.

Niðurstöður gefa skýrt til kynna að líkamleg afkastageta á meðal 14 ára norskra drengja í knattspyrnu er umtalsvert betri en hjá íslenskum drengjum á sama aldri. Þörf er á frekari rannsóknum til að skoða hvernig og hvort mismunandi skipulag og fyrirkomulag knattspyrnuþjálfunar á Íslandi og í Noregi geti haft áhrif á afkastagetu drengjanna.

Stjórnun menntamála hjá sveitarfélögum á Íslandi: Áhrif skólanefnda á starf grunnskólans.

Sverrir Óskarsson Doktorsnemi, Auður Pálsdóttir Dósent

Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

Ágrip / Abstract

Erindið fjallar um starf skólanefnda (fræðslunefnda) sveitarfélaga og áhrif þeirra á starf grunnskóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri grunnskóla, gæðum kennslu og daglegu námsumhverfi nemenda, og því skiptir starf þeirra sköpum um árangur náms og farsæld nemenda. Samfélagsbreytingar, fámenni sveitarfélaga, kennaraskortur, og áskoranir er lúta að rekstri og þörfum nemenda hafa gert skólastarfið krefjandi. Þá hefur komið fram gagnrýni á starf skólanefnda og möguleika þeirra til að auka gæði náms, kennslu og velfarnaðar nemenda.

Farið verður yfir þá þætti sem skipta máli í starfi skólanefnda og skoðað með hvaða hætti þeir hafa áhrif á starf grunnskóla. Hlutverk skólanefnda verður skoðað og samhengi þess við skólastarf. Sagt verður frá niðurstöðum af alþjóðlegum samanburði á starfi skólanefnda. Niðurstöður sýna hvernig völd og áhrif skólanefnd eru ólík milli landa og einnig hvernig uppbygging og virkni þessa fyrirkomulags hefur áhrif á skólastarf. Þá koma fram ákveðnar mótsagnir milli hugmynda um lýðræði, valds til töku ákvarðana, sjálfræði skóla, fagmennsku og skólaþróunar.

Nauðsynlegt er að rannsaka hvernig skólanefndir, sem kjarna stefnumótunar og ákvörðunaraðilar skólastarfs, geta betur stutt við faglegt skólastarf og kennsluhætti. Nýlegar rannsóknir, m.a. þrjár nýjar íslenskar doktorsritgerðir, kalla eftir að rannsakað verði samspil stjórnsýslu við skólastarf en fáar rannsóknir hafa farið fram á þessu sviði. Gagnrýnin stefnufræði og kenningar um þátt kennara í mótun skólastarfs munu liggja til grundvallar erindisins.

Fyrri skólareynsla og væntingar til náms

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka Aðjúnkt og doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig fyrri reynsla fólks af skólakerfinu mótar væntingar þess þegar það snýr aftur í nám. Tekin voru lífssöguleg viðtöl við fólk sem fékk tækifæri til að fara aftur í nám í kjölfar atvinnuleysis. Þetta átak var samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisins til að bregðast við atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Áherslan í viðtölunum er á reynslu þátttakenda af framhaldsskóla og skólasögu þeirra. Notuð er þemagreining til að greina viðtölin.

Niðurstöður eru þær að fyrri skólareynsla fólks ræður miklu um væntingar þess til skólakerfisins og eigin frammistöðu í námi. Skólareynsla getur jafnvel komið í veg fyrir að þau þori að reyna aftur, þrátt fyrir að þau langi til þess og séu að öðru leyti tilbúin til þess. Þegar þau eru loks komin aftur í nám nýta þau síður stuðningskerfi skólanna.

Rannsóknin sýnir hvernig fyrri skólareynsla stjórnar þannig möguleikum þeirra til menntunar. Fyrri reynsla þeirra af skólakerfinu er oft tengd félagslegri og efnahagslegri stöðu þeirra eða námsörðugleikum sem þau kunna að hafa glímt við á þeim tíma. Fyrri skólareynsla mótar sjálfsmynd fólks gagnvart menntun og um leið sjálfstraust þess til þess að snúa aftur í nám.

Samkvæmt tölum OECD er brotthvarf úr framhaldsskólum nokkuð mikið á Íslandi. Íslenskt skólakerfi er opið og sveigjanlegt og leiðir til að snúa aftur í nám margs konar. Samt sem áður hika sumt fólk við að snúa aftur í nám þrátt yfir að vera tilbúið til þess, langa til þess og hafa tækifæri til þess.

Fjölþætt áhrif Bragðlaukaþjálfunar á fæðuval, heilsu og líðan barna og foreldra

Sigrún Þorsteinsdóttir Klínískur barnasálfræðingur, PhD heilsuefling, Anna Sigríður Ólafsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Börn með taugaþroskaraskanir á borð við einhverfurófsröskun og ADHD eru gjarnan matvandari en börn án þessara raskana. Samt sem áður er lítið um fæðumiðaðar íhlutanir og rannsóknir í skólaumhverfinu fyrir börn með þessar raskanir. Til að rannsaka áhrif Bragðlaukaþjálfunar tók 81 fjölskylda með börn með taugaþroskaröskun ($n = 33$), og án ($n = 48$), á aldrinum 8-12 ára, þátt í 7 vikna íhlutun. Börnin voru þöruð út frá taugaþroskaröskun, kyni og aldri og síðan slembiraðað í íhlutunarhóp og seinkaðan íhlutunarhóp sem gegndi hlutverki viðmiðunarhóps. Kynntar verða niðurstöður rannsóknarinnar í heild út frá þeim sex vísindagreinum sem hafa verið birtar á síðastliðnum árum.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu meðal annars í ljós að hjá íhlutunarhópi dró úr matvæðni miðað við seinkaða íhlutunarhópinn. Einnig dró stöðugt úr matvæðni í 6 mánuði eftir þátttöku. Fæðufjölbreytni (ávextir, grænmeti, baunir, hnetur og fræ) jókst einnig marktækt. Upplifun foreldra á hegðun barna í tengslum við mat var einnig rannsökuð, ásamt kvíðaviðbrögðum barna. Líkamssamsetning barna og foreldra (meðal annars fitu- og vöðvaprósenta) var könnuð sem og matvæðni og fæðuval foreldra. Á öllum þáttum sem rannsakaðir voru var marktækt betri árangur eftir inngrip, sem og í sex mánaða eftirfylgd. Ekki var marktækur munur hjá börnum með og án taugaþroskaraskanana á neinum þeirra þátta sem athugaðir voru. Bragðlaukaþjálfun gefur góð fyrirheit sem einföld og mild langtíma leið til að draga úr matvæðni og auka fæðufjölbreytni barna með og án taugaþroskaraskanana. Í tengslum við rannsóknarniðurstöður verður kynnt hvernig nýta mætti gervigreind við öflun og úrvinnslu gagna.

Orðræðan um transbörn í íslensku samfélagi

Guðrún Kristinsdóttir prófessor emerita, Jón Ingvar Kjarran prófessor

Deild menntunar og margbreytileika, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Málefnum transbarna hefur verið gefinn nokkur gaumur hér á landi í lagasetningu, hjá félagasamtökum og víðar. Þegar ný samfélagsmál koma fram skiptir orðræða sköpum fyrir þau sem málið snertir. Rannsókn þeirri sem er lýst hér er á frumstigi og er markmið hennar að kortleggja ríkjandi orðræður um málefni transbarna á Íslandi. Í þeim efnum verða eftirfarandi gögn greind: lög og reglugerðir, stefnumarkandi skjöl og skrif fagaðila um efnið. Þetta er að mestu leyti órannsakað og tilgangurinn er að leggja fram skerf til þekkingar á efninu sem mótast nú í auknum mæli innan hinnar alþjóðlegu orðræðu. Svo virðist sem ríkjandi orðræða mótist af sérfræðipekkingu, og snýst hún oft um líðan barna, lög eða reglur. Svo dæmi sé tekið þá virðast fræðiskrif um efnið leggja áherslu á hið líffræðilega (líffræðileg nauðhyggja) og minna er fjallað um ýmsa félagslega þætti. Hættan sem getur fylgt þessu er sjúkdómsvæðingin en alþjóðlega hefur verið rætt endurtekið um kosti og galla þeirrar nálgunar. Í rannsókninni er stuðst við kenningar krítískra félagsvísinda, og leitað í smiðju transfræða/hinseginfræða, sem beina kastljósinu að jaðarsetningu minnihlutahópa og áhrifum útilokunar. Óhjákvæmilegt er að koma inn á hlut lækna og heilbrigðisstétta sem hafa brugðist við með sjúkdómsvæðingu og meðferð. Í rannsóknum blasir við að börn og ungt fólk sem skilgreina sig sem trans eru jaðarsett og að styrkja þarf stöðu þeirra og efla. Hagnýtt markmið er að skoða þann lýðræðishalla út frá sjónarmiðum jafnréttis- og mannréttinda.

Frelsi, sköpun, tími og undrun: Um tengsl mannkostamenntunar og ljóðlistar

Kristian Guttesen aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Farsælt skólastarf byggir á fjölmörgum tengdum og ótengdum þáttum. Bent hefur verið á það að kennarinn sé jafnmikill uppgötvandi og nemandinn og að nemandinn sé líka kennari og því sé brýnt að bæði valdefla kennara og gefa nemendum sjálfræði um eigið nám. Þvert á það sem áður var haldið, um að dygðir yrðu best efldar með nemendum í einkaskólum og í gegnum þátttöku í íþróttastarfi, hafa nýjar rannsóknir sýnt fylgni við að þar vegi þyngrri forysta og hvatning skólastjórans og þátttaka nemenda í listum, leiklist, söng og sjálfboðavinnu.

Í greininni, sem byggir á doktorsrannsókn minni í menntunarfræði við Háskólann í Birmingham, mun ég skýra frá niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem tengslum mannkostamenntunar og ljóðlistar er gerð skil í ljósi þemagreiningar þar sem fjögur yfirþemu, frelsi, sköpun, tími og undrun, voru dregin fram í kjölfar viðtalaráðar þar sem rætt var við tíu sérfræðinga og kennara sem höfðu reynslu af nýtingu ljóðlistar í kennslu.

Náð utan um fjölbreytileikann: Um hlutverk námsmats í að stuðla að inngildandi námi í tveimur framhaldsskólum

Ívar Rafn Jónsson Lektor¹, Edda Óskarsdóttir Dósent²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið-Kennaradeild. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Töluverð umræða um menntun án aðgreiningar frá sjónarhóli náms og þátttöku hefur átt sér stað á undanförunum áratugum. En ef horft er til áhrifa námsmats þá hefur umræðan hins vegar verið afar takmörkuð. Í Aðalnámskrá framhaldsskóla koma fram misvísandi áherslur varðandi námsmat sem getur mótað starfshætti skóla. Tilgangur þessarar rannsóknar var að skilja einkenni námsmats og námsmatsmenningar sem styður inngildandi nám. Markmiðið var að kanna námsmatsaðferðir á framhaldsskólastigi sem koma til móts við fjölbreytileika nemenda. Fræðilegur rammi byggir á gagnrýninni kennslufræði og félagslegu réttlæti og þeirri skoðun að hefðbundnar hugmyndir um námsmat séu of þröngar sem geti leitt til óheilbrigðrar samkeppni og jaðarsetningar. Gögnum var safnað frá tveimur framhaldsskólum sem valdir voru markvisst þar sem þeir bjóða upp á námsbrautir í verk- og bóklegum greinum og nemendahópur þeirra er fjölbreyttur. Gögnin samanstanda af rýnihópaviðtölum, einu við nemendur og tveimur við kennara og tveimur einstaklings viðtölum við námsráðgjafa. Greining gagna byggðist á aðferðum grundaðrar kenningar. Í niðurstöðum eru dregnar upp tvær sviðsmyndir af því hvernig hugmyndafræði dafnar eða er sjálfssprottin innan stofnunar. Hér kemur fram hvernig samspil skólaumhverfis, starfsþróunar og hugmyndafræðilegar áherslur styður við eða letur kennara til að starfa samkvæmt inngildandi hugmyndafræði og móta námssamfélög sín á milli. Niðurstöður varpa ljósi á leiðir kennara til að hlusta eftir röddum nemenda í viðleitni þeirra til að gera námið merkingarbært og skapa námsmenningu sem byggir á trausti. Þar að auki er vísbending um að skilningur kennara á inngildandi námi hafi áhrif á hugmyndir þeirra um hlutverk og framkvæmd námsmats.

Áskoranir á mörkum skólastiga – samtal stærðfræði- og raungreinakennara á háskólastigi og framhaldsskólastigi

Bjarnheiður Kristinsdóttir lektor¹, Ingólfur Gíslason aðjúnt²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið og Verk- og náttúruvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Áhyggjur af miklu brottfalli úr námi í raungreinum, tæknigreinum, verkfræði og stærðfræði – svokölluðum STEM greinum – og því hve fáir nemendur brautskrást úr þessum greinum voru kveikjan að SamSTEM verkefninu, samstarfsverkefni kennara við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri. Einn af lykilþáttum verkefnisins var að koma af stað samtali milli stærðfræði- og raungreinakennara á framhalds- og háskólastigi og með það að leiðarljósi fóru háskólakennarar úr SamSTEM hópnum til fundar við raungreina- og stærðfræðikennara í 30 af þeim 31 framhaldsskólum sem buðu upp á náttúrufræðibrautir til stúdentsprófs skólaárið 2023-2024. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi og námskrá náms til stúdentsprófs síðustu ár og hafa framhaldsskólakennarar bent á að nokkuð samræmi skorti milli skóla auk þess sem námsefni sé komið til ára sinna. Alþjóðlegar rannsóknir benda til að vandamál á mörkum þessara skólastiga megi oft skýra með ólíkum áherslum í námskrá varðandi þekkingu, leikni og færni. Í þessu erindi verður greint frá sýn kennara á báðum skólastigum hvað varðar undirbúning nemenda í stærðfræði og litið sérstaklega til þess hvort um sé að ræða samhljóm eða togstreitu eða hvort tveggja í bland.

Litlu laukar – Bragðlaukaþjálfun: Þróun á námsefni og rannsóknaraðferðum í gegnum samhönnun með leikskólastarfsfólki

Berglind Lilja Guðlaugsdóttir Doktorsnemi, Anna Sigríður Ólafsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Eitt af þeim krefjandi verkefnum sem leikskólastarfsfólk stendur frammi fyrir er matvæðni leikskólabarna. Matvæðni er yfirleitt í hámarki í kringum 2-6 ára aldurinn og foreldrum ásamt leikskólastarfsfólki skortir gjarnan úrræði til þess að takast á við matvæðni ungra barna. Bragðlaukaþjálfun – Litlu laukar er fæðumiðuð íhlutun sem fer fram í leikskólum með þátttöku leikskólastarfsfólks og foreldra með það að markmiði að koma í veg fyrir og/eða draga úr matvæðni. Í Bragðlaukaþjálfun eru börn þjálfuð í að upplifa mat með öllum skynfærum sínum með leikgleðina að vopni. Í verkefninu verður Bragðlaukaþjálfun innleidd sem hluti af daglegu skólastarfi sem styður við heilsueflandi umhverfi leikskólanna. Námsefni og framkvæmd rannsóknarinnar eru samhannaðar (e. co-created) með leikskólastarfsfólki til að falla sem best að stefnu og umhverfi hvers leikskóla og framkvæmd valdi sem minnstu álagi fyrir starfsfólkið. Samhönnun er nálgun sem felur í sér að sameina sjónarhorn mismunandi aðila til að bæta gildi rannsókna. Þær aðferðir samhönnunar sem notaðar eru við hönnun rannsóknarinnar eru vinnustofur, rafrænar og á staðnum, umræður, rýnihópar og fundir. Alls tóku þrjú leikskólar, tveir af höfuðborgarsvæðinu og einn á landsbyggðinni þátt í samhönnunarferlinu sem stendur yfir út september. Leitast var eftir að fá sem breiðastan hóp starfsfólks með í ferlið sem náði meðal annars til leikskólastjóra, deildarstjóra og matráða. Ferlið og helstu niðurstöður verða kynntar og þann lærdóm sem draga má af framkvæmdinni.

Gengi íslenskra nemenda í náttúruvísindaverkefnum PISA: Hvernig má nýta niðurstöður PISA til umbóta í kennslu náttúruvísinda

Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor, Haukur Arason Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Staða læsis á náttúruvísindi meðal íslenskra unglunga er á verulegri niðurlæið samkvæmt niðurstöðum PISA kannana sem lagðar voru fyrir á tímabilinu 2009-2022. PISA miðar að því að mæla hversu færir nemendur eru í að takast á við vísindalegar hugmyndir og málefni sem tengjast náttúruvísindum á ígrundaðan hátt. Í rannsókninni verður rýnt í þróun á gengi íslenskra nemenda í tilteknum PISA verkefnum á sviði náttúruvísinda sem lögð hafa verið óbreytt fyrir á tímabilinu 2015-2022. Greint verður hvar styrkleikar og veikleikar nemenda liggja með tilliti til þeirra inntakspátta sem verkefnin snúast um. PISA verkefnin verða borin saman við áherslur aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 og útgæfið námsefni fyrir grunnskóla. Þannig verða greind tækifæri nemenda og kennara í að takast á við sambærileg verkefni í náttúruvísindum. Í framhaldi af þessu verða teknar saman tillögur að umbótum á skólakerfinu, námsgögnum og stuðningi við skólakerfið til að efla meðbyr með gæðakennslu í náttúruvísindum og áhuga íslenskra nemenda og kennara á faginu.

Röksemdir og hugmyndir í umfjöllun um kennslutíma í náttúruvísindum á unglíngastigi grunnskóla.

Haukur Arason Dósent, Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Árangur íslenskra ungmenna í náttúruvísindanámi hefur á undanförunum áratugum staðið langt að baki árangri ungmenna í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við samkvæmt niðurstöðum PISA rannsóknarinnar. Vafalaust eru margþættar ástæður fyrir þessu en einn þáttur í þessu er án efa sá takmarkaði kennslutími sem helgaður er náttúruvísindum á unglíngastigi grunnskóla en hann er einn sá allra stysti í Evrópu. Í framhaldi af slökum árangri í PISA 2018 lagði Menntamálaráðuneytið árið 2020 fram til umsagnar tillögu um stóraukinn kennslutíma í náttúruvísindum. Sjötíu og þrjár umsagnir bárust, nokkrar jákvæðar en margar neikvæðar og í framhaldi af því frestaði ráðuneytið framkvæmd tillögunnar. Til að varpa ljósi á þessi átök viðmiðunarstundaskrá og kennslutíma í náttúruvísindum voru þær röksemdir sem fram komu í umsögnunum þemagreindar og flokkaðar. Helstu þemun voru mismunandi hugmyndir um tengsl kennslutíma og árangurs, mikilvægi vals nemenda, áhrif á aðrar greinar, viðmiðunarstundaskrá og gildi alþjóðlegra kannanna á borð við PISA.

Náttúruvísindanámskrár í skyldunámi: Greining og samanburður opinberra námskráa fimm landa

Sunna Rós Agnarsdóttir Útskrifaður Meistararnemi, Meyvant Þórólfsson Prófessor emeritus, Haukur Arason Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í rannsókninni voru opinberar náttúruvísindanámskrár fimm landa greindar og bornar saman. Löndin eru Skotland, England, Finnland, Noregur og Svíþjóð.

Íslandi var sleppt við rannsóknarvinnuna vegna breytinga á núgildandi aðalnámskrá en jafnframt leitast við greina og bera saman námskrár landa sem hafa tengingu við Ísland, svipuð samfélagsleg gildi og sambærilegar kröfur til menntunar.

Rannsóknarvinnan byggðist á greiningu nokkurra opinberra náttúruvísindanámskráa þar sem markmiðið var að greina heildaruppbyggingu þeirra, hugmyndir, inntak, nálgun á náttúruvísindi, og hvernig grunnhugmyndir náttúruvísinda út frá amerísku stöðlunum NGSS birtast í námskránum.

Námskrárnar voru skoðaðar út frá uppbyggingu, námsmati, stuðningi við kennara, prófakerfum landanna m.t.t. samræmds námsmats og þátttöku í alþjóðlegu samanburðarrannsóknunum PISA og TIMSS.

Hver námskrá var greind fyrir sig og síðan voru námskrárnar bornar saman. Niðurstöður sýna að meginatriði náttúruvísindanámskránna eru að einhverju leyti lík en uppbygging, innihald og framsetning þeirra er ólík. Misjafnt var eftir löndum hvort lágmarkskennslutími í náttúruvísindum sé tilgreindur og hversu langur sá tími er.

Út frá hugmyndafræði Schiro sýna niðurstöðurnar að í öllum námskránum mátti greina fleiri en eina námskrárgerð. Þó birtist í flestum tilfellum skýr ríkjandi hugmyndafræði einnar námskrárgerðar innan náttúruvísindanámskrár hvers lands.

Mismunandi var eftir löndum hvort upplýsingar um námsmat voru til staðar í náttúruvísindahluta námskránna og að hvaða marki þær studdu við starf kennara. Í öllum námskránum birtist þó skýr krafa um fagmennsku kennara í tengslum við nám og kennslu náttúruvísinda. Samræmt námsmat í náttúruvísindum var einungis að finna í tveimur löndum en öll löndin höfðu nýlega tekið þátt í PISA og flest einnig í TIMSS.

Viðhorf náttúruvísindakennara til náttúruvísindahluta Aðalnámskrár grunnskóla

Róbert Pettersson Útskrifaður meistaranemi, Haukur Arason Dósent, Meyvant Þórólfsson Prófessor emeritus

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið meistaraverkefnisins var að kanna viðhorf, upplifun og notkun náttúruvísindakennara á náttúruvísindahluta nágildandi Aðalnámskrár grunnskóla. Jafnframt að rannsaka hvaða breytingar náttúruvísindakennarar vilja sjá á honum. Aðalnámskrá grunnskóla er leiðarvísir og fyrirmæli stjórnvalda um hvernig og hvað skuli kenna í grunnskólum landsins. Kennarar sjá svo um að túlka Aðalnámskrána til að hægt sé að kenna eftir henni. Því skipta viðhorf og upplifun kennara á námskránni sköpum þar sem það eru kennararnir sem vinna mest með hana. Árið 2013 tók nágildandi Aðalnámskrá grunnskóla gildi og er að hún mjög frábrugðin þeirri frá 1999. Því taldist þetta rannsóknarefni mikilvægt og áhugavert.

Rannsóknin var eigindleg og notast við hálfopin viðtöl. Við val á þátttakendum var leitast við að kalla fram sem fjölbreyttust viðhorf til námskrárinnar en jafnframt voru þátttakendur að hluta valdir út frá hentugleika. Tekin voru viðtöl við 8 einstaklinga sem hafa mikla reynslu af náttúruvísindakennslu. Meirihluti viðmælenda reyndist ósáttur við náttúruvísindahluta nágildandi Aðalnámskrár grunnskóla. Einnig var notkun viðmælenda á námskránni mismunandi. Meirihluti viðmælenda var óánægður með það námsmat sem Aðalnámskrá leggur til. Jafnframt myndu viðmælendur vilja sjá ákveðnar breytingar á námskránni og flestir sögðust vilja sjá nýja námskrá.

Niðurstöður verkefnisins eru ákall um endurskoðun náttúruvísindahluta aðalnámskrár. Notkun viðmælenda á námskránni er mismunandi, námsmatið er huglægt og innihaldið vítt og opið til túlkunar. Þessi staða gæti skapað ósamræmi í náttúruvísindakennslu á Íslandi. Náttúruvísindahlutinn er nú í endurskoðun sem hlýtur að teljast mikilvæg miðað við óánægju viðmælenda. Spurning er þó hvort endurskoðunin verði nægilega gagnger eða hvort það þurfi stærri aðgerðir.

Rafræn nemendasamskipti - "Áhugavert og krefjandi á sama tíma"

Steinunn Ólafsdóttir lektor

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið, Námsbraut í sjúkraþjálfun við Læknadeild

Ágrip /Abstract

Inngangur: Verkefnið Rafræn nemendasamskipti (e. Virtual Exchange) hefur verið hluti af námskeiði sem kennt er við Námsbraut í sjúkraþjálfun. Verkefnið felur í sér rafræn samskipti nema í sjúkraþjálfun í mismunandi evrópskum háskólum. Markmið þessarar rannsóknar er að rýna í fyrirbyggjandi gögn og meta reynslu nemenda og hvort ástæða sé að halda verkefninu innan námsins.

Aðferðir: Rannsóknin er eigindleg og tóku 37 nemendur þátt með því að svara skriflega níu opnum spurningum. Afleidd efnisgreining var nýtt til úrvinnslu og byggðist hún á fyrirfram greindum flokkum; (1) tungumálið og áskoranir, (2) væntingar og lærdómur og (3) framtíð verkefnisins.

Niðurstöður: Nemendur lýstu jákvæðri reynslu af því að eiga samtál á ensku og fannst þeir búa yfir mjög góðri enskukunnáttu. Helstu áskoranir sem nemarnir lýstu varðandi tungumálakunnáttu var notkun fagorða í sjúkraþjálfun, en einnig lítil enskukunnátta viðmælandans. Aðrar áskoranir fólust í að finna tíma til að hitta samnemandann. Um helmingur nemenda gerði sér engar væntingar til verkefnisins áður en það hófst, um helmingur gerði sér litlar væntingar og nokkur lýstu tilhlökkun. Margir nemendur nefndu að þau hafi lært hvernig námið og heilbrigðiskerfið er líkt og ólíkt á milli mismunandi landa. Kostnaður við nám í Evrópulöndunum virtist koma mörgum nemendum á óvart. Langflestir nemendur (33/37) mæltu með því að halda verkefninu áfram.

Umræður: Í heildina voru niðurstöður mjög jákvæðar og ég mun óhrædd halda áfram að leggja verkefnið fyrir. Verkefnið kom mörgum nemendum ánægjulega á óvart og fannst verkefnið ögrandi og nefndu að þau hefðu þurft að stíga út fyrir þægindahringinn.

Experiences of Polish Immigrant Parents Participating in Family Musicking in Iceland

Adam Switala Adjunct Lecturer

University of Iceland, School of Education

Ágrip / Abstract

This study investigates the experiences of immigrant parents from participation in Family Musicking classes. Utilizing Lisa Koops' Family Musicking Framework, the study adopts a mixed-methods approach to explore an Icelandic FM program targeting families of children aged 0-4. Interviews and surveys were conducted amongst Polish immigrant parents engaged in Family Musicking sessions conducted in their native language and in Icelandic, focusing on their motivations for participation, the challenges they encountered, and the benefits they perceived. A significant emphasis is placed on understanding how FM activities facilitate the parents' adaptation to their new environment. The research also analyses the data obtained from immigrant parents in the context of similar research conducted within groups of parents representing the majority population and studies from other countries.

Findings indicate that parents experienced several benefits from participating in the program, including improved mental well-being and a heightened sense of belonging within the local community. FM sessions also contributed to alleviating anxiety associated with verbal communication and social interactions with Icelandic parents who have children of a similar age. Furthermore, the study highlights best practice strategies for implementing Family Musicking with vulnerable groups, underlining its effectiveness in nurturing social connections within a culturally diverse society. The program's ability to address the unique needs of underrepresented populations is underscored, showcasing its broader implications for fostering community cohesion.

The study offers an overview of the multifaceted benefits of FM, presenting it as a vital tool for fostering community connections and addressing the needs of diverse populations.

The assessment of cardiorespiratory fitness parameters, including aerobic endurance, through a novel method of heart rate analytics.

Agnar Steinarsson Doktorsnemi, Erlingur Jóhannsson Prófessor, Gréta Jakobsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

This ongoing study is the first part of the METFIT PhD project at the University of Iceland. The aim of the study is to examine and validate a novel method of heart rate analytics. The method is based on a new theory of muscle fiber recruitment developed by the candidate, introducing a personalized system of heart rate zones and the first scientific measure of aerobic endurance.

The study was designed to validate the said method of heart rate analytics against traditional laboratory methods of exercise testing. A total of 38 participants (18 females and 21 males, aged 22-55 years) were recruited for the study. Each participant performed a submaximal treadmill running test, a series of 50 m sprinting tests, and a maximal effort cardiopulmonary exercise test (CPET) at the UI Sports lab. Measured parameters included heart rate, oxygen consumption (VO₂), cadence, muscle oxygen saturation and exercise thresholds (VT-1 and VT-2).

The preliminary results from the study show very good agreement between the two methods for a range of cardiorespiratory fitness parameters, including maximum heart rate (HR_{max}), maximum oxygen consumption (VO_{2max}), max sprinting speed, and exercise thresholds (VT1 and VT-2).

It can be concluded that this new method of heart rate analytics may present a submaximal and easy alternative to traditional maximum effort laboratory exercise testing. Furthermore, this new method provides new fitness parameters, such as endurance and heart rate zones, that may be highly relevant for fitness apps and wearables.

Notkun gervigreindar í háskólanámi og háskólakennslu

Hjördís Sigursteinsdóttir Dósent

Háskólinn Á Akureyri, Heilbrigði, viðskipta- og raunvísindasvið

Ágrip /Abstract

Á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg bylting í stafrænni tækni og á það ekki síður við hvað varðar háskólanám og kennslu. Háskólastofnanir, eins og Háskólinn á Akureyri, nýta sér stafræna tækni til að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og jöfnuði til náms. Þó gervigreind sé enn á frumstigi þá hefur hún samt þróast hratt á síðustu misserum og mun óneitanlega verða hluti af námi og starfi innan háskólasamfélagsins.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig háskólanemendur og háskólakennarar hafa notfært sér gervigreind í námi og starfi til þess að varpa ljósi á vitund nemenda og kennara um notagildi og innleiðingu gervigreindar. Notuð var eigindleg aðferðarfræði þar sem tekin voru einstaklingsviðtöl við fimm háskólanemendur og fimm háskólakennara sem allir voru við nám og störf við Háskólann á Akureyri skólaárið 2023-2024. Viðtölin voru á bilinu 15 til 33 mínútur að lengd, tekin upp, afrituð og þemagreind.

Niðurstöðurnar sýna að bæði nemendur og kennarar eru meðvitaðir um hvernig hægt er að nota gervigreind til að létta undir með sér og spara tíma. Nemendur nota gervigreindina aðallega við verkefnagerð en kennarar nefna bæði við úrfærslu verkefna og þróun námsmats og námsmatsaðferða. Nemendur voru þó skrefi framar en kennarar í innleiðingu gervigreindar í háskólanám sitt.

Ljóst er að bæði kennarar og nemendur nýta sér gervigreind í starfi og námi, þó í mismiklum mæli. Mikilvægt er að auka vitund kennara og nemenda um notkun gervigreindar og hvernig má nýta þessa tækni til hagsbóta fyrir bæði kennara og nemendur innan háskólanna.

Teymiskennsla og árangursrík samþætting námskeiða í kennaranámi

Brynhildur Bjarnadóttir Dósent, Garðar Ágúst Árnason Prófessor, Sólveig Zophoníasdóttir Aðjúnkt

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið, kennaradeild

Ágrip /Abstract

Frá árinu 2019 hefur kennarateymi við Háskólann á Akureyri (HA) unnið að markvissu þróunarverkefni með áherslu á teymiskennslu og samþættingu námskeiða hjá nemendum á fyrsta ári í kennarafræðum. Kennarateymið, skipað sérfræðingum í náttúruvísindum, siðfræði, sálfræði og upplýsingatækni, hefur unnið saman að undirbúningi og framkvæmd fjögurra námskeiða í námslotu. Samþættingin byggir á þverfaglegu þema um sjálfbærni og hlutverk kennara í nútímasamfélagi. Tæki og tól upplýsingatækninnar eru nýtt til að auðvelda samþættingu og tryggja nemendum samfellda upplifun. Endurgjöf nemenda er safnað árlega með spurningalistum og hefur reynst jákvæð varðandi námsfyrirkomulagið. Nemendur hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að hafa allar upplýsingar um námskeiðin á einum stað og gott skipulag og aðgengi á vefnum Canvas. Í lotu er nemendum skipt í hópa sem vinna saman að verkefnum til lokaekunnar í hverju námskeiði.

Í erindinu verður sagt frá reynslu kennarateymisins af samþættingu og teymiskennslu. Niðurstöður sýna að hópavinnan leiddi til aukinnar samvinnu og samræðna um námsefnið og skapaði nemendum tækifæri til að vinna saman að lausn raunhæfra verkefna, sem undirbýr þá fyrir framtíðarstarf í kennslu. Niðurstöður sýna enn fremur að teymiskennsla í þessu formi veitir kennaranemum dýrmæta reynslu af samþættingu námsgreina og stuðlar að árangursríku samstarfi og starfsþróun kennara. Samstarf og sérfræðilekking kennarateymisins hefur leitt til þróunar á vinnuskipulagi sem nemendur hafa verið ánægðir með. Þessi nálgun hefur sýnt fram á að samþætting námskeiða og teymiskennsla getur haft jákvæð áhrif á nám og kennslu. Kennarateymið mun halda áfram að þróa þessa nálgun til að auka gæði kennslunnar og stuðla að bættum árangri nemenda.

Viðhorf og notkun kennaranema á ChatGPT

Sólveig Zophoníasdóttir Aðjúnkt, Jórunn Elíadóttir Dósent

Háskólinn á Akureyri, Hug-og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Á undanförunum misserum hefur verið töluverð umræða í háskólum um kosti og galla ChatGPT í námi. ChatGPT er öflugt gervigreindarverkfæri sem byggir á risamallíkani og líkir eftir mannlegum texta. Í erindinu verður sagt frá rannsókn sem gerð var meðal kennaranema í Háskólanum á Akureyri haustið 2023. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf kennaranema til ChatGPT, varpa ljósi á tækifæri og áskoranir sem nemendur tengdu við notkun verkfærisins í háskólanámi og hvernig þau sáu fyrir sér að nýta verkfærið í framtíðinni. Einnig var skoðað hvort viðhorf og notkun kennaranemanna á ChatGPT breyttust yfir misserið. Gagna var aflað með spurningakönnunum í tveimur námskeiðum í kennarafræði sem lagðar voru fyrir nemendur bæði í upphafi og við lok misserisins. Niðurstöður sýndu að nemendur voru meðvitaðir um tækifæri og áskoranir tengdar ChatGPT og lögðu áherslu á ábyrga notkun. Einnig mátti greina breytingu á viðhorfi nemenda í garð ChatGPT og þróun í notkun verkfærisins. Rannsóknin veitir upplýsingar um viðhorf og notkun ChatGPT meðal kennaranema og undirstrikar mikilvægi samvinnu innan háskólasamfélagsins um notkun verkfærisins.

Leiksýningar í grunnskólakennslu, list augnabliksins

Halldóra Björnsdóttir aðjúkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Af hverju skiptir máli að kenna leiklist? Hvað er það sem leiklist hefur upp á að bjóða sem aðrar greinar bjóða ekki upp á? Verkefnið leiksýningar í grunnskóla, list augnabliksins, miðar að því að skoða hvort hægt sé að móta leiklistarstarf í grunnskóla meðal annars með því að setja upp stuttar leiksýningar sem nemendur sýna samnemendum ásamt því að skoða hvað læra nemendur á því að setja upp leikrit? Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Rannsóknin sem er starfendarannsókn var framkvæmd yfir tveggja ára tímabil í einum grunnskóla í Reykjavík. Nemendur bjuggu ýmist til sjálfir stutt handrit út frá þema eða kennari styttri og aðlagði leikrit sem hópurinn hafði valið. Leikritin voru síðan sýnd á sviði skólans. Sýningin sjálf varð hápunkturinn í öllum tilfellum og þangað var stefnt allan tímann. Þannig var tilgangurinn með ferlinu alltaf skýr og hver kennslustund rammaðist inn í kringum leikritið. Skýr áhersla var lögð á að allir tækju þátt hvert sem móðurmálið væri auk mikilvægi þess að allir fengju að njóta sín hvort sem hlutverkið væri að standa á sviðinu eða sjá um leiktjöldin. Áhersla var lögð á samvinnu, lýðræðisleg vinnubrögð, að nemendur sýndu hvert öðru tillitssemi, að nemendur sýndu ábyrgð og að sköpun og gleði væru ávallt í fyrirrúmi

Að koma til móts við nýja tíma - gagnvirk leiklist

Jóna Guðrún Jónsdóttir aðjúnt, Rannveig Björk Þorkelsdóttir prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Kennsluþróunarverkefnið Leiksmiðja, sköpun í stafrænum heimi, er verkefni sem hóf göngu sína haustið 2019 við Háskóla Íslands. Markmiðið með Leiksmiðjunni, sköpun í stafrænum heimi var að koma til móts við nýja tíma og skapa vettvang fyrir gagnvirka leiklist. Námskeiðinu er ætlað að vera lifandi leikhúsvettvangur og miðstöð tilrauna fyrir hvers kyns leiklist sem tengist netmiðlum allt frá lifandi uppákomum til tilbúinna mynd- og hljóðverka. Áhersla er á stafrænar sviðslistir þ.m.t. leiksýningar og hljóðverk þar sem tölvutækni er notuð til að miðla verki eða er hluti af verki. Ætlunin er að námskeiðið verði kennt árlega og starfandi kennara fái aðgang að því í gegnum endurmenntun. Gert er ráð fyrir að nemandi þekki og skilji helstu aðferðir og nálganir í leiklistarkennslu og listmiðlun þ.m.t. kvikmyndagerð og útvarpsleikhúsi. Geti notað stafræna tækni til að seja upp sýningu t.d. í gegnum vörpun, geti búið til leikrit sem hljóðmynd og lifandi leikhús (uppákoma) sem er streymt á facebook. Þá er gert ráð fyrir því að nemandur læri að setja efni inn á vef og að búa til leikrit sem er gagnvirkt þar sem nemandinn sem á horfir ræður för og framvindu verksins. Leiksmiðja er styrkt af kennslumálasjóði. Ætlunin er að kynna þetta þróunarverkefni og eiga samtál um hvernig megi styrkja stafræna kennslu í gegnum leiklist til framtíðar.

Leikum af list.com - kennslu- og veffræðaumhverfi á sviði kennslu og rannsókna í leiklist

Rannveig Björk Þorkelsdóttir prófessor, Jóna Guðrún Jónsdóttir aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í síbreytilegu samfélagi, sérstaklega á tímum gervigreinda, reynir á margvíslega hæfni nemenda á sviði sköpunar og tækninotkunar. Þátttaka í atvinnulífi og samfélagi 21. aldar krefst aukinnar aðlögunarhæfni og sífelldrar endurnýjunar þekkingar í takt við öra framþróun. Stafrænar miðlunarleiðir og gagnvirkir miðlar geta eftt og stutt við skapandi hugsun nemenda og nýst kennurum til að styðja við bæði hefðbundnar og óhefðbundnar aðferðir. Um leið fer fram valdefling nemenda þar sem ábyrgð, sköpun og gagnrýnin hugsun haldast í hendur. Vefurinn www.leikumaflist.com er kennslu- og veffræðaumhverfi á sviði kennslu og rannsókna í leiklist og er nú þegar samansafn af verkum nemenda og kennara ásamt fjölda rannsókna og heildstæðra ferla í leiklist. Þar sem um nýjan gagnvirkar kennslu- og veffræða vef á sviði kennslu og rannsókna í leiklist stuðlar verkefnið að aukinni kennslufærni í notkun vefmiðla og nýsköpunar. Vefnum er ætlað að vera stafræn þekkingarveita á sviði rannsókna og kennslu í leiklist ásamt því að styrkja nýjungar í leiklistarkennslu við HÍ og í grunn- og framhaldsskólum. Verkefnið nýtist þannig bæði háskólasamfélaginu og öðrum námssamfélögum á grunn- og framhaldsskólastigi (sbr. HÍ26 undirbúningur nemenda undir atvinnulíf og samræða við fyrri skólastig). Vefsíðan er opin öllum nemendum við Háskóla Íslands ásamt kennurum við HÍ sem og almennum kennurum sem vilja kynnast og nota leiklist og netmiðla. Leikum af list er styrk af kennslumálasjóði.

Starfsmannavelta meðal kennara í grunnskólum árin 1998 til 2020

Börkur Hansen Prófessor, Amalía Björnsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna starfsmannaveltu grunnskólakennara en bæði var verið að skoða hvenær kennarar hættu störfum en einnig í hvaða mæli þeir fluttu sig milli skóla og svæða. Notast var við gögn frá Hagstofu Íslands frá tímabilinu 1998 til 2020. Áhyggjur af kennaraskorti í grunnskólum hér á landi eru ekki nýjar af nálinni. Bæði veldur áhyggjum að ekki brautskrást nægilega margir kennarar og að starfandi kennarar leiti í önnur störf. Erlendar rannsóknir sýna að mikil starfsmannavelta í skólum hefur neikvæð áhrif á skólastarf. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að það eru um 7,5% þeirra sem voru við störf árin 1998 til 2018 sem voru ekki við störf árið eftir. Þessi tala var lægri eða 6,3% 2009 til 2013, árin eftir efnahagshrunið 2008, en rannsóknir sýna að á landsvæðum þar sem efnahagsástand er lakara gengur mönnun skóla betur en á svæðum þar sem hagsæld er meiri. Athygli vakti hér meðalaldur þeirra sem koma nýir til starfa en það endurspeglar háa meðalaldur kennaranema og þá sérstaklega þess stóra hóps sem er í fjarnámi. Einnig virðast stórir hópar hverfa úr starfi löngu fyrir hefðbundinn eftirlaunaaldur. Kennarar færa sig lítið á milli skóla eða svæða en athygli vekur hversu hátt hlutfall þeirra stoppar stutt við í starfi. Starfsmannavelta meðal kennara í litlum skólum er heldur meiri en í stærri skólum. Niðurstöðurnar benda til að vandi við mönnun kennarastéttarinnar sé margþættur, bæði þarf meiri nýliðun en einnig þarf að gera starfið og starfsaðstæður þannig að kennarar haldist í starfi.

Barnið sem þroskahugsjón

Jón Ásgeir Kalmannsson Aðjúnkt

Deild menntunar og margbreytileika, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar er að greina með aðferðum heimspekinnar hugmyndir um barnið og bernskuna sem þroskahugsjón. Varpað er ljósi á þrjú þemu í tengslum við barnið sem ólíkir hugsuðir hafa tengt við það að vera full-orðin(n), eða fullþroska, í fyllsta skilningi þeirra orða. Þemun eru auðmýkt, undrun og leikur. Niðurstöður rannsóknarinnar eru meðal annars þær að afstaða barnsins til veraldarinnar, eins og hún birtist í auðmýkt, undrun og leik, feli í sér lífsskilning og visku sem brýn þörf er á í fullorðinsheimi samtímans. Auðmýktin felur meðal annars í sér þann glaðværa eiginleika að vinna gegn upphafningu sjálfsins, halda sig á jörðinni, og kunna þannig að meta og líta upp til þess sem á jörðinni hrærist. Undrunin er sá eiginleiki að sjá alla hluti í fersku og nýju ljósi, eins og í fyrsta sinn, og alveg sérstaklega það einfalda og almenna sem mætir okkur við hvert fótstígi. Leikurinn er frelsisvirkni manneskjunnar, geta hennar til að kúppla sig út úr hlutverki tannhjólans í samfélagsvélinni, og njóta sín við iðju sem hefur engan annan tilgang en leikinn sjálfan og að hafa gaman. Þessi þrenns konar sálarvirkni, auðmýkt, undrun og leikur, verður sett í samhengi við dygðirnar og við þá andlegu virkni sem heimspekingar á borð við Aristóteles og Platon telja það besta í mannlegu lífi, á borð við hugleiðingu, og "helgileiki" eins og fórnir, söng og dans. Í lokin verða dregnar fáeinir ályktanir um stöðu barnsins í nútímanum, en skýrar vísbendingar eru um að bernskan eigi undir högg að sækja nú um stundir.

Hæfniviðmiða-samræmingarkerfi fyrir námsleiðir

Tómas Rúnarsson Prófessor

Háskóla Íslands, VON

Ágrip /Abstract

Samkvæmt gæðaleiðbeiningum háskóla skal reglulega endurskoða hæfniviðmið námsleiða. Jafnframt endurskoða kennarar reglulega og bæta námskeið sín sem getur haft í för með sér misræmi við hæfniviðmið námsleiða. Til að koma í veg fyrir ósamræmi á milli námskeiða og námsleiða er nauðsynlegt að námsbrautarstjórar og kennarar yfirfari allar breytingar og áhrifin sem þær hafa á námsleiðir. Þar sem þetta vinnuferli er mjög tímafrekt eykur það líkurnar á að þetta sitji á hakanum. Til að tryggja að þetta sé gert er verið að þróa hæfniviðmiða-samræmingarkerfi fyrir námsleiðir (LOA-kerfið). Kerfið nýtir sér gervigreind sem hönnuð er til að aðstoða kennara við að betrubæta námskeiðslýsingar og matsaðferðir þannig að samræmi við hæfniviðmið námsleiðar sé tryggt. Með því að nýta spunagreind eins og ChatGPT, sjálfvirknivæðir LOA-kerfið greiningu á námsefni og veitir innsýn og ráðleggingar til að viðhalda samræmi. Það metur hversu vel námskeið uppfylla hæfniviðmið námsleiðar á kvarðanum einn til fimm, greinir gloppur. LOA-kerfið býður ekki aðeins upp á faglega aðstoð sem sparar kennurum og stjórnendum tíma, heldur kemur fram með tillögur að úrbótum. Núþegar hefur LOA-kerfið verið notað á Menntavísindasviði, þar sem það greindi gloppur í nauðsynlegum hæfniviðmiðum. LOA-kerfið getur þannig átt þátt í að auka gæði menntunar og styðja bæði kennara og stjórnendur námsleiða við að uppfylla hæfniviðmið.

Spunagreind og ójöfnuður: Umfang og nýting gervigreindar meðal félagsfræðinema við Háskóla Íslands.

Póroddur Bjarnason Prófessor, Thamar Heijstra Prófessor

Háskóli Íslands, Námsbraut í félagsfræði

Ágrip / Abstract

Með sífelld öflugri og aðgengilegri spunagreind (e. generative AI) hefur skapast vaxandi ójöfnuður milli þess hóps háskólanema sem náð hefur tökum á þessari nýju tækni og hinna sem byggja nám sitt á hefðbundnum aðferðum í háskólanámi. Þótt möguleikar nemenda til að nýta spunagreind til að „svindla“ í verkefnum valdi sérstökum áhyggjum skapar hún djúpstæðari ójöfnuð sem helst mætti líkja við ójafna stöðu nemenda í stærðfræði sem hafa aðgang að reiknivélum og hinn sem einungis geta nýtt eigin huga við úrlausn verkefna. Í sumum tilvikum kunna nemendur þannig að nota spunagreind til að skila með lítilli fyrirhöfn verkefnum sem eru sambærileg þeim sem kosta hefðbundna nemendur umtalsverða vinnu. Í öðrum tilvikum nota nemendur spunagreind hins vegar til að auka þekkingu sína á námsefninu og færni við að nýta þá þekkingu og geta þannig skilað mun betri verkefnum en hefðbundnir nemendur með sambærilegu vinnuframlagi. Þannig getur spunagreindin aðstoðað nemendur við að ná tökum á lesefni, útskýrt aðferðafræðileg vafaatriði, stutt við greiningu eigindlegra og meginlegra gagna og aðstoðað nemendur við yfirlestur og frágang námsverkefna. Í þessu felst umtalsverður ójöfnuður, hvort sem nemendur nota spunagreind til að skila jafn góðum afurðum með mun minni fyrirhöfn ellegar mun betri afurðum með jafn mikilli fyrirhöfn. Þessu verkefni er ætlað að kortleggja umfang og nýtingu spunagreindar meðal háskólanema á BA og MA stigi og meta þann ójöfnuð sem spunagreindin hefur skapað. Fyrsti áfangi verkefnisins felst í spurningakönnunum og fókushópum meðal nemenda í félagsfræði í lok ágúst og verða fyrstu niðurstöður þeirrar gagnasöfnunar kynntar í þessu erindi.

„Þakklát fyrir reynsluna en ekki fyrir krabbameinið“Upplifun ungra kvenna af krabbameini og lærdómur þeirrar reynslu

Ebba Áslaug Kristjánsdóttir kennari, Ingibjörg Vala Kaldalóns Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Hvað getum við lært af erfiðri reynslu? Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á upplifun ungra kvenna af krabbameini og greina hvaða lærdóm þær draga í kjölfar þeirrar lífsreynslu. Þátttakendur í rannsókninni eru fjórar ungar konur sem skrifað hafa um upplifun sína á þeim tíma sem þær ganga í gegnum krabbameinsmeðferð, í formi frásagna á samskiptamiðlinum Instagram og ljóða sem gefin hafa verið út. Þau gögn liggja til grundvallar rannsókninni auk djúpvíðtala við sömu konur eftir að bata er náð. Rannsóknin er eigindleg og byggir á fyrirbærafræðilegri nálgun þar sem horft er til lífsreynslu fólks og þeirrar merkingar sem í hana er lögð. Í niðurstöðum rannsóknarinnar eru dregin fram þemu sem endurspeglu upplifun af tilfinningalegum átökum, breytingum á sjálfsmynd og jákvæðu hugarfari í gegnum sársaukafullt ferli. Þegar síðar er litið um öxl kemur í ljós að þátttakendur draga dýrmætan lærdóm í kjölfar veikindanna sem einkum snýr að þeim sjálfum, tengslum við aðra og viðhorfi til lífsins. Rannsóknarefnið er skoðað af fræðilegum sjónarhóli jákvæðrar sálfræði þar sem samband áfalla og hamingju liggur til grundvallar. Þar að auki er byggt á kenningu um áfallaþroska þar sem horft er til þess möguleika að áföll geti stutt við persónulegan þroska fólks og innihaldsríkt líf. Rannsóknir á því sviði hafa fram til þessa verið fátíðar hér á landi. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í auknum skilningi á viðkvæmri stöðu ungra kvenna sem greinast með krabbamein og niðurstöður hennar gefa vísbendingar um hvaða þættir geta verið mikilvægir til þess að styðja við þann hóp á farsælan hátt.

Krakkar með krökkum Bættur skólabragur gegnum jákvæða leiðtogapjálfun

Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor¹, Berglind Þráinsdóttir Grunnskólakennari²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²KVAN

Ágrip / Abstract

Krakkar með krökkum er forvarnar-, bekkjaranda- og leiðtogaverkefni, þar sem unglingar í 9. bekk fara með fræðslu og bekkjaranda-vinnu í sex skipti í hvern bekk/hóp á miðstigi. Verkefnið byggir á hugmyndafræði jafningjafræðslu, um mikilvægi sterkra hópa fyrir farsæld og velferð og þeirri sannfæringu að öll sem vilja geti þjálfað með sér jákvæða leiðtogafærni, fái þau fræðslu, þjálfun og tækifæri.

Í forrannsókninni sem hér um ræðir var skoðað hvort verkefnið Krakkar með krökkum, sem var þróað af höfundum þessarar greinar, ásamt Hrefnu Sigurjónsdóttur og Sölku Sól Eyfeld, sé vel til þess fallið að auka leiðtogafærni þátttakenda, efla sjálfstraust og bæta samheldni og skólabrag. Um er að ræða könnun í formi spurningalista. Niðurstöður byggja á svörum 60 unglunga í 9. bekk sem tóku þátt í verkefninu skólaárið 2023 til 2024. Niðurstöður leiddu í ljós að 87% þátttakenda fannst ánægjulegt að taka þátt í verkefninu, 98% fannst þeim ganga vel að fræða og vinna bekkjarandavinnu með yngri börnum og 73% myndu vilja taka þátt í svona verkefni aftur. Í svörum við opnum spurningum kom skýrt fram að mikill meirihluti þátttakenda voru sammála um að þátttakan hefði verið lærdómsrík, aukið sjálfstraust og eflt þau sem jákvæða leiðtoga. Þá voru nemendur á miðstigi, kennarar og foreldrar sérlega ánægðir með verkefnið. Í erindinu verður fjallað nánar um verkefnið, um fyrstu niðurstöður og rýnt í hugmyndir um að nota Krakka með krökkum í grunnskólum um land allt.

Athafnir stærðfræðikennarans og tengsl við trú á eigin getu og árangur í PISA 2022

Berglind Gísladóttir Dósent¹, Jóhann Örn Sigurjónsson Sérfræðingur í stærðfræðimenntun², Guðmundur Bjarki Þorgrímsson Sérfræðingur³, Freyja Hreinsdóttir Prófessor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Matssvið. ³Mennta- og barnamálaráðuneytið

Ágrip /Abstract

Fræðafólk hefur um árabil bent á að gæði kennslu sé með stærstu áhrifapáttum á nám sem eru á valdi kennara að stýra. Eins hafa rannsóknir rennt stoðum undir kenningar um þátt trú á eigin getu á námsárangur. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna athafnir kennarans og tengsl við trú á eigin getu í stærðfræði og árangur í íslensku samhengi. Í greininni er byggt á nemendakönnun (N=3360) og niðurstöðum úr stærðfræðihluta PISA könnunarinnar 2022 á Íslandi.

Í PISA er árangur nemenda í stærðfræði metinn á grundvelli getu þeirra og frammistöðu í nota stærðfræðilega rökhugsun, setja fram, beita og túlka stærðfræði til að leysa raunveruleg viðfangsefni af ýmsu tagi. Athafnir kennara og trú á eigin getu eru metin með svörum nemenda sem til dæmis segja til um hversu oft kennari biður þá að útskýra úrlausn eða hugsun sína, eða leggja á minnið reglur eða beita þeim. Hafa ber í huga að svör nemenda eru byggð á þeirra upplifun af kennslunni.

Helstu niðurstöður eru að trú á eigin getu spáir marktækt fyrir um breytileika í frammistöðu í stærðfræði hjá nemendum á Íslandi í PISA. Nánari greining á tengslum við svör nemenda um athafnir kennarans kemur til með að varpa ljósi á þætti í kennslunni sjálfri sem hafa tengsl við trú á eigin getu og upplýsa þannig með skýrari hætti um möguleg viðbrögð kennara og menntakerfisins til úrbóta.

Niðurstöður PISA 2022: hvað finnst stærðfræðikennurum?

Freyja Hreinsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Samkvæmt niðurstöðum PISA 2022 hefur árangur Íslands í stærðfræðilæsi versnað mikið frá síðustu fyrirlögn og er nú töluvert undir OECD meðaltalinu. Sundurliðun stiga á efnis- og færnisvið sýnir að efnissviðið Breytingar og tengsl er það efnissvið sem gengur verst og færnisviðið að túlka gengur verst. Nýtt færnisvið, stærðfræðileg rökhugsun, kemur ekki vel út en þar er Ísland eitt Norðurlanda undir OECD meðaltalinu.

Í þessari rannsókn voru tekin viðtöl við nokkra stærðfræðikennara (snjóboltaúrtak) á mismunandi skólastigum um sundurliðun niðurstaðna á efnis- og færnisvið og um skoðanir þeirra og hugsanlegar skýringar á versnandi árangri Íslands. Hvort þeir sjái þess merki í sinni kennslu að nemendum gangi sérstaklega illa með ofangreind efnis-og færnisvið og hvaða leiðir þeir sjái til að bæta árangur nemenda. Greining viðtala leiddi meðal annars í ljós að kennarar hafa tekið eftir versnandi árangri í stærðfræði og telja þetta vera samfélagslegt vandamál þar sem ástæðurnar eru til dæmis agaleysi og skortur á virðingu fyrir skólastarfi. Einnig telja þeir þetta tengjast versnandi lestrarkunnáttu og minnkandi orðaforða.

Málamunur eða málröskun? Menningarleg aðlögun skorunar á beygingar- og setningafræði undirprófum íslensks málproskaprófs fyrir leikskólabörn sem tala íslensku og pólsku

Rebekka Rán Magnúsdóttir Nemandi í talmeinafræði¹, Kathryn Margaret Crowe Adjunct lecturer¹, Karla N. Washington Associate professor², Helen Koulidobrova Associate professor³

¹Háskóli Íslands, MVS. ²University of Toronto. ³Central Connecticut State University

Ágrip /Abstract

Eitt þeirra vandamála sem talmeinafræðingar fást við í dag er að greina á milli málamunar og málproskaröskunar hjá fjöltyngdum börnum vegna þess að stöðluð málproskapróf eru með eintyngd aldursviðmið. Ein menningarlega miðuð lausn við þessu vandamáli er að nota svör fullorðinna frá sama mállega bakgrunni og börnin sem prófunum er ætlað. Í þessari rannsókn er staðlaða skorunaraðferð beygingar- og setningafræðiundirprófa *Málfærni eldri leikskólabarna* (MELB) borin saman við aðlagaða skorunaraðferð sem tekur tillit til villna barna af sökum þvermálfræðilegra áhrifa.

Þar sem að stærsti hópur fjöltyngdra barna í íslenskum leikskólum eru börn sem tala íslensku og pólsku mun þessi rannsókn kanna þessa tungumálapörun í þremur undirrannsóknum: (a) að bera kennsl á þvermálfræðilegar villur frá 19 íslensk-pólskum fullorðnum og 28 4-5 ára íslensk-pólskum leikskólabörnum á beygingar- og setningafræði undirprófum tjáningarhluta MELB, (b) samanburður á stöðluðu skorunaraðferðinni og aðlöguðu skorunaraðferðinni sem tekur tillit til þvermálfræðilegra villna, (c) athugun á réttmæti notkunar þessara tveggja aðferða til að greina á milli málamunar og málproskaröskunar.

Frumniðurstöður benda til líkinda í villum á undirprófum MELB hjá þátttakendum. Greining svara fullorðinna þátttakanda við atriðum sýna villur með íslenskri aðlögun á samsvarandi pólsku orði, t.d. í staðinn fyrir „sjóræningi“ var svarað atriðinu með „pírat“.

Skólastjórnun á Íslandi: Kortlagning og greining á fræðirannsóknum

Sigríður Margrét Sigurðardóttir Dósent¹, Guðrún Ragnarsdóttir Prófessor²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja rannsóknir sem gerðar hafa verið á störfum skólastjóra í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á sex þemu sem fengin eru í tengslum við alheimsrannsókn um forystu skólastjóra sem flytjendur eru þátttakendur í (World School Leadership Study – WSLS). Þemur eru heilsa, þrautseigja og vellíðan; gildi og faglegur skilningur; starfsvenjur skólastjóra; samhæfing starfs, stofnunar og kerfa; gæði skólastarfs og þróun þess; og áskoranir. Byggt er á sögulegri greiningu fræðilegra birtinga frá 1988 til 2023. Niðurstöðurnar sýna að fræðasviðið hefur vaxið verulega síðan fyrstu birtingar urðu til og margar greinar liggja undir þessum þemum en þó mismikið eftir þemum. Þær sýna einnig að flestar rannsóknir snúa að starfsvenjum skólastjóra, gæðum skólastarfs og þróun þess, og gildum og faglegum skilningi. Á hinn bóginn eru færri rannsóknir á sviðum heilsu, þrautseigju og vellíðan, sem og samhæfingar starfs, stofnunar og kerfis. Þetta bendir til þess að það sé þörf á frekari rannsóknum á þessum sviðum til að fylla upp í þekkingarbil og bæta skilning á heildarþróun menntastjórnunar og skólastjórnunar á Íslandi. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi háskóla í því að viðhalda og endurnýja fræðasvið skólastjórnunar og menntastjórnar. Þær leggja einnig áherslu á nauðsyn þess að auka fræðslu- og rannsóknartækifæri til að byggja upp fjölbreyttari þekkingargrunn. Að lokum er bent á nauðsyn þess að fylla upp í þau skörð sem eru í núverandi þekkingu til að bæta skilning á hlutverki skólastjóra og menntaforystu á Íslandi.

Discovering my resources through self-study: A former Japanese graduate student's academic voyage in Iceland

Megumi Nishida stundakennari

University of Iceland, School of Humanities

Ágrip / Abstract

This self-study explored my critical experience as a former Japanese graduate student at University of Iceland to become an empowered academic. The purpose of this study was twofold: to outline my various experiences during my graduate studies in Iceland, and to display a methodological diversity in qualitative research. I aimed to disseminate my professional learning experience to international students worldwide to encourage them to discover their resources during their academic voyages abroad. Critical pedagogy inspired me to explore the concept of empowerment. Self-study was the methodological frame. Autoethnography enabled me to explore the connection between past and present, and my surrounding culture and society. Data were my reflective journal, pictures collected during graduate studies, SMS and emails I exchanged with university colleagues and teachers, university coursework artifacts, and my publications including master and doctoral theses. For data analysis, I created a timeline from 2009-2023 to excavate my academic experience. I added narrative notes to the timeline. I composed Senryu poems to embrace the nodal moments of each year. I combined a picture and Senryu to enrich the analytic layers and it stimulated critical discussion with critical friends. The results revealed the developmental process of my perception of inclusiveness in Icelandic society. Reflection helped me discover my resources, and my academic experience in an inclusive community enabled me to generate new resources to become an empowered researcher. Accumulation of academic, professional, and personal experiences throughout my graduate studies fostered who I am as a creative, empathetic, and resilient academic.

Óyrt þátttaka tveggja ára barna

Bryndís Gunnarsdóttir Aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Þessi rannsókn er hluti af doktorsverkefni höfundar í menntunarfræðum við Háskóla Íslands. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða félagslega þátttöku tveggja ára barna í gegnum óyrta tjáningu. Rannsóknin er félagsháttfræðileg (e. *ethnomethodological*) tilviksrannsókn þar sem aðferðir samtalsgreiningar (e. *conversation analysis*) voru notaðar til að skoða samskipti barnanna.

Rannsóknin fór fram á smábarnadeild í leikskóla og var gögnum safnað með myndbandsupptökum á níu mánaða tímabili. Þátttakendur voru 19 börn. Foreldrar og aðrir hliðverðir gáfu upplýst samþykki fyrir þátttöku en einnig var leitað eftir þöglu samþykki barnanna með því að fylgjast vel með líkamstjáningu og hegðun barnanna á meðan rannsakandi var viðstaddur með myndbandupptökuvél.

Niðurstöður gefa til kynna að tveggja ára börn taka oft þátt í félagslegum samskiptum og leik í gegnum óyrta tjáningu. Við skoðuðum sérstaklega hvernig börnin fylgjast með leik annarra barna úr fjarlægð og herma svo eftir því sem á sér stað í leiknum jafnvel þótt þau séu ekki virkir þátttakendur í leiknum. Þannig reyna þau að taka þátt og vera hluti af leiknum. Niðurstöðurnar sýna að ung börn sýna mikla hæfni og færni í að lesa í aðstæður og finna leiðir til að tengjast öðrum börnum.

Hlutverk leikskólakennarans er mikilvægt sem stuðningur við þessi samskipti og skiptir miklu máli að starfsfólk á yngstu deildunum þekki hvernig þessi tjáskipti líta út og hvernig hægt er að styðja við börnin. Með því að þekkja hvernig þessi óyrta þátttaka ungra barna lítur út geta leikskólakennarar stutt betur við samskipti barna og unnið að fullgildi þeirra í daglegu starfi leikskólans.

„Það sem telur, verður talið“: Data femínismi og rannsóknir með jaðarhópum

Kristín Björnsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í fyrirlestrinum verður fjallað um helstu einkenni data femínisma í samhengi við rannsóknir með jaðarsettum hópum. Data femínismi ögrar hefðbundnum rannsóknarhefðum og vinnubrögðum sem oft og tíðum viðhalda ríkjandi valdaójafnvægi og stuðla að kerfisbundnu misrétti með því að forgangsraða reynslu og sjónarmiðum ráðandi hópa. Setningin „það sem telur, verður talið“ undirstrikar hvernig hefðbundin aðferðafræði jaðarsetur eða rangtúlkar oft reynslu jaðarsettra hópa eins og til dæmis kvenna, litaðra, hinsegin fólks og fatlaðs fólks. Auk þess eru opinberum tölum ætlað að stuðla að upplýstri þjóðfélagsumræðu og eru lagðar fram sem grundvöllur fyrir lýðræðislegar ákvarðanir. Þess vegna er það lykilatriði að rýnt sé í það sem talið er, hvernig það er talið og túlkað. Í fyrirlestrinum verður rýnt á gagnrýninn hátt í það hvernig gagnasöfnun, greiningar- og túlkunarferli geta viðhaldið ójöfnuði og hlutdrægni. Einnig verður hugtakið data ableism kynnt til sögunnar, sem lýsir þeirri hlutdrægni sem felst í því að setja ákveðnar tegund þekkingar og færni í forgang í rannsóknum. Data ableismi er eitt af því sem veldur útlökun fatlaðs fólks og annarra jaðrasettra hópa frá rannsóknum og rannsóknarniðurröðum. Í fyrirlestrinum verða tekin dæmi um opinbera tölfræði á borð við dánarskrá og COVID-19 skráningar. Einnig verður sagt frá því hvernig data femínismi hafði áhrif á framkvæmd rannsóknarverkefnisins *Fötlun á tímum faraldurs*. Með því að tileinka sér data femínisma í rannsóknum geta rannsakendur unnið markvisst gegn samfélagslegum ójöfnuði með því að tileinka sér réttlát og inngildandi vinnubrögð. Þessi útdráttur er saminn með aðstoð gervigreindar.

Að rannsaka kúgandi valdakerfi í covid-19 með sjónarhorni femínískra gagnrýnna fötlunarfræði

Hrafnhildur Snæfríðar Gunnarsdóttir Doktorsnemi, Ásta Jóhannsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Kenningar á borð við Feminískt sjónarhorn (e. Feminist standpoint theory) og krítísk fötlunarfræði (e. Critical disability studies) spretta upp úr pólitískri baráttu og sem slíkar beita þær gagnrýni á félagsleg kerfi sem viðhalda félagslegum ójöfnuði og kúgun. Byrjunarreitur slíkrar greiningar hlítur alltaf að koma frá persónulegri reynslu þeirra sem eru jaðarsettir. Þess vegna grundum við þessa rannsókn fyrst og fremst í reynslu fatlaðs fólks í heimsfaraldrinum og byggjum greiningu okkar á lýsingum þeirra af sinni upplifun af daglegu lífi í Covid-19 og hvernig það skilyrtist af kúgandi valda-tengslum og -strúktúr sem var komið áleiðis í gegnum bæði orðræður og stofnanaræði.

Í þessum fyrirlestri verður kynnt til sögunar brot af gögnum og ræðum hvernig greining í gegnum kenningaramma okkar fer fram. Í fyrirlestrinum verður notast við femíníska gagnrýna fötlunarfræði. Okkur langar að eiga í samræðum um þessa kenningaramma og möguleika þeirra til að útskýra hvernig kúgandi valdatengsl auka óvissu og viðkvæma stöðu. Einnig viljum við taka þátt í fræðilegri umræðu um mikilvægi gagnrýnna kenninga þegar við gerum rannsóknir með umbreytingarmarkmiðum til að efla félagslegt réttlæti.

Notkun orðræðu hrifgjörninga til að draga fram dulda þræði valds

Ásta Jóhannsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Valdatengsl eru fest í sessi í gegnum ýmiskonar ferla, pólitíska orðræðu, skrifræðisgjörðir og venjur. Með því að nota orðræðu hrifgjörninga (e. Affective discursive practices) við að greina gögn getum við náð skilningi á duldri virkni valds í gegnum orðræður. Þessi fínlegu blæbrigði orðræðu sem virkja tilfinningar fólks – og gefur henni þannig vald. Þessi greiningaraðferð gefur okkur gleraugu til að rýna í flókið samspil valdatengsla og tilfinninganna sem þau vekja. Með því getum við aukið skilning okkar á því hvaða valdatengsl er verið í styrkja í orðræðunni og dregið fram stjórnun orðræðunnar á því hver hefur leyfi til að upplifa hvaða tilfinningar.

Fyrirlestrar okkar Hrafnhildar eru systra-fyrirlestrar þar sem ég byggi ofan á hennar umfjöllun og nota hrif sem aðferð við að greina sömu gögn og hún gerir. Okkur langar að eiga í samræðum um þessa kenningaramma og möguleika þeirra til að útskýra hvernig kúgandi valdatengsl auka óvissu og viðkvæma stöðu. Einnig viljum við taka þátt í fræðilegri umræðu um mikilvægi gagnrýnna kenninga þegar við gerum rannsóknir með umbreytingarmarkmiðum til að efla félagslegt réttlæti.

Kynjuð rými í stærðfræðikennslu á unglíngastigi í grunnskólum.

Hafdís Arna Sigurðardóttir Grunnskólakennari, Katrín Ólafsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða birtingarmyndir kynjaðra rýma í stærðfræðikennslu á unglíngastigi í grunnskólum með áherslu á viðhorf og þekkingu stærðfræðikennara á kynjuðum rýmum og kynjajafnrétti í stærðfræðikennslu. Rannsóknir benda til þess að stærðfræðikennarar telji það ekki í verkahring sínum að taka sérstakt tillit til jafnréttisgrunnþáttar Aðalnámsskrár í kennslu sinni, þrátt fyrir að Aðalnámsskrá kveði á um að svo skuli gert. Til þess að varpa ljósi á vandann ætlum við að svara eftirfarandi spurningum: Hvernig birtast kynjuð rými í stærðfræðikennslu á unglíngastigi í grunnskólum? Hversu meðvituð/ómeðvituð eru stærðfræðikennarar um rýmin sem þau skapa í skólastofum sínum, með tilliti til kynjaðra rýma? Rannsóknin er viðtals- og vettvangsrannsókn og byggir á gögnum sem aflað var í samvinnu við sjö stærðfræðikennara og rýnd frá feminísku sjónarhorni.

Þátttakendur lögðu áherslu á að gæta hlutleysis í umræðunni um kynjajafnrétti og ítrekuðu að allir nemendur væru jafnir í þeirra augum, án þess að ígrunda þær fjölbreyttu breytur sem jaðarsett geta einstakling. Áhrif sætaskipunar á kynjuð rými var einnig skýr, einkum og sér í lagi með tilliti til þess hvort sætaskipan var valkvæm eða ekki. Þá mátti skýrt greina áhrif staðalímynda í hugmyndum þátttakenda um nemendur og kennslu sem aftur höfðu áhrif á hvort þátttakendur ýttu undir – eða spornuðu við – kynjun kennslurýma. Niðurstöðurnar gefa tilefni til þess að ítreka hversu mikilvægt það er að gæta að jafnréttisþætti Aðalnámsskrár þvert á kennslugreinar, líka í stærðfræði, og að áhersla sé lögð á að skapa öllum nemendum örugg rými og að auka fræðslu um kynjajafnrétti í skólastarfi.

Nýting gervigreindar í fjarkennslu: Tækifæri, áskoranir og nýsköpun í háskólanámi

Sigurbjörg Jóhannesdóttir Aðjunkt

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip / Abstract

Hröð framþróun gervigreindar er að umbylta landslagi háskólamenntunar. Í þessum fyrirlestri er rætt um hvernig kennarar geta notað gervigreindina til að efla samskipti, samvinnu og styðja við sjálfstjórnun nemenda í fjarnámi.

Vitnað er í niðurstöður rannsókna, m.a. tvær spurningakannanir sem nemendur (n=21 og n=27) svöruðu, í námskeiðinu UPP110f Internetið og upplýsingaleitir, í Upplýsingafræði á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Sýnd verða dæmi um hvernig gervigreindin er notuð í kennslu og námi. Fjallað verður um fjölþætt hlutverk gervigreindar/spunagreindar, hugbúnað og aðferðir til að auka námsupplifun nemenda og skoðaðar fjölbreyttar leiðir til að nýta gervigreind til að skapa kraftmikið, persónulegt og skilvirkt netnámsumhverfi.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að nemendur eru sammála eða mjög sammála því að það eigi að nota gervigreind í námi (n=20, 95%). Þeir tala um hversu mikinn stuðning og samstöðu þeir upplifðu í hópavinnu þar sem gervigreind var notuð. Þá virðast nemendur vera meðvitaðir um þær áskoranir og siðferðislegu álitamál, sem nemendur í fjarnámi standa frammi fyrir, þegar kemur að notkun gervigreindar í námi.

Þátttakendur munu öðlast dýpri skilning á því hvernig gervigreind getur stutt kennara við hönnun fjarnáms sem nemendur eru sammála um að ýti undir áhuga, samskipti og sjálfstjórnun náms.

Félags- tilfinninga- og siðferðisfærni með *SEE learning*

Ingibjörg Kaldalóns Dósent, Bryndís Jóna Jónsdóttir Doktorsnemi aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Greint er frá þróunarverkefni sem snýr að því að þýða, staðfæra og prufukenna náms- og kennsluefni um eflingu félags- tilfinninga- og siðferðisfærni íslenskra ungmenna, eða svokallað *SEE Learning* (Social, Emotional, Ethical Learning). Náms efnið gefur nemendum tækifæri til að þróa með sér seiglu, siðferðiskennd, samkennd og samfélagslega hugsun – og er mikilvægur þáttur farsældar. *SEE learning* náms- og kennsluefnið er afurð áralangrar þróunar alþjóðlegs teymis rannsækenda og sérfræðinga á sviði kennslu, sálfræði og taugavísinda, leitt af *Emory University*. Sumarið 2023 var skrifað undir samstarfssamning við *Emory University* um innleiðingu verkefnisins á Íslandi. Efnið hefur verið gefið út á fjölda tungumála, en megin markmiðið með okkar þróunarverkefni er að auka aðgengi að þessu gæða náms- og kennsluefni á íslensku og að veita kennurum stuðning við innleiðinguna. Í erindinu verður greint frá forrannsókn (e. pilot-study) í tilraunaskóla á Íslandi veturinn 2024-2025. Lagt er upp með að nýta aðferðir starfendarannsókna, en kennarar munu halda dagbók yfir kennslu sína og spegla þar hvað tekst vel til og hvað þeir vilja þróa eða breyta. Verkefnið veitir þannig dýrmætt tækifæri til samstarfs á milli rannsækenda á fræðasviðinu og vettvangsins. Náms efni þetta er nýjung í íslensku skólakerfi og ætlað að mæta brýnni þörf á að þjálfa markvisst félags- tilfinninga- og siðferðisfærni barna og stuðla þannig að velfarnaði í skólastarfi. Ef niðurstöðurnar verða jákvæðar þá er markmiðið að gera náms efnið aðgengilegt á netinu fyrir alla íslenska grunnskóla.

Mikilvægi mannkostamenntunar á tímum gervigreindar: Starfendarannsókn fjögurra kennara í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ

Björk Margrétardóttir Framhaldsskólakennari, Vibeke Svala Kristinsdóttir Framhaldsskólakennari, Elín Eiríksdóttir Framhaldsskólakennari, Hrafnhildur Þórhallsdóttir Framhaldsskólakennari

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Kennsla

Ágrip / Abstract

Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ er iðkað verkefnaárið leiðsagnarnám. Undanfarin ár hefur skólinn lagt áherslu á að innleiða mannkostamenntun markvisst inn í skólastarfið. Með aukinni notkun gervigreindar við verkefnavinnu og upplýsingaöflun þykir okkur í FMOS mikilvægt að nálgast “vandann” skynsamlega. Gervigreindin hjálpar til við margt en við reynum að gera nemendum ljóst að sumu getum við ekki treyst gervigreindinni fyrir, svo sem því að mynda okkur skoðanir og hvernig við vinnum úr upplýsingum.

Á vorönn 2024 styrkti Barna- og menntamálaráðuneytið starfendarannsókn fjögurra kennara í FMOS sem miðar að því að auðvelda innleiðingu mannkostamenntunar á markvissan hátt í skólastarfi í framhaldsskólum. FMOS fékk styrk til að útbúa efni sem auðveldar kennurum að gera dygðakennslu sýnilegri í skólastarfi. Veggspjöld voru hönnuð og verður dreift í alla framhaldsskóla landsins á haustönn 2024. Jafnframt var útbúin heimasíða þar sem mannkostamenntun er gerð skil. Kennararnir fjórir sem tóku þátt í starfendarannsókninni hafa fjölbreyttan bakgrunn en eiga það allir sameiginlegt að hafa viðað að sér þekkingu varðandi mannkostamenntun undanfarin ár. Stuðst var við eiginlegar rannsóknaraðferðir. Nemendur voru teknir í viðtöl og lagðar voru fyrir þá kannanir með opnum spurningum. Kennararnir héldu dagbækur og hittust á fundum til að ræða framgang verkefnisins. Við lok verkefnisins tóku kennararnir saman skýrslu með helstu niðurstöðum, sem eru m.a. þær að nemendur virðast gera sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta mannkosti sína með því að treysta á eigið innsæi, þó þeir vilji gjarnan leyfa gervigreindinni að sjá áfram um upplýsingaöflun. Niðurstöður þessarar starfendarannsóknar viljum við kynna á Menntakviku 2024.

Stjórnun skóla og félagslegt réttlæti

Steinunn Helga Lárusdóttir Professor Emerita¹, Eileen O'Connor Ph.D.²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Sjálfstætt starfandi, Menntavísindi

Ágrip /Abstract

Áhersla á félagslegt réttlæti (e. social justice) í skólum hefur verið áberandi í fræðilegum skrifum síðastliðinn aldarfjórðung. Því hefur verið haldið fram að í fjölmenningsamfélögum nútímans sé lykilatriði að þeir sem gegna stjórnunarstöðum í skólum hafi fjölbreyttan bakgrunn. Í þessu erindi er athyglinni beint að hlutverki skólastjóra við að stuðla að félagslegu réttlæti í stjórnun skóla. Kenningar um siðferðilega forystu (e. ethical leadership), umbreytingar-, (e. transformational) og dreifða forystu (e. distributed leadership) verða skoðaðar. Meginmarkmiðið er að greina hvaða stjórnunarkenningar nútímans eru líklegastar til að styðja við félagslegt réttlæti. Jafnframt er athyglinni beint að því á hvern hátt megi styðja við skólastjóra sem hyggjast stuðla að félagslegu réttlæti á sínum vinnustað. Ýmsar rannsóknir benda til að núverandi námsframboð í stjórnun og forystu séu ekki í nægum tengslum við málefni á borð við jafnrétti og réttlæti. Því er haldið fram að slíkt nám þurfi að styðja skólastjóra við að ígrunda eigin gildi, viðhorf og skoðanir jafnframt því að endurskoða skipulag, stefnumál og vinnuferli innan skólanna. Fræðilegt efni um gildagrundaða forystu (e. value based leadership), jafnrétti og réttlæti sem nýta má í tengslum við stjórnun skóla er umtalsvert. Niðurstöður benda til að við þróun leiðtogafræða sem og á vettvangi sé hyggilegt að leggja ekki eingöngu áherslu á dreifða forystu, þá kenningu sem hefur verið ríkjandi á 21. öldinni heldur, líka á bæði siðferðilega forystu og umbreytingaforystu. Á þann hátt megi stuðla að félagslegu réttlæti við stjórnun menntastofnana.

Skilningur, viðhorf og líðan Norrænna kennaranema gagnvart loftslagsbreytingum og menntun

Kristín Norðdahl Dósent, Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Kennarar gegna mikilvægu hlutverki við að hvetja og efla komandi kynslóðir til að bregðast við þeim vanda sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér. Því er mikilvægt að þeir hljóti þá hæfni sem þarf til hlutverksins í námi sínu. Þessi rannsókn miðar að því að kanna líðan og hugmyndir norrænna kennaranema í tengslum við loftslagsbreytingar, til hvaða mótvægisáðgerða þeir eru tilbúnir að grípa og hvernig þeir myndu standa að slíkri menntun. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar byggir á kenningum um umbreytandi nám (e. transformative learning). Gagna var aflað með netkönnun sem innihélt megindelegar og eigindlegar spurningar sem voru greindar með tölfræðiaðferðum og þemagreiningu.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að norrænir kennaranemar meti þekkingu sína á loftslagsbreytingum góða þótt fáir gætu útskýrt hvað loftslagsbreytingar feli í sér og dæmi voru um algengar forhugmyndir. Ljóst var að nemendur skilja hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á þeirra eigin land en skortir dæmi um breytingar frá nærumhverfi sínu og einnig dæmi frá öðrum Norðurlöndum. Margir kennaranemanna sögðust hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og endurspegladist það í þeirra daglega lífi. Þeir mátu hæfni sína til að kenna um loftslagsbreytingar góða en hömpuðu þó kennsluaðferðum sem ekki hafa reynst vel til að styðja börn til að finna lausnir á vandamálum og grípa til viðeigandi áðgerða. Niðurstöðurnar benda til þess að kennaramenntun ætti að leggja áherslu á dæmi um loftslagsbreytingar í nærumhverfinu til að dýpka skilning barna á vandamálinu og að nýta leiðir í kennslu sem hafa reynst áhrifaríkar til að ýta undir vonir barna um framtíðina í stað ótta.

Mixið - þróunarverkefni um sköpunarsmiðjur og skapandi skil

Alexía Rós Gylfadóttir Verkefnastjóri¹, Hildur Rudolfsdóttir Verkefnastjóri¹, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir Deildarstjóri¹, Svava Pétursdóttir Lektor²

¹Mixtúra, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Sköpun gegnir lykilhlutverki í menntun og með samþættu og verkefnaþróun námi, þar sem stafræn tækni er nýtt sem verkfæri, má auka sjálfstæði, samvinnu, fjölbreytta tjáningu og gagnrýna hugsun. Slíkir kennsluhættir geta ýtt undir áhuga og virkni og eftir hærni nemenda til að leysa margvísleg verkefni og áskoranir í námi, leik og störfum, bæði í nútíð og framtíð. Mixið er rannsóknar- og þróunarverkefni um færanlegar sköpunarsmiðjur, fjölbreytta vinnu og skapandi skil. Verkefnið hófst vorið 2023 í samstarfi Mixtúru, sex grunnskóla og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Fjallað verður um hugmyndafræði, tengingu við menntastefnu, undirbúning, starfsþróun og virkni lærdómssamfélagsins sem hefur orðið til í verkefninu. Kostir þess að nýta Erasmus+ styrki til að sækja fræðslu og fá sérfræðinga til landsins verða einnig reifaðir og greint verður frá rannsóknarþætti, upplifunum, lærdómum, næstu skrefum og tækifærum til framtíðar. Mat eftir fyrsta skólaárið í Mixinu sýnir að verkefnið hefur eftir faglega hærni þátttakenda og ýtt undir fjölbreytta vinnu nemenda og skapandi skil. Einnig hefur búnaður í sköpunarsmiðjunum, svo sem rafeindabúnaður, leiserskerar og þrívíddarprentarar, nýst á markvissan hátt við þrúfukennslu námsefnis frá „Maker’s Red Box“. Allir skólarnir hafa jafnframt nýtt sköpunarsmiðjurnar með fleiri nemendum og boðið starfsfólki upp á kennslu á verkfærin. Dæmi um samþættingu námsgreina tengjast náttúrufræði, myndlist, hönnun og smíði, íslensku, ensku og stærðfræði, auk sérstakra verkefna eins og öskudags, jólaföndurs og lestrarátaks. Matið sýnir líka að lærdómssamfélag verkefnisins einkennist af gleði, orku, vilja til að læra og miðla reynslu, en ekki síst þakklæti fyrir að tilheyra hópi fagfólks sem deilir saman áhuga á þróun skólafélags.

Verklag leikskólakennara í samræðulestri: Forprófun á áhrifum markvissrar þjálfunar kennara í Orðaheiminum

Auður Ragnarsdóttir Nemandi í talmeinafræði við Læknadeild Háskóla Íslands¹, Kathryn Crowe Aðjúnkt¹, Mark Guiberson Professor², Karla Washington Associate Professor³

¹Háskóli Íslands, Talmeinafræði. ²University of Wyoming, Division of Communication Disorders.

³University of Toronto, Department of Speech-Language Pathology

Ágrip /Abstract

Afar mikilvægt er að fjölgun barna fái mikla og góða málörvun strax og þau byrja í leikskóla til að undirbúa þau sem best fyrir grunnskólagöngu. Nauðsynlegt er að leikskólakennarar geti nýtt sér gagnreyndar og notendavænar aðferðir til málörvunar, en samræðulestur er ein slík aðferð. Orðaheimurinn er íslensk útgáfa málörvunarefnisins World of Words sem er byggt á gagnreyndum rannsóknum og notar m.a. samræðulestur til málörvunar. Í þessari rannsókn var lestrarhegðun kennaranna sem tóku þátt í Orðaheimsrannsókninni rannsökuð með því að meta myndbönd af samræðulestrarstundunum með aðlagðri útgáfu af Systematic Assessment of Book Reading 2.2 (SABR-2.2) matslistanum og var 41 myndband metið fyrir þessa rannsókn. Markmið rannsóknarinnar voru (a) að athuga hvort munur væri á lestrarhegðun leikskólakennaranna sem fengu markvissa þjálfun í samræðulestri og þeim sem fengu enga þjálfun í samræðulestri og (b) að meta notagildi SABR-2.2 matslistans í aðlagðri útgáfu til að meta lestrarhegðun leikskólakennaranna í OH rannsókninni í samræðulestri. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að leikskólakennararnir sem fengu ekki markvissa kennslu í samræðulestri spurðu börnin fleiri spurninga og notuðu fjölbreyttari aðferðir til að koma innihaldi textans til skila til barnanna þegar lesið var fyrir þau í samanburði við leikskólakennarana sem fengu markvissa þjálfun í samræðulestri. Þessar niðurstöður voru ekki í samræmi við fyrri rannsóknir og gefa til kynna að frekari rannsókn sé þörf þar sem áhrif markvissrar þjálfunar á samræðulestur er skoðuð. SABR-2.2 reyndist hafa gott notagildi til að meta gæði samræðulesturs leikskólakennara en þó er mælt með frekari aðlögun mælitækisins að markmiðum OH.

Fjarska: Stofnun nýrra samtaka á sviði fjarnáms og stafrænna kennsluhátta

Sólveig Jakobsdóttir Prófessor¹, Sigurbjörg Jóhannesdóttir Aðjúnkt og kennslufræðingur háskólakennslu²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Mikil þróun hefur verið á undanförunum áratugum á Íslandi á sviði fjarnáms og netkennslu en fram til þessa árs hafa ekki verið starfandi sérstök samtök á því sviði hér á landi ólíkt hinum Norðurlöndunum. Fjallað er um tilurð, hlutverk og starfsemi samtaka sem stofnuð voru í júní 2024 og hafa fengið *heitið Fjarska - samtök um fjarnám og stafræna kennsluhætti*. Gerð var úttekt á starfsemi fjögurra sambærilegra samtaka á Norðurlöndum í júní 2023. Tekin voru viðtöl við fulltrúa þeirra þar sem spurt var um lykiláherslur, aðild, fjármögnun, virkni og áskoranir. Haldinn var hugmyndafundur á netinu í kjölfarið með innlendum aðilum sem tengdust fjarnámi á mismunandi skólastigum og í fullorðinsfræðslu. Þátttakendur voru 35 frá tólf vinnustöðum sem svöruðu netkönnun og unnu saman í litlum hópum að hugmyndavinnu um tilgang og áherslur slíkra samtaka. Niðurstöður gáfu til kynna að þörf væri á að stofna íslensk samtök á sviði fjarnáms og stafrænna kennsluhátta og lykiláherslur ættu að vera á: aðgengi, hagsmunasamstarf, framkvæmd, þróunarstarf, gæðamál, hæfniþróun, miðlun, rannsóknir, samstarf, sýnileika, vettvang og viðburði. Margir á fundinum gáfu kost á sér í áframhaldandi undirbúningsvinnu til að móta hlutverk, markmið og lög samtakanna. Greint verður frá þeim afrakstri og fyrirhuguð starfsemi kynnt. Hlutverk samtakanna er að vera vettvangur samstarfs um þekkingu, rannsóknir og þróun á sviði fjarnáms og stafrænna kennsluhátta í skólum, fullorðinsfræðslu og símenntun. Samtökin eru mikilvæg á tímum hraðrar tækniþróunar, meðal annars á sviði gervigreindar. Þátttakendum er boðin aðild að samtökunum (sjá fjarska.is) og til umræðu um starfsemi, áherslur og fyrstu skref.

Birtingarmyndir grósku- og festuhugarfars í vináttu barna

Marit Davíðsdóttir MA í uppeldis- og menntunarfræði¹, Eyrún María Rúnarsdóttir Dósent²

¹Gleðiskruddan. ²Háskóli Íslands, MVS

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun barna af vináttu, hvernig hugarfar endurspeglast í viðhorfum þeirra og hvernig það getur skapað leiðir til að ýmist takast á við hindranir og árekstra á sem uppbyggilegastan hátt, eða ýtt undir frekari árekstra og hindranir. Kenningum Carol Dweck um grósku- og festuhugarfar var beitt í rannsókninni. Rannsóknir á hugarfari hafa einkum beinst að námsárangri og hæfileikum en færri rannsóknir eru til um tengsl hugarfars og vináttu. Rannsókn frá árinu 2020 eftir Woods o.fl. gaf þó til kynna að gróskuhugarfar gæti aukið getu barna til að mynda vináttu. Tekin voru níu rýnihópaviðtöl við samtals nítján börn í fimmta, sjötta og sjöunda bekk. Notast var við markmiðsúrtak. Gögnin voru þemagreind en niðurstöður eru þær að meirihluti barna sem tóku þátt virðist hafa ríkjandi gróskuhugarfar gagnvart vináttu. Það birtist í að ef börn meta vináttu verðmæta fyrirgefa þau frekar mistök og biðjast fyrirgefningar í kjölfar ágreinings. Festuhugarfar birtist helst í að sum barnanna beita hefningu og refsingum í kjölfar árekstra og slíta vináttu ef ágreiningur er ítrekaður. Þau börn sem nutu ráðgjafar og stuðnings foreldra sýndu meiri færni í að leysa ágreining og virtist gróskuhugarfar ríkara hjá þeim en þeim sem nutu síður leiðsagnar foreldra. Vonast er til að niðurstöðurnar auki skilning á hlutverki hugarfars í vináttu og félagatengslum barna, svo hægt sé að aðstoða þau að mynda og viðhalda vinatengslum og auka með því farsæld sína.

Human rights education in the age of artificial intelligence: Insights from Iceland

Susan Gollifer Lecturer

School of Education, Faculty of Education and Diversity

Ágrip /Abstract

Rapid technological advances in contexts of shifting demographics, and increasing social, political, economic and ecological inequities globally and locally call for a re-examination of the purpose of education, the challenges to this purpose and strategies to address these. In response to the UNESCO report *Reimagining our futures together*, and to the inevitability of the age of Artificial Intelligence (AI), we propose that transformative pedagogies of human rights, democracy, sustainability and global citizenship education can challenge education systems and practices that fail to generate criticality and recognise the need for engagement with contexts of diversity in relations with others, and the world we inhabit. In this symposium, we start by sharing our collective vision of a purpose of education that responds to global and local lived realities. We then each discuss the challenges to realise this purpose, informed by the unique and diverse educational contexts that we work in.

In my presentation on the Icelandic education context, I reflect on the design and implementation of an elective course called *Human Rights: Advancing Social and Ecological Wellbeing*, run by the University of Iceland's School of Education's Faculty of Education and Diversity. Analysis of students pre-course and post-course questionnaires and exit interviews inform a discussion on challenges faced by educators when working with human rights. I propose pedagogical strategies that include the role of subjectification to develop critical engagement with AI, which I argue can promote social and ecological wellbeing on one hand, and perpetuate injustices, on the other.

Human rights education in the age of artificial intelligence: Insights from Finland

Tuija Kasa Researcher

University of Helsinki, Faculty of Educational Sciences

Ágrip /Abstract

In my presentation on the Finnish education context, I draw on my doctoral study to discuss teachers' experiences in teaching democracy and human rights education (HRE) in Finland. I outline some typical challenges in HRE, including what I refer to as human rights myopia – the neglect of human rights problems in people's own local context, situating violations as far away or belonging to other countries. I suggest that although AI offers an opportunity to enhance human rights, it can also be used to perpetuate human rights myopia.

I present results from the data in my PhD which comprises student teachers' questionnaire and essay answers (n=311) and policy documents on HRE especially from Finland (n=90). Content analysis offers a view of the general weaknesses of HRE in Finnish teacher education and what kind of topics students would especially want to be included in teacher education. The discursive reading offers a view on the ambivalence of alleged "exceptionalism" in education policy – referring to the idea that HRE is not needed because equality is already achieved – and, on the other hand, ignorance of HRE reported by students.

The emergence of AI creates possibilities and problems from the perspective of human rights. I reflect on the different aspects of these developments connected to my research; ignorance of human rights and its implications; slow progress of HRE despite the rapidly changing landscape of laws, regulations, societal and global crises; and philosophical and ethical questions on the role of AI.

Human rights education in the age of artificial intelligence: Insights from Sub-Saharan Africa

Janet Gbam Researcher

Centre for Human Rights, Faculty of Law, University of Pretoria, South Africa

Ágrip /Abstract

AI's growing influence in Africa is impacting various sectors, including education, and human rights, raising critical concerns regarding data protection, privacy, and the use of AI in ways that undermine freedom of expression. The uneven development of internet infrastructure across the continent reinforces the challenges for equitable access to AI-driven educational tools, potentially exacerbating existing inequalities.

Employing a desktop review methodology, analysing literature, policy documents, and case studies, I explore the intersection of human rights education and digital technology, and share insights from research and teaching experiences across Sub-Saharan Africa. The investigation begins on the basis that the current human rights education system, often rooted in colonial legacies, fails to resonate with the lived realities of many African students in an ever-changing landscape. By adopting a decolonial and Afrocentric approach, I propose a reimagined human rights education framework that aligns more closely with African values of ubuntu, lived experiences of both individual and collective rights, and aspirations for an African fit for the 21st century where no one is left behind. This framework emphasises the incorporation of multidisciplinary perspectives, ensuring that human rights education in African tertiary institutions is relevant and empowers students to address the unique challenges facing the continent.

Issues such as internet infrastructure relating to universal connectivity, access to relevant technology and learning aids are constantly evolving, and the AI landscape presents both opportunities and challenges for learners and teachers alike on the ethical use of technology.

Harry Potter í Versló - bókmenntir nýttar til að virkja skapandi og gagnrýna hugsun

Ármann Halldórsson Kennari

Verzlunarskóli Íslands

Ágrip / Abstract

Fjallað verður um þróun valáfanga um Harry Potter bækurnar í Versló, sem höfundur hefur staðið að ásamt samkennara sínum Helgu Benediktsdóttur. Lýst verður nokkrum kennsluaðferðum sem beitt er, komið inná leikjavæðingu, ólíkar samræðuaðferðir, virkjun lestraráhuga, fjölbreytt námsmat, vettvangsferðir og svo framvegis. Hugmyndafræði námskeiðsins byggir á því að valdefla nemendur með því að sækja viðfangsefni í þetta þekktu fyrirbæri úr dægurmenningu og það nýtt sem spegill á margvísleg álitamál í samfélaginu, kynþáttafordóma, jafnréttismál og fleira. Staða nemenda sem aðdáenda er nýtt í námskeiðinu og þannig er unnið að því að styrkja eignarhald nemenda á vinnu sinni. Höfundur verkanna, J.K. Rowling hefur á undanförunum árum komið fram með vægast sagt hæpin sjónarmið í umræðum um málefni transfólks sem hefur leitt til útbreiddrar slaufunar á henni og verkum hennar. Nálgun okkar sem þróuðum námskeiðið er að skilja milli verka og höfundar og nýta tækifærið sem námskeiðið opnar til að kynna þennan málaflokk fyrir nemendum, ræða málefni transfólks og slaufunarmenningu á breiðum grundvelli. Aðferðir starfendarannsókna í formi viðtala við nemendur og dæmi úr verkefnum þeirra verða notuð og jafnframt tengt við hvernig námskeiðið vinnur með grunnþætti aðalnámskrár.

Mat á gæðum kennslu í hugsandi skólastofu í stærðfræði – Sjónarhorn kennara

Eyþór Eiríksson Framhaldsskólakennari¹, Jóhann Örn Sigurjónsson²

¹Menntaskólinn í Kópavogi. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Hugsandi skólastofa snýst um að skapa rými þar sem nemendur vinna saman að verkefnum sem eru hönnuð til að byggja upp skilning á nýjum hugtökum og hugmyndum í gegnum samræður. Markmið rannsóknarinnar var að meta gæði kennslu þegar kennt er eftir hugmyndafræði hugsandi skólastofu í stærðfræði og veita innsýn í sjálfsrýni kennara á niðurstöðunum.

Gögnum var safnað í þremur kennslustundum þar sem einum nemendahóp í framhaldsskóla var fylgt eftir. Gæði kennslunnar voru metin út frá greiningarrammanum PLATO fyrir yfirþættina faglegar kröfur og stigskiptan stuðning. Helstu niðurstöður voru að í kennslustundunum voru faglegar kröfur (þ.e. samræður í skólastofunni og vitsmunaleg áskorun) almennt metnar á efri þrepum á meðan undirþættir stigskipts stuðnings voru metnir á bæði efri og neðri þrepum. Dæmi voru um sýnikennslu og kennslu og beitingu námsaðferða á efsta þrepi, en endurgjöf var aldrei metin á efsta þrepi.

Niðurstöðurnar sýna að í íslensku samhengi er hægt að búa til menningu þar sem nemendur vinna í sameiningu að krefjandi viðfangsefnum sem reyna á greinandi hugsun. Kennari hefur svigrúm til að biðja um rökstuðning og útskýringar sem krefur nemendur um meira en verkefnið eitt og sér gerir. Samræður byggja á svörum nemenda og hafa þau tækifæri til að útskýra og beita virkri hlustun. Hugsandi skólastofa virðist gefa góð tækifæri til endurgjafar sem kennarinn hefði getað nýtt sér betur. Endurgjöfin var oft stutt og einungis hrós. Niðurstöður gefa til kynna að hópumræða eftir glímu nemenda við stærðfræðihugtök í stað þess að fara yfir stærðfræðihugtök áður en nemendur vinni með þau gefi góða raun.

Framhaldsskólinn að loknu COVID-19

Amalía Björnsdóttir Prófessor, Elsa Eiríksdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna áhrif COVID-19 faraldursins á nám og kennslu í framhaldsskólum. Spurningalisti var sendur í tölvupósti á alla framhaldsskólakennara í maí 2024 og var svarhlutfall 28% ($N = 507$). Um helmingi þátttakenda fannst kennslan hafa gengið vel á COVID-19 tímabilinu og um þriðjung fannst tímabilið hafa haft mikil áhrif á núverandi kennsluhætti. Ríflega þriðjungur sagði notkun sína á stafrænni tækni hafa breyst mikið í kjölfar COVID-19, sama hlutfall sagðist nota myndbönd meira í kennslu en áður og ríflega fjórðungur notar meira heimapróf og rafræna kennslu. Meðan helmingur var ósammála að þeir hefðu minni áhuga á starfinu en fyrir COVID-19 faraldurinn voru 13% því sammála. Fleiri voru sammála því að þeir hefðu vaxið í starfi (37%) en þeir sem voru því ósammála (23%) en ríflega þriðjung fannst álagið meira en áður en aðeins 5% minna. Rafræn samskipti við nemendur hafa aukist en vísbendingar eru um að kennarar telji áhrif faraldursins á nemendur neikvæð. Þegar þátttakendur voru beðnir um að bera saman nemendur nú og fyrir COVID-19 faraldurinn var um þriðjungur ósammála að álag væri minna en 12% sammála, um þriðjungur taldi kröfur í námi minni en áður og 5% taldi þær meiri og nærri þrír af hverjum fjórum taldi faraldurinn hafa haft mikil áhrif á námsárangur og af opnum svörum má ráða að í flestum tilfellum voru það neikvæð áhrif. Það virðist því mat þátttakenda að neikvæð áhrif COVID-19 faraldursins á nám séu mikil og velta má fyrir sér langtímaafleiðingum fyrir nemendur verði ekkert að gert.

Breyttir kennslu- og starfshættir?

Súsanna Margrét Gestsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Ekki þarf að fjölyrða um áhrif COVID-19 faraldursins á skólastarf víðsvegar um heiminn. Á Íslandi fór starfsemi framhaldsskóla að mestu fram með fjarfundabúnaði í heilt ár og starfsfólk og nemendur sinntu verkefnum sínum að heiman. Strax vöknudu spurningar um hver yrðu áhrif þessa óvænta breytingaferlis á starfshætti í skólum og hvort þau áhrif yrðu varanleg. Markmið erindisins er að varpa ljósi á hvað kennurum finnst sitja eftir nú nokkrum árum síðar og hvaða áhrif þessi reynsla hefur haft á störf þeirra. Erindið byggir á spurningalistakönnun sem framhaldsskólakennarar á landsvísu svöruðu vorið 2024. Einnig er stuðst við viðtöl við tólf kennara í þremur ólíkum framhaldsskólum sem tekin voru tvisvar, haustið 2020 og haustið 2023. Niðurstöðurnar sýna glöggt hversu djúp spor farsóttartíminn hefur markað. Meðal fjölmargra atriða sem kennarar telja að hafi bætt kennslu í kjölfarið er aukin notkun myndefnis í margvíslegum tilgangi, skýrari kennsluáætlanir og aukin upplýsingagjöf til nemenda. Margir kennarar telja fagmennsku sína hafa eflst og fagna því að hafa þurft að tileinka sér fjölbreyttari kennsluhætti. Þá eru samskipti við nemendur og samstarfsfólk enn meira metin en áður. En jafnframt birtast í niðurstöðunum tvíbent viðhorf gagnvart aukinni notkun tæknilausna í kennslu. Ákveðinna vonbrigða gætir með að lærdómur farsóttartímans sé ekki nýttur sem skyldi og finnst sumum sem nokkur tilhneiging hafi verið til að snúa aftur til fyrri háttu um leið og hægt var. Niðurstöður rannsóknarinnar eru mikilvægt innlegg í áframhaldandi umræðu um þróun framhaldsskólans. Þær sýna reynslu kennara sem fóru í gegnum hvirfilvind breytinga og hugmyndir þeirra um skólastigið.

Tap í faraldri? Sýn framhaldsskólakennara á nám nemenda

Guðrún Ragnarsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fjölmargar rannsóknir á erlendum vettvangi hafa sýnt fram á að minna nám fór fram á meðan á COVID-19 faraldrinum stóð samanborið við nám fyrir skólalokanir. Sumir kennarar áttu erfitt með að koma efninu til skila, slepptu jafnvel ákveðnum efnispáttum og aðrir breyttu áherslum. Þá hentaði ekki öllum nemendum að læra í gegnum netið og sumir höfðu ekki stuðning heima fyrir til að sinna náminu. Þessi breyting á námi hefur verið kallað á ensku „loss of learning“ en lítið hefur verið skrifað um þetta í íslensku samhengi. Markmið erindisins er að varpa ljósi á upplifun framhaldsskólakennara af því námi sem fram fór á meðan á skólalokunum stóð. Vorið 2024 var spurningalisti lagður fyrir alla framhaldsskólakennara á Íslandi með það að markmiði að horfa yfir farinn veg og læra af reynslunni og svöruðu 495. Frumniðurstöður sýna að margir kennarar slepptu ákveðnum námspáttum og breyttu áherslum. Þá höfðu þátttakendur áhyggjur af því að nemendur þeirra töpuðu tækifærum til samvinnu og að félagshæfni þeirra minnkaði. Einnig var bent á að dæmi væru um að nemendur hefðu látið aðra vinna verkefni og taka próf. Komið var inn á að gloppur í þeirri þekkingu sem nemendur áttu að hafa tileinkað sér á tímabilinu hafi afhjúpast þegar komið var til baka í skólann. Þátttakendur nefndu nemendur í viðkvæmri stöðu og þá staðreynd að erfitt væri að bæta þessum hópi upp tapið. Niðurstöðurnar vekja áleitnar spurningar um gæði náms og kennslu í faraldrinum.

Ráðandi áhrif stofnanaháttar í þremur framhaldsskólum: Sýn og reynsla stjórnenda og kennarar

Þorsteinn Árnason Sürmeli Doktorsefni, Súsanna Margrét Gestsdóttir Lektor, Guðrún Ragnarsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Síðustu ár hafa rannsakendur beint athygli sinni að stofnanahætti (e. institutional habitus) skóla. Hugtakið er viðbót við eitt af lykilhugtökum Bourdieu um veruhátt (e. habitus) sem fjallar um hvernig félagslegt og menningarleg umhverfi einstaklinga mótar hugsun þeirra og hegðun, gildi og venjur. Stofnanaháttur lýsir því hvernig skólar, líkt og einstaklingar, búa yfir veruhætti sem er ómeðvituð og eðlislæg starfsemi sem mótast af sögu þeirra, hefðum og venjum og hefur áhrif á allt starf þeirra, ekki síst hvernig þeir bregðast við óvæntum áskorunum. Rannsóknir sem skoða áhrif stofnanaháttar á samstarfsmenningu innan framhaldsskóla eru þó fáar. Þessi rannsókn fjallar um hvernig stofnanaháttur mótaði viðbrögð kennara og samstarf í þremur ólíkum íslenskum framhaldsskólum þegar fjöldatakmarkanir voru í gildi vegna heimsfaraldurs COVID-19. Tekin voru viðtöl við þrettán kennara og sex stjórnendur og þau þemagreind út frá kenningum um félagsauð (e. social capital), skólabrag (e. school climate) og stofnanahátt. Niðurstöður sýna að viðbrögð skólanna mótuðust að einhverju leyti af stofnanahætti þeirra sem hafði áhrif á getu og vilja kennara til að vinna saman. Sýn þeirra á breytta starfshætti til að aðlagast þeim skyndilegu breytingum sem þeir stóðu frammi fyrir var þó í sumum tilfellum í mótsögn við sýn stjórnenda sem gerði kennurum erfitt fyrir að bregðast við á þann hátt sem þeir töldu áhrifaríkastan. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að skólastjórnendur geti betur hlúið að samstarfsmenningu innan skólans og að kennarar ættu í auknum mæli að nýta sér reynslu og þekkingu samstarfsfélaga og styrkja enn frekar faglega samstarfskennd (e. collegiality) sína.

Samvinna, réttlæti, jöfnuður og lýðræði

Gunnvör Rósa Eyvindardóttir Kennari

Menntaskólinn við Sund

Ágrip /Abstract

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er kveðið á um að nemendur læri “um lýðræði, í lýðræði”. Það er því ekki nóg að miðla þekkingu um framkvæmd lýðræðis, heldur er nauðsynlegt að nemendur öðlist hæfni og leikni til að vera þátttakendur í eigin samfélagi. Ýmsir hópar og einstaklingar eru jaðarsett og hafa ekki rödd, á meðan háværar fámennsiraddir ráða ferðinni. Mannréttindi er hluti af lýðræðisþjóðfélagi og forsendur lýðræðis er þátttaka, því er mikilvægt að allir einstaklingar samfélagsins hafi rödd. Skólastofan er mikilvægur vettvangur fyrir þessa menntun.

Í þessu erindi verður starfendarannsókn kynnt sem unnið er að í MS, í stjórnmalafraeði og kynjafræði. Markmiðið er að nemendur tileinki sér verkfæri sem geri þau betur í stakk búin að láta að sér kveða; að geta tjáð sig fyrir framan önnur, tekið upplýsta afstöðu og fært rök fyrir henni, en einnig að hlusta á mótrök og ræða. Geta sýnt hugrekki, sett sig í spor annara, færni í samvinnu og sýna samkennd. Verkefnið gengur út á inngildandi menntun, þar sem reynt er að ná til allra nemenda, að þau þjálfí hvert og eitt þátttöku og borgaravitund. Notast er við leiðsagnarnám í þessu ferli.

Til þess að ná þessum markmiðum er notast við:

a) Umræðutíma: Farið er í gegnum ólíkar nálganir og þjálfun á tjáningu; samræðum, umræðum, rökræðum, stýrði umræðu og virkri hlustun.

b) Ígrundanir: Unnið er með ígrundanir, þar sem nemandi hugleiðir, veltir vöngum, setur í samhengi og veitir innsýn inn í nálgun sína og skilning á námsefninu og tilverunni.

Áfallamiðuð nálgun í skólastarfi - Hvernig mætum við börnunum frá Grindavík

Helga Baldvins Bjargadóttir Aðjúnkt¹, Bergdís Wilson Leiðtogi atlætis²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Eftir hrinu jarðskjálfta og eldgosa var Grindavíkurbær rýmdur í skyndi þann 10. nóvember 2023 samhliða því var lýst yfir neyðarstigi Almannaþingarinnar. Var þetta mikið áfall fyrir alla bæjarbúa og ekki síst fyrir börnin sem þarna bjuggu. Í kjölfarið var skólasókn Grindvískra barna með þeim hætti að þau sóttu 65 skóla í 28 sveitarfélögum um allt land. Til að byrja með sótti ríflega helmingur barnanna safnskóla Grunnskóla Grindavíkur sem er starfræktur var á fjórum stöðum í Reykjavík. Safnskólinn var síðan lagður af í apríl 2024 og ákveðið að öll börn skyldu sækja skóla sem næst sínu heimili.

Umboðsmaður barna fundaði með ríflega 300 grindvískum börnum þann 7. mars 2024 í Laugardalshöll. Þar fengu þau tækifæri til að ræða reynslu sína af þeim hamförum sem gengu yfir Grindavíkurbæ og tækifæri til að koma upplifun sinni og sjónarmiðum á framfæri í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Meðal þess sem börnin kölluðu eftir var að áhersla væri lögð á sálrænan stuðning til þess að vinna úr þeim áföllum sem hamfarirnar hafa haft í för með sér.

Í þessari grein skoðum við nánar hvernig skólar geta mætt þessu ákalli barnanna í daglegu starfi og leitumst við að svara því hvernig áfallamiðuð nálgun í skólastarfi lítur út og hvers vegna hún er mikilvæg. Höfundar komust að þeirri niðurstöðu að mikilvægt sé að fræða starfsfólk um áhrif áfalla á börn, einkenni þeirra, ólíkar birtingarmyndir og bestu viðurkenndu starfsaðferðir til að mæta þeim þannig að hægt sé að draga úr alvarlegum afleiðingum áfalla.

Fullgildi foreldra innan leikskólasamfélagsins Viðhorf leikskólakennara

Björn Rúnar Egilsson Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Menntastofnunum yngri barna hefur verið lýst á þá vegu að þær búi yfir möguleikum til þess að ýta undir samfélagslega samheldni með því að bjóða upp á vettvang þar sem fjölskyldur með margvíslegan bakgrunn geti komið saman. Viðhorf foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til fullgildis í leikskólasamfélaginu voru könnuð í rannsóknarverkefninu *Fararheill: Stuðningur við jákvæðan flutning barna með fjölbreyttan bakgrunn úr leikskóla í grunnskóla*. Niðurstöðurnar bentu til bæði sterkra og veikra tengsla foreldra við leikskólasamfélagið. Markmið þessarar framhaldsrannsóknar var að öðlast skilning á reynslu leikskólakennara af samskiptum við barnafjölskyldur og viðhorfum þeirra til þátttöku og fullgildis foreldra í leikskólasamfélaginu. Fimm hópar leikskólakennara úr jafnmörgum leikskólum frá ólíkum hverfum innan Reykjavíkur (með samtals nítján þátttakendum) tóku þátt í rýnihópaviðtölum. Þar voru niðurstöður foreldrarannsóknar *Fararheilla* kynntar og reynsla og viðhorf þátttakenda til málaflokksins rædd í framhaldinu. Niðurstöðurnar gefa til kynna að þátttakendur telji óformleg dagleg samskipti mynda grunninn að farsælu sambandi við barnafjölskyldur, en að helsta ógnin við þessa tengslamyndun sé upplifun þeirra af fálæti og fjarlægð sumra foreldra. Auk þess er að finna fjölmargar vísbendingar um að leikskólakennarar teygi sig oft á tíðum langt út fyrir starfslýsingar sínar til þess að aðstoða foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn við að fóta sig í íslensku samfélagi. Frekari rannsóknir og stefnumótun um samband heimilis og leikskóla og tengsl þess við samfélagslega samheldni þurfa að beina sjónum sínum að því lykilhlutverki sem leikskólakennarar geta gengt gagnvart foreldrum sem eiga lítið bakland hér á landi.

Police students' valuation of enduring and emerging competences before and after the transition from vocational to university education in Iceland

Ólafur Örn Bragason Doktorsnemi¹, Marie-Louise Damen Dósent²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Norski lögregluháskólinn

Ágrip /Abstract

Academic reform of police education can serve several functions. The main aim of the Icelandic reform was to respond to changes in the types and complexities of police tasks. This study examined how the

reorientation of knowledge and competences following the transition of police education to the university level was received by students. This study contributes to the professional education policy literature by using longitudinal data to compare students' valuations of enduring and emerging competences before and after the transition of police education from the academy to the university level. The study participants were police students at the Icelandic National Police Academy from 2011 to 2016 and at the University of Akureyri from 2017 to 2023. The results indicate that after the educational reform, university police students valued both enduring and emerging competence areas more highly than students at the National Police Academy. However, both groups valued enduring and emerging competences less highly at the end than at the beginning of their studies. Although this last result is puzzling, the findings suggest that students valued both enduring and emerging competences as legitimate knowledge in police education, and they did more so at the university level. This is a reassuring result for police education reforms.

Innra mat leikskóla:Upplifun starfsfólks á innra mati við innleiðingu menntastefnu sveitarfélags

Álfey Haraldsdóttir Leikskólakennari, Anna Lilja Sævarsdóttir Leikskólastjóri/Aðjúnt

Háskólinn á Akureyri, Menntavísindi

Ágrip /Abstract

Rannsókn þessi varpar ljósi á innra mat leikskóla og upplifun þátttakenda í gæðaráðum átta leikskóla af framkvæmd matsins í einu sveitarfélagi. Í kjölfar nýrrar menntastefnu tók framkvæmd innra mats hjá Akureyrarbæ breytingum, sem fela í sér ríkari áherslu á matslista og gæðaviðmið. Í rannsókninni var skoðuð upplifun starfsfólks af framkvæmd innra mats í anda nýrrar menntastefnu og athugað hvort sú framkvæmd haldist í hendur við skrif matsfræðinga á íslenskum vettvangi. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Hver er upplifun aðila úr gæðaráði leikskóla Akureyrarbæjar af framkvæmd innra mats? Ásamt undirspurningunni: Helst framkvæmd innra mats í skólum í hendur við fyrirbyggjandi matsfræði og leiðbeiningar matsfræðinga?

Rannsóknin byggir á eiginlegri aðferðafræði en framkvæmd voru tvö viðtöl, annars vegar rýnihópaviðtal þar sem rýnihópurinn samanstóð af sjö þátttakendum, og hins vegar eitt einstaklingsviðtal. Þátttakendur rannsóknarinnar eru í gæðaráðum leikskólanna og voru þátttökuskólarnir átta.

Helstu niðurstöður gefa til kynna að upplifun þátttakenda af framkvæmd matsins sé jákvæð en einnig kom fram að ýmsir þættir hamla framkvæmd þess. Greina mátti líkindi milli framkvæmdar innra matsins og matsfræða eða leiðbeininga matsfræðinga en matsnálgunin virtist þó jafnframt taka ríkara mið af ytra mati og leggja áherslu á slíkt mat fremur en áhersluþætti innra mats.

Álykta má að vinnan við innra matið hafi leitt til jákvæðra breytinga í skólunum. Meðal annars breytti sýn starfsfólksins á gildi innra mats í eigin skólastarfi og aukinni fagefingu starfsfólks. Einnig má velta fyrir sér hvort þau fræði sem innra mat byggir á taki ekki nægjanlegt mið af starfsvettvangi leikskóla og því starfi sem þar fer fram.

Mikilvægi mentora: Jákvæð áhrif af formlegu mentorakerfi í menntun frumkvöðla

Hannes Ottósson Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Rannsókuð er starfsemi sprotahraðla hjá Klaki, sem var stofnuð árið 2007 og hefur staðið fyrir mörgum nýsköpunarkeppnum og sprotahröðlum. Spurningalisti var sendur út til hundruða teyma sem hafa þegið þjónustu þeirra og þeim fylgt eftir með rýnihópaviðtölum. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

Hvaða áhrif hefur starfsemi Klaks haft á vistkerfi frumkvöðla á Íslandi á síðustu 10 árum? Hvernig og hvers vegna hefur kerfi mentora þróast á síðustu 10 árum og hver eru áhrif þess sérstaklega?

Rannsóknin er byggð á grunni fræða um vistkerfi frumkvöðla sem vísar til þeirra þátta sem stuðla að eða hamla vali einstaklings um að verða frumkvöðull eða líkurnar á velgengni. Þessi hluti rannsóknarinnar mun að auki líta til fræða í frumkvöðlamenntun og notkun mentora sérstaklega.

Niðurstöðurnar eru settar fram í tveimur hlutum. Í fyrsta lagi umfjöllun sem byggir á lýsandi tölfræði um ferli og árangur sprotahraðla og áþreifanleg áhrif á þátttakendur. Í öðru lagi eru umræður byggðar á rýnivíðtölum um óefnisleg áhrif á þátttakendur. Bráðabirgðaniðurstöður sýna að óáþreifanleg áhrif eru umtalsverð, sértaklega lýsa þátttakendur miklum jákvæðum áhrifum sem þeir hafa orðið fyrir frá mentorum. Klak hefur lagt mikla vinnu undanfarið í að þróa og halda utan um sérstakt kerfi mentora sem á ættir að reka til MIT.

Þessi rannsókn er hluti af stærri rannsóknaráætlun sem getur skilað mikilvægum niðurstöðum og ráðleggingum til hagsmunaaðila, eins og frumkvöðla, stuðningsaðila, skóla og stefnumótenda. Ennfremur eru tækifæri til að tengja niðurstöðurnar áhugaverðum spurningum í frumkvöðlamenntun og menntavísindum almennt.

Áhrif heimaprófa og tengslaneta nemenda á háskóla

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir Prófessor¹, Marco Francesconi Professor², Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir Doktorsnemi¹, Gylfi Zoega Prófessor¹

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²University of Essex, Economics

Ágrip / Abstract

Í byrjun árs 2020 skall á heimsfaraldur af völdum kórónuveirunnar COVID-19. Veiran lék Háskóla Íslands grátt, líkt og flesta háskóla heimsins, og þar þurfti að skella í lás á örskotsstundu. Kennarar voru skikkaðir til að breyta kennsluáætlunum sínum yfir í rafræna kennslu og nemendur neyddust til að læra heima ætluðu þeir sér að halda áfram í námi. Rafrænum kennsluháttum fylgdu einnig þær breytingar að flest lokapróf voru haldin sem heimapróf og félagslíf var verulega takmarkað. Faraldurinn hafði því djúpstæð áhrif á líf þúsunda nemenda. Þessi rannsókn fjallar um námsárangur nærri 18 þúsund grunnema við Háskóla Íslands yfir níu missera tímabil, frá 2018 til 2022, og spannar þær annir sem Íslendingar bjuggu við takmarkanir vegna faraldursins. Gögnin sem notuð eru langsniðsgögn frá Háskóla Íslands og innihalda einkunnir og bakgrunnsbreytur þessara nemenda yfir annirnar níu. Rannsóknin er meginleg rannsókn og aðferðir byggja meðal annars á línulegri aðhvarfsgreiningu. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt, í fyrsta lagi að rannsaka áhrif COVID-19 og heimaprófa á námsárangur háskólanema og í öðru lagi að skoða hvort tengslanet nemenda hafi áhrif á einkunnir þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að COVID-19 og heimapróf hafa jákvæða fylgni við einkunnir í háskóla. Einnig sýna niðurstöðurnar jákvæða fylgni milli þess að vera hluti af stóru tengslaneti og einkunna, sérstaklega þegar heimsfaraldur geisar. Niðurstöðurnar gefa innsýn í námsárangur háskólanema á tímum heimsfaraldurs og sýna jafnframt fram á mikilvægi þess að háskólanemar kynnist og eigi í samskiptum við samnemendur sína.

Þróun faglegra starfshátta í nýjum leikskóla: Starfendarannsókn

Ásta Möller Sívertsen Aðjúnkt, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Fagmennska leikskólakennara hefur jákvæð áhrif á gæði menntunar ungra barna. Skortur á leikskólakennurum er viðvarandi vandamál á Íslandi og hlutfall leiðbeinenda í leikskólum landsins er hátt.

Tilgangur þessarar starfendarannsóknar var að vekja athygli á mikilvægi fagmennsku í leikskóla. Markmiðið var að varpa ljósi á með hvaða hætti stuðlað er fagmennsku í nýjum leikskóla fyrir ung börn. Fyrsti höfundur starfaði sem leikskólakennari í leikskólanum og var leiðandi í þróun faglegra starfshátta í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk. Gagnaöflun fór fram á tveggja ára tímabili með skrifum í rannsóknardagbók, um starfshætti, atvik og samskipti við börn og starfsfólk. Fundargerðir og opinber gögn tengd leikskólanum voru einnig hluti af gögnunum. Gagnagreining var regluleg samhliða gagnaöflun og var frásagnarrýni beitt til að draga fram sögur úr gögnunum og öðlast skilning á þeirri reynslu og þeim aðstæðum sem þær lýstu.

Niðurstöður sýna að stjórnendur lögðu áherslu á að vinna að námskrá fyrir skólann sem endurspeglar fagleg gildi hans og starfsaðferðir. Starfsmannavelta var mikil og leikskólakennarar voru færri en leiðbeinendur. Starfshættir meirihluta starfsfólks einkenndust af hraða og dagskipulag var stýrandi. Ein lausn við áskorunum vegna mikillar starfsmannaveltu og hás hlutfalls leiðbeinenda fólst í því að þróa handbók sem miðaði að sameiginlegum áherslum í starfsháttum.

Öll börn eiga rétt á að sækja leikskóla þar sem gæði eru höfð að leiðarljósi. Því er mikilvægt að stjórnendur og leiðtogar í leikskólum sýni seiglu og leiti lausna til að tryggja faglega starfshætti og sameiginlegan skilning starfsfólks á gildum hvers leikskóla.

„Ótrúlegt hvað getur gerst þegar fólk kemur saman í handverki“: Um ónýtt tækifæri til inngildandi og samþættandi menntunar þvert á menningarhópa.

Soffía Valdimarsdóttir Lektor¹, Svanborg R. Jónsdóttir professor emiritus²

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Tækniþróun hefur á öllum tímum haft áhrif á hugmyndir fólks um mikilvægi og hlutverk ólíkrar þekkingar og æskileg markmið menntunar. Fjöldaframleiðsla hefur til dæmis fyrir margt löngu gert ýmsa handverksþekkingu ekki bara ónauðsynlega heldur einnig í hugum margra nánast óæskilega. Birtingarmynd þessa er til dæmis sú varnarbarátta sem list- og verkgreinar heyja að staðaldri gagnvart vægi bóklegra greina almennrar menntunar á grunn- og framhaldsskólastigi.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á gildi og hlutverk handverksþekkingar í síðnútíma. Markmiðið er að skoða viðhorf þeirra sem hafa lagt stund á miðlun handverksþekkingar til gildis og hlutverks þekkingarinnar á okkar tímum. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði og voru tekin viðtöl við sex einstaklinga og einn rýnihóp. Frumniðurstöður innihaldsgreiningar eru þær helstar að gildi handverksþekkingar sé mikið og jafnvel vaxandi og að hlutverkið sé margþætt, bæði persónubundið og í samfélagslegum skilningi. Í erindinu verður greint frá ýmsum samfélagslegum ávinningi sem þátttakendur telja að handverksþekking skapi. Þar ber hæst hvernig það að læra að vinna í höndum þjálfar lausnamiðaða hugsun og ýtir undir sköpunargáfu. Sömuleiðis hvernig sú staðreynd að handverksþekkingu verður best miðlað frá manni til manns í raunheiminum gæti falið í sér tækifæri til inngildandi og samþættandi menntunar þvert á ólíka menningarhópa. Niðurstöðurnar verða ræddar út frá hugtökunum inngilding og samþættandi menntun og settar í samhengi við þær áskoranir sem framtíð menntunar í hraðvaxandi fjölmenningsfélagslagi stendur frammi fyrir á Íslandi í dag.

Hnífaburður grunnskólabarna: Algengi og ástæður

Kolbrún Þ. Pálsdóttir Dósent, Ragný Þóra Guðjohnsen Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Borið hefur á auknum hnífaburði barna í grunnskólum en jafnframt hefur tilkynningum til lögreglu um ofbeldisbrot ungmenna á grunnskólaaldri fjölgað. Gögn lögreglunnar benda til þess að um nokkuð afmarkaðan hóp ungmenna sé að ræða sem leitar eftir félagslegum samskiptum í hópum sem stunda áhættuhegðun eða jafnvel skipulagða brotastarfsemi. Í rannsókn þessari er rýnt í tölur um hnífaburð grunnskólabarna og ástæður sem þau gefa fyrir honum. Einnig eru skoðuð tengsl milli hnífaburðar og ýmissa bakgrunnspátta eins og kyns, aldurs, félags- og efnahagslegs bakgrunns og vinatengsla. Rannsóknin byggir á gögnum úr spurningalistakönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir í grunnskólum alls staðar á landinu vorið 2024. Þátttakendur voru nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Gerð var lýsandi greining á gögnunum og könnuð tengsl hnífaburðar við ýmsa bakgrunnspætti. Í niðurstöðum kom fram að 2,8–4,3 % barna á unglíngastigi grunnskóla bera hnífa á sér í skólanum og af þeim sagðist um 80% vera með vasahníf. Um helmingur þeirra sem sagðist hafa komið með hníf í skólann eða 47% sagðist hafa gleymdi að skilja hann eftir heima, 31% sagðist nota hnífinn sem verkfæri, 14% sem vopn og 8% sem bæði verkfæri og vopn. Ýmis áhugavert tengsl komu fram milli hnífaburðar og bakgrunnspátta sem benda til þess að rýna þurfi frekar í aðstæður þessara barna og huga að auknum stuðningi við farsæld þeirra. Í erindinu verður fjallað frekar um niðurstöður og rætt um þýðing þeirra.

Impact of redesign of quantitative courses in non-mathematics study programmes on students' dropout rates and resilience

Josef Rebenda Assistant professor¹, Kári Joensen Assistant professor²

¹Brno University of Technology, CEITEC BUT (Central European Institute of Technology). ²Háskólinn á Bifröst ses., Department of business

Ágrip /Abstract

In this contribution we discuss outcomes of redesign of quantitative courses at two European universities, in three academic years between 2021/22 and 2023/24. At Bifröst University (Iceland), two courses that both train business and social science students in statistics and quantitative data analysis were selected for review, one being taught at bachelor level and the other at master level. At Brno University of Technology (Czech Republic), the course *Foundations of Mathematics* was chosen for redesign with the primary target group being the cohort of first-year bachelor students of electrical engineering. Initial steps of the course revisions were conducted as a part of the Erasmus+ Strategic Partnership project BoostEdU (<https://boostedu.ceitec.cz>) in which partners worked on innovative ways to better incorporate digital tools and platforms into their teaching practices. The quantitative courses at both universities have included blended learning and peer feedback after the redesign. Changes to coursework that had been done during the project implementation period have matured and become embedded within the courses' syllabi beyond the end of the project.

Data from various sources, such as student surveys and LMS systems' metrics allowed us to evaluate the effects of the redesign, compare and contrast with the former designs of the courses and look for common patterns in students' engagement, success and dropout rates and resilience. Our data suggests a positive correlation between completing a course and students' resilience, and appreciation of peer learning was found to be correlated with higher engagement.

Hvað lesa börn og unglingar af því þau langi til þess?

Kristín Jónsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Umræða um slakan árangur íslenskra unglunga á sumum sviðum PISA prófanna 2022 varð tilefni til upphrópana um að grípa þurfi til aðgerða í skólakerfinu. Skýrsla um stöðu drengja í menntakerfinu sem kynnt var í júníbyrjun 2024 jók svo við áhyggjur margra. Í námi er læsi ein undirstaðan og námsáhuugi er önnur. Rannsóknir sýna merkilegt samspil þar í milli og að kynjamunur er í spilin.

Í þessari rannsókn er athugað hvað nemendur í 6. – 10. bekk í íslenskum grunnskólum segjast lesa af því þau langi til þess. Byggt er á svörum við spurningum um lestur í grunnskólakönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar vorið 2024, og svörin skoðuð í ljósi nokkurra bakgrunnsbreyta. Í niðurstöðum kemur fram að stelpur lesa meira af skáldsögum en strákar og þau yngri lesa fremur myndasögur en þau eldri. Áhugi á lestri fréttamiðla á netinu eykst með hækkandi aldri barnanna og nokkuð stór hópur les reglulega fræðsluefni á netinu, einkum þó strákarnir í tveimur efstu bekkjunum. Niðurstöður verða ræddar í ljósi rannsókna sem fyrr greinir og reifað hvernig menntakerfið geti nýtt þær í kennslufræðilegum tilgangi, við val og framboð á lesefni fyrir börn og unglunga en einnig við stefnumótun í námsefnisgerð.

Hvernig nýta má niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í markvissu samstarfi við sveitarfélög?

Ingimar Guðmundsson Verkefna- og kynngarstjóri Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í erindinu verður fjallað um þróun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ) sem hóf göngu sína árið 2021. Mennta- og barnamálaráðuneytið fól Menntavísindastofnun Háskóla Íslands að fara með framkvæmd hennar. Gagnaöflun er árlega í grunnskólum, annað hvert ár í framhaldsskólum auk þess sem safnað hefur verið samanburðargögnum hjá framhaldsskólahópi og hópi ungmenna utan skóla sem snýr að velferð þeirra. Kynntur verður aðdragandi að því að ráðinn var kynningar- og verkefnastjóri ÍÆ vorið 2024. Meginmarkmið þess var að auka möguleika á að nýta niðurstöður rannsóknarinnar á markvissan hátt til stefnumótunar og umbóta í skóla- og frístundastarfi. Til þess að tryggja samstarf og samvinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Menntavísindastofnunar og rannsakenda úr hópi akademískra starfsmanna háskóla var farin sú nýstárlega leið að ráða starfsmann sem starfar að jöfnu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Menntavísindastofnun. Farið verður yfir þróun á framsetningu niðurstaðna ÍÆ og hlutverk nýs kynningar- og verkefnastjóra í að skapa tækifæri til aukinnar samvinnu rannsakenda og sveitarfélaga með farsæld barna og ungmenna að leiðarljósi.

Frumbættir myndlistar sem námsefni – Myndlistarkennsla fyrir yngsta stig

Ragnhildur Róbertsdóttir Nemandi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið þessa M.Ed. verkefnis var að hanna námsefni fyrir myndlistarkennslu á yngsta stigi í grunnskóla sem er heildstætt og kveikir áhuga nemenda á sköpun. Nánar tiltekið er verkefnið annars vegar fólgið í hönnun verkefnabókar fyrir myndlistarkennsla og hins vegar fræðilegri greinagerð sem skýrir forsendur bókarinnar og val verkefna. Ákveðinn hluti af verkefnum bókarinnar verður einnig birtur á vefsíðunni Listvefurinn.is. Tilgangurinn með því að birta verkefnum hjá Listvefnum er að auka aðgengi kennara að skapandi verkefnum í myndlist. Í fræðilegum hluta verkefnisins verður stuðst við þætti úr kennsluaðferðinni Discipline Based Art Education (DBAE). Aðferðin var mótuð af stofnun J. Paul Getty Trust á níunda áratug síðustu aldar. Þessi aðferðafræði varð fyrir valinu af því að hún notast við listasögu og listrýni ásamt listsköpun og fagurfræði sem hentar vel til að skapa heildræna kennslufræði, en kveikir um leið áhuga nemenda á sköpun. Verkefnið styðst einnig við aðalnámskrá grunnskólanna, frumbætti myndlistar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Grunnþættir menntunar í aðalnámskránni eru heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Við framkvæmd M.Ed. rannsóknarinnar veturinn 2023-2024 hefur höfundur þróað og prófað ýmis verkefni við kennslu í myndlist á yngsta stigi í Barnaskólanum í Hafnarfirði. Niðurstöðurnar benda til þess að verkefni byggð á þessari heildrænu aðferðafræði henta vel til að vekja áhuga nemenda og ná markmiðum aðalnámskrár.

Samvinna og sigrar í Drekkum og Dýflissum

Þorsteinn Mar Gunnlaugsson Grunnskólakennari

Álfhólsskóli, Unglingadeild

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um þróun valáfanga í grunnskóla hvar nemendur setja saman hóp ævintýramanna og þurfa að sigrast á ýmsum hættum, leysa þrautir og vinna saman í gegnum spunaspilið Dreka og Dýflissur.

Farið verður stuttlega yfir tilhögun kennslu, aðkomu nemenda og hvað læra má í gegnum leiki og spil á borð við spunaspil. Þá verður rætt hvernig haga má sögum þannig að tekið sé tillit til hæfniviðmiða og námsefnis ólíkra faga. Einnig verður tekið til umfjöllunar hvernig spunaspil hafa nýst til að styrkja félagsfærni nemenda.

Eins verður fjallað stuttlega um spunaspil sem kennsluáðferð, t.d. út frá hugmyndum Önnu Jeppesen um hlutverkaleiki.

Sýndarveruleiki í kennslu – starfendarannsókn sjónlistakennara

Elín Berglind Skúladóttir Nemandi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Ágrip/efni:

Notkun sýndarveruleika hefur aukist síðustu ár og tæknin orðin aðgengilegri en áður. Þá hafa möguleikar á að nota tæknina í kennslu aukist. Í þessu verkefni er fjallað um hvernig innleiðing sýndarveruleika tókst í grunnskóla yfir nokkurra mánaða tímabil. Rannsóknin byggir á viðtölum við sérfræðinga í sýndarveruleika, kennara og annað starfsfólk skólans, auk starfendarannsóknar sjónlistakennara.

Markmiðið var að skilgreina helstu áskoranir og tækifæri sem fylgja notkun sýndarveruleika í skólum, með sérstaka áherslu á hvernig tæknin getur orðið hluti af skapandi og gagnvirku námsumhverfi. Megináhersla þessa verkefnis var á kennslu sjónlista. Niðurstöður benda meðal annars til þess að til að ná árangri sé nauðsynlegt að stjórnendur veiti kennurum aukinn stuðning og að kennarar fái bæði þjálfun og tíma til að takast á við þá aukavinnu sem fylgir innleiðingu tækninnar. Greina mátti aukna ánægju og einbeitingu nemenda við úrlausn verkefna. Hins vegar hafa komið fram aukaverkanir hjá yngri nemendum sem nota Quest gleraugu, sérstaklega ef notkunin er lengri en 5-10 mínútur sem taka þarf inn í myndina. Með því að samþætta sýndarveruleika og sjónlistakennslu í gegnum STEAM-nálgun og sköpunarsmiðjur, undirstrikar rannsóknin mikilvægi vel skipulagðrar námskrár sem styður við skapandi og tækniríkt nám. Starfskenningin sem var þróuð sýnir mikilvægi samþættingar sjónlistakennslu, tækni og leiðsagnarnáms fyrir árangursríka nýtingu sýndarveruleika í kennslu.

Hvað felst í því að vera meðvitaður og ábyrgur borgari hvort sem það er í nær- eða fjarsamfélaginu þegar tekist er á við loftslagsmál?

Hanna Ólafsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið verkefnisins miðar að því að ræða og efla skilning á ábyrgri borgaravitund tengdri umhverfisáskorunum og styrkja persónulega og félagslega þátttöku í gegnum alþjóðlegt samstarf. Unnið er með eitt fyrirfram ákveðið þema í gegnum listgreinarnar með áherslu á fjölmenningu þar sem viðfangsefnin eru þróuð í gegnum fjölbreyttar smiðjur sem byggja á mismunandi kveikjum og margvíslegri úrvinnslu. Áherslan í ár (2024) var á „Consider“, sem miðaði að því að dýpka skilning á borgaravitund og álitamálum m.a. varðandi efnahag, vistfræði, ábyrgð og vald. Verkefnið samanstóð af viku langri vinnustofu sem fór fram í Riga, þar sem sextíu kennarar og nemendur frá átta Norður- og Eystrasaltslöndum tóku þátt.

Lögð var áhersla á að nýta verkfæri listarinnar til að þróa getu og hæfni í samskiptum og tjáningu í gegnum gagnrýna hugsun. Nemendur spegluðu sig hvort í öðru í gegnum markvissa listræna vinnu þar sem tekist var á við þemað í gegnum tónlist, leiklist, dans og myndlist. Áhersla er lögð á nemendamiðað og umbreytandi nám þar sem nemandur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar og hæfileika í samvinnu við aðra þvert á listgreinarnar. Verkefnið, sem er styrkt af Nordplus, skoðaði gildi þess að vinna saman, deila viðhorfum og að lokum setja upp sameiginlega sýningu.

„Ég held kannski bara að við höfum verið komin að þölmörkum“

Svava Björg Mörk Lektor, Anna Elísa Hreiðarsdóttir Lektor

Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Leikskólastjórar hafa eins og margir leikskólastarfsmenn verið undir álagi í starfi og hefur það birst meðal annars í mikilli starfsmannaveltu og nýliðabjálfun. Nokkur sveitarfélög hafa brugðið á það ráð að innleiða nýtt fyrirkomulag í rekstri leikskóla með það að sjónarmiði að bæta leikskólastarfið og aðstæður fyrir bæði börn og starfsfólk. Ein leið sem hefur verið valin af nokkrum sveitarfélögum hefur verið nefnd gjaldfrjáls leikskóli en leiðin er ólík á milli sveitarfélaga.

Í þessari rannsókn er sjónum beint að tveimur sveitarfélögum, Akureyri og Kópavogi, sem völdu að innleiða 6 klukkustunda gjaldfrjálsan leikskóla með áherslu á velferð barna. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á upplifun stjórnenda á breytingunum og hvaða áhrif þær hafa haft á þeirra starf. Gögnum var safnað með rýnihópaviðtölum við leikskólastjórnendur 17 leikskóla, 8 leikskólar á Akureyri og 9 leikskólar í Kópavogi.

Bráðabirgða niðurstöður benda til þess að breytingar hafi haft töluverð áhrif á starf leikskólastjóra og annað starfsfólk. Stjórnendur telja að daglegt starf hafi tekið breytingum þannig að það fer minni tími í að púsla saman deginum sem hefur þau áhrif að starfsmenn komast í undirbúning. Einnig ræddu stjórnendur um að léttara væri yfir starfsfólkinu og líktu einhverjir starfinu við sumarstarf sem einkennist af glaðværd. Greina mátti áhyggjur af því að stjórnsýslan myndi ákveða að breyta án samráðs við vettvanginn eða að loforð yrðu gefin fyrir næstu kosningar sem vettvangurinn þyrfti að bera ábyrgð á.

Rannsóknin er mikilvægt framlag til leikskólasamfélagsins og eykur skilning á starfsumhverfi leikskólastjórnenda.

Bessastaðaskóli í kerfi evrópskra framhaldsskóla á 19. öld

Kristín Bjarnadóttir prófessor emerítus

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Efni fyrirlestrarins er þáttur í rannsókn á sögu stærðfræði og raungreina í íslenskum skólum og kennslubókum. Tilgangurinn er að greina arf stærðfræðilegra mennta á Íslandi. Rannsóknaraðferðin er m.a. fólgin í að:

- bera skýrslur um námsefni og kennslutilhögun saman við greinar eftir fræðimenn um þróun námsefnis og kennslu annars staðar í Evrópu, og
- bera íslenskar bækur um stærðfræði saman við samtíma erlendar kennslubækur.

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á hve framlög einstaklinga eru mikilvæg í fámennu landi.

Á síðari hluta átjándu aldar og í upphafi nítjándu aldar þróuðust framhaldsskólar í Evrópu frá því að vera aðallega prestaskólar til þess að veita almennan undirbúning undir embættisstörf, m.a. fyrir áhrif Upplýsingarstefnunnar. Stjórn og rekstur skólanna færðist frá kirkjulegum yfirvöldum til ríkisins. Vegur stærðfræði og raungreina eflidist, bæði í þýskum Gymnasium-skólum mótmælenda og frönskum lycéemenntaskólum sem Napoleon innleiddi árið 1802.

Gömlu íslensku dómkirkjuskólarnir í Skálholti og á Hólum voru lagðir niður um aldamótin 1800, og Bessastaðaskóli var stofnaður sem hluti af kerfi danskra lærða skóla árið 1805. Skólinn varð miðstöð mennta í landinu ásamt Hinu íslenska bókmenntafélagi. Klassískar fornþéttmenntir, íslensk fræði og stærðfræðilegar greinar voru höfð í hávegum. Björn Gunnlaugsson stærðfræðingur byggði upp kennslu stærðfræði og raungreina. Eftir að hann hafði lokið kennslu, 74 ára gamall, ritaði hann fyrstu fræðilegu stærðfræðibókina á íslensku, Tölvísi, útgefin 1865. Texti bókarinnar verður greindur með tilliti til danskra kennslubóka sem Björn notaði við kennsluna. Ályktanir um stöðu stærðfræðimennta á Íslandi á ofanverðri 19. öld verða dregnar af viðtökum bókarinnar.

Gerum þetta saman! Samþætting SMT-skólafærni og kennslu í félags- og tilfinningafærni

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Dósent, Margrét Sigmarsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Undanfarin ár hafa áhyggjur af geðheilsu barna og ungmenna aukist talsvert og ákall hefur verið um markvissari samfélagslegan stuðning við líðan þeirra og samskiptafærni. Í þessu samhengi hefur einkum verið horft til skólaumhverfisins sem ákjósanlegs vettvangs forvarna og stuðnings á þessu sviði, þar sem ná má til nánast allra barna og ungmenna í skólum. SMT-skólafærni (e. Positive Behavioral Interventions and Supports; PBIS) er árangursrík, þrepaskipt heildarskólanálgun sem á sér um tveggja áratuga sögu innleiðingar á Íslandi. Fjölmargar rannsóknir, svo sem á Norðurlöndum, víðar í Evrópu og í Bandaríkjunum, hafa sýnt að SMT-skólafærni eflir ýmsa verndandi þætti og dregur úr áhættuþáttum í lífi barna ef vel er staðið að innleiðingu hennar. Rannsóknir víða um heim hafa einnig sýnt fram á töluverðan ávinning af almennri kennslu í félags- og tilfinningafærni (e. social-emotional learning; SEL) eða geðrækt (e. mental health promotion), svo sem jákvæðari skólabrag og bætta líðan og samskipti. Vísbendingar eru um að með markvissri samþættingu áhrifaríkrar, þrepaskiptrar heildarskólanálgunar, svo sem SMT-skólafærni, og vandaðrar kennslu í félags- og tilfinningafærni, megi hafa meiri jákvæð áhrif á horfur og líðan barna og ungmenna en með hvorri aðferð í sínu lagi. Í þessu erindi verður sagt frá fyrirhugaðri samþættingu SMT-skólafærni og kennslu í félags- og tilfinningafærni héraendis. Fjallað verður um helstu tækifæri og áskoranir sem felast í þessari vinnu og greint frá fyrirhuguðum rannsóknum á þessu sviði.

Áhrif markvissrar hljóðaaðferðar og félagakennslu á lestrarfærni barna með vísbendingar um lestrarvanda

Auður Soffía Björgvinsdóttir Aðjúnt¹, Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor¹, Kristján Ketill Stefánsson Lektor¹, Sigurgrímur Skúlason Sérfræðingur í prófagerð², Kristen McMaster Prófessor³, Amelia Larimer Doktorsnemi¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Miðstöð Menntunar og skólaþjónustu, Matssvið. ³University of Minnesota, Department of Educational Psychology

Ágrip / Abstract

Það er áhyggjuefni hve hátt hlutfall barna nær ekki grunn lestrarfærni og þarf sérkennslu eða stuðning á yngsta stigi grunnskóla. Með því að innleiða gagnreynda kennslu og markvissa hljóðaaðferð í 1. og 2. bekk er hægt að koma betur til móts við nemendur með vísbendingar um lestrarvanda og auka líkur þeirra á að ná árangri. Peer-Assisted Learning Strategies (PALS) eru gagnreyndar aðferðir sem byggja á markvissri kennslu og félagastuðningi. K-PALS og Grunn PALS (G-PALS) eru ætlaðar til lestrarkennslu byrjenda á síðasta ári leikskóla eða á fyrstu árum grunnskóla.

Í rannsókninni var lagt mat á áhrif K-PALS og G-PALS á lestrarfærni nemenda með vísbendingar um lestrarvanda í 1. og 2. bekk. Notuð var hálfslambuð samanburðarrannsókn með endurteknum mælingum yfir þau tvö ár sem hún stóð yfir.

Þátttakendur ($n = 86$) voru nemendur úr stærri rannsókn sem skilgeindir voru í áhættu á lestrarvanda vegna lítillar færni í fyrstu mælingu, í september í 1. bekk. Átta skólar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt og fengu nemendur í fjórum þeirra kennslu með PALS en fjórir kenndu eins og áður.

Lestrarfærni nemenda var metin þrisvar til sex sinnum á þessum tveimur skólaárum með fjölbreyttu lestrarmati og greining framkvæmd með marglaga líkani.

Niðurstöður sýndu að nemendur með vísbendingar um lestrarvanda sem fengu kennslu með PALS náðu marktækt meiri framförum en þeir nemendur sem voru í samanburðarskólum.

Þessar niðurstöður benda til þess að notkun K-PALS og G-PALS sé heppilegur kostur við lestrarkennslu byrjenda og geti skipt sköpum fyrir hóp nemenda sem stendur höllum fæti frá upphafi.

Effects of Explicit Peer-Assisted Instruction on Icelandic Emergent Multilingual Children's Early Reading Growth.

Amelia Larimer PhD Candidate¹, Kristjan Stefansson Lektor¹, Kristen McMaster Professor², Anna Lind Petursdottir Professor¹, Audur Bjorgvinsdottir PhD Candidate¹

¹University of Iceland, School of Education. ²University of Minnesota, School of Educational Psychology

Ágrip / Abstract

Emergent multilingual children, an increasing proportion of children in Icelandic schools, appear to be at a disadvantage in the school system. This study aimed to evaluate the effects of one potential solution, including an evidence-based word reading program Peer Assisted Learning Strategies (PALS), for improving early reading outcomes in this group.

A quasi-randomized repeated measures design was used. The participants ($n = 86$) in this study were emergent multilingual children in 1st grade within 8 schools in the capital area of Iceland. Half of the schools included PALS in their class wide instruction. The other half continued with Teaching as Usual (TAU) instruction. A mixed linear model (MLM) was fit to the data in Jamovi with a restricted maximum likelihood estimator (REML). Predictive factors that were analyzed were instructional condition (PALS/TAU), and time while controlling for at-risk status. Outcome factors were children's growth on letter sound fluency, nonsense word fluency and oral reading fluency assessments, given 5-6 times across two years.

The emergent multilingual children in the PALS condition grew significantly ($p < .05$) more across the two years on the measures than emergent multilingual children in the TAU condition. PALS instruction had a large effect ($d = 1.1$) on letter sound fluency growth and a moderate effect ($d = .5$) on nonsense word fluency growth and oral reading fluency growth. The results highlight PALS as a possible solution for improving early reading outcomes of emergent multilingual children in Iceland.

Efling foreldrafærni meðal úkraínskra flóttamanna á Íslandi: Mat á fýsileika í íslensku umhverfi

Ásthildur Helga Bragadóttir Félagsráðgjafi¹, Margrét Sigmarsdóttir Prófessor², Kolbeinn Hólmar Stefánsson Dósent¹

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Undanfarin ár hafa meðal annars náttúruhamfarir af völdum loftslagsbreytinga, ofbeldi, stríð og önnur áföll leitt til umtalsverðrar fjölgunar flóttamanna um heim allan. Áætlað er að ríflega 40% þessa hóps séu börn sem er mikið áhyggjuefni í ljósi neikvæðra áhrifa áfalla á þroska og aðlögun barna. Því er brýnt að fjölskyldum á flótta bjóðist árangursrík úrræði sem styðja við farsæla aðlögun þeirra í nýjum heimkynnum. Strengthening Parenting Among Refugees in Europe (SPARE), sem byggist á gagnreynda foreldrafærniúrræðinu Parent Management Training – Oregon aðferð (PMTO), var þróað í þessum tilgangi af hópi alþjóðlegra PMTO-sérfræðinga fyrir fjölskyldur á flótta í Evrópu. Meginmarkmið SPARE er að styðja foreldra við uppeldi barna sinna og ná fótfestu í nýju umhverfi. Fyrri rannsóknir benda til þess að úrræðið nýtist vel arabískumælandi fjölskyldum á flótta í Evrópu, en áhrif þess meðal fjölskyldna af öðrum uppruna hafa ekki verið metin. Í þessu erindi er sagt frá rannsókn með blönduðum aðferðum á fýsileika SPARE fyrir úkraínskar fjölskyldur. Foreldrar úr 14 fjölskyldum mættu á SPARE-námskeið í 12 vikur og svöruðu spurningalistum við upphaf, á meðan og í lok námskeiðs, auk mats á þátttöku og mætingu. Þátttakendum var einnig boðið í rýnihópaviðtal til að segja frá reynslu sinni af SPARE. Megin- og eigindlegum rannsóknarniðurstöðum bar saman; þátttakendur voru almennt ánægðir með SPARE og töldu það hentugt úrræði, sem samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna. SPARE virðist því lofa góðu fyrir úkraínskar flóttafjölskyldur á Íslandi. Gagnlegt væri að næstu rannsóknir beindust að áhrifum úrræðisins á líðan og aðlögun úkraínskra fjölskyldna, bæði hérlendis og í öðrum Evrópulöndum.

School-Based Universal Mental Health Literacy Curricula for K-12 Education: Inclusion, Equity, and Access

Brittany N Kester Education Librarian / PhD¹, Jóhanna Birna Bjartmarsdóttir Student¹, Ragnildur I Bjarnadóttir Assistant Professor¹, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Associate Professor²

¹University of Florida. ²University of Iceland, School of Education

Ágrip / Abstract

Many mental health conditions have their onset in childhood or adolescence, increasing concerns regarding youth mental health worldwide and creating a pressing need for effective prevention and intervention. School-based universal mental health promotion is increasingly being recognized as a potentially impactful prevention strategy. Given the large volume of research in this area, we sought to provide an overview of the literature by conducting a scoping review of extant studies regarding school-based universal mental health literacy curricula for K-12 students published since 2013. Using a review manager, Covidence, and a comprehensive search string, we located approximately 7500 research articles published in 2013-2024 about universal mental health literacy curricula and related interventions in K-12 education worldwide. Multiple studies examining mental health literacy (e.g., social-emotional learning; SEL) interventions in schools across the world using various research designs were identified, many of which suggested positive effects. Very few studies, however, explicitly addressed issues relating to equity, inclusion, and diversity, such as potential differential effects of universal programs based on race/ethnicity, ability status, and/or other marginalized backgrounds and identities. A plethora of studies concerning universal youth mental health interventions have been conducted in the past decade. Although the present results indicate some interventions may be effective, the extent to which they benefit youths of marginalized identities and backgrounds requires further study. Additional research examining which interventions work best, when, and for whom are urgently needed to help promote inclusion, equity, cultural sensitivity, and access to school-based mental health care.

Háskólanám á tímum gervigreindar: Reynsla kennara af myndbanda- og hlaðvarpsgerð sem kennslu- og námsmatstæki

Sigrún Lilja Einarsdóttir Prófessor¹, Einar Svansson Dósent²

¹Háskólinn á Bifröst, Félagsvísindadeild. ²Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Ágrip / Abstract

Tilkoma gervigreindar hvetur til fjölbreyttara námsmats en áður og mikilvægt er að nemendur séu læsir á rannsóknir og réttmæti og áreiðanleika upplýsinga og vinni að því að bæta hæfni sína í úrvinnslu og framsetningu nýrrar þekkingar.

Tilgangur þessa erindis er að ræða a) reynslu höfunda af hlaðvarpsgerð sem kennslu- og námsmatstæki og b) myndbandsgerð nemenda sem hluta af námsmati. Námskeiðið sem um ræðir er 7 vikna fjarnámsnámskeið á meistarastigi við Háskólann á Bifröst um fjölbreytileika í stjórnun, sem samanstendur af 12 fyrirlestrarupptökum kennara og fjórum verkefnaskilum nemenda, auk munnlegs lokaprófs.

Námskeiðsfyrirlestrar kennara voru í tveimur hlutum: a) almenn yfirferð yfir námsefni og b) hlaðvarpsþættir þar sem báðir kennarar námskeiðs tóku fyrir viðfangsefni sem tengdust námsefni vikunnar og voru í brennidepli í almennri umræðu. Markmiðið með þessari uppstillingu var að tengja saman fræði, praktík og opinbera umræðu.

Nemendur fengu síðan tvö hópverkefni (2-4 nemendur): a) Gerð hlaðvarpsþáttis og b) myndbands um viðfangsefni að eigin vali sem tengjast námsefninu. Nemendur skiluðu minnisblaði eða handritsdrögum til kennara sem innihéldu uppbyggingu hlaðvarps og myndbands. Lærdómsferlið fólst í að vinna úr upplýsingum og efni og koma því frá sér í hljóði og mynd og að þjálfarar nemendur í að ræða mikilvæg málefni er snerta almenna umræðu og hvernig tekið er á málafnum jafnréttis og fjölbreytileika innan skipulagsheilda.

Á heildina litið var almenn ánægja innan nemendahópsins með þessar námsmatsaðferðir – höfundar munu þróa þessar aðferðir á næstu árum, með því að færa kennslu og námsmat nær þeim veruleika sem einkum yngri nemendur þekkja í samfélagsmiðlaformi nútímans.

Aðlögun og fýsileiki PMTO-hópmeðferðar fyrir foreldra vegna skólasóknarerfiðleika meðal barna: Undirbúningur rannsóknar og þættir meðferðar

Margrét Sigmarsdóttir Prófessor, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Góð skólasókn skiptir sköpum fyrir þroska og aðlögun barna en hið gagnstæða tengist hins vegar marktækt verri horfum. Mikilvægi þess að taka markvisst á aðlögunarvanda barna, þar á meðal erfiðleikum við skólasókn (e. school attendance problems), er óumdeilt. Gagnreynd úrræði eru þar mikilvæg og sýnt hefur verið fram á að slíkar aðferðir, sem efla foreldrafærni, gefa góða raun. Hérlandis hafa þessar aðferðir verið innleiddar skipulega í áratugi en þó skortir rannsóknir á áhrifum þeirra á skólasókn barna og því er mikilvægt að skoða það. Í þessu erindi verður sagt frá fyrirhugaðri rannsókn á fýsileika og áhrifum PMTO-hópmeðferðar (Parent Management Training – Oregon aðferð). Jafnframt verður vikið að þáttum meðferðar og sagt frá því hvernig efnið er sniðið að erfiðleikum við skólasókn barna. Foreldrar sem kjósa að taka þátt munu koma frá þremur sveitarfélögum þar sem PMTO-þjónusta býðst foreldrum almennt og er úrræðið veitt af sérstaklega þjálfuðum PMTO-meðferðaraðilum, sem fá handleiðslu reglulega yfir tímabilið. Skólasókn barnanna verður metin reglulega yfir 12 vikna skeið, sem er sá tími sem meðferðin tekur, en jafnframt því verða þættir eins og foreldrafærni, líðan foreldra og aðlögun barns metin. Samtals þrjú hópaf foreldra munu fá PMTO-hópmeðferð hjá því sveitarfélagi þar sem þau eru búsett. Skólasóknarerfiðleikar eru alvarlegur vandi sem krefst árangursríkra forvarna og markvissra úrræða en rannsóknir á úrræðum skortir tilfinnanlega. Ef í ljós kemur að PMTO-hópmeðferð er áhrifarík nálgun til að draga úr skólasóknarerfiðleikum eru það hagnýtar upplýsingar fyrir skólasamfélagið og uppspretta frekari rannsókna.

Bjargir í anda leiðsagnarnáms

Jóna Guðbjörg Torfadóttir Kennari

Menntaskólinn við Sund

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um þróun og notkun rafræns námsefnis í íslenskuáföngum í Menntaskólanum við Sund. Námsefninu er ætlað að styðja við leiðsagnarnám og tilgangurinn að skapa fjölbreyttar bjargir til stuðnings námsefninu, þar á meðal sniðmát, ítarefni og dæmi um vel heppnuð verkefni. Markmiðið er að stuðla að betri skilningi nemenda á námsefninu og auka ánægju þeirra með námið. Í MS hafa kennarar lengi lagt stund á starfendarannsóknir með það fyrir augum að efla menntun nemenda og til þess þarf sífellt að skoða starf sitt og vinna að því að breyta og bæta. Í þeim anda er námsefnið og vefurinn í sífelldri þróun til að mæta sem best þörfum nemenda á fjölbreyttan og aðgengilegan hátt.

Vefurinn og notkun hans meðal nemenda hefur reynst gagnlegt verkfæri fyrir nemendur sem gerir þeim kleift að nýta fjölbreyttar aðferðir til að ná markmiðum sínum. Þessi nálgun virðist því auka skilning og ánægju nemenda með námsefnið, sem stuðlar að bættri námsframvindu og áhuga. Stöðugar endurbætur og nýsköpun eru lykilatriði í þróun kennsluhátta, sem miða að því að bæta menntun nemenda og auka virkni þeirra og sjálfstæði í námi.

Grænfánaáfangi: Valdefling nemenda og menntun til sjálfbærni

Katrín Magnúsdóttir Kennari

Menntaskólinn við Sund

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um menntun til sjálfbærni í Menntaskólanum við Sund með áherslu á Grænfánaáfangana sem kenndur er í skólanum. Tilgangur Grænfánaáfangans er að efla nemendur í umhverfisvitund og sjálfbærni með því að kynna þá fyrir verkferlum umhverfisstjórnunarkerfisins Skólar á grænni grein. Áfanginn er nemendastýrður, með kennara í hlutverki leiðbeinanda, þar sem hugmyndafræðin „geta til aðgerða“ er höfð að leiðarljósi. Þetta gerir nemendum kleift að hafa áhrif á námsferlið og hvetur þá til aðgerða innan skólans og nærsamfélagsins.

Í áfanganum er lögð áhersla á menntun til sjálfbærni og lýðræðisleg vinnubrögð nýtt til að virkja nemendur til áhrifa á hvernig, hvenær, hvar og hvað þeir læra. Markmiðið er að nemendur öðlast dýpri skilning á sjálfbærri þróun, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og umhverfisvandamálum bæði í nærumhverfinu og á hnattrænum vettvangi. Nemendur læra að stýra umhverfisúrbótum, styrkja lýðræðisleg vinnubrögð og efla forystuhæfni sína.

Álykta má að nemendur sem taka þátt í Grænfánaáfanganum verða betur undirbúnir til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar með aukinni vitund og færni í sjálfbærnimálum. Þessi nálgun stuðlar að dýpri samfélagslegri ábyrgð og virkni til aðgerða sem leiðir til jákvæðra breytinga innan skólans og nærsamfélagsins.

Viðhorf nemenda gagnvart notkun gervigreindar við nám og kennslu – Samanburður nemenda á Íslandi, Slóvakíu og Serbíu

Ragnar Már Vilhjálmsson Lektor, Hanna Kristín Skaptadóttir Fagstjóri Viðskiptagreindar, Haraldur Daði Ragnarsson Lektor

Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Ágrip / Abstract

Notkun gervigreindar við nám og kennslu er stigvaxandi og geta bæði nemendur og kennarar hagnýtt sér tæknina til að auðga gæði lærdóms og miðlunar kennsluefnis. Sýndarveruleiki, gagnaaukinn veruleiki, reikniforrit, tungumálalíkö, málvinnsla og tauganet eru nokkur dæmi um gervigreind sem notuð hefur verið innan skólakerfisins, auk snjallbota á borð við Chat GPT og álíkra forrita sem hagnýta gagnagnótt til að miðla efni til notenda.

Erindið fjallar um niðurstöður rannsókna sem framkvæmdar voru vor og sumar 2024 á meðal nemenda við Háskólann á Bifröst, University of Economics í Bratislava í Slóvakíu og University of Belgrade í Serbíu. Markmið rannsóknar var að skoða viðhorf nemenda til notkunar á gervigreind við nám og kennslu í háskólaumhverfinu, þekkingu nemenda á gervigreind og hvernig þeir kjósa að hagnýta sér gervigreind í námi.

Rannsóknarspurningar sem settar voru fram voru „Hvernig upplifa nemendur notkun gervigreindar í námi og kennslu?“, „Hver er þekking nemenda á notkunarmöguleikum gervigreindar?“ og „Hvernig kjósa nemendur að hagnýta sér gervigreind í námi?“ Gagnaöflun var í formi spurningakönnunar (N=182) meðal nemenda í háskólunum þremur til að varpa ljósi á viðhorf þeirra til notkunar gervigreindar í háskólaumhverfinu.

Niðurstöður sýna áhugaverð frávík á milli nemenda. Nemendur á Íslandi óttast mun minna áhrif gervigreindar heldur en nemendur frá Slóvakíu á sama tíma og stuðningur við aðstoð gervigreindar er umtalsvert meiri á meðal slóvakískra nemenda heldur en íslenskra sem eru neikvæðari í garð notkunar á gervigreind. Þá þurfa stjórnendur háskóla ekki aðeins að þróa reglur um notkun gervigreindar heldur þarf að sérsníða þær að hverri námslínu.

Kostir og takmarkanir þess að nota gervigreind í æðri menntun

Helena Sigurðardóttir Kennsluráðgjafi, Helgi Freyr Hafþórsson Verkefnastjóri margmiðlunar, Sigríður Halldórsdóttir Prófessor

Háskólinn á Akureyri

Ágrip / Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar var að greina megin kosti og takmarkanir notkunar gervigreindar í háskólasamfélaginu, bæði fyrir háskólanema og háskólakennara.

Aðferðafræði: Rýnt var í allar rannsóknir og fræðilega greiningu sem höfundar fundu um kosti og takmarkanir notkunar gervigreindar í háskólasamfélaginu. Notast var við kerfisbundna rýniaðferð við greiningarvinnuna.

Niðurstöður: Notkun gervigreindar getur gert háskólanám gagnvirkara og eftt áhugahvöt háskólanema. Hún getur umbreytt menntun háskólanema á jákvæðan hátt t.d. með því að sérsníða fræðsluupplifun að þörfum hvers og eins, og hugsanlega aukið þátttöku þeirra með viðeigandi og krefjandi efni. Þá geta gervigreindarverkfæri stutt háskólanema í ensku sem erlendu tungumáli með því að rjúfa tungumálhindranir. Þar sem auðvelt er að búa til ritgerðir og verkefni með gervigreindarverkfærum geta þó skapast áhyggjur af ritstuldi og frumleika. Of mikið traust á gervigreind, t.d. í ritgerðarskrifum, gæti þó tafið þróun gagnrýnnar hugsunar og ritfærni háskólanema. Fyrir háskólakennara getur notkun gervigreindar dregið úr stjórnunarbyrði þeirra og þannig gert þeim kleift að einbeita sér að persónulegri kennslu og stuðningi við háskólanema. Þá getur gervigreindin stóreflt fræðivinnu þeirra þar sem hún virkar eins og viðbótargreind á öllum stigum rannsóknarferlisins.

Ályktanir: Mikilvægt er að háskólanemar og háskólakennarar þekki bæði kosti og takmarkanir gervigreindar. Aðilar innan háskólasamfélagsins þurfa að taka markvissa afstöðu til notkunar gervigreindar vegna fjölmargra kosta en jafnframt takmarkana hennar t.d. hafa ekki allir háskólanemar sama aðgang að gervigreindarverkfærum, sem gæti aukið bilið milli mismunandi félags- og efnahagshópa. Þá verður heildstæð háskólakennslu- og námsstefna að vera fyrir hendi því án þess er erfitt að þróa ramma fyrir notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu.

Gervigreindarlíkan fyrir æðri menntun

Sigríður Halldórsdóttir Prófessor, Helgi Freyr Hafþórsson Verkefnastjóri margmiðlunar, Helena Sigurðardóttir Kennsluráðgjafi

Háskólinn á Akureyri

Ágrip / Abstract

Tilgangur rannsóknar var að þróa og prófa gervigreindarlíkan til að auðvelda háskólanemum og háskólakennurum að kynna sér notkun gervigreindar á markvissan og ábyrgan hátt.

Aðferðafræði: Við þróun gervigreindarlíkansins var notuð kenningarsambætting sem felur í sér þrjú meginskref: 1. Gera heimildasamantekt um efnið og draga fram úr þeim lykilhugtök og lykilstaðhæfingar og smíða úr þeim drög að líkani. 2. Bera líkanið saman við fræðilegt efni og fínþússa það. 3. Setja fram heildarlýsingu á líkaninu. Eftir að hafa þróað gervigreindarlíkanið fínstilltu höfundar það með tveimur akademískum starfsmönnum. Síðan var líkanið prófað af einum meistaranema og þremur akademískum starfsmönnum. Endurgjöf þátttakenda veitti innsýn í notendaupplifun sem verður nýtt við frekari þróun og prófun líkansins.

Niðurstöður: Gervigreindarlíkanið er sett fram sem hringferli í sex megin þrepum: 1. Virkni þátttakenda fyrir notkun gervigreindar: a) lestur um kosti og galla gervigreindar og b) hlusta á 10 mín kynningu. 2. Sökkva sér ofan í notkun gervigreindar (20 mín). 3. Einstaklingsbundin ígrundun á miðri leið (10 mín). 4. Gagnrýnin ígrundun eftir notkun gervigreindar (15 mín). 5. Opinskáar hópumræður í litlum hópum (30 mín). 6. Lokaniðurstaða um reynsluna af notkun gervigreindar (15 mín). Allir þættirnir eru skráðir niður af viðkomandi þátttakanda. Fram kom að bæði háskólanemar og háskólakennarar þurfa góða tæknilega aðstoð og stafræna hæfni til að geta nýtt sér gervigreind.

Ályktanir: Mikilvægt er að allir sem nota gervigreind þekki kosti hennar og galla. Efla þarf siðferðilega ábyrga notkun gervigreindar í háskólum með skýrri umgjörð. Halda þarf áfram að þróa gervigreindarlíkanið sem höfundar þróuðu.

CUTIE – Leiðir til að styðja háskólastofnanir í vegferð sinni við að efla stafræna hæfni starfsfólks

Bryndís Ásta Böðvarsdóttir Prófstjóri¹, Helena Sigurðardóttir Kennsluráðgjafi¹, Valgerður Ósk Einarsdóttir Kennsluráðgjafi²

¹Háskólinn á Akureyri. ²Háskólinn á Akureyri, Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð

Ágrip / Abstract

Kennslu- og Upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem miða sérstaklega að því að efla stafræna hæfni starfsfólks. Líkt og margar aðrar háskólastofnanir um allan heim var eitt af verkefnum KHA síðastliðið skólaár að vinna með notkun skapandi gervigreindar (e. Generative AI) innan skólasamfélagsins.

Að þessu sinni munum við kynna hluta af aðgerðaráætlun CUTIE – Competences for Universities using Technology in education and Institutional Empowerment sem miðaði að því að valdefla og styðja við starfsfólk og nemendur við notkun gervigreindar. Markmiðið fólst í því að mynda vettvang til deilingar á reynslu og tækifæri til samtals um notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu, bæði meðal starfsfólks og nemenda. Við settum upp reglulega hádegisfundi þar sem einstaklingum gafst kostur á að deila reynslu sinni. Viðburðirnir voru haldnir í HA ásamt möguleika á rauntímaþátttöku á netinu.

Við munum ræða hvernig CUTIE verkefnið miðar að því að veita stofnunum aðgang að hugmyndum og aðgerðum sem stefna að aukinni stafrænni hæfni starfsfólks, ásamt því að segja frá reynslu þátttakenda.

CUTIE byggir á evrópska viðmunarrámanum DigCompEdu um stafræna hæfni
<https://ec.europa.eu/jrc/en/digcompedu>

Hlekkur á verkefnið og tillögur að leiðum til að auka stafræna hæfni háskólakennara <https://cutie.unak.is/>

Tilraun á áhrifum mismunandi endurgjafar heimadæma á nemendur

Ásdís Helgadóttir Dósent¹, Guðrún Geirsdóttir Dósent², Halldór Pálsson Prófessor¹, Sigurður Örn Stefánsson Prófessor¹, Anna Helga Jónsdóttir Pr³

¹Háskóli Íslands, Verkfræði- og náttúruvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið/Kennslusvið.

³Háskóli Íslands, Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur heimadæma er t.d. að hjálpa nemendum að tileinka sér efnið, vinna jafnt og þétt og gefa þeim endurgjöf á námsárangur. Oft er gefin einkunn fyrir heimadæmin og þau gilda sem hluti af lokaekunn námskeiðs. Í þessari könnun var prófað beint hvaða áhrif það hefur á námshegðun nemenda. Í námskeiði í verkfræði var nemendum ekki gefin einkunn fyrir annað hvort heimadæmi en einkunn fyrir hin. Kennari fann þó einkunn fyrir öll heimadæmi en sú var aðeins notuð til að sjá hvort munur væri á gæði heimadæma eftir því hvort gefin væri einkunn eða ekki. Svo reyndist ekki vera. Spurningakönnun um áhrif á nemendur hvort þau fengu einkunn eða ekki fyrir heimadæmi var lögð fyrir nemendur. Það var tölfræðilega marktækur munur á svörum nemenda að þegar þau fengu einkunn töldu þau sig leggja sig meira fram, verja meiri tíma í að leysa dæmin, reyna meira á sig til að finna rétta lausn og vita betur hvar þau stóðu. En þau fundu líka fyrir meiri þrýstingi að standa sig, fannst það stressandi, voru líklegri til að afrita lausnir samnemenda, fyrri ára, lausnahefti eða annars staðar frá. Einnig var tölfræðilega marktækur munur á að þegar þau fengu enga einkunn töldu þau sig frekar þora að reyna sjálf, jafnvel þótt þau grunaði að væri ekki rétt hjá þeim og reyndu lengur sjálf áður en þau leituðu lausna annars staðar. Það er því ljóst að nemendur telja að einkunn hafi áhrif á þau en einkunn virðist bæði hafa neikvæð og jákvæð áhrif á námshegðun þeirra.

Samræða um listir, fegurð og farsælt líf

Ingimar Olafsson Waage Deildarforseti og doktorsnemi

Listahaskoli Íslands, Listkennsludeild

Ágrip /Abstract

Umræðan um farsæld sem markmið menntunar hefur farið vaxandi undanfarið. Til að mynda kynntu Mennta- og menningarmálaráðherrar sautján landa áætlun í þessum anda um aukna áherslu á listir og menningu í menntun á fundi UNESCO í febrúar á þessu ári. Meðal þeirra þátta sem taldir eru geta stuðlað að farsæld er hin fagurfræðilega vídd en hún felur í sér að nemendur fái tækifæri til að upplifa undrun, lotningu, von, ægifegurð, sjálfsbirtingu og andleg verðmæti.

Í fyrirlestrinum mun ég reifa hvaða hlutverki listir gegna fyrir menntun, þekkingu og skilning á mannlegri tilveru, ekki síst með hliðsjón af skynjun, myndlæsi og gagnrýninni hugsun. Þrátt fyrir að listir kunni að vera notadrjúgt verkfæri í menntun er mikilvægt að hafa í huga að listir hafa gildi í sjálfum sér og það er sá vinkill sem þarf að hafa í huga í allri umræðu um listir, menningu og skólastarf. Komið hefur í ljós að þátttaka nemenda í umræðum um listaverk getur dýpkað hugsun þeirra um margvíslegar hliðar mannlífsins, einkum fyrir tilstuðlan skynhrifa og virkrar þátttöku í samræðum þar sem hlustun, forvitni og samkennd leika lykilhlutverk.

Ennfremur mun ég kynna námsefni og samræðuaðferðir sem eru afurðir doktors-verkefnis míns, en efnið byggist á völdum listaverkum af fjölbreyttum toga. Dæmi um listaverk sem unnið verður með eru *Kristur í auðninni* eftir Ivan Kramskoi, *Fiskikonurnar* eftir Hildi Hákonardóttur, *Sumarnótt* eftir Gunnlaug Scheving, *Hekla* eftir Ásgrím Jónsson og *Síðsumar* eftir Gerði Helgadóttur.

Að læra af vináttu og ást

Olafur Pall Jonsson Professor

Haskoli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um mikilvægi þess að kennarar séu nemendur nemenda sinna og nálgist þá af vináttu og ást. Til að útskýra þessa staðhæfingu verður sótt í smiðju til Johns Dewey og Maríu Montessori, auk seinni tíma heimspekinga eins og Jane Roland Martin. Hugmyndin um lærdómssamfélag, sem mikið hefur verið í umræðu síðustu áratugi, verður skoðað í ljósi þessara hugmynda og því velt upp hvaða siðferðilegu gilda og dygða samfélag sem hverfist um djúpstæðan lærdóm raunverulega krefst. Auk dygða eins og virðingar og heiðarleika, krefst raunverulegt lærdómssamfélag þess að kennarar rækti eigið ímyndunarafl, og ímyndunarafl nemenda sinna, því samfélagið byggir á stöðugri viðurkenningu á því sem er mögulegt og býr handan reynslunnar, en ekki bara á staðreyndum sem við blasa og uppskriftum að góðu uppeldi. Til að rækta slíka eiginleika er kjörið að nota bókmenntir og listir, ekki bara til að miðla gildum og þekkingu til barnanna, heldur einnig til að skapa farveg fyrir ímyndunarafl og sköpun.

Endurgjöf í hagnýtri diplómu í íslensku sem öðru máli

Védís Ragnheiðardóttir Aðjúnt

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip /Abstract

Haustið 2023 hófu 273 nemendur nám í 60 eininga hagnýtri diplómu í íslensku sem öðru máli. Diplómunámið samanstendur af fjórum námskeiðum fyrir jól og fjórum eftir jól. Fyrir hvert námskeið er nemendum skipt í hópa. Í tilviki námskeiðsins Hljóð og hlustun I, sem hér verður til umfjöllunar, voru 11 nemendahópar og skiptu sjö kennarar kennslunni milli sín.

Endurgjöf hefur löngum verið talin einn af mikilvægustu þáttum náms. Án endurgjafar eiga nemendur erfitt með að átta sig á stöðu sinni og hafa þar af leiðandi minni möguleika á bætingu. Til að teljast góð þarf endurgjöf að uppfylla nokkur skilyrði, t.d. þarf hún að berast tímanlega og þá þurfa nemendur að skoða og nýta sér endurgjöfina.

Fjöldi kennara og nemenda í diplómanáminu felur í sér ákveðna áskorun fyrir stöðlun námsmats og endurgjafar milli samhliða hópa. Haustið 2023 hóf höfundur vinnu við endurskoðun tveggja framburðarverkefna í námskeiðinu Hljóð og hlustun I. Fyrsta skref þróunarvinnunnar var að hanna matskvarða sem kennarar og aðstoðarkennari notuðu við einkunnagjöf, en þetta var gert til að tryggja sem best samræmi í einkunnagjöf milli samhliða hópa. Næsta skref var að leggja fyrir nemendur stutta netkönnun þar sem spurt var um endurgjöfina sem nemendur fengu fyrir verkefnin tvö. Niðurstöður könnunarinnar voru jákvæðar og sýndu að endurgjöfin uppfyllti mörg skilyrði góðrar endurgjafar þó að sumt megi enn bæta.

Í erindinu verður fjallað um helstu niðurstöður könnunarinnar. Þá verður fjallað um hvernig niðurstöðurnar hafa nú þegar verið nýttar við þróun framburðarverkefnanna og endurgjafar innan diplómanámsins yfirhöfuð.

Siðferðilegt ímyndunarafl og skáldsagan um Benjamín dúfu: Starfendarannsókn í bókmenntakennslu

Pora Björg Sigurðardóttir Kennari og doktorsnemi

Haskoli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Erindið byggir á starfendarannsókn í bókmenntakennslu þar sem markmiðið var að tvinna siðfræðikennslu inn í íslenskukennslu á miðstigi í grunnskóla. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar byggir á hugmyndum um siðferðileg hugtök og siðferðilegt ímyndunarafl en sækir hugmyndir í hina húmanísku hefð í mikilvægi þess að leggja rækt við bæði tilfinningalegan og vitsmunalegan þroska nemenda. Við greiningu gagna var notuð svokölluð frásagnarrýni sem er sett saman í heildstætt afturblik sem skapar mjög persónulega sögu um ferðalag kennara með nemendum sínum í einn mánuð í mars árið 2021. Niðurstöður sýna að ímyndunaraflið varð upphafspunktur og forsenda þess að fá nemendur til að lifa sig inn í söguna og setja sig í spor persóna. Það varð vettvangur geðshræringa sem er leið barnanna til að taka vitsmunalega afstöðu til siðferðilegra atburða. Siðferðilegu hugtökin urðu eins konar steinar til að stikla á í gegnum sögu sem hafði sitt eigið siðferðilega gildi fyrir nemendur. Bókin sjálf um Benjamín dúfu varð því ekki tæki til að læra siðfræði heldur voru hugtökin tæki til að lesa söguna. Þau sköpuðu vettvang fyrir börnin til að tala um söguna á siðferðilegan hátt. Siðferðilegi orðaforðinn dýpkaði skilning nemenda á breytni og athöfnum og hjálpaði þeim að orða tilfinningar sínar og skoðanir og vega og meta ólíka valmöguleika. Börnin spegluðu orðaforðann á veruleika sinn með dæmum úr eigin lífi og þegar best lét gátu þau notað hann til að greina sína eigin siðferðilegu afstöðu þegar upp komu óvænt atvik í skóladeginum.

Sjálfvirk yfirferð forritunarverkefna – árangur nemenda og verklag

Ebba Þóra Hvannberg Prófessor

Háskóli Íslands, Verfræði- og rnáttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Nám í forritun einkennist af því að nemendur kynnist grunnhugtökum forritunar, þeir kynnist vandamálum sem hægt er að útfæra í tölvu og að nemendur æfi sig í að forrita þau. Hin síðari ár hafa komið fram ýmis tól til að auðvelda kennurum yfirferð forrita og hafa verið gerðar margvíslegar rannsóknir á þeim. Yfirlitsrannsóknir sýna að einatt er fjallað nýja tegund tóla en lítið er um raunvísindalegar rannsóknir á útbreiddum tólum. Markmið rannsóknarverkefnisins er að kanna árangur nemenda og verklag þeirra við forritun þegar notast er við sjálfvirka yfirferð forritunarverkefna í námskeiði á háskólastigi. Skoðuð voru gögn úr forritunarverkefnum meðal 174 nemenda. Nemendur gátu sent inn endurteknar lausnir á verkefnistímanum sem hugbúnaðarkerfi fór yfir sjálfvirk. Árangur var mældur í verkefniseinkunn nemenda og hvernig hún þróast á verkefnistímanum sem getur verið allt að ein vika. Verklag var mælt með því að greina hve oft nemendur senda inn lausn til yfirferðar á verkefnistímanum. Einnig var skoðað hvenær nemendur senda inn lokaútgáfu af lausn. Fylgni var reiknuð á milli verklags og lokaekunnar verkefnisins. Við drögum einkum þrjár ályktanir af niðurstöðum rannsóknarinnar. Þó að tæplega fjórðungur nemenda hafi sent inn eina eða tvær lausnir sýna niðurstöðurnar að það borgar sig fyrir nemendur að senda inn endurteknar lausnir og gefa sér tíma til að leysa verkefnið. Að meðaltali er þróunartími verkefnis ekki ýkja langur eða rétt undir einum degi. Niðurstöðurnar geta gefið kennurum upplýsingar um hvernig þeir geti leiðbeint nemendum um skilvirkara nám með sjálfvirkri yfirferð forrita.

Greining á kennslukönnunum

Jón Hallsteinn Hallsson Prófessor

Landbúnaðarháskóli Íslands

Ágrip /Abstract

Kennslukannanir (*Student Evaluations of Teaching* á ensku, oft skammstafað SET) eru mikið notaðar af háskólum og hafa það yfirlýsta markmið að auka gæði kennslu með því að hlusta eftir upplifun nemenda. En kennslukannanir eru ekki bara útbreiddar heldur einnig umdeildar og gagnrýndar meðal annars fyrir huglægni og hlutdrægni, auk þess sem þeim er kennt um óverðskuldaða hækkun einkunna. Þegar skoðaðar eru fræðigreinar um þetta fyrirbæri er ljóst að greina má merki skautunar í umræðunni, þar sem höfundar eru ýmist mjög jákvæðir eða mjög neikvæðir í garð kennslukannana. Markmiðið með þessari rannsókn var að skilja betur umrædda skautun. Til þess að nálgast þetta verkefni var greint safn af greinum frá árabílinu 1950 til 2024. Safninu var skipt í þrjú flokka, þ.e. „jákvætt“, „neikvætt“ og „hlutlaust“, byggt á orðalagi umræðu- og niðurstöðukafla. „Jákvætt“ og „neikvætt“ flokkarnir voru svo bornir saman með tilliti til umfjöllunarefnis og annarra þátta svo sem upprunals, birtingartíma o.þ.h. í leit að sameiginlegum þáttum sem skýrt gætu skautunina. Ekki sést greinilegur munur milli flokkanna tveggja hvað varðar upprunaland eða þau tímarit sem birta umræddar greinar. Vísbendingar sjást um mismunandi umfjöllunarefni/áherslur greina í flokkunum tveimur, þá virðist „neikvæðum“ greinum fara fjölgandi auk þess sem svo virðist að höfundar sem þróað hafa kennslukannanir eða hafa tengsl við stofnanir/fyrirtæki sem selja slíka þjónustu séu ábyrgir fyrir stórum hluta jákvæðu greinanna.

Verkfæri til að bæta námskeiðslýsingar

Tómas Philip Rúnarsson Prófessor

Háskóli Íslands, Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um verkfæri sem er í þróun og miðar að því að aðstoða kennara við að betrubæta námskeiðslýsingar sínar og samræma námsmarkmið við hæfniviðmið námsleiða. Með því að nýta tækni í náttúrulegri málvinnslu eins og GPT, sjálfvirknivæðir kerfið greiningu á námskeiðslýsingum, hæfniviðmiðum og matsaðferðum. Kerfið veitir nothæfa innsýn og ráðleggingar til að hjálpa kennurum að greina og takast á við gloppur og misræmi. Með því að einblína á nýlegar breytingar á þáttum námskeiða tryggir kerfið að uppfærslur séu stöðugt í samræmi við námsmarkmið. Það mælir einnig með tilteknum námskeiðum til að fylla upp í vöntun á hæfniviðmiðum og stuðlar þannig að hæfniviðmiðum námsleiðar. Kerfið, sem er samþætt við gagnagrunna háskóla og námsumsjónarkerfi eins og Canvas, mun bjóða upp á notendavænt mælaborð til að sýna stöðu samræmingar, ítarlegar greiningar og tillögur til úrbóta. Þetta nýstárlega verkfæri miðar að því að auka gæði menntunar og samhengi, og styðja kennara við að veita samræmda og árangursríka kennslu. Með lýsandi dæmum munum við sýna hvernig við getum bylt námskrárstjórnun og lagt okkar af mörkum til námsárangurs nemenda með því að tryggja að öll námskeið uppfylli þau viðmið sem námsbrautir gera ráð fyrir. Við skoðum hvernig slíkt kerfi getur verið verðmæt eign í gæðatryggingu menntunar.

Hvers vegna hætta þau námi? Hindranir sem mæta háskólanemum í Íslensku sem öðru máli

Brynja Þorgeirsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið þessarar rannsóknar var að leiða í ljós helstu ástæður mikils brotthvarfs meðal BA nemenda í Íslensku sem öðru máli, í þeim tilgangi að leita leiða til að sporna gegn því. Aðeins um 16% nemendanna útskrifast með BA gráðu í samanburði við 53% grunnnema í Háskóla Íslands sem heild. Rannsóknir á liðnum áratugum hafa aukið skilning á því hvernig ýmsar félagslegar, menningarlegar, efnahagslegar og stofnanalægar breytur, í samspili við einstaklingsbundna þætti, hafa áhrif á ákvörðun nemenda um að hætta námi fyrir útskrift. Megin rannsóknarspurningin í þessari rannsókn var hvernig nemendur skýra eigið brotthvarf, ásamt því hvert markmið þeirra væri með náminu og hvað einkennir samsetningu hópsins. Spurningakönnun var send á alla nemendur sem hafa skráð sig í námið síðastliðin tíu ár. Fjöldi í þýði var 1150 nemendur og svarhlutfall 37,5%. Niðurstöður sýna að mikill meirihluti, eða 82%, ætlar sér að útskrifast af námsbrautinni en mætir ýmsum hindrunum. Svarendur nefna helst skort á tíma, efnahagslegar og vinnutengdar ástæður ásamt óánægju með áherslur í náminu og tengingu þess við markmið þeirra og félagslegan veruleika. Námsskipulagið hafi verið steinn í götu þeirra og fjarnám eða sveigjanlegra skipulag myndi auðvelda þeim ástundun. Þrátt fyrir það telja um 70% þeirra sem hættu að námið hafi gagnast þeim vel. Niðurstöðurnar gefa til kynna mikilvæg tækifæri til úrbóta, svo sem breytingar á verklagi, skipulagi, þróun kennsluhátta og kennslumeningar. Enn fremur birtust skýrar vísbendingar um tækifæri til að tengja námsáherslur betur við fjölbreyttan reynsluheim og markmið nemenda, og að öflugri upplýsingagjöf ásamt sterkara námssamfélagi gæti unnið gegn brotthvarfi.

Námsupplifun fjarnema eftir heimsfaraldur: Greining á námsþörfum og viðhorfum við Háskólann á Akureyri

Verena Karlsdóttir Lektor

Háskólinn á Akureyri

Ágrip / Abstract

Eftir heimsfaraldur COVID-19 hefur fjarnám vaxið hratt og orðið lykilþáttur í háskólanámi. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að skilja sérþarfir fjarnema til að bæta námsupplifun þeirra. Rannsóknin felur í sér ítarlega úttekt á námsáhuga, viðhorfum til námsmats og þörfum fjarnema við Háskólann á Akureyri. Markmiðið er að greina heildstætt þarfir nemenda, gefa innsýn í hvernig þeir kjósa að læra og hvernig þeir nálgast námsefni á netinu. Við skoðum einnig hvernig nemendur upplifa námsmat í námskeiðum sínum.

Ítarleg könnun var send til allra fjarnema við skólann á vorönn 2024, sem náði yfir fjölbreytta þætti svo sem námsþarfir, námsaðferðir, samspil við stafrænt efni og afstöðu nemenda til námsmats. Greiningin leiddi í ljós mynstur og tengsl sem veita dýrmæta sýn inn í hvað fjarnemendur þarfnast og vilja. Niðurstöðurnar benda til þess að fjarnám þurfi að vera sveigjanlegt og í stöðugri endurskoðun til að mæta þörfum nemenda og til að tryggja að það standist kröfur nútímans og sé undirbúið fyrir framtíðina. Með því að innleiða nýjungar í fjarnámi, sem eru byggðar á rannsóknum og raundæmum, getur háskólinn orðið leiðandi í menntun sem mætir breytilegum og síauknum kröfum samfélagsins um menntun á Íslandi og erlendis. Þessi rannsókn mun stuðla að gagnreyndum umbótum í fjarnámsáætlunum skólans og bæta námsumhverfið í takt við þarfir og óskir fjarnemenda, sem er mikilvægt til að tryggja árangur þeirra í námi.

Umhverfi náms og kennslu við Lyfjafræðideild

Berglind Eva Benediktsdóttir Dósent, Elvar Örn Viktorsson Lektor

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip /Abstract

Kennsluumhverfi Lyfjafræðideildar hefur tekið töluverðum breytingum síðustu ár, m.a farið frá stórum lokaprófum í námskeiðum yfir í blöndu af leiðsagnar- og lokamati auk lotukennslu að hluta. Lyfjafræðideild þarf að horfa fram á við varðandi áherslur í kennslunálgunum en jafnframt breyta inntaki námsins skv. nýrri Evróputilskipun, sem námið lýtur. Markmið rannsóknarinnar var að kanna núverandi umhverfi náms og kennslu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands meðal nemenda í grunn- og framhaldsnámi og hvernig þau sjái námi sínu best fyrir komið.

Lagður var fyrir spurningalisti vorið 2024 með tölvupósti til lyfjafræðinemenda sem kannaði eiginleika náms og kennslu (TLE), námsfyrirkomulag og námsframvindu, tilhögun á tíma nemenda, álagsþætti og lotukennslu. Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir gerði ekki athugasemdir við spurningalistann. Þátttaka var valfrjál. Alls tóku 33 nemendur þátt í könnuninni (28% svarhlutfall), 10 karlar og 23 konur. Meirihluti þátttakenda voru skráðir í grunnám (87.9%) og 78.8% þátttakenda skráðir í fullt nám.

Fyrsta námsárið í grunnnámi er að stærstum hluta kennt utan Lyfjafræðideildar. Fleiri nemendur á efri árum voru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að kennarar notuðu fjölbreytta kennsluhætti (80% vs. 44.4%) og fjölbreytt námsmat (86.7% vs 44.4%). Þegar kom að spurningum tengdum lotukennslu sáu 57.6% svarenda slík námskeið sem vænlegan valkost. Fleiri, eða 67% svarenda, voru sammála því að þeir næðu frekar samhengi í námsefninu þegar námskeiðin væru kennd í lotu og 63.6% að þau myndu frekar námsefnið ef það var kennt í lotu.

Þessar niðurstöður veita innsýn inn í upplifun lyfjafræðinemenda á námsumhverfi sínu og verða góður grunnur við fyrirhugaða endurskipulagningu lyfjafræðinámsins.

Væntingar hjúkrunarnema til hjúkrunarnáms eftir námsleiðum

Sigrún Sunna Skúladóttir Lektor, Ásta Bryndís Schram Dósent

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip /Abstract

Bakgrunnur: Kennsla ólíkra hópa innan háskóla er vandasöm. Sérstaklega þegar nemahópar eru ólíkir hvað varðar aldur og fyrri menntun. Þekkt er að nemendur sem koma með fyrra nám að baki hefur verið lýst sem eldri, með fleiri styrkleika til að takast á við þekkingarþætti og virkari nemendur. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna einkenni, væntingar, upplifun, ánægju, hvernig kennsla var og hve margir skila sér í vinnu í heilbrigðiskerfið að loknu námi.

Aðferðir: Blönduð rannsóknaraðferð með bæði meginlegum og eigindlegum aðferðum. Notast var við spurningar úr spurningarlistum sem hafa verið forprófaðir og svarmöguleikar settir upp eftir likert skala. Opnar spurningar verða skoðaðar með eigindlegri nálgun.

Niðurstöður: Konur voru fleiri í báðum námsleiðum, hærra hlutfall karla var þó í námsleið fyrir fólk með aðra háskólagráðu. Þeir sem voru með aðra háskólagráðu voru eldri, frekar giftir (36%/10%) og voru frekar með annan einstakling á framfæri (71%/17%). Einnig kom fram að þau sem voru með fyrra háskólanám unnu meira með námi en 55% unnu meira en 17 klst á viku. Væntingar, upplifun og ánægja var sambærileg milli þessara hópa. Þeir sem voru með annað háskólanám voru ánægðari með kennsluna og sambærilega margir úr báðum hópum ætluðu ekki að vinna í heilbrigðiskerfinu að lokinni útskrift (7%/10%).

Ályktanir: Sá hópur sem sækir nám í hjúkrunarfræði hvort sem hann kemur til náms með annað háskólanám að baki eða ekki er ekki með raunhæfar væntingar fyrir erfiðleikastigi námsins og nemendur óháð námsleið vinna mikið með námi.

Mikilvægi góðs námssamfélags: Hugmyndir kennara og nemenda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands á kennsluþingi vorið 2024

Edda R. H. Waage Dósent

Háskóli Íslands, Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip / Abstract

Öflugt námssamfélag nemenda og kennara leggur grunninn að farsælu háskólanámi. Tengsl milli nemenda og kennara sem og tengsl nemenda á milli, rými og aðstaða til kennslu og náms og svo kennsluhættir, allt skiptir þetta máli til að þeir einstaklingar sem kjósa að hefja háskólanám geti vaxið og dafnað í sínu námi og náí að útskrifast að því loknu.

Innan Háskóla Íslands hefur brottfall nemenda frá námi verið áhyggjuefni og leiða verið leitað til að sporna gegn því. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands var haldið kennsluþing í maí 2024. Þar komu saman kennarar og nemendur af sviðinu og ræddu saman um gildi góðs námssamfélags og leiðir til að styrkja það. Í erindinu verða dregnar fram og fjallað um þær hugmyndir sem komu fram á þessu kennsluþingi.

Að festa námssamfélag um meistaraþrófsverkefni í sessi: Fyrir hverja og af hverju?

Eygló Rúnarsdóttir Aðjúnkt, Oddný Sturludóttir Aðjúnkt, Jakob F. Þorsteinsson Aðj

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Haustið 2022 hóf námsbraut í tólmstunda- og félagsmálafræði þróunarverkefni með styrk úr Kennslumálasjóði um myndun námssamfélags meistarana og kennara um lokaverkefni og leiðsögn með þeim. Verkefnið byggir á hugmyndum um námssamfélag þar sem reynsla og auðlindir nemenda og kennara eru virkjaðar. Markmið verkefnisins ríma við stefnumið HÍ26 um *afl á grunni gæða, vandað framhaldsnám og gæði náms í fyrirrúmi*. Námssamfélög eru kjörinn vettvangur til kennsluþróunar. Áskorun við lok þróunarverkefna snýst um að festa afrakstur þeirra og breytt verklag í sessi. Niðurstöður sýna að nemendur upplifa námssamfélagið sem mikinn og mikilvægan stuðning við skrif lokaverkefna sem staðfestir fyrri rannsóknir á menntavísindasviði HÍ um mikilvægi námssamfélaga. Kennarar sem tóku þátt í verkefninu lýsa einnig jákvæðri reynslu. Þau nefna aukið sjálfstraust í leiðsagnarhlutverkinu og traust innan teymisins sem og dreifðari og sameiginlegri ábyrgð á framvindu og velferð nemenda í þeirri vegferð sem ritun lokaverkefnis er. Brýnt er að byggja á þessari reynslu og halda í þá þekkingu sem verkefnið skapaði. Finna þarf leiðir til að afrakstur þróunarverkefnisins gufi ekki upp við lok styrktímabils. Fátt í háskólaumgjörðinni styður við og hvetur háskólakennara til myndunar námssamfélaga nemenda og kennara. Í erindinu verða reifaðar hugmyndir að næstu skrefum til þess að festa námssamfélag um meistaraverkefni í sessi til hagsbóta fyrir nemendur og kennara og áframhaldandi stuðning við að efla gæði meistaránáms og um leið ungan fagvettvang.

Vinnustofur fyrir nýnema við Raunvísindadeild HÍ

Sigurður Örn Stefánsson Prófessor

Háskóli Íslands, Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Skólaárið 2023-2024 voru skipulagðar vinnustofur fyrir nýnema við Raunvísindadeild Háskóla Íslands undir handleiðslu eldri nemenda. Í vinnustofunum var bæði í boði námsaðstoð og umræða um ýmislegt annað sem nýnemar í háskóla velta fyrir sér eða gætu þurft að fást við. Í þessari rannsókn var kannað hvort mæting í vinnustofurnar stuðlaði að aukinni tengslamyndun nemenda. Nemendur sem sóttu vinnustofur einu sinni eða oftari voru 2024 mynduðu að meðaltali 1.1 fleiri ný félagsleg tengsl á vormisseri heldur en þau sem aldrei mættu. Niðurstöður frá haustinu 2023 voru á sömu leið en ekki tölfræðilega marktækar. Einnig var skoðað hvort þau sem sóttu vinnustofurnar hefðu verið betur tengd við upphaf náms. Nemendur sem mættu einhvern tímann í vinnustofur voru 2024 höfðu að meðaltali 2.1 fleiri félagsleg tengsl við upphaf náms haustið 2024 en þau sem mættu ekki. Vinnustofurnar gagnast því mögulega til að stuðla að fjölgun félagslegra tengsla en huga þarf að skipulagi þeirra þannig að betur náist til hópsins sem ekki er vel tengdur við upphaf náms.

Tækifæri í kjölfar breytinga á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður í háskóla

Auður Pálsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið þessara erindis er að greina helstu breytingar sem gerðar voru með lögum vorið 2024 á *Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður fyrir háskóla á Íslandi* og setja þær í samhengi við tækifæri og áskoranir sem námsframboð í deild Hjúkrunar- og ljósmóðurfræða við HÍ stendur frammi fyrir.

Með nýju lögunum er lögð meiri áhersla á að námsframboð háskóla sé sniðið að hæfniramma evrópska háskólasvæðisins (QF-EHEA) þar sem tilgangurinn er þrjúþættur: að námsframboðið sé sniðið eftir sameiginlegum evrópskum gæðaviðmiðum fyrir háskóla, að veita gagnkvæma viðurkenningu námsgráða og náms milli aðildalandanna og skipuleggja nám við háskóla í þriggja þrepa námsgráðum í staðlaðri lengd (oftast 3+2+3 námsár).

Með nýju lögunum verður íslenskum háskólum ekki lengur heimilt að bjóða diplómunám á grunn- eða framhaldsstigi undir 60 ECTS. Hins vegar er í lögunum skilgreint svokallað *örnám* (e. micro-credentials) sem felur í sér staðlaðar námseiningar (ECTS) og lýtur öllum gæðakröfum sem gerðar eru til náms á háskólastigi.

Grunnnám í hjúkrunarfræði er í dag fjögur ár á Íslandi og uppfyllir námið evrópska gæðastaðla mjög vel. Tengdar meistaranámsleiðir í HÍ eru t.d. í ljósmóðurfræði, geðhjúkrun og heilbrigðisvísindum, allt 120 eininga meistaraþráður. Þá hafa í HÍ verið í boði diplómur á framhaldsstigi ýmist 30 eða 80 einingar á nokkrum sérsviðum.

Rætt verður hvaða áhrif ný lög um *Viðmið um æðri menntun og prófgráður* gætu haft á námsframboð í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Ljóst þykir að námskráin þarfnist endurskoðunar, sérstaklega með hliðsjón af tækifærum örnáms sem fela í sér sóknarfæri í sí- og endurmenntun hjúkrunarfræðinga sem starfa í sífelld flóknari vettvangi.

Amatöruþttökur á sérfræðisþekkingu: Afstaða háskólanema til kennslumyndskeiða

Davíð G. Kristinsson Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmiðið rannsóknarinnar er að kanna hvernig háskólanemar meta vægi og framsetningu kennslumyndskeiða í námi. Þetta mat er borið saman við neyslu þeirra á myndskaiðum fjöl- og samfélagsmiðla. Tilgangurinn er að fá betri innsýn í væntingar nemenda varðandi kennslumyndskeið svo kennarar séu í betri stöðu til að taka ákvörðun um það í hvaða magni og á hvaða formi myndskaið skulu notuð. Notast var við meginlega aðferð við skoðanamælingu, strúktúraðar spurningar. Niðurstöður sýna að nemendur hafa almennt frekar jákvæða afstöðu til myndskaiða samanborið við texta, enda vanir neyslu þeirra utan náms á fjöl- og samfélagsmiðlum. Í samræmi við það hafa þeir jafnvel áhuga á því að hlutfall myndskaiða í kennslu verði aukið eitthvað á kostnað lesturs fræðitexta. Þeim þykir að kennslumyndskeið ættu að hafa eitthvert skemmtigildi en þó hóflegt til samanburðar við t.d. myndskaið á samfélagsmiðlum. Nemendur virðist í þessu samhengi sjá fyrir sér eitthvað á borð við myndskaið sem eru tveggja manna tal að hætti hlaðvarpsins. Hið myndræna samræðuhlaðvarp virðist vera hið fullkomna dæmi um eitthvað sem komið gæti til móts við óskir nemenda um aukið hlutfall myndskaiða í kennsluefni. Slíkt efni gæti haft enn meira skemmtigildi en einræða kennarans, en er þó ekki fyrst og fremst skemmtun heldur aðallega fræðsla. Til þess fjölga kennslumyndskeiðum af þessum toga þyrftu kennarar að leggja á sig aukna upptökuvinnu og skipuleggja tókutíma með öðrum sem eru sömuleiðis nokkuð vel að sér í viðfangsefninu. Ef slíkar upptökur auka ánægju og lærdómsiðkun nemenda gætu þær verið áhugaverður möguleiki þrátt fyrir aukið vinnuálag.

Upplifun nemenda af vendikennslu

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Vendikennsla er tiltölulega nýtt fyrirbæri í kennslufræðunum sem nýtur vaxandi vinsælda á öllum skólastigum og fékk aukna athygli á tímum fjarkennslu í samkomubanni vegna Covid19. Niðurstöðum rannsókna á upplifun nemenda af vendikennslu ber hins vegar ekki saman. Sumar benda til þess að nemendur kunni betur að meta vendikennslu en hefðbundnar aðferðir, aðrar greina engan mun og einhverjar jafnvel að nemendum mislíki aðferðin.

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á upplifanir nemenda af vendikennslu, með áherslu á hvað hefur áhrif á ákvarðanir þeirra þegar kemur að undirbúa sig fyrir kennslustundir með þeim hætti sem aðferðin gerir ráð fyrir. Um er að ræða starfendarannsókn sem byggir á eiginlegum aðferðum og fór fram á vormisseri 2023. Stuðst var við rannsóknardagbók og rýnihópaviðtal við nemendur í 1. árs námskeiði við Menntavísindasvið HÍ, sem skipulagt var út frá vendikennslu. Helstu niðurstöður benda til að formið sjálft, vendikennsla, henti nemendum misvel. Mögulega skipti skipulag náms og kennslu, og það að kröfur til nemenda séu þeim skýrar og aðgengilegar, ekki síður máli en sú leið sem valin er í kennslu. Auk þess benda niðurstöður til þess að kostur sé að blanda saman ólíkum kennsluaðferðum til að mæta þörfum sem flestra nemenda. Mikilvægt er að þegar kennsluaðferðir eru ákveðnar séu kennarar meðvitaðir um bæði markmið kennslunnar og þarfir nemendahópsins, sem og eigin styrkleika og veikleika sem kennarar.

Uppbygging náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum, helstu áskoranir og tækifæri til endurskoðunar

Berglind Hálfhánsdóttir Dósent, Herdís Sveinsdóttir Prófessor, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir Prófessor, Brynja Örlygsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið þessa erindis er að greina helstu áskoranir og tækifæri sem núverandi námsframboð í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum stendur frammi fyrir í tiltölulega fámennu ríki sem Ísland er.

Bæði hérlendis og á heimsvísu er mikill skortur á vel menntuðum hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum sem geta mætt þeim kröfum sem gerðar eru í nútímasamfélagi um öryggi og gæði í heildrænu ljósi. Í dag er menntun hjúkrunarfræðinga fjögurra ára 240 ECTS grunnnám og menntun ljósmæðra felst í 120 ECTS meistaranámi til starfsréttinda þar sem gerð er forkrafa um BSc-gráðu í hjúkrunarfræði.

Í ljósi nýsamþykkttra *Viðmiða um æðri menntun og prófgráður fyrir íslenska háskóla* með lögum frá Alþingi í mars 2024 og tilkomu *örnáms* í háskóla birtast tækifæri til að rýna í núverandi námsframboð. Í þessu erindi verður sjónum beint að þrennu. 1) Núverandi uppbygging náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum verður kynnt og greint hver helstu sóknarfæri og áskoranir eru ef námið yrði sniðið að skipulaginu 3+2+3 námsár (sérstaklega þriggja ára grunnnám og tveggja ára meistaranám). 2) Kynnt verða meginrök með og á móti því að slík endurskipulag yrði að veruleika. 3) Þá verður rætt hvað formleg námstilboð í örnámi gætu haft í för með sér, sérstaklega fyrir starfandi hjúkrunarfræðinga og ljósmæður innan og utan spítala hérlendis.

„Nei, við aðskiljum ekki vinnu og heimili.“: Daglegt líf akademísks starfsfólks á Íslandi og í Kanada.

Andrea Hjálmsdóttir Lektor¹, Laura Landertinger Rannsakandi², Helga Kristín Hallgrímsdóttir Prófessor og Deputy Provost,³ Þorgerður Einarsdóttir Prófessor⁴

¹Háskólinn á Akureyri. ²Menntamálaráðuneyti Ontario, Kanada,. ³Háskólinn í Victoria, Kanada,. ⁴Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Doktorsmenntuðu fólki hefur fjölgað verulega á síðustu árum en á sama tíma hefur starfsumhverfi háskóla breyst nokkuð með tilkomu nýsköpunar í rekstri. Fastar akademískar stöður hafa ekki haldist í hendur við fjölgun nemenda og enn byggir vinnuumhverfi háskóla á karllægum strúktúrum og menningu sem er viðhaldið og þau endursköpuð í umhverfi samkeppni, skilvirkni og langra vinnudaga. Þrátt fyrir að saxast hafi á kynjabil á meðal doktorsmenntaðra er staða kvenna almennt lakari innan háskóla. Í þessum fyrirlestri eru kynntar niðurstöður rannsóknar sem byggir á viðtölum við akademískt starfsfólk í háskólum á Íslandi og í Bresku Kólumbíu, Kanada. Ísland býr við velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd en í Kanada hefur hið frjálslýnda velferðarkerfi verið ríkjandi og mætti því ætla að staða vinnandi fólks í þessum löndum sé nokkuð ólík. Niðurstöðurnar byggja á viðtölum við 13 konur og 13 karla en markmið rannsóknarinnar var að bera saman kynjaðan veruleika akademísks starfsfólks í háskólum á Íslandi og á vesturströnd Kanada með áherslu á samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Niðurstöðurnar benda til þess að þrátt fyrir ólíkar velferðarstefnur og samfélagslegan strúktúr þá sé daglegt líf viðmælenda okkar mjög svipað. Kunnugleg stef um kynjaða verkaskiptingu og yfirráð yfir tíma eru áberandi og karlarnir virðast frekar njóta góðs af íhaldssömum viðhorfum innan háskólanna. Þá virðist stigamatskerfi íslenskra háskóla valda mikilli streitu og þrýstingurinn um rannsóknarafköst jafnvel skáka þeirri þjónustu sem íslenska velferðarkerfið veitir fjölskyldufólki. Íslensku þátttakendurnir voru líklegri til að lýsa meiri streitu sem fylgdi því að uppfylla akademískar væntingar þar sem krafan um einstaklingsmiðuð afköst er mikil.

Möguleg framtíðarsýn og rammi náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir Prófessor¹, Auður Pálsdóttir Dósent², Berglind Hálfhánsdóttir Dósent¹, Herdís Sveinsdóttir Prófessor¹, Brynja Örlygsdóttir Prófessor¹, Sigrún Sunna Skúladóttir Lektor¹

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið þessa erindis er að kynna fyrsta mögulega ramma að uppbyggingu náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum í HÍ. Tilgangurinn er að skapa samtalsgrunn þeirra sem koma að námi í þessum fræðum við HÍ, annars vegar sérfræðingum í hjúkrun- og ljósmóðurfræðum og hins vegar sérfræðingum á sviði háskólakennslu og viðmiðum um æðri menntun og prófgráður hérlendis.

Þróun náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum hefur einkennst af metnaði og fagmennsku þar sem þekking byggð á rannsóknum hefur verið í forgrunni. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fengu fyrst menntun sína erlendis, seinna í Hjúkrunarskóla Íslands eða Ljósmæðraskólanum og síðar var allt nám hjúkrunarfræðinga sett undir einn hatt í háskólanámi sem sem var undirstaða í ljósmóðurfræði þar til hún varð einnig að sjálfstæðri háskólagrein. Til þess þurfti kjark og framtíðarsýn.

Í þessu erindi verður sami kjarkur hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og áður hafður að leiðarljósi. Kynnt verður möguleg framtíðarsýn og rammi náms í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Hér er um ramma náms að ræða en ekki námkvæma upptalningu á einstökum atriðum inntaks námsins. Gerð er grein fyrir mögulegri uppbyggingu í grunnnámi, dæmum um meistaranámsleiðir og ekki síst hvernig nýlega skilgreint örnám getur skapað skipulegan farveg fyrir sí- og endurmenntun starfandi hjúkrunarfræðinga sem margir þurfa að geta sinnt fjölbreyttum verkefnum í fámennu íslensku samfélagi.

Að stíga inn í hugmyndir um hópleiðsögn meistaránema: Reynsla leiðbeinenda í tómstunda- og félagsmálafræði af þróunarverkefni um námssamfélag

Oddný Sturludóttir Doktorsnemi, Eygló Rúnarsdóttir Aðjúnt, Jakob F. Þorsteinsson Aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Tómstunda- og félagsmálafræði er hvort tveggja ungt fag og fræðavettvangur á Íslandi. Meistaraverkefni nemenda eru fjölbreytt og mikilvægur liður í að skapa nýja þekkingu, styrkja stöðu vettvangsins og efla fagmennsku. Ein helsta áskorun meistaránema hefur verið að takast á við 30 eininga lokaverkefni. Með þessar áskoranir í huga sótti námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði um styrk til kennslumálasjóðs árið 2022 til að þróa námssamfélag um hópleiðsögn meistaraverkefna. Styrkurinn nýttist til þróunar á samstarfi námsbrautarinnar við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og fræðafólk úr tveimur deildum Menntavísindasviðs. Þróunarverkefnið hófst haustið 2022 og byggir á hugmyndum um námssamfélag þar sem reynsla nemenda og auðlindir bæði nemenda og kennara eru virkjaðar. Markmið verkefnisins ríma við stefnumið HÍ26 um *afl á grunni gæða, vandað framhaldsnám og gæði náms í fyrirrúmi*. Gögnum var safnað með fjölbreyttum hætti, m.a. á samráðsfundum, með rýnihópaviðtölum og miðum úr samfélagi (MÚS-armiðar). Niðurstöður sýna að þátttaka nemenda í námssamfélaginu styður faglega, námslega og félagslega við þau í ferlinu, frá verkefnahugmynd til lokaskila. Þátttaka í námssamfélaginu hefur eflt trú leiðbeinenda á eigin getu og fjölgað bjargráðum þeirra. Niðurstöðurnar benda til þess að námssamfélög sem þessi séu jarðvegur fyrir markvissari leiðsögn sem getur leitt til aukinna gæða meistaraverkefna. Það er þýðingarmikið fyrir unga fag- og fræðigreinin. Rannsóknin varpar ljósi á gildi þess fyrir fámenna námsbraut að nýta reynslu reyndra jafningja úr öðrum fræðigreinum til að byggja upp öflugt samfélag nemenda og leiðbeinenda. Rannsóknin bendir skýrt til þess að reynsla háskólakennara af hópleiðsögn meistaraverkefna getur nýst öðrum fræðasviðum eftir samhengi og aðstæðum hverju sinni.

Notkun tækni í samskiptum og samstarfi fjölskyldna fjöltyngdra barna og skóla þeirra

Anna Katrín Eiríksdóttir Doktorsnemi, Kriselle Suson Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir Dósent í kennslufræði

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Nemendum af erlendum uppruna í skólum landsins fjölgar ár frá ári og einnig eykst fjölbreytileiki í bakgrunni, menningu og tungumálum meðal nemendanna. Markmið rannsóknarverkefnisins, Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun (LPP), er meðal annars að rannsaka tungumálastefnu og starfshætti fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og tengsl þessara þátta við skólasterfið. Í LPP rannsókninni var rætt við 16 ólíkar fjölskyldur í fjórum mismunandi sveitarfélögum, bæði foreldra og börn þeirra á aldrinum 10–16 ára. Einnig var rætt við kennara barnanna, móðurmálskennara og skólastjórnendur í leik- og grunnskólum.

Í þessu erindi eru dregnar saman fyrstu niðurstöður varðandi notkun tæknilegra lausna í samskiptum og samstarfi fjöltyngdra nemenda, fjölskyldna þeirra og skólanna. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að helstu samskiptaleiðir kennara og foreldra séu tölvupóstar sem ætlað er að flytja upplýsingar á milli heimila og skóla. Í skólunum í rannsókninni eru nýttar rafrænar lausnir til að halda utan um nám og einkunnir og eiga foreldrar misauðvelt með að setja sig inn í þær. Að auki kemur fram stuðningur þýðingarforrita við samskipti. Heima nota fjölskyldurnar ýmsa tækni til að halda tengslum við upprunaland og -tungumál og eiga í samskiptum við ættingja.

„Og svo gleymdi ég því miður öllu um Inspera og þarf að byrja alveg upp á nýtt.“: Rafræn próf og stuðningur við kennara á Hugvísindasviði.

Rannveig Sverrisdóttir Lektor og kennsluþróunarstjóri

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip / Abstract

Kennslusvið HÍ sinnir víðtækum stuðningi við almenna kennsluþróun sem og við innleiðingu stafræna lausna í kennslu, þar á meðal rafræna prófakerfið Inspera. Rúm fimm ár eru síðan HÍ hóf að nota prófakerfið en notkunin er mismikil milli sviða, á Hugvísindasviði er hlutfallið lægra en víðast hvar annars staðar. Ein ástæða þess gæti verið sú að stuðning skorti við kennara, ekki síst þá sem leggja sjaldan fyrir skrifleg próf og því spurning hvort auka þurfi stuðning innan sviðsins. Stutt spurningakönnun var send á kennara sem höfðu lagt fyrir skriflegt próf á pappír á árunum 2022-2024. Markmið verkefnisins var að kanna hvers vegna kennarar halda áfram að leggja fyrir próf með blaði og penna þrátt fyrir tilkomu Inspera og hvaða hindranir stæðu í vegi fyrir því að taka upp Inspera. Niðurstaða úr könnununum sýnir að yfir 60% telja að þeir hafi ekki tíma til að læra á Inspera og um 20% svöruðu því til að þeir væru með sérþarfir og því hentaði Inspera ekki. Þá var spurt hvort það hefði áhrif á val kennara ef meiri stuðningur fengist innan sviðsins við uppsetningu prófa en við því fengust ekki afgerandi svör. Þá var skólaárið 2023-2024 einnig lögð könnun fyrir þá kennara sem notuðu Inspera og þeir inntir eftir því hvort þeir hefðu leitað eftir stuðningi og þá hvert. Höfðu flestir, yfir helmingur, leitað hjálpar hjá Kennslusviði en nokkrir leituðu einnig til samkennara. Tveir þriðju telja að núverandi stuðningur sé nægur en um 15% vildu meiri stuðnings innan fræðasviðsins.

Lykilstoðir gæða í háskólanámi

Lóa Guðrún Gísladóttir Aðjúnkt, Ragný Þóra Guðjohnsen Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindavið

Ágrip /Abstract

Aukin sókn eftir háskólamenntun og fjölbreytt sýn á hlutverk hennar hefur aukið kall eftir rannsóknum á gæðum háskólanáms þar sem leitast er við að varpa skýrara ljósi á hvað felst í hinu marglaga gæðahugtaki. Í rannsókninni var leitað eftir sýn ólíkra hagaðila innan íslensks háskóla, stjórnenda, kennara og nemenda, á hvað felist í gæðum náms og kennslu og hvaða leiðir séu til þess fallnar að styðja við gæðanám. Tekin voru einstaklingsviðtöl við fjóra stjórnendur og rýnihópaviðtöl við níu kennara og 15 nemendur. Við greiningu viðtalanna var notuð þemagreining. Í niðurstöðum kom fram að viðmælendur voru sammála um fjórar lykilstoðir gæða í háskólanámi: að námið veiti hagnýta þekkingu og hæfni; gerðar séu skýrar kröfur; kennsluhættir séu vandaðir; og samskipti góð. Aðstæðubundinn munur kom þó fram í áherslum viðmælendahópanna og mismunandi sýn á merkingu þess að „menntast“. Viðmælendur nefndu einnig tvær meginleiðir sem væru farsælar til að styðja við gæði náms: Að þróun náms og umbótastarf væri sífellt í gangi; og hlúð sé að öflugum námssamfélagi. Af niðurstöðum má ráða að tryggja þurfi viðvarandi gæðastarf í háskólanámi og að brugðist sé við breyttum aðstæðum á hverjum tíma með gæði náms í huga. Hér á landi þurfi jafnframt að stuðla að tækifærum nemenda til aukinnar námshelgunar og standa vörð um starfsskilyrði háskólastofnana, kennara og stjórnenda. Í erindinu verður nánar fjallað um niðurstöður og þýðingu þeirra.

Introduction to the project Heimahöfn

Guðrún Geirsdóttir Dósent¹, John David Baird Kenns²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið/Kennslusvið. ²Háskólinn í Reykjavík

Ágrip /Abstract

Heimahöfn is a project funded by the Ministry of Higher Education, Science, and Innovation. It is a collaborative project of educational developers from all the seven universities in Iceland. The overall goal of the project is to develop a platform hosting accessible on demand online modules for university teachers and other staff in higher education. The online modules are created based on an extensive analysis of university teachers' current needs for resources and assistance. In this introduction presentation, the overall aims and the rational of the project will be discussed as well as the organization of planned activities though specific work packages. Furthermore, the main challenges of the collaboration of educational developers will be highlighted, and preliminary outcomes introduced.

An International Overview of Higher Education Competencies and Teaching Frameworks: Towards Professional Development of Educators in Iceland

Deisi Trindade Maricato Doktorsnemi, Jessica Aquino Dósent

Háskólinn á Hólum

Ágrip / Abstract

This discussion focuses on an overview of higher education competencies and the teaching frameworks used from an international perspective and its status in Iceland. This research seeks to contribute to the debate on the importance of professional development of higher education teachers by promoting guidance for critical reflection on the current experience of professional development frameworks in Iceland. Recent studies have highlighted different challenges in teaching practices in higher education while the professional teaching skills of educators can influence the effectiveness of student-centred learning. The aim of this research had two aims. 1) A literature review of the competencies needed and to understand what is considered of paramount importance for educational practices in teaching in higher education internationally. 2) An online survey was created to verify the training offered within higher education institutions in Iceland—both formal and informal settings—that promote professional development of teachers. The results of this study highlight the importance of supporting professional development both in the informal and formal settings that focuses on improving and developing didactic-pedagogical competencies. Furthermore, the findings suggest the need for further development professional development frameworks that improve pedagogical skills and that supports the quality of higher education teaching based. Suggestions for university support for educators in professional development will be discussed.

Mapping teaching methods and teaching development needs in higher education

Ásta Bryndís Schram Dósent og kennsluþróunarstjóri, Abigail Snook Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip / Abstract

The purpose of the study was to map teaching methods and teachers' needs for teaching development at the universities in Iceland. This study, Heimahöfn, was a part of a larger project funded by the Ministry of Higher Education, Science and Innovation focusing on the quality of teaching. An invitation to participate in a survey was sent through emails to 3.639 teachers and resulted in 1003 responses. Results indicate that some teachers would have liked more training. Teachers are interested in developing their teaching, but few have adequate time. They participate in teaching development about two-to-three times a year, find it somewhat helpful, and use gained knowledge somewhat in their teaching. The most common teaching methods are lectures and discussions. Over 50% use small group strategies. Around 40% teach often or always online. Teachers' main needs seem to revolve around their working relationship with students: To motivate, engage, encourage them to be more self-directed, and to manage common teaching challenges, e.g., diversity, disability, and students experiencing difficulties. Other important needs were to design effective assessment and teaching strategies for student-centered learning and provide constructive feedback. Teachers also indicated a need to learn self-assessment and reflection. Teachers perceived to some degree connection to their departmental colleagues but rated lowest the statement that other teachers share their teaching ideas. Less than half know where to go for advice on teaching. The results will be used to develop faculty development resources, such as online teaching modules that would be accessible to all university teachers.

Úrræði fyrir einstaklinga með lestrarvanda

Guðbjörg R. Þórisdóttir læsisráðgjafi

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Svið málþroska og læsis

Ágrip /Abstract

Í vor kom út skýrsla um læsi sem tekin var saman fyrir mennta- og barnamálaráðherra í kjölfar þverpólíttískrar beiðni þar sem meðal annars var óskað eftir upplýsingum um hvaða úrræði standa einstaklingum á öllum skólastigum til boða sem glíma við lestrarvanda. Í erindinu verður meðal annars fjallað um athuganir á sérúrræðum sem veitt eru á efri skólastigum, stafræna tækni og úrræði á almennum markmiði. Greint verður frá þeirri stöðu sem nú er uppi og bent á mikilvægi þess að úrræðin séu gerð miðlæg og aðgengileg öllum í þágu jafnréttis til náms en útlit er fyrir að staðan muni breytast mikið til batnaðar á næstu árum. Þá verður einnig fjallað stuttlega um markverðar niðurstöður skýrslu á vegum UNESCO frá liðnu ári þar sem lagt er mat á áhrif stafrænnar tækni í skólastarfi undanfarna áratugi, ávinninginn af henni og mikilvægi þess að eðli og gæði tæknilausna séu í ætíð sett í samhengi við gildi þeirra fyrir þroska, nám og líðan nemenda.

Heimahöfn: Application of the ADDIE model to the creation of self-paced, online professional development courses for university teachers in Iceland.

John David Baird Kennsluráðgjafi¹, Helena Sigurðardóttir Kennsluráðgjafi², Auðbjörg Björnsdóttir
Forstöðumaður Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöðvar²

¹Háskólinn í Reykjavík. ²Háskólinn á Akureyri

Ágrip / Abstract

The Heimahöfn project focuses on enhancing the professional development of university teachers in Iceland through self-paced online courses. This presentation discusses the use of the ADDIE instructional design model in the realisation of the Heimahöfn Háslólakennslu project.

At its simplest, instructional design can be described as the creation of instructional materials. The ADDIE model provides a five-stage framework for structuring this creative process. The five stages are *Analysis* (the process of defining what is to be learned), *Design* (the process of specifying how it is to be learned), *Development* (the process of authoring and producing the materials), *Implementation* (the process of installing the project in the real-world context) and *Evaluation* (the process of determining the adequacy of the instruction). The ADDIE model is not intended to be used in a linear, lock-step way. Instead, it is conceived to be used dynamically, fluidly and iteratively with formative evaluation and feedback informing each stage of the creative process.

This presentation focuses primarily on the *Analysis*, *Design* and *Development* stages of the process. We will discuss how we interpreted and operationalised these stages of the ADDIE model up to and including the deployment of a pilot course. We will share our experiences and reflect on our successes and challenges. We will also outline our future plans regarding the *Implementation* and *Evaluation* stages of the model.

Menntun, Móttaka, Menning (MEMM)

Dröfn Rafnsdóttir sérfræðingur¹, Donata Honkowicz Bukowska Sérfræðingur², Fríða Bjarney Jónsdóttir Sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og innleiðingar³

¹Reykjavík / MMS, Miðja máls og læsis. ²Stjórnarráð Íslands, Mennta- og barnamálaráðuneytið. ³Mennta- og barnamálaráðuneyti

Ágrip / Abstract

Menntun, Móttaka, Menning (MEMM) er samstarfsverkefni Mennta- og barnamálaráðuneytis, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og Reykjavíkurborgar og miðar að því að bæta menntun og móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á Íslandi.

Verkefnið, sem stendur til 2026, samræmir verklag og þróar verkfæri til að styðja við m.a. íslensku sem annað mál, fjölmenningslega menntun og foreldrasamstarf. Jafnframt er því ætlað að þróa og tryggja öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri, sem og stuðning til lausnar flóknari aðstæðum. Nýta á þá þekkingu sem skapast hefur bæði hjá menntastofnunum og sveitarfélögum landsins og reynst hefur vel við móttöku barna af erlendum uppruna með samstarf og samhæfingu að leiðarljósi. Miðja máls og læsis hefur á liðnum árum byggt upp markvissa þjónustu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í Reykjavíkurborg með góðum árangri. Stuðningur, ráðgjöf og efni tengt verkefninu verður gert aðgengilegt um allt land með áherslu á skólaskrifstofur sveitarfélaga, leik-, grunn- og framhaldsskóla, og frístundastarf þar sem börnin búa og stunda nám.

Mat verður lagt á fjölgun skóla sem tekið hafa þjónustuna í notkun, að starfsþróun kennara og framboð á námsefni og verkfærum vegna íslensku sem annars máls fyrir börn og kennara hafi aukist, og að stuðningsúrræði á landsvísi séu til staðar vegna barna í viðkvæmri stöðu (s.s. flóttabarna). Jafnframt er stefnt að kortlagningu gagna sem nýta má til að fylgjast með námsárangri og félagslegri virkni barnanna.

Á málstofunni munum við kynna markmið, áherslur MEMM og væntanleg áhrif þess á menntakerfið og hlutverk menntatækni.

Yndislestur í íslenskum skólum – saga og samhengi

Jón Yngvi Jóhannsson Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Hugtakið yndislestur hefur verið nokkuð áberandi í íslensku skólakerfi á undanförunum áratugum. Það má finna á stundaskráum grunnskóla, í skólanámskrám og í áfangalýsingum fyrir íslensku og erlend tungumál í framhaldsskólum. Hugtakið yndislestur virðist spröttið úr grasrót íslensks skólakerfis og hefur ekki verið skilgreint fræðilega eða í námskrám. Í þessum fyrirlestri verður grafið fyrir um notkun þess og sögu og gerð tilraun til að skilgreina það og setja í samhengi.

Hugtakið á sér nokkuð langa sögu sem hófst með yndislestraráföngum í Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1991. Þessir áfangar voru nýbreytni á sínum tíma og vöktu töluverða athygli og jafnvel deilur í íslenskum fjölmiðlum. Það leið þó ekki á löngu þar til aðrir framhaldsskólar fylgdu fordæmi Menntaskólans við Hamrahlíð og tóku upp yndislestraráfanga. Einstakir grunnskólar fylgdu fljótlega fordæmi framhaldsskóla og yndislestur er nú einnig hluti af íslenskunámi kennaranema við Háskóla Íslands.

Hugtakið hefur smám saman breiðst út um íslenskt skólakerfi og má nú tala um yndislestur sem ákveðna kennsluaðferð sem er mikilvægur hluti íslenskukennslu í bæði grunnskólum og framhaldsskólum.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um upphaf þessarar kennsluaðferðar í íslensku skólakerfi og þróun hennar. Stuðst verður við nýlegar rannsóknir meistaránema á yndislestri, sem og sögulegar heimildir, viðtöl við frumkvöðla yndislestrar í framhaldsskólakennslu og samanburð við alþjóðlegar rannsóknir. Jafnframt verður velt upp spurningum um sérstöðu yndislestrar í íslensku skólakerfi og möguleikum kennsluaðferðarinnar til að stuðla að auknum lestraráhuga barna og unglunga.

Máltækniáætlun Íslands

Lilja Dögg Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Almannarómur

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um vinnu Almannaróms og máltækniáætlun Íslands. Fyrri máltækniáætlun stjórnvalda, sem lauk 2023, markaði tímamót í verndun íslenskrar tungu og gerði Ísland betur í stakk búið til að takast á við hraðar tæknibreytingar í gervigreind og máltækni. Samkvæmt stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar verður áfram unnið að því að styrkja stöðu íslenskunnar í stafrænum heimi með sérstakri áherslu á máltækni. Menningar- og viðskiptaráðherra skipaði í maí 2023 stýrihóp til að meta hvernig máltækni sé best fyrir komið innan stjórnsýslunnar og leggja drög að næstu máltækniáætlun.

Stýrihópurinn, sem vann í samstarfi við starfshóp um máltækni, skipaðan fulltrúum máltækniyrirtækja, háskóla, stofnana og samtaka, átti fjóra fundi þar sem mikilvæg sjónarmið hagsmunaaðila voru rædd. Einnig var skoðuð reynsla fyrri máltækniáætlunar til að greina tækifæri til úrbóta. Þetta reyndist mikilvæg undirbúningsvinna fyrir þær tillögur sem nú liggja fyrir.

Sérstök áhersla er lögð á kynningu á íslenskri máltækni með það að markmiði að koma íslenskum máltæknilausnum inn í hugbúnaðarþróun, bæði héraðs og hjá erlendum tæknifyrirtækjum. Einnig er lögð áhersla á samþættingu málefna gervigreindar og máltækni til að styrkja samkeppnisstöðu Íslands og auka velsæld með tungumálið í forgrunni.

R&D hjá Mál- og raddtæknistofu HR

Hannes Högni Vilhjálmsson Prófessor

Háskólinn í Reykjavík, Tölvunarfræði

Ágrip /Abstract

Mál- og raddtæknistofan er rannsóknarstofa innan Gervigreindarseturs Háskólans í Reykjavík (HR) og heldur utan um sameiginlegt meistaranám Háskólans í Reykjavík (HR) og Háskóla Íslands (HÍ). Gervigreind er rannsóknar- og þróunarsvið sem miðar að þróa aðferðir til að leysa verkefni sem yfirleitt krefjast mannlegrar greindar, á meðan máltækni miðar að því að þróa kerfi sem geta unnið með og skilið tungumál til að bæta samskipti manns og tölvu. Rannsóknir á sviði gervigreindar fela í sér notkun vélnáms og djúpnáms til að leysa ýmis verkefni og þróa lausnir í máltækni. Dæmi um verkefni sem nemendur vinna að eru talgreining, talgerving, sýndarverur, spjallmenni, vélþýðingar, málrýni, spurningasvörun, mörkun, þáttun og upplýsingaútdráttur. Í náminu er lögð áhersla á að byggja upp þekkingu í gervigreind sem einnig nýtist á öðrum sviðum en máltækni. Einnig verður fjallað um sýndarmanneskjur og leiki sem hafa verið þróaðir til tungumála- og menningarkennslu og rannsóknir því tengdu.

Miðlalæsi og gagnrýnin hugsun í enskuáfangi

Vignir Andri Guðmundsson Kennari

Menntaskólinn við Sund

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um þróunarverkefni í enskuáfangi í Menntaskólanum við Sund til að þjálfa nemendur í miðlalæsi og gagnrýnni hugsun. Markmið verkefnisins er að efla hæfni nemenda til að greina og meta áreiðanleika upplýsinga á internetinu og samfélagsmiðlum. Í verkefninu kynnast nemendur verkfærum og vefsíðu sem hjálpa þeim að greina áhrif hugsanaskekkja á skynjun þeirra á efni af netinu. Í gegnum verkefnið fá nemendur þjálfun í að bera kennsl á og skilja ýmsar tegundir hugsanaskekkja og hvernig þær geta mótað skoðanir þeirra.

Helstu niðurstöður af verkefninu sýna að nemendur urðu meðvitaðri um eigin hugsanaferli og áhrif upplýsingaflæðis á samfélagsmiðlum. Þeir urðu færari í að greina áreiðanleika og gæði upplýsinga, sem stuðlaði að aukinni gagnrýnni hugsun og hæfni til að taka upplýstar ákvarðanir. Ljóst er að miðlalæsi er lykilatriði í menntun ungs fólks og þjálfun í gagnrýnni hugsun gegnir mikilvægu hlutverki í að efla nemendur til að vera upplýstir og ábyrgir einstaklingar í lýðræðissamfélagi. Niðurstöður benda til þess á að markviss þjálfun í miðlalæsi geti haft jákvæð áhrif á hæfni nemenda til að takast á við áskoranir nútímans.

Innovation in the Icelandic education system: Teachers' involvement in implementation of innovation and their user innovation.

Tryggvi Thayer Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

This presentation is about the preparation of, and theoretical foundation for, a research project exploring the experiences of Icelandic teachers with innovation in education. The research seeks to enhance understanding of the interaction between innovation and educational practices, the motivations and barriers influencing innovation, teachers' attitudes towards innovation, and entrepreneurs' and policymakers' needs in order that they can play a part in increasing the effectiveness of innovation in education. The research is grounded in theory on diffusions of innovations, implementation of innovations in education and user innovation in education. In the first phase of the study a quantitative and qualitative survey will be conducted among teachers in Reykjavík. The survey consisted of two parts. The first part, based on models from surveys by the OECD and other international bodies, will ask participants about their involvement in selecting and implementing innovations in education and their experiences with that process. The second part will ask participants about their experiences with user innovation, i.e. innovation that they undertake primarily for their own benefit. This is believed to be the first time data has been collected on user innovation among Icelandic teachers. Quantitative data will be analyzed using descriptive statistics, while qualitative data will be analyzed through thematic analysis to identify key themes and patterns in participants' responses. This research will provide insights into implementation processes involving educational innovations and how innovation occurs within schools.

Markaðsvæðing tæknilausna í skólastarfi – sjónarhorn fræðslufirvalda

Valgerður Bjarnadóttir Lektor

Háskóli Íslands, Deild menntunar og margbreytileika, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Hin síðari ár hefur framboð tæknilausna aukist mikið í menntakerfinu. Á það við um allt frá notkun einfaldra forrita eða appa í kennslu til stærri kerfa sem þróuð eru af ýmsum aðilum og seld til sveitarfélaga og ríkis, auk ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi. Þessi þróun er hluti af markaðsvæðingu í skólastarfi og hefur myndað farveg fyrir fyrirtæki og einkaaðila af ýmsu tagi til að selja fyrir fram mótuð kerfi og lausnir til skóla á öllum skólastigum. Með því efla þau stöðu sína á menntamarkaði og skapa leiðir fyrir hagnaðardrífna þjónustu innan skólakerfis sem er það almennt ekki.

Lítið er vitað um umfang og áhrif innlendra og erlendra fyrirtækja á íslenskum menntamarkaði á daglegt skólastarf, fagmennsku kennara og nám nemenda. Í því ljósi eru markmið rannsóknarinnar að kortleggja umfang aðkeyptrar þjónustu og kerfa, á sviði ráðgjafa, mats og tæknilausna, meðal nokkurra fjölmennra sveitarfélaga, og varpa ljósi á ástæður og rökstuðning fyrir vali á tiltekinni þjónustu eða tæknilausnum. Gagna var aflað með hálf-opnum viðtölum við sviðsstjóra og sérfræðinga fræðsluskrifstofa.

Helstu niðurstöður eru þær að sjálfstæði skóla og kennara er mikið þegar kemur að vali á tæknilausnum og yfirleitt fer ekki fram markviss könnun á gæðum viðkomandi efnis. Fræðslufirvöldum er umhugað um sjálfræði og fagmennsku kennara og greina má gagnrýni á markaðsvæðingu skólastarfs og áhrif tæknilausna. Þegar kemur að ráðgjöf takmarka stærri sveitarfélög kaup á aðkeyptri þjónustu ráðgjafa- og menntafyrirtækja og leggja meiri áherslu á jafningjastuðning og grasrótavinnu sem byggist á fagmennsku starfsfólks skólanna.

Framleiðsla stafræns menntaefnis - möguleikar í samstarfi um hönnun, staðfæringu, framleiðslu og gæðaprófanir námsefnis

Skúlína Kjartansdóttir Aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Framleiðsla stafræns menntaefnis þróaðist með tölvuvæðingu í skólum, en takmarkaðist lengi framan af við þýðingar erlendra kerfa og hugbúnaðar sem gaf kost á grunntölvuvinnu, s.s. við textagerð, reikniaðgerðir, myndvinnslu og þekkingarmiðlun ýmissa námsgreina. Með innleiðingu fartækni í skólastarf á Íslandi á umliðnum áratug sköpuðust nýjar þarfir fyrir hugbúnað, stafræn verkfæri og smáforrit á íslensku, einkum fyrir yngri nemendum. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á þessari þróun, en vísbendingar um hana finnast þó í ýmsum menntarannsóknum sem gerðar hafa verið undanfarinn áratug. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir nokkrum af þessum rannsóknum, m.a. nýlegum rannsóknum á innleiðingu spjaldtölva á grunnskólastigi, þar sem beitt var bæði megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum til að varpa ljósi m.a. á þróun í námsefnisnotkun og námsefnisgerð. Í erindi verður sjónum einnig beint að þátt kennara í námshönnun og námsefnisgerð og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja stafræn réttindi barna og gæðamati á þeim hugbúnaði sem notaður er í skólum.

Með innleiðingu spjaldtölva hefur komið fram réttmæt gagnrýni á mikla notkun erlends námsefnis af misjöfnum gæðum og þann skort sem kennarar og nemendur búa til á námsefni á íslensku. Fjallað verður um ýmsar leiðir sem farnar hafa verið til að auka við námsefni á íslensku og þátt kennara í þeirri þróun, en einnig verður bent á rannsóknarverkefni sem leitast við að tryggja stafrænt gæðanámsefni fyrir nemendum með sérþarfir og þær aðferðir sem beitt er til að efla gæði og tryggja staðbundnar kröfur um nám þeirra nemenda.

Net og gagnaöryggi í nútímasamfélagi

Ásta Guðrún Helgadóttir Rannsakandi

Háskóli Íslands, Tölvunarfræðideild

Ágrip /Abstract

Íslenskt samfélag hefur gengið í gegnum öra stafræna umbreytingu á undanförunum árum og þar með nýjar áskoranir sem við þurfum að aðlagast. Netöryggi hefur sjaldan verið jafnmikið í deiglunni þar sem árásir eru gerðar á fyrirtæki og stofnanir, persónuvernd er áskorun fyrir starfsmenn jafnt sem fyrirtæki. Þessar breytingar eru ekki einkamál tækniheimsins, heldur snertir okkur öll. Þessi fyrirlestur fer yfir þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og hvernig við þurfum að aðlagast nýjum og breyttum heimi. Netöryggi er þverfagleg áskorun: siðferðisleg, lögfræðileg, tæknileg og samfélagsleg, og er hlutverk menntakerfisins í því að búa til „netöruggt“ samfélag mikilvægt.

Netöryggismál spila því einnig stóran þátt þegar stafrænar lausnir í menntakerfinu eru metnar og innleiddar. Frumkvöðlar, skólastjórnendur og ákvörðunartökuhafar þurfa að setja sig inní tæknileg og lögfræðileg atriði í því ferli. Í erindinu verður fjallað um grundvallarhugtök sem nýtast fyrir þá þverfaglegu umræðu sem á sér stað um mat á stafrænum lausnum í menntakerfinu og liggja til grundvallar þegar við mótum stafræna sýn fyrir framtíðarskólasamfélagið. Einnig verður sagt frá evrópsku samstarfsverkefni og þróun mastersnáms með áherslu á netöryggismál.

Swedish Edtest – Empowering teachers

Anna Åkerfeldt Rannsakandi

Swedish Edtest / IFOUS, Research

Ágrip /Abstract

Educational technologies have an impact on teaching and learning, and because of their complexity, the development of teachers' skills and the development of companies' services and products need to be addressed in authentic teaching and learning situations. There are many different digital learning resources on the market today, and knowing "which one will work best in my classroom" is difficult and time-consuming. To address these issues and empower teachers, Swedish Edtest was launched in 2020.

The purpose of this presentation is to introduce Swedish Edtest, which focuses on the digital arena and its developed framework. This framework is based on three main pillars: 1) learning theories, 2) previous research in the field, and 3) development work carried out in collaboration with the Swedish national agency of education and the Swedish Edtech Industry. The framework aims to provide teachers with a tool to assist them selecting products and services relevant to their needs. The framework has been designed to be accessible, adaptable, and capable of accommodating a wide range of needs. These design principles have underpinned the collaboration between the three pillars, as each requires thoughtful consideration. Swedish Edtest takes an innovative and unique approach by facilitating collaboration between teachers and companies, which is particularly relevant from a Nordic educational research perspective.

ResponseAbility Lab: Using a Multilateral Accountabilities Framework to Track and Enhance School Adaptive Capacity

Penelope Jean Stiles Phd /Lecturer

University of Alberta, Faculty of Education - Master of Educational Studies

Ágrip /Abstract

A narrow focus on grades and graduation rates prevents schools from tracing the ways in which an engaged and equitable learning community, its culture and programming, affects students' success. Current accountability architectures are designed to focus on standardization, graduation and attendance rates as primary indicators of school success. The current global models typically evaluate values such as progress and efficiency, while more recently have delved into the arena of student well-being. This study, co-designed by a school community's right holders alongside a team of academics, looked beyond neoliberal values to include trust, equity, safety and more. We tested the notion that schools can evaluate how they nurture students' abilities to learn, grow, create, and thrive in social, academic, and professional settings. Our research contributes to current understandings that engagement and equity within learning environments directly affect student outcomes. Schools that pursue a broad range of goals experience improved academic results as well as better citizenship, health, resiliency, and life-preparedness outcomes. This project uses a multilateral accountabilities framework to track how schools engage with broader measures of success to enhance their adaptive capacity. The outcomes of this process extend beyond the visible end products outlined above; by demanding new spaces for listening and responding to school constituents, this process broadens the adaptive capacity of each school involved. The acts of conversation, reflection, and revision necessary to achieve broader measures of success become part of each institution's ongoing success story, a measure of their ability to nimbly respond to changing contexts.

„Af hverju eiga bara ekki öll börn að vera í farsæld“

Jónína Sæmundsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísinda

Ágrip /Abstract

Þegar koma skal til móts við börn sem þarfnast aðstoðar í skólakerfinu krefst það gjarnan samvinnu og samræmingar milli mismunandi fagaðila og stofnana en ekki er sjálfgefið að það gangi hnökralaust. Vísbendingar hafa verið um vandkvæði í því efni hér á landi á undanförunum árum og átti það ekki síst við í tilfellum barna með margþættar þarfir. Var nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ætlað að ráða þar bót á. Nú er verið að vinna að innleiðingu laganna og hafa nokkur sveitarfélög verið valin sem frumkvöðlar í því verkefni.

Hér verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum lítillar eigindlegar rannsóknar á reynslu sex lykilstarfsmanna í tveimur frumkvöðlasveitarfélögum af innleiðingu laganna. Tekin voru hálfopin viðtöl við þátttakendur og þau greind samkvæmt þemagreiningu og stuðst við vistkerfakenningu Bronfenbrenner.

Samkvæmt fyrstu niðurstöðum er reynsla þátttakanda á heildina lítið jákvæð. Að mati þátttakenda hefur samstarf stofnana aukist og álag á foreldra sem áður þurftu að bera þunga af því að halda utan um aðstoð fyrir börn sín minnkað verulega. Það hafa þó verið svolitlir hnökrar í byrjun sem til að mynda má rekja til þess að mismunandi stofnanir hafa verið komnar komnar mislangt í innleiðingarferlinu og svo hefur ýmist skriffinska aukist.

Tabú í skólastofunni?

Guðrún Steinþórsdóttir aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Bókum er gjarnan líkt við glugga og spegil. Í glugganum geta lesendur kynnst reynslu sem er handan við reynsluheim þeirra en í speglinum geta þeir skoðað sögupersónur sem svipar til þeirra sjálfra og speglað sínar hugmyndir og líffssýn í. Sú afstaða að líta þannig á bækur sem mikilvæg uppeldistól kallast á við viðhorf til bókmennta og gildi þeirra eins og þau birtast í Aðalnámskrá grunnskóla en þar er lögð áhersla á að bókmenntakennsla í skólum geti „stuðlað að sterkari sjálfsmýnd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa“. Með hjálp bókmennta geta kennarar fjallað um flókin málefni, s.s. ofbeldi, trú, sjúkdóma og hvers kyns greiningar, aukið skilning nemenda sinna á þeim, eftl gagnrýna hugsun þeirra og auðveldað umræður þeirra á milli sem annars gætu verið óþægilegar. Í starfi mínu, bæði sem háskóla- og menntaskólakennari í íslensku, og í viðtölum við kennara á öllum skólastigum hef ég þó orðið vör við gagnrýni nemenda og foreldra á að kenndar séu bækur sem taka á flóknum málefnum. Í erindinu ræði ég þessi ólíku viðhorf með hliðsjón af kenningum um samlíðan, bókmenntir og lestur til að skoða hvort og þá hvernig bókmenntir geti gagnast til að opna umræðu um möguleg tabú-efni. Í því skyni verður sérstaklega dregið fram hvernig kennarar geta gert kennslustofuna að öruggu rými og hvaða kennsluaðferðum þeir geta beitt til að ræða flókin málefni, með hliðsjón af bókmenntatextum, þannig að öllum líði vel og geti óhindrað sagt skoðanir sínar.

Samhengið í íslenskri málfræði: Að leysa málfræðilega greiningu úr viðjum vanans

Heimir F. Viðarsson Lektor í íslensku og málvísindum

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Samhengis- og jafnvel gagnsleysi málfræðilegrar greiningar hefur um áratuga skeið verið rætt í sambandi við hefðbundna skólamálfraði, markmið hennar og tilgang. Þrátt fyrir gagnrýni á námsefni og kennsluvenjur hefur seint gengið að breyta hefðinni í raun og veru. Í erindinu er fjallað um þríþætta nálgun á menntunarfræðileg málvísindi sem byggir á því að skipta greiningu „greiningarinnar vegna“ út fyrir samhengisháða(ri) málgreiningu þar sem nemendur þjálfast í að nálgast málfræði í gegnum raunveruleg úrlausnarefni af lykilsviðum sem ættu að geta vakið áhuga margra — máltileinkun, málnotkun og málbreytingar. Á Menntavísindasviði hefur þessi nálgun þegar verið innleidd að hluta og því komin nokkur reynsla á að beita henni, eins og komið verður inn á. Tekin verða dæmi af mögulegum viðfangsefnum í kennaranámi af fyrrnefndum lykilsviðum og nálgunin skoðuð í samhengi við ákall um aukið uppgötvunar- og lausnaleitarnám, bæði í málfræði og fleiri greinum.

Lagt verður mat á fýsileika þess að nálgast málfræði og málfræðikennslu með þessum hætti, byggt á fyrri rannsóknum á stöðu málfræðikunnáttu kennaranema og hefðbundinnar skólamálfraði, og lögð fyrstu drög að viðtalsrannsókn. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir að nemendur hafi áralanga reynslu af málfræðilegri greiningu á fyrri skólastigum búi margir yfir fremur takmarkaðri þekkingu á grunnhugtökum og er þetta í samræmi við eldri rannsóknir. Þó að þessi staðreynd setji nýrri nálgun ákveðnar skorður, og að hún sé vissulega krefjandi fyrir nemendur og (verðandi) kennara, er tilgátan sú að nýrri nálgun fylgi áhugavakning sem muni leiða til þess að nemendur sjái meiri tilgang með náminu.

TALÍS: kennsla fjöltyngdra barna í íslenskum grunnskólum

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir Aðjunkt og nýdoktor í íslenskri málfræði¹, Hermína Gunnþórsdóttir
Prófessor í menntunarfræði²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip / Abstract

Á Íslandi hefur orðið mikil fjölgun barna í grunnskóla og á öðrum skólastigum sem búa við fleiri en eitt móðurmál. Þótt fjöltyngd börn á Íslandi séu fjölbreytilegur hópur sem erfitt er að kortleggja út frá almennum stöðlum eiga þau það öll sameiginlegt að þurfa að mennta sig í íslensku skólakerfi og því er mikilvægt að þau hafi sterka málfærni.

Málfærni er undirstaða þess að geta nýtt sér nám og mállegir þættir sem eru undirstaða læsis hafa sterkt forspárgildi um velgengi í námi. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að fjöltyngd börn í íslensku skólakerfi standa marktækt mun verr að vígi í íslenskufærni en eintyngdir jafnaldrar þeirra, ekki síst hvað varðar orðaforða, málfræði og flækjustig setninga. Auk þess sýna rannsóknir að skortur er á faglegri þekkingu og hæfni innan skólanna til að meta og mæta menntunarþörfum fjöltyngdra nemenda með ólíkan bakgrunn.

Í erindinu verður fjallað um stöðu fjöltyngdra nemenda með ólíkar menntunarþarfir í íslenskum grunnskólum. Sagt verður frá verkefninu „Að tala og læra íslensku í skólum“ (TALÍS), þverfaglegri rannsókn undir stjórn Hermínu Gunnþórsdóttur (HA), og hvernig verkefninu er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í kennslu fjöltyngdra nemenda í íslensku skólakerfi.

Hugtök, heiti og hughrif í bókmenntakennslu

Helga Birgisdóttir lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Bókmenntakennsla er stór hluti faggreinarinnar íslensku innan framhaldsskóla og er viðfangsefni þessa fyrirlestrar. Fjallað er sérstaklega um kennsluaðferðir í bókmenntum á framhaldsskólastigi og er að hluta stuðst við niðurstöður rannsóknar höfundar á íslenskukennslu í framhaldsskólum sem fram fór á árunum 2020-2022. Rætt er um algengar kennslu- og námsmatsaðferðir hvað bókmenntir varðar og aðferðir sem höfundur hefur sjálfur nýtt í eigin framhaldsskólakennslu, með það fyrir augum að nálgast markmið aðalnámskrár og fá nemendur til að njóta þess að lesa. Þessar aðferðir eiga rætur að rekja til bókmenntafræðingsins Ritu Felski sem fjallað hefur um fjögur ólík geðhrif sem bókmenntatextar geta vakið hjá lesendum og hvernig nýta megi þau til að ræða um og kryfja bókmenntir.

Íslenska æskulýðsrannsóknin: Samanburður á hópi ungs fólks í framhaldsskóla og hópi ungs fólks utan skóla: Hvar liggur áhugi þeirra og hafa þau markmið um áframhaldandi nám?

Ragný Guðjohnsen Dósent, Kolbrún Þ. Pálsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Framhaldsmenntun ungs fólks að loknum grunnskóla er talin mikilvæg til að stuðla að auknum jöfnuði og efnahagslegri velsæld þjóðfélaga. Því hefur alþjóðleg stefnumótun, meðal annars Evrópuráðsins, lagt áherslu á að draga úr hlutfalli ungs fólks sem hvorki stundar virkt nám eða starf. Hér á landi hefja 95% ungmenna nám í framhaldsskóla að grunnskóla loknum. Á hinn bóginn hverfur 20% þeirra frá námi á næstu árum. Á það hefur þó verið bent að íslenska skólakerfið sé sveigjanlegra en víða annars staðar sem skapi fólki sem hættir framhaldsnámi tækifæri til að taka upp þráðinn að nýju. Í rannsókn þessari er unnið með gögn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar frá 2022. Spurningalisti var lagður fyrir tvo hópa ungs fólks á aldrinum 18–24 ára í símakönnun (n=887). Annars vegar hóp í framhaldsskólanámi eða sem hafði lokið því og hins vegar hóp sem ekki hafði lokið námi eða verið skráð í framhaldsskólanám síðastliðið ár. Spurt var um bakgrunnspætti, viðhorf til náms, atvinnuþátttöku og markmið um nám og störf til framtíðar. Í niðurstöðum kom fram munur á félagsefnahagslegum bakgrunni þátttakenda og viðhorfum til náms. Meirihluti unga fólksins í báðum hópum stundaði atvinnu. Þá kom fram að 3/4 af brotthvarfshópnum taldi sig myndi ljúka námi ofar en grunnskóla á næstu árum sem gefur til kynna að þau líti fremur á brotthvarfið sem námshlé en að þau séu hætt námi. Sýn þeirra á stöðu sína við 30 ára aldur rímaði vel við þá niðurstöðu. Í erindinu verður fjallað nánar um niðurstöðurnar.

Orðalagsáhrif í mælingum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á algengi vímuefnaneyslu: Framhaldsrannsókn

Hans haraldsson Verkefnastjóri, Unnar Geirdal Arason Verkefnastjóri

Háskóli Íslands, Menntavísindastofnun

Ágrip / Abstract

Í fyrirlögn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ) vorið 2023 var gerð tilraun með einfaldaðar útgáfur af spurningum um reykingar og vímuefnanotkun. Tvíkostasurningar (já/nei) voru notaðar samhliða fjölkostasurningum með tíðnisvaröguleika eins og lengi hafa verið notaðar í könnunum meðal grunnskólanema. Var þáttakendum raðað á spurningaform af handahófi. Sýndu niðurstöður að svarendur voru umtalsvert líklegri til að gefa til kynna að þeir hefðu notað þau efni sem algengust eru (áfengi, rafrettur og nikótínþúða) þegar þeir svöruðu á tvíkostaformi en fjölkostaformi. Þar sem fjölkostaútgáfa spurninga spyr um fjölda daga þar sem efnis var neytt var sett fram sú tilgáta að svarendur væru tregari til að velja lægsta tíðnimöguleikann við fjölkostasurningu en að svara tvíkostasurningu játandi ef þeir höfðu aðeins prufað efnið. Í fyrirlögn vorið 2024 var tilraunin endurtekin með þeirri breytingu að þátttakendur fengu eftirfylgdarspurningu ef þeir sögðust aldrei hafa notað efnið og voru þá spurðir hvort þeir hefðu prufað viðkomandi efni. Sama mynstur og sást 2023 kom fram fyrir áfengi og rafrettur og var hlutfall svarenda sem gaf til kynna einhverja neyslu því hærra í tvíkostahópnum. Þeir svarendur sem fengu fjölkostaútgáfu spurninga voru hins vegar líklegri til að svara eftirfylgdarspurningu játandi. Þegar svör við eftirfylgdarspurningum hafa verið tekin með í reikninginn eru niðurstöður um heildarhlutfall sem hefur notað efnin um það bil þær sömu í báðum hópum. Niðurstöður styðja tilgátuna um ástæður munarins 2023. Þær gefa jafnframt til kynna að hvorug útgáfa vímuefnaspurninga sé vel til þess fallin að fá fram upplýsingar um hlutfall unglunga sem er á fyrstu stigum vímuefnaneyslu.

„Karakter – lífsleikni, forvarnir og mannrækt“ þróunarverkefni á unglíngastigi í grunnskóla.

Soffía H. Weisshappel Grunnskólakennari, leiðsagnarkennari, deildarstjóri

Grunnskóli

Ágrip / Abstract

Greint verður frá þróunarverkefni Karakter á unglíngastigi í grunnskóla sem hófst haustið 2021. Karakter er velferðarkennsla á unglíngastigi sem hefur þann tilgang að stuðla að farsæld nemenda með því að samþætta lífsleikni, forvarnir og mannrækt.

Markmið verkefnisins er að stuðla að vellíðan og seiglu með áherslu á mannrækt, sjálfspökkingu og persónulegan vöxt einstaklinga. Til grundvallar verkefninu liggja fræði jákvæðrar sálfræði og velsældarvísinda sem beina sjónum m.a. að heilbrigði, hamingju og innihaldríku lífi. Gildi þess að samþætta forvarnarstarf allri menntun og uppeldi barna og ungmenna. Auk yfirgripsmikillar rannsóknar Embætti landlæknis á félags- og tilfinningafærni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna. Einnig voru niðurstöður PISA frá árinu 2022 hafðar til hliðsjónar við þróun verkefnisins en þar kemur m.a. fram að íslenskir nemendur þarfnist þjálfunar hvað varðar samkennd og samvinnu.

Leitast er við að stuðla að samstarfi og samvinnu milli fagaðila innan skólans eins og kennara, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings og annarra fagaðila.

Í vetur verður lagt upp með að nýta aðferðir starfendarannsókna (e. action research eða practioner research) þar sem kennari mun halda dagbók yfir kenningu sína þ.e. aðferðir, leiðir og námsefni. Með því getur hann spegla hvernig tekst til og með hvaða hætti er hægt að þróa kenningu og námsefni til árangurs fyrir nemendur. Kenningin byggir eingöngu á gagnreyndu námsefni, kenningu aðferðum og leiðum sem sannað hafa gildi sitt. Í vetur verður m.a. námsefni SEE learning prufukeyrt í einum árgangi.

Karakter fellur vel að nýjum lögum um skólaþjónustu, grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og menntastefnu stjórnvalda.

Íslenskt námsorðaforðapróf

Ragnar Friðrik Ólafsson doktorsnemi, Auður Pálsdóttir Dósent, Sigríður Ólafsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna þekkingu grunnskólanema á íslenskum námsorðaforða og er einn liður í rannsóknaverkefninu *Íslenskur námsorðaforði* sem unnið er í samstarfi Mennta- og Hugvísindasviðs HÍ og Árnastofnunar.

Mótuð var ný málheild (MÍNO) með samtímatextum og námsefni. Úr 5.000 algengustu orðum MÍNO voru valin orð á lista yfir íslenskan námsorðaforða (LÍNO-2), orð sem eru algeng í umfjöllun um viðfangsefni allra námsgreina og á öllum skólastigum. Á íslenska námsorðaforðaprófið voru valin orð af LÍNO-2 úr öllum 10 tíðniflokkum listans.

Fyrsta fyrirögn námsorðaforðaprófsins var árið 2023 með 851 nemanda í 4., 7., 9. og 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður úr annarri fyrirögn sem fór fram vorið 2024 með um 2000 nemendum í 7.–10. bekk bæði á höfuðborgarsvæðinu og öðrum landshlutum. Í annarri fyrirögn var prófinu skipt upp í tvo hluta: A-hluti innihélt fjölvalsspurningar þar sem nemendur áttu að velja eina setningu af þremur mögulegum með markorði sem hafði sömu merkingu og í spurnarlið. Í B-hluta tilgreindu nemendur sjálfir hversu vel þeir teldu sig skilja tiltekin orð og hversu oft þeir notuðu þau.

Beitt er m.a. lóðréttri skölun (*vertical scaling*) við úrvinnslu gagnanna og kannað var samband milli orðtíðni í LÍNO-2 og orðskilnings og orðnotkunar nemendanna. Meginniðurstöður sýna vaxandi orðskilning með aldri en niðurstöður kynntar eftir aldri nemenda (árgangi), kyni, tungumáli foreldra í æsku o.fl. Þessar niðurstöður munu nýtast við frekari þróun orðaforðaprófs sem gagnast við mat á árangri af markvissri kennslu og vinnu nemenda með íslenskan námsorðaforða (LÍNO-2).

Valvíst nám í spennu milli þarfar nemenda fyrir sveigjanleika og viðleitni skóla til að veita gæðamenntun. Tilviksrannsókn: Grunnmenntun verkmenntakennara.

Hróbjartur Árnason Lektor

Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Eftir því sem fleiri sjá háskólamenntun sem leið til að skipta um starfsferil, auka hæfni sína og axla aukna ábyrgð í starfi, finna námskeiðshönnuðir og kennarar í háskólum að þeir eru í spennusvæði milli þess að hanna og skipuleggja kennslu sem kemur til móts við þarfir vinnandi fólks fyrir sveigjanleika í námi og vilja sinn og skólans til að bjóða vandað nám sem felur í sér markvisst umbreytandi nám í virku námssamfélagi marktækt námsmat.

HyFlex módelið eða "Valvíst nám" eins og við höfum valið að kalla það, er nálgun sem vill einmitt bjóða upp á hvort tveggja.

Í þessari tilviksrannsókn munum við greina þátttöku, nám og ánægju nemenda í inngangsnámskeiði fyrir verkmenntakennara. Námskeiðið var hannað með sniði valviss náms og hefur verið kennt þannig í nokkur ár. Við munum greina gögn úr spurningakönnunum frá tveimur nýlegum árgöngum með sjónar á fimm stoðir námsframboðs: Námsumhverfi, leiðsögn, innihald, samnemendur og aðhald.

Niðurstöður úr könnunum okkar sýna að þátttakendur eru mjög uppteknir, þeir eru áhugasamir um námið og þeir meta bæði gott námssamfélagið og þann sveigjanleika sem valvísa líkanið býður upp á. Hins vegar hindra kröfur í annasömu lífi fulla þátttöku sumra í námssamfélaginu, yfirleitt með þeim afleiðingum að gæði námsins minnka hjá þeim og kennurum finnst þeir eiga í erfiðleikum með að útbúa leiðir til að virkja alla þátttakendur í umræðusamfélaginu sem boðið er upp á á námskeiðinu.

Í lok erindisins ræðum við möguleika til að styrkja námssamfélag sem gerir öllum kleift að vera virkir, hver á sinn hátt.

Menntatækni í grunnskólum: Nýsköpun og gæðastjórnun

Hulda Birna Kjærnested Baldurstóttir verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum og viðskiptastjóri samtaka menntafyrirtækja

Samtök Iðnaðarins, Mennta- og mannauðssvið

Ágrip / Abstract

Íslenskum menntatæknilausnum fer fjölgandi samhlíða því að tækniþróun hefur stöðugt áhrif á kennslustofuna og skólaumhverfið. Í erindinu ræðum við nýsköpun í þágu menntunar og hvernig menntatækniyrirtæki nálgast viðfangsefni sín og tækifærin sem liggja í samstarfi milli frumkvöðla á sviði menntatækni og rannsakenda í menntavísindum og rannsakenda.

Menntatækniyrirtæki sem eru starfrækt á Íslandi í dag byggja á rannsóknum og gæðamati sem og miklum samskiptum við notendur (kennara og nemendur) og fleiri hagaðila. Sú tækni sem er í boði fyrir bæði nemendur og kennara veita oft fræðifólki nýja og spennandi farvegi til að vinna rannsóknir og innleiða nýstárlegar aðferðir.

Þá blása nýir vindar blása í íslensku menntakerfi og ákvarðanir stjórnvalda um að taka upp nýjar aðferðir við mat á námsárangri eru í deiglu. Í erindinu komum við inn á hvernig nýsköpun við þróun menntatæknilausna getur spilað hlutverk í þeirri stefnu þar sem rauntímanámsmat er oft innbyggt í lausnirnar. Hvernig nýtist það kennurum í daglegu starfi? Rauntímanámsmat getur gefið kennurum og skólastjórnendum vísbendingar í rauntíma um árangur og iðkun en einnig ýtt undir kveikju til lífslangrar fróðleiksfýsna meðal nemenda.

Mikilvægt er að tryggja gæði þeirrar menntunar sem börnin hljóta, hvort sem er með nýtingu tækni eða í hefðbundnara skólasterfi. Litið verður yfir nýsköpunarferil menntatækniyrirtækja í gegnum linsu gæðamats. Hvernig metum við gæði þeirra tóla sem notaðir eru í skólastofunni. Þarf mat á menntatæknilausnum að vera öðruvísi?

Leiðsagnarmat í kennslu ritunar

Katrín Ósk Þráinsdóttir Læsisfræðingur

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Rannsóknir á námsmati hafa sýnt að mestu máli skiptir að niðurstöður þess styðji við framfarir nemenda í áframhaldandi námi. Hugmyndafræði leiðsagnarnáms/leiðsagnarmats er byggð á þessum grunni. Í leiðsagnarmati er jafnframt lögð áhersla á sameiginlegan skilning kennara og nemenda á inntaki markmiða náms og matsviðmiða og hvað sé til marks um að tiltekinni hæfni sé náð. Þennan sameiginlega skilning á inntaki markmiða í ritunarkennslu hefur vantað í íslensku skólakerfi, eða markmiðin í það minnsta verið víð. Ritunarramminn; greinandi matsrammar, ætti því að verða kærkomið verkfæri fyrir kennara til að glöggva sig á öllum þeim þáttum sem ritunarkennsla ætti að innihalda og er ramminn jafnframt matstæki fyrir kennara sem nýtist vel, t.d. í leiðsagnarnámi.

Gerð hæfniramma fyrir ný stöðu- og framvindupróf í lesskilningi

Guðbjörg Rut Þórisdóttir Læsisfræðingur

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Lesskilningur er flókið fyrirbæri og afurð margra samspilandi þátta. Hann er meðal annars háður góðum málskilningi, nákvæmri og sjálfvirkni umskráningarfærni, getu lesarans til að beita margvíslegum aðferðum í glímunni við texta og meðvitund hans um eigið innra samtal við höfund texta. Í þessu erindi verður fjallað um þróun og gerð hæfniramma í lesskilningi sem myndar fræðilegan grunn við gerð nýrra stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi. Slíkur rammi þarf að ná yfir hugsmíðina að því marki sem hægt er og ávarpa bæði einfaldari og flóknari hæfni einstaklinga til að nýta sér lestur til að skilja texta. Hæfniramminn myndar jafnframt grunn að nýju flokkunarkerfi sem lagt verður til grundvallar við þróun lesskilningsprófa framtíðarinnar.

Tenging einkunnakvarða við viðfangsefni í námi

Sigurgrímur Skúlason Próffræðingur

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Mikilvægasti liður í námsmati er endurgjöf til nemenda og aðstandenda þeirra. Hér verður fjallað um aðferð sem byggir á að tengja valdar stígatölur á einkunna kvarða við viðfangsefni í námsmati og námi nemenda. Þetta er gert með því að staðsetja prófatriði sem reyna á færni eða viðfangsefni sem skilgreind er í námskrá og inntakstöflum prófsins við einkunna kvarða. Kynnt verða aðferðir og próffræðilíkön sem ráða við að þróa þessa tegund endurgjafar, framsetning sem notuð var við samræmdkönnunarpróf á síðustu árum Námsmatsstofnunar og dæmi útbúið með gögnum úr 7. og 10. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Færniþættir við námsmat í stærðfræði

Jóhann Örn Sigurjónsson Sérfræðingur í stærðfræðimenntun

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip / Abstract

Við vandað og heildstætt mat á námi í stærðfræði þarf að viðhafa jafnvægi í því hvers konar færni er metin. Í erlendum matsrömmum er gjarnan skilgreint annars vegar hvaða inntak prófatriði reyna á, svo sem reikning, rúmfræði, tölfræði eða algebru, og hins vegar hvers konar færni nemandi þarf að sýna. Í skilgreiningu færniþátta hefur gjarnan verið um að ræða þrjá til fimm þætti þar sem reynir á hugsmíðar á borð við kunnáttu og þekkingu, beitingu og skilning, túlkun, tjáskipti og stærðfræðilega framsetningu eða stærðfræðilegan rökstuðning. Kynntar verða nokkrar leiðir sem farnar hafa verið við að skilgreina ólíka færniþætti stærðfræðinnar, svo sem í alþjóðlegum könnunarprófum og í samræmdum prófum á landsvísu erlendis. Tekin verða dæmi úr nokkrum ólíkum flokkum færniþátta og tengingar dregnar við íslenskar aðalnámskrár.

Tengsl í skólastarfi

Bergdís Wilson Skólasálfræðingur og leiðtogi Heillaspors (Nurture) og Landsteymis

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Traust tengsl í barnæsku þar sem barnið hefur traustan umönnunaraðila til að sefa og róa leggur grunn að innri sjálfstjórn og farsæld barnsins til framtíðar. Samfélagið í heild sinni gegnir mikilvægu hlutverki í að hlúa að traustum tengslum og hafa þannig jákvæð áhrif á líðan barna í leik og starfi. Kynntar verða kenningar um tengsl og þau fjölbreyttu tengslamynstur sem hægt er að nýta til að skilja og útskýra flókin hegðunarmynstur sem börn sýna í erfiðum aðstæðum. Jafnframt verður skoðað hvaða áhrif okkar eigið tengslamynstur hefur á færni okkar í til að styðja við börn. Með aukinni þekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi á tengslafræðum og færni í að beita verkfærum sem þeim fylgja verður betur hægt að styðja við tilfinningalegt öryggi barna og um leið að efla námsárangur.

Málþroski leikskólabarna: skimun og úrræði

Signý Gunnarsdóttir Talmeinafræðingur

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip / Abstract

Tjáskipti eru grundvallarmannréttindi. Erfiðleikar í tjáskiptum hjá leikskólabörnum geta haft neikvæð áhrif á lestrartileinkun, námsframvindu, félagsfærni, líðan og tilfinningaþroska þeirra. Í þessu erindi verður fjallað um mikilvægi þess að bera kennsl á börn með tjáskiptaerfiðleika tímanlega til að veita þeim stuðning og draga úr neikvæðum áhrifum slíkra erfiðleika. Nauðsynlegt er að starfsfólk leikskóla hafi aðgengi að áreiðanlegum og réttmætum skimunarprófum til að draga úr líkum þess að nokkurt barn falli milli stafs og hurðar og fari í gegnum leikskólastigið með ógreindan málþroskavanda. Í kjölfar skimunar ætti alltaf að koma íhlutun sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Íhlutun getur bæði verið markviss skipulögð þjálfun og einnig aðferðir sem er hægt að nýta í athöfnum daglegs lífs. Með því að skima fyrir og mæta börnum sem eru ýmist sein til máls eða með málþroskavanda þá er á sama tíma verið að stuðla að betri námsárangri, sterkari félagslegri stöðu og betri líðan áður en farið er á næsta skólastig.

Bækur og bæti: Staða og framtíð námsefnis

Andri Már Sigurðsson Teymisstjóri

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Landslag námsefnis og námsefnisgerðar er í stöðugri þróun og er oft flokkað í prentað og stafrænt námsefni þó að munurinn innan hvors flokks geti verið meiri en á milli þeirra. Prentað námsefni á sér ríka sögu og hefur mikið notagildi þegar kemur að aðgengi og áreiðanleika og mun halda áfram að gegna mikilvægu hlutverki í menntun skólabarna. Á sama tíma hefur rafræn þróun tekið gríðarlegum framförum með gervigreind, tækifæri á einstaklingsmiðun í rauntíma og gagnvirkni efnis. Mikilvægt er fyrir útgefendur að taka tillit til tækifæra, kosta og galla þessara valkosta, sem og síbreytilegra þarfa og óska nemenda og kennara.

